Nr. 402 28. mars 2008

# REGLUGERÐ

**um skírteini flugliða á þyrlu.**

1. gr.
*Orðskýringar.*

Sé munur milli orðskýringa í JAR-FCL 2.001 fylgiskjali með reglugerð þessari og orðskýringum í reglugerð um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands í I. kafla hennar skulu orðskýringar samkvæmt reglugerð þessari ganga framar.

2. gr.
*Gildissvið o.fl.*

Reglugerð þessi gildir um útgáfu skírteina flugliða á þyrlu.

Reglugerð þessari til nánari fyllingar gilda ákvæði í I., II., V., VI., VII. og VIII. kafla í reglugerð um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands nr. 400/2008.

3. gr.
*Innleiðing á JAR-FCL 2.*

Reglugerð þessi hefur að geyma í fylgiskjali I JAR-FCL 2, 6. breytingu (Amendment 6) útgefna af Flugöryggissamtökum Evrópu, JAA þann 1. febrúar 2007. JAR-FCL 2, 6. breyting tekur til útgáfu skírteina flugliða á þyrlu. JAR-FCL er gefin út af JAA í tveimur þáttum. 1. þáttur (Section 1) hefur að geyma reglur þær sem hér eru birtar. 2. þáttur (Section 2) hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum 1. þáttar (iðulega nefnt „*Acceptable Means of Compliance, AMC*") ásamt leiðbeinandi skýringarefni („*Interpretative/Explantory Material, IEM*".) Víða í texta 1. þáttar er vísað til þessa skýringarefnis, en annan þátt JAR-FCL 2, 6. breytingu er hægt að panta á skrifstofu flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands.

4. gr.
*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

5. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 31. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 28. mars 2008.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal I.**

# JAR–FCL 2, 6. breyting

## A - KAFLI – ALMENNAR REGLUR

### JAR–FCL 2.001 Skilgreiningar og skammstafanir (Sjá IEM FCL 2.001)

[**Aðstoðarflugmaður:** „Aðstoðarflugmaður" er flugmaður í fjölstjórnarþyrlu eða þyrlu sem flugrekstrarkröfur eru um fleiri en einn flugmann sem ekki er flugstjóri og ekki flugmaður um borð í loftfarinu einungis í þeim tilgangi að fá flugkennslu til skírteinis eða áritunar.]

**Annar þjálfunarbúnaður:** Þjálfunarbúnaður annar en flughermar, flugþjálfunarbúnaður eða búnaður til þjálfunar verklags í flugi og flugleiðsögu þar sem unnt er að veita þjálfun ef fullbúið stjórnklefaumhverfi er ekki nauðsynlegt.

**Atvinnuflugmaður:** Flugmaður með flugskírteini sem heimilar stjórnun loftfars í starfrækslu gegn gjaldi.

**Áhafnarsamstarf:** Samstarf flugáhafnar undir stjórn flugstjóra.

**Áritun:** Færsla í skírteini þar sem tiltekin eru sérstök skilyrði, réttindi eða takmarkanir skírteinisins.

**Breyting (skírteinis):** Útgáfa JAR–FCL skírteinis á grundvelli skírteinis sem gefið er út af ríki utan JAA.

**Blindflugsæfingatími:** Blindflugstími eða blindflugsæfingatími á jörðu.

**Blindflugstími:** Sá tími sem flugmaður stjórnar loftfari á flugi eingöngu eftir mælitækjum.

**Blindflugsæfingatími á jörðu:** Sá tími sem flugmaður fær kennslu í blindflugi á jörðu niðri í flugþjálfa (STD).

**Einkaflugmaður:** Flugmaður sem er handhafi flugskírteinis sem heimilar ekki stjórnun loftfars í starfrækslu gegn gjaldi.

**Einflugstími:** Fartími þegar flugnemi er einn í loftfari.

**Einstjórnarflugvélar:** Flugvélar með tegundarskírteini fyrir einn flugmann í áhöfn.

**Einstjórnarþyrlur:** Þyrlur starfræktar með einum flugmanni í áhöfn.

**Endurnýjun (t.d. áritunar eða leyfis):** Stjórnvaldsaðgerð sem gerð er eftir að áritun eða leyfi eru útrunnin og sem endurnýjar réttindi áritunarinnar eða leyfisins um nánar tiltekinn tíma að uppfylltum tilteknum kröfum.

**Fartími með kennara:** Sá fartími eða blindflugsæfingatími á jörðu þegar flugnemi fær flugkennslu hjá kennara með tilskilin leyfi.

**Fartími:** [Allur tíminn frá því að þyrilblöð byrja að snúast þar til þyrlan stöðvast að afloknu flugi og þyrilblöðin stöðvast.]

**Fartími flugnema sem flugstjóri (SPIC):** Fartími þegar flugkennari fylgist einungis með flugnemanum þegar hann er í hlutverki flugstjóra en á ekki að hafa áhrif á eða stjórna flugi loftfarsins.

**Ferðavélsviffluga (TMG):** Vélsviffluga með lofthæfiskírteini sem gefið er út eða samþykkt af aðildarríki JAA og er með sambyggðan, óinndrægan hreyfil og óinndræga skrúfu [og einnig þær sem skráðar eru í 1. viðbæti við JAR–FCL 1.215]. Hún skal geta hafið sig á loft og klifrað fyrir eigin afli í samræmi við flughandbók viðkomandi svifflugu.

**Fjölstjórnarflugvélar:** Flugvélar með tegundarskírteini til starfrækslu með minnst tveimur flugmönnum í áhöfn.

[**Fjölstjórnarsamstarf:** Samstarf flugáhafnar undir stjórn flugstjóra.

**Fjölstjórnarstarfræksla:** Starfræksla samþykkt af flugmálayfirvöldur sem krefst minnst tveggja flugmanna í fjölstjórnarsamstarfi í fjölstjórnarþyrlum.]

**Fjölstjórnarþyrlur:** [Þyrlutegund sem krafist er að sé starfrækt með aðstoðarflugmanni eins og kemur fram í handbók flugvélarinnar eða í flugrekandaskírteini flugrekandans eða sambærilegu.]

[**Flugþjálfunartæki (FSTD):** Flugþjálfunartæki, sem eftirlíkir að hluta til eða fullkomlega þyrlutegund og kerfi ásamt heildarbúnaði, sem notað er fyrir almenna starfrækslu sem hluta af þjálfunarnámskeiði og hefur verið samþykkt í þessum tilgangi samkvæmt JAR STD(H)].

**Framlenging (t.d. áritunar eða leyfis):** Stjórnvaldsaðgerð sem gerð er á gildistímabili áritunar eða leyfis og leyfir handhafa að halda áfram að neyta réttinda áritunar eða leyfis um nánar tiltekinn tíma að uppfylltum tilteknum kröfum.

**Færnipróf:** Færnipróf eru sönnun á færni vegna útgáfu skírteinis eða áritunar, svo og þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast.

**Gerð (loftfars):** Gerð loftfara samkvæmt tilgreindum grunneiginleikum, t.d. flugvél, þyrla, sviffluga, laus loftbelgur.

**Hæfnipróf:** Sýnt fram á hæfni í því skyni að framlengja eða endurnýja áritun, svo og þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast.

**Nótt:** Sá tími þegar miðpunktur sólar er 6° eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring eða annar tími milli sólarlags og sólarupprásar sem hlutaðeigandi flugmálayfirvöld kunna að mæla fyrir um.

**Tegund (loftfars):** Öll loftför af sömu grunnhönnun, að meðtöldum öllum breytingum nema þeim sem hafa í för með sér breytingar á stjórnun, flugeiginleikum eða skipan áhafnar.

Um skammstafanir sjá IEM FCL 2.001.

**JAR–FCL 2.005 Gildissvið**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.005)*
*(Sjá AMC FCL 2.005 & 2.015)*

*[(Sjá 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.010) ]*

a) Almenn ákvæði.

1) Reglur JAR–FCL skulu gilda um allt fyrirkomulag við þjálfun, prófun og umsókn um skírteini, áritanir, leyfi, samþykki eða vottorð sem berast flugmálayfirvöldum frá 1. janúar 2000.

2) [(i)]Þegar fjallað er um skírteini, áritanir, leyfi, samþykki eða vottorð í JAR–FCL, er átt við skírteini, áritanir, leyfi, samþykki eða vottorð gefin út í samræmi við JAR–FCL. Í öllum öðrum tilvikum eru slík skjöl skilgreind sem t.d. skírteini Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) eða innlend skírteini.

[(ii) Þegar fjallað er um fartíma í kröfum um reynslu er átt við tíma í þyrlum nema annað sé tekið fram.]

3) Þegar vísað er til aðildarríkis JAA í JAR–FCL vegna gagnkvæmrar viðurkenningar skírteina, áritana, leyfa, samþykkta eða vottorða er átt við ríki með fulla aðild að JAA.

4) Allur flugþjálfunarbúnaður sem getið er í JAR–FCL og kemur í stað loftfars í þjálfunarskyni skal vera viðurkenndur búnaður í samræmi við JAR–STD(H) og notendasamþykktur af flugmálayfirvöldum í samræmi við JAR–FCL fyrir þær æfingar sem fram eiga að fara.

5) Þegar vísað er til flugvéla nær það ekki til fisa samkvæmt innlendri skilgreiningu, nema annað sé tekið fram.

[6) Í skírteini sem gefið er út á grundvelli þjálfunar utan aðildarríkis JAA skulu, nema þjálfunin hafi farið fram samkvæmt 1. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.055, skráðar takmarkanir við loftför skráð í útgáfuríki skírteinisins.

7) Áritanir gefnar út á grundvelli þjálfunar utan aðildarríkis JAA skulu, nema þjálfunin hafi farið fram samkvæmt 1. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.055, takmarkast við loftför skráð í útgáfuríki skírteinisins.]

b) *Tímabundin ákvæði.*

1) Þjálfun sem hafin er fyrir 4. mars 2003 samkvæmt innlendum reglugerðum verður fullnægjandi til útgáfu skírteina eða áritana samkvæmt innlendum reglugerðum að því tilskildu að þjálfun og prófum vegna viðeigandi skírteinis eða áritunar sé lokið fyrir 31. desember 2004.

2) Skírteini og áritanir, leyfi, samþykki og heilbrigðisvottorð gefin út fyrir 4. mars 2003 eða gefin út samkvæmt 1. tölul. hér að framan, gilda áfram með sömu réttindum, áritunum og takmörkunum, ef einhverjar eru, að því tilskildu að eftir 4. september 2003 verði allar reglur um framlengingu eða endurnýjun slíkra skírteina, áritana, leyfa, samþykkis eða heilbrigðisvottorða í samræmi við kröfur JAR–FCL, að því undanskildu sem tilgreint er í 4. tölul. hér að neðan.

3) Handhafar skírteina sem gefin eru út í samræmi við innlendar reglugerðir fyrir 4. mars 2003 eða í samræmi við 1. tölul. b-liðar hér að framan geta sótt um útgáfu jafngilds skírteinis sem skilgreint er í JAR–FCL og útvíkkar réttindin til annarra ríkja eins og kemur fram í 1. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.015. Vegna útgáfu slíks skírteinis skal handhafinn uppfylla þær kröfur sem koma fram í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.005.

4) Handhafar skírteina sem gefin eru út í samræmi við innlendar reglugerðir aðildarríkis JAA og sem uppfylla ekki til fulls kröfur 1. þáttar JAR–FCL 3 (heilbrigðishlutans) skulu hafa leyfi til að neyta áfram réttinda innlends skírteinis sem þeir hafa.

[5) A. Flugmálayfirvöld í aðildarríkjum JAA skulu, ef það á við:

(i) skrá tungumálakunnáttu í öll ný og endurútgefin skírteini samkvæmt 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.010. Flugmaður getur fengið fleiri en eitt tungumál skráð í skírteini sitt. (Sjá athugasemd í 4. tölulið a-liðar í JAR–FCL 2.010);

(ii) koma á verklagi fyrir 5. mars 2008 til þess að í þau skírteini sem fyrir eru sé skráð tungumálakunnátta undir atriði XIII samkvæmt 2. tölulið a-liðar í JAR–FCL 2.075.

B. Handhafar skírteina fyrir 5. mars 2008:

Á grundvelli þeirra prófaðferða sem viðhafðar eru geta flugmálayfirvöld skráð tungumálakunnáttustig 4 (starfrækslustig) í skírteini þeirra sem eru handhafar talstöðvaskírteina sem í er skráð enska og önnur tungumál eins og við á.]

c) *Áframhaldandi réttindi pródómara sem hafa innlend leyfi.* Prófdómarar sem hafa innlend leyfi fyrir gildistökudag geta fengið leyfi sem JAR–FCL prófdómarar að því tilskildu að þeir hafi sýnt flugmálayfirvöldum fram á þekkingu sína á JAR–FCL og JAR–OPS. Leyfin gilda að hámarki í 3 ár. Að þeim liðnum verður endurnýjun leyfisins háð því að fullnægt sé þeim kröfum sem settar eru fram í a- og b-liðum JAR–FCL 2.425.

**JAR–FCL 2.010 Grunnheimildir til starfa sem flugliði**

[(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.010)

(sjá 1. AMC við JAR–FCL 2.010)

a) *Skírteini og áritun.*

1) Enginn má starfa sem flugliði á almennri (civil) þyrlu sem skráð er í aðildarríki JAA nema hann hafi gilt skírteini og áritun sem uppfylla kröfur JAR–FCL og eiga við þau störf sem unnin eru, eða leyfi eins og kemur fram í JAR–FCL 2.085 og/eða 2.230. Skírteinið skal gefið út af:

i) aðildarríki JAA; eða

ii) öðru aðildarríkiríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og vera fullgilt í samræmi við b- eða c-lið JAR–FCL 2.015.

2) Flugmönnum sem hafa innlend vélsviffluguskírteini/áritanir/leyfi er einnig heimilt að fljúga ferðavélsvifflugum (TMG) samkvæmt innlendum reglugerðum.

3) Flugmönnum sem hafa takmarkað, innlent einkaflugmannsskírteini er samkvæmt innlendum reglugerðum heimilt að fljúga þyrlum skráðum í útgáfuríki skírteinisins innan loftrýmis þess ríkis.

[4) Frá 5. mars 2008 skulu umsækjendur um skírteini og handhafar skírteina, sem krafa er um að noti talstöðvar, sýna fram á kunnáttu í að tala og skilja það tungumál sem notað er í talstöðvafjarskiptum í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.010. Tungumálakunnátta skal a.m.k vera á starfrækslustigi (stigi 4) samkvæmt tungumálakunnáttu kröfum í 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex I). (Sjá 2. viðbæti við JAR–FCL 2.010 og 1. AMC við JAR–FCL 1.010.)

Aths. Varðandi þetta er vísað í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 10) II. bindi, kafla 5. Þar kemur fram að tungumálið sem talað er í talstöðvasamskiptum má vera það tungumál sem að jafnaði er talað á stöðinni á jörðinni eða enska. Þess vegna getur, í vissum tilvikum, verið nægjanlegt fyrir handhafa skírteinisins að tala aðeins það tungumál sem að jafnaði er talað í stöðinni á jörðinni.]

b) *Neyting réttinda.* Handhafi skírteinis, áritunar eða leyfis skal ekki neyta annarra réttinda en umrætt skírteini, áritun eða leyfi veita.

c) *Áfrýjun, framfylgd.*

1) Aðildarríki JAA getur hvenær sem er, í samræmi við innlendar verklagsreglur, brugðist við áfrýjunum, takmarkað réttindi eða fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað hvert það skírteini, áritun, leyfi, samþykki eða vottorð sem það hefur gefið út í samræmi við reglur JAR–FCL, hafi það komist að þeirri niðurstöðu að umsækjandi eða handhafi skírteinis hafi ekki uppfyllt eða uppfylli ekki lengur kröfur JAR–FCL eða viðeigandi landslög útgáfuríkis skírteinisins.

2) Ef aðildarríki JAA kemst að þeirri niðurstöðu að umsækjandi eða handhafi JAR–FCL skírteinis, sem gefið er út af öðru aðildarríki JAA, hafi ekki uppfyllt eða uppfylli ekki lengur kröfur JAR–FCL eða viðeigandi landslög þess ríkis sem loftfarinu er flogið í skal aðildarríki JAA tilkynna það útgáfuríki skírteinisins og skírteinadeild aðalstöðva JAA. Aðildarríki JAA getur, í samræmi við innlend lög, mælt svo fyrir að af öryggisástæðum megi umsækjandi eða skírteinishafi, sem það hefur með tilhlýðilegum hætti tilkynnt til útgáfuríkis skírteinisins og JAA, af áðurgreindum ástæðum ekki stjórna loftfari skráðu í því ríki eða stjórna neinu loftfari í loftrými þess ríkis.

**JAR–FCL 2.015 Viðurkenning skírteina, áritana, leyfa, samþykkis eða vottorða**

*(Sjá 1. [og 2.] viðbæti við JAR–FCL 2.015)*

*(Sjá AMC FCL 2.005 & 1.015)*

a) *Skírteini, áritanir, leyfi, samþykki eða vottorð gefin út af aðildarríkjum JAA.*

1) Ef einstaklingur, stofnun eða þjónustustarfsemi hefur fengið skírteini, gefið út með áritun, leyfi, samþykki eða vottorði hjá flugmálayfirvöldum aðildarríkis JAA í samræmi við reglur JAR–FCL og verklagsreglur sem þeim tengjast, skulu slík skírteini, áritanir, leyfi, samþykki eða vottorð viðurkennd án formsatriða af öðrum aðildarríkjum JAA.

2) Þjálfun sem farið hefur fram eftir 19. júní 1997 í samræmi við allar kröfur JAR–FCL og

verklagsreglur sem þeim tengjast skal viðurkennd til útgáfu JAR–FCL skírteina og áritana, að því tilskildu að skírteini samkvæmt JAR–FCL séu ekki gefin út fyrr en eftir 31. desember 1999.

b) *Skírteini gefin út af ríkjum utan JAA.*

1) Skírteini gefið út af ríki utan JAA má fullgilda að fengnu leyfi flugmálayfirvalda aðildarríkis JAA til notkunar í loftfari skráðu í því aðildarríki JAA [í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.015].

2) Fullgilding atvinnuflugmannsskírteinis [og einkaflugmannsskírteinis með blindflugsáritun ]skal ekki gilda í meira en eitt ár frá fullgildingardegi, að því tilskildu að grunnskírteini gildi áfram. Frekari fullgilding til notkunar í loftfari skráðu í einhverju aðildarríki JAA er háð samkomulagi JAA-aðildarríkjanna og öðrum skilyrðum sem hæfileg teljast innan JAA. Notandi skírteinis sem fullgilt hefur verið af aðildarríki JAA skal fullnægja þeim kröfum sem kveðið er á um í JAR–FCL.

3) Þær reglur sem settar eru fram í 1. og 2. tölul. hér að framan eiga ekki við þegar loftfar skráð í aðildarríki JAA er leigt flugrekanda í ríki utan JAA, að því tilskildu að ríki flugrekandans hafi þann tíma sem leigusamningurinn gildir tekið ábyrgð á tæknilegu og/eða rekstrarlegu eftirliti í samræmi við JAR–OPS 3.165. Skírteini flugliða flugrekanda í ríki utan JAA má fullgilda að fengnu leyfi flugmálayfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkis JAA, að því tilskildu að réttindi fullgildingarskírteina flugliðanna takmarkist á leigutímanum við notkun á tilnefndum loftförum við tiltekna starfrækslu án þáttöku JAA flugrekanda, beint eða óbeint, með þjónustuleigu eða öðru viðskiptafyrirkomulagi.

c) *Breyting skírteinis sem gefið er út af ríki utan JAA.*

1) [Atvinnuflugmannsskírteini og/eða blindflugs áritun] sem gefin eru út af ríki utan JAA má breyta í JAR–FCL skírteini að því tilskildu að samningur sé fyrir hendi milli JAA og ríkisins utan JAA. Þessi samningur skal gerður á grundvelli gagnkvæmrar viðurkenningar skírteina og skal tryggja að jafngilt öryggisstig sé fyrir hendi að því er varðar reglur JAA og ríkisins utan JAA um þjálfun og próf. Hver samningur skal endurskoðaður með ákveðnu millibili sem samið er um milli JAA og ríkisins utan JAA. Í skírteini sem breytt er samkvæmt slíkum samningi skal vera færsla þar sem tilgreint er það ríki utan JAA sem breytingin grundvallast á. Öðrum aðildarríkjum er ekki skylt að viðurkenna slíkt skírteini.

[2) Einkaflugmannsskírteini sem gefið er út af ríki utan JAA má breyta í JAR–FCL skírteini með tegundaráritun fyrir einstjórnarþyru með því að uppfylla kröfurnar í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.015.

d) Þegar flugmálayfirvöld gefa út skírteini sem ekki er í samræmi við JAR–FCL skal það skráð í skírteinið undir atriði XIII.]

**JAR–FCL 2.016 Viðurkenning veitt handhafa skírteinis sem gefið er út af ríki utan JAA**

[a)] Umsækjandi um JAR–FCL skírteini og blindflugsáritun, ef við á, sem þegar er handhafi minnst jafngilds skírteinis sem gefið er út af ríki utan JAA samkvæmt 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1) skal uppfylla allar kröfur JAR–FCL, nema draga má úr kröfum um lengd námskeiðs, fjölda kennslustunda og tímafjölda sérstakrar þjálfunar. Flugmálayfirvöld mega, að því er varðar þá viðurkenningu sem veita skal, styðjast við meðmæli frá viðeigandi flugskóla.

[b) Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL(H)) með gildri blindflugsáritun sem gefið er út samkvæmt 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1) sem uppfyllir kröfur um 1000 fartíma flugreynslu í fjölstjórnarþyrlum sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.015 getur fengið undanþágu frá kröfum um samþykkta þjálfun áður en hann tekur próf í bóklegum greinum og færnipróf ef í skírteininu er gild tegundaráritun flugstjóra með blindflugsréttindum fyrir fjölstjórnarþyrlu fyrir þá þyrlu sem nota skal við færniprófið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla ATPL(H) og blindflugsáritun í samræmi við JAR–FCL 2.295.

c) Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) sem gefið er út samkvæmt 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálstofnunarinnar ICAO Annex 1 sem uppfyllir kröfur um 1000 fartíma flugreynslu í fjölstjórnarþyrlum sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.015 getur fengið undanþágu frá kröfum um samþykkta þjálfun áður en hann tekur próf í bóklegum greinum og færnipróf ef í skírteininu er gild tegundaráritun flugstjóra fyrir fjölstjórnarþyrlu fyrir þá þyrlu sem nota skal við færniprófið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) í JAR–FCL 2.295.]

**JAR–FCL 2.017 Sérstök leyfi/áritanir**

Flugmálayfirvöld mega veita sérstök leyfi/áritanir sem tengjast skírteini (t.d. fyrir flug við blindflugsskilyrði (IMC), drátt, listflug, flug með fallhlífarstökkvara o.s.frv.) í samræmi við reglur viðkomandi aðildarríkis

JAA til notkunar í loftrými þess ríkis eingöngu. Ekki má nota slíka áritun í loftrými annars aðildaríkis JAA nema að fengnu samþykki þess ríkis, og þegar tvíhliða samningur er fyrir hendi.

**JAR–FCL 2.020 Viðurkenning (Credit) vegna herþjónustu**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.005)*

Umsókn um viðurkenningu:
Herflugliðar sem sækja um skírteini og áritun sem tilgreind eru í JAR–FCL skulu sækja um hjá flugmálayfirvöldum þess ríkis sem þeir gegna eða gegndu herþjónustu hjá. Þekking, reynsla og færni sem aflað hefur verið við herþjónustu verður viðurkennd með tilliti til viðeigandi reglna um JAR–FCL skírteini og áritun að fengnu leyfi flugmálayfirvalda. Stefnumörkun að því er varðar veitingu viðurkenningar skal tilkynnt JAA. Réttindi slíkra skírteina skulu takmörkuð við loftför skráð í því ríki sem gefur skírteinið út þar til þær kröfur sem settar eru í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.005 eru uppfylltar.

**JAR–FCL 2.025 Gildi skírteina og áritana**

*[(Sjá 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.010)]*
*(Sjá IEM FCL 2.025)*

a) Skírteinishafi skal ekki neyta þeirra réttindi sem veitt eru með skírteini eða réttindum sem gefin eru út af aðildarríki JAA nema skírteinishafinn viðhaldi hæfni sinni með því að uppfylla viðeigandi kröfur JAR–FCL.

b) [*Gildi skírteinis og framlenging áritunar*

1) Gildi skírteinis ákvarðast af gildi áritana í því og af heilbrigðisvottorðinu (sjá IEM FCL 1.025) [og með vísan til notkunar talstöðva í 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.010, skráningu varðandi tungumálakunnáttu sem er í gildi.

2) Þegar flugmálayfirvöld gefa út, framlengja eða endurnýja áritun geta þau lengt gildistíma áritunarinnar til loka þess mánaðar sem hún annars rynni út í, síðan gildir sú dagsetning fyrir áritunina.]

c) Skírteinið er gefið út til 5 ára hið lengsta. Á þeim 5 árum verður skírteinið endurútgefið af flugmálayfirvöldum:

1) eftir fyrstu útgáfu eða endurnýjun áritunar;

2) ef grein XII í skírteininu hefur verið útfyllt og fleiri eyður eru ekki fyrir hendi;

3) ef til þess eru aðrar stjórnunarlegar ástæður;

4) að fengnu leyfi flugmálayfirvalda þegar áritun er framlengd.

Flugmálayfirvöld færa gildar áritanir inn í skírteinið.

Skírteinishafinn skal sækja um endurútgáfu skírteinisins til flugmálayfirvalda.

Með umsókninni skulu vera nauðsynleg skjöl.

**JAR–FCL 2.026 Nýleg reynsla flugmanna sem ekki starfa samkvæmt JAR–OPS 3**

a) Flugmaður skal ekki starfrækja þyrlu sem flugstjóri með farþega nema hann hafi lokið þremur umferðarhringjum, sem allir fela í sér flugtök og lendingar, sem flugmaður í þyrlu af sömu tegund eða í flughermi sem líkir eftir þeirri tegund þyrlu sem nota skal, á síðastliðnum 90 dögum; og

b) Aðstoðarflugmaður skal ekki starfa sem flugmaður við stjórntæki þyrlu sem flytur farþega við flugtak og lendingu nema sá aðstoðarflugmaður hafi starfað sem flugmaður við flugtak og lendingu þyrlu af sömu tegund eða í flughermi sem líkir eftir þeirri tegund þyrlu sem nota skal, á síðastliðnum 90 dögum.

c) Handhafi skírteinis sem ekki er með gilda blindflugsáritun (þyrla) skal ekki starfa sem flugstjóri þyrlu sem flytur farþega að nóttu nema skírteinishafinn hafi á síðastliðnum 90 dögum uppfyllt kröfur a-liðar JAR–FCL 2.026 að nóttu.

**JAR–FCL 2.030 Fyrirkomulag prófa**

a) *Viðurkenning prófdómara.* Flugmálayfirvöld útnefna og viðurkenna sem prófdómara grandvara menn með tilskilin starfsréttindi til að stjórna fyrir þeirra hönd færniprófum og hæfniprófum. Lágmarkskröfur til prófdómara eru settar fram í I–kafla JAR–FCL 2. Flugmálayfirvöld skulu tilkynna hverjum prófdómara um sig skriflega hverjar eru skyldur hans og réttindi.

b) *Fjöldi prófdómara.* Flugmálayfirvöld skulu ákveða þann fjölda prófdómara sem þau þurfa með tilliti til fjölda og landfræðilegrar dreifingar þeirra flugmanna sem undir þau heyra.

c) *Útnefning prófdómara*[]

1) Flugmálayfirvöld skulu [halda skrá yfir alla prófdómara sem þau hafa samþykkt þar sem fram kemur í hverju þeir mega prófa. Skráin skal vera tiltæk hverjum tegundarskóla og samþykktum eða skráðum flugskóla innan JAA-aðildarríkisins. Flugmálayfirvöld ákveða á hvaða hátt prófdómendur eru útnefndir til að stjórna færniprófum.

2) Flugmálayfirvöld munu upplýsa hvern umsækjanda um þann prófdómara sem þau hafa útnefnt til að stjórna færniprófi til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla.]

d) Prófdómarar skulu ekki prófa þá umsækjendur sem þeir hafa sjálfir kennt fyrir það skírteini

eða áritun sem um er að ræða nema fyrir liggi sérstakt skriflegt samþykki flugmálayfirvalda.

e) *Kröfur til umsækjenda sem gangast undir færnipróf.* Áður en tekið er færnipróf sem veitir rétt til skírteinis eða áritunar skal umsækjandi hafa staðist viðeigandi bóklegt próf. Þó geta flugmálayfirvöld veitt undanþágu fyrir umsækjendur sem eru í samtvinnuðu flugnámi. Kennslu undir viðeigandi bóklegt próf skal alltaf vera lokið áður en færnipróf eru tekin. Umsækjandi um færnipróf skal hafa meðmæli skólans eða einstaklingsins sem bar ábyrgð á þjálfun hans, nema þegar atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks (ATPL) er gefið út.

**JAR–FCL 2.035 Heilbrigði**

a) *Heilbrigði.* Handhafi heilbrigðisvottorðs skal vera andlega og líkamlega hæfur til að neyta réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) *Kröfur um heilbrigðisvottorð.* Til að geta sótt um og neytt réttinda skírteinis skal umsækjandi eða handhafi hafa heilbrigðisvottorð í samræmi við ákvæði JAR–FCL–3 (heilbrigðishlutans) og eins og á við réttindi skírteinisins.

c) *Heilbrigðisástand.* Þegar rannsókn er lokið skal tilkynna umsækjanda hvort hann sé hæfur, óhæfur eða málinu vísað til flugmálayfirvalda. Fluglæknirinn (AME) skal láta umsækjandann vita um hvers konar ástand (varðandi heilbrigði, stafshæfni eða annað) sem kann að takmarka flugþjálfun og/eða réttindi útgefins skírteinis.

**JAR–FCL 2.040 Skert heilbrigði**

[*(Sjá IEM 3.040)*]

a) Handhafar heilbrigðisvottorðs skulu ekki neyta réttinda skírteina sinna, viðeigandi áritunar eða leyfis sé þeim kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá vanhæfa til að neyta þessara réttinda af öryggi.

b) Handhafar heilbrigðisvottorðs skulu ekki taka nein lyf, lyfseðilsskyld eða ekki lyfseðilsskyld, eða sæta neinni annarri meðferð, nema þeir séu þess fullvissir að lyfið eða meðferðin hafi engin neikvæð áhrif á hæfleika þeirra til að gegna skyldum sínum af öryggi. Ef vafi leikur á því skal leita ráða hjá heilbrigðisskor (AMS), fluglæknasetri (AMC) eða fluglækni (AME). Frekari ráðleggingar eru veittar í JAR–FCL 3 (IEM FCL 3.040)

c) Handhafar heilbrigðisvottorðs skulu án ónauðsynlegrar tafar leita ráða hjá heilbrigðisskor (AMS), fluglæknasetri (AMC) eða fluglækni (AME:

1) ef þeir eru vistaðir á sjúkrahúsi eða lækningastofu í meira en 12 stundir; eða

2) ef þeir gangast undir skurðaðgerð eða inngripsaðgerð; eða

3) ef lyfjanotkun er regluleg; eða

4) ef þörf verður fyrir stöðuga notkun sjónglerja eða linsa.

d) Handhafi heilbrigðisvottorðs sem:

1) veit að hann er með veruleg líkamsmeiðsl sem valda vanhæfi til starfa í flugáhöfn; eða

2) er með sjúkdóm sem veldur vanhæfi til að gegna starfi í flugáhöfn í 21 dag eða meira; eða

3) veit að hún er barnshafandi,

skal tilkynna flugmálayfirvöldum skriflega um meiðsl eða þungun, og strax að 21. veikindadegi liðnum ef um sjúkdóm er að ræða. Heilbrigðisvottorðið skal fellt úr gildi þegar slík meiðsl eiga sér stað eða meðan á veikindatímanum stendur eða eftir að þungun er staðfest, og:

4) ef um meiðsl eða veikindi er að ræða skal tímabundnu ógildingunni aflétt þegar handhafi hefur gengist undir heilbrigðisskoðun sem hagað er að fyrirmælum flugmálayfirvalda og hann hefur verið úrskurðaður hæfur til starfa í flugáhöfn, eða ef flugmálayfirvöld veita handhafa, með þeim skilmálum sem þau telja viðeigandi, undanþágu frá kröfum um heilbrigðisskoðun, og

5) ef um þungun er að ræða geta flugmálayfirvöld aflétt tímabundnu ógildingunni þann tíma og með þeim skilmálum sem þau telja viðeigandi og skal henni ljúka þegar handhafi hefur gengist undir læknisskoðun sem hagað er að fyrirmælum flugmálayfirvalda eftir að þungun er lokið og hún verið úrskurðuð hæf að nýju til starfa í flugáhöfn.

**JAR–FCL 2.045 Sérstakar aðstæður**

a) Viðurkennt er að ekki taka ákvæði allra kafla JAR–FCL til allra hugsanlegra aðstæðna. Ef beiting JAR–FCL hefði afbrigðilegar afleiðingar, eða ef þróun nýrra hugmynda um þjálfun eða próf er ekki í samræmi við reglurnar, getur umsækjandi farið fram á undanþágu hjá viðkomandi flugmálayfirvöldum. Aðeins má veita undanþágu ef hægt er að sýna fram á að undanþágan tryggi eða leiði til að minnsta kosti jafngilds öryggisstigs.

b) Undanþágur skiptast í skammtímaundanþágur og langtímaundanþágur (meira en 6 mánuði). Langtímaundanþágur má aðeins veita með samþykki skírteinanefndar JAA (JAA LST).

**JAR–FCL 2.050 Viðurkenning á fartíma og bóklegri þekkingu**

*(Sjá 1., 2., 3. [og 4]. viðbæti við JAR–FCL 2.050)*

a) Viðurkenning á fartíma.

1) Ef ekki er kveðið á um annað í JAR–FCL skal fartími sem viðurkenna á vegna skírteinis eða áritunar hafa verið floginn í loftfari af sömu gerð og það sem sótt er um skírteini eða áritun fyrir.

2) *Flogið sem flugstjóri eða með kennara.*

i) Umsækjandi um skírteini eða áritun fær fulla viðurkenningu á öllum einflugstímum, fartímum með kennara eða sem flugstjóri sem hluta af þeim heildarfartíma sem krafist er vegna skírteinisins eða áritunarinnar.

ii) Flugmaður sem er útskrifaður úr samtvinnuðu flugnámi fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á rétt til að fá viðurkennda allt að 50 fartíma sem flugstjóri með kennara sem hluta af þeim flugstjóratímum sem krafist er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis, atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks og tegundaráritunar fyrir fjölhreyfla loftfar.

3) *Aðstoðarflugmaður.*

i) Þegar handhafi flugmannsskírteinis er aðstoðarflugmaður á hann rétt á að fá viðurkennda alla fartíma sína sem aðstoðarflugmaður sem hluta af þeim heildarfartíma sem krafist er til útgáfu hærra stigs flugmannsskírteinis.

ii) Þegar handhafi flugmannsskírteinis er aðstoðarflugmaður og gegnir störfum og skyldum flugstjóra undir eftirliti flugstjóra á hann rétt á að fá þann fartíma viðurkenndan að fullu sem hluta af þeim heildarfartíma sem krafist er til útgáfu hærra stigs flugmannsskírteinis, að því tilskildu að aðferðin við eftirlitið hafi verið samþykkt af flugmálayfirvöldum.

b) *Viðurkenning á bóklegri þekkingu.*

1) Handhafi blindflugsáritunar/flugvél fær undanþágu frá þeirri kennslu og prófum í bóklegum greinum sem krafist er til blindflugsáritunar/þyrla.

2) [Til að fá útgefið einkaflugmannsskírteini/þyrla (PPL(H)) skal handhafi einkaflugmannsskírteinis/flugvél (PPL(A)), atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. fl./flugvél uppfylla kröfur í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.050.

3) Til að fá útgefið atvinnuflugmannsskírteini/þyrla (CPL(H)) skal handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél (CPL(A)) eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. fl./flugvél ATPL(A) uppfylla kröfur í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.050.

4) Til að fá útgefið atvinnuflugmannsskírteini 1. fl./þyrla (ATPL(H)) skal handhafi atvinnuflugmannsskírteinis 1. fl./flugvél (ATPL(A)) uppfylla kröfur í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.050.

5) Sú viðurkenning sem kemur fram í 2., 3. og 4. tölulið b-liðar hér að framan á einnig við um umsækjendur sem hafa lokið bóklegum prófum í öllum greinum sem krafa er um til útgáfu viðkomandi skírteinis flugmanns á flugvél ef þeir uppfylla kröfur varðandi gildistíma prófa samkvæmt JAR–FCL 1.495.]

[6)] Umsækjandi sem staðist hefur bóklegt próf til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla fær viðurkennda bóklega þekkingu til einkaflugmannsskírteinis/þyrla og atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla.

[7)] Umsækjandi sem staðist hefur bóklegt próf til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla fær viðurkennda bóklega þekkingu til einkaflugmannsskírteinis/þyrla.

[8) Umsækjandi sem staðist hefur bóklegt próf til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla eða blindflug/þyrla fær viðurkennda bóklega þekkingu sem er lýst í JAR–FCL 2.050.

9) Umsækjandi sem staðist hefur bóklegt próf til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla samkvæmt fyrri breytingum í JAR–FCL 2 til og með 3. breytingu fær viðurkennda bóklega þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. fl./þyrla.

10) Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla sem hefur fengið það útgefið samkvæmt fyrri breytingum í JAR–FCL 2 til og með 3. breytingu fær viðurkennda bóklega þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. fl./þyrla.

11) Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla með blindflugsáritun sem hefur fengið það útgefið samkvæmt fyrri breytingum í JAR–FCL 2 til og með 3. breytingu fær viðurkennda bóklega þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. fl./þyrla með blindflugsáritun.]

**JAR–FCL 2.055 [ ] Skólar (TO) og skráðir flugskólar**

*(Sjá 1. viðbæti a, 1. viðbæti b, 1. viðbæti c og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá 2. viðbæti við JAR–FCL 2.125)*

*[(Sjá 3. viðbæti við JAR–FCL 2.055)]*

a) 1) [Samþykktir] flugskólar [(FTO)] sem bjóða vilja þjálfun fyrir flugskírteini og áritanir sem

þeim tengjast og sem eru með meginhluta starfsemi sinnar og skráða skrifstofu í aðildarríki JAA verða samþykktir af því ríki þegar það samræmist JAR–FCL. Reglur um samþykkt flugskóla er að finna í 1. viðbæti a við JAR–FCL 2.055. Hluti þjálfunar má fara fram utan aðildarríkja JAA (sjá einnig 1. viðbæti b við JAR–FCL 2.055).

[2) Flugskólar sem bjóða vilja þjálfun fyrir flugskírteini og áritanir sem þeim tengjast og sem eru með meginhluta starfsemi sinnar og skráða skrifstofu í ríki utan JAA mega flugmálayfirvöld sem eru með fulla aðild að JAA samþykkja að því er varðar allar slíkar staðsetningar:

i) ef samningur hefur verið gerður milli flugmálayfirvalda JAA ríkisins og flugmálayfirvalda ríkisins utan JAA þar sem flugskólinn er með meginhluta starfsemi sinnar og skráða skrifstofu þar sem gert er ráð fyrir þátttöku fyrrnefndra flugmálayfirvalda í samþykktarferlinu og lagalegri umsjón með flugskólanum;

eða

ii) A) hægt er að tryggja fullnægjandi lögsögu og eftirlit þeirra flugmálayfirvalda sem samþykkja;

B) fullnægt er viðeigandi viðbótarkröfum í c-lið 1. viðbætis við JAR–FCL 2.055; og

C) verklag sem flugmálayfirvöld beita við samþykktarferli er í samræmi við það stjórnunarverklag sem JAA telur viðunandi.]

b) 1) Tegundarskólar í aðildarríki JAA sem vilja bjóða þjálfun til tegundaráritunar verður veitt samþykki þegar það er í samræmi við JAR–FCL og veitir það ríki samþykkið. Kröfur um samþykki tegundarskóla er að finna í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.055.

2) Tegundarskólum í ríkjum utan JAA verður veitt samþykki þegar það er í samræmi við JAR–FCL og veitir það ríki samþykkið sem tekur á móti umsókninni. Kröfur um samþykki tegundarskóla er að finna í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.055.

c) Skóla, sem aðeins bjóða kennslu fyrir einkaflugmannsskírteini [og eru staðsettir í aðildarríki JAA], skal skrá í því skyni hjá flugmálayfirvöldum (sjá JAR–FCL 2.125).

[ ]

**JAR–FCL 2.060 Réttindamissir skírteinishafa sem náð hafa 60 ára aldri**

(sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.060)

a) *Frá 60–64 ára aldri.* Handhafi flugmannsskírteinis sem náð hefur 60 ára aldri skal ekki starfa sem flugmaður flugvélar í flutningaflugi nema:

1) í áhöfn séu fleiri en einn flugmaður og að því tilskildu:

2) að þessi skírteinishafi sé eini flugmaðurinn í áhöfninni sem náð hefur 60 ára aldri.

b) *Við 65 ára aldur.* Handhafi flugmannsskírteinis sem náð hefur 65 ára aldri skal ekki starfa sem flugmaður flugvélar í flutningaflugi.

[c) Frávik ríkja frá a) og b) sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 1.060 og upplýsingar frá viðkomandi ríki.]

**JAR–FCL 2.065 Útgáfuríki skírteinis**

a) Umsækjandi skal sýna flugmálayfirvöldum „útgáfuríkis skírteinis“ fram á að hann hafi fullnægt öllum skilyrðum fyrir útgáfu skírteinis. [](sjá c-lið JAR–FCL 2.010).

b) [Við aðstæður samþykktar af báðum flugmálayfirvöldum getur umsækjandi sem hafið hefur þjálfun á ábyrgð eins yfirvalds fengið að ljúka henni á ábyrgð annars yfirvalds.

Samkomulagið skal taka til:

1) Bóklegrar kennslu og prófa;

2) heilbrigðisskoðunar og vottorðs;

3) flugþjálfunar og færniprófa,

Flugmálayfirvöldin skulu koma sér saman um „útgáfuríki skírteinis“.]

c) Frekari áritana má afla samkvæmt reglum JAR–FCL í hvaða aðildarríki JAA sem er og verða þau færð inn í skírteinið af útgáfuríki skírteinis.

d) Til hagræðis í stjórnsýslunni, t.d. vegna framlengingar, getur skírteinishafi síðar flutt skírteini frá útgáfuríki skírteinis til annars aðildarríkis JAA, að því tilskildu að atvinna eða fast aðsetur sé staðfest í því ríki. (sjá JAR–FCL 2.070). Það ríki yrði eftir það útgáfuríki skírteinis og tæki ábyrgð á útgáfu skírteinis sem um getur í a-lið hér á undan.

e) Umsækjandi skal á hverjum tíma aðeins hafa eitt JAR–FCL skírteini/þyrla [og aðeins eitt heilbrigðisvottorð].

**JAR–FCL 2.070 Fast aðsetur**

Fast aðsetur táknar þann stað sem maður býr á að minnsta kosti 185 daga á hverju almanaksári vegna persónulegra og atvinnulegra tengsla eða, í því tilviki að maðurinn hafi engin atvinnutengsl, vegna persónulegra tengsla sem sýna náin tengsl milli mannsins og staðarins þar sem hann eða hún býr.

**JAR–FCL 2.075 Snið og skilgreiningar á skírteinum flugliða**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.075)*

Skírteini flugliða gefin út af aðildarríki JAA í samræmi við JAR–FCL skulu vera í samræmi við eftirfarandi skilgreiningar.

a) *Efni.* Það atriðisnúmer sem sýnt er skal alltaf prenta í tengslum við fyrirsögn atriðis. snið JAA skírteinis er sýnt í 1.viðbæti við JAR–FCL 2.075. Atriði I til XI eru „föst " atriði og atriði XII til XIV eru „breytileg " atriði sem mega koma fram á aðskildum eða aðskiljanlegum hlutum aðaleyðublaðsins. Allir aðskildir eða aðskiljanlegir hlutar skulu vera auðþekkjanlegir sem hluti af skírteininu.

1) Föst atriði.

I) Útgáfuríki skírteinis.

II) Titill skírteinis.

III) Raðnúmer sem hefst með póstnúmeri útgáfuríkisins og þar á eftir fer talna- og/eða bókstafakóði með arabískum tölum og latnesku letri.

IV) Nafn skírteinishafa (með latnesku letri, þótt letur þjóðtungunnar sé annað).

V) Heimilisfang skírteinishafa.

VI) Ríkisfang skírteinishafa

VII) Eiginhandarundirskrift skírteinishafa

VIII) Flugmálayfirvöld og, ef þörf krefur, hvaða skilyrði eru sett.

IX) Vottorð um gildi og leyfi fyrir þeim réttindum sem veitt eru.

X) Undirskrift þess sem gefur út skírteinið og útgáfudagur.

XI) Innsigli eða stimpill flugmála-yfirvalda.

2) *Breytileg atriði.*

XII) Áritun – flokkur, tegund, kennari, o.s.frv., ásamt síðasta gildisdegi. Talstöðvarréttindi (R/T) mega koma fram á skírteiniseyðublaðinu eða á sérstöku skírteini.

XIII) Athugasemdir – þ.e. sérstakar skráningar er varða takmarkanir og réttindi [ásamt skráningu tungumálakunnáttu (sjá 5. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.005)].

XIV) Önnur atriði sem flugmálayfirvöld krefjast.

b) *Efni.* Pappírinn, eða annað efni sem notað er, á að koma í veg fyrir eða sýna auðveldlega allar breytingar eða ef eitthvað er afmáð. Allt sem fært er inn eða afmáð skal greinilega leyft af flugmálayfirvöldum.

c) *Litur.* Nota skal hvítt efni í flugmannsskírteini sem gefin eru út samkvæmt JAR–FCL.

d) *Tungumál.* Skírteini skulu rituð á þjóðtungunni og á ensku og hverjum öðrum tungumálum sem flugmálayfirvöld telja viðeigandi.

**JAR–FCL 2.080 Skráning fartíma**

a) Upplýsingar um öll flug flogin sem flugmaður skulu geymdar í áreiðanlegri skrá með dagbókarsniði sem flugmálayfirvöld geta fallist á (sjá IEM FCL 2.1080). Upplýsingar um flug flogin samkvæmt JAR–OPS 3 má skrá í viðunandi tölvuskrá sem flugrekandi heldur. Ef það er gert skal flugrekandi halda skrár um öll flug sem flugmaður stjórnar, þar með mismunar- og kynningarþjálfun, og skal viðkomandi flugverji geta fengið þær ef hann óskar.

b) Í skránni skulu vera eftirtaldar upplýsingar:

1) Persónulegar upplýsingar:

Nafn og heimilisfang handhafa

2) Um hvert flug:

i) Nafn flugstjóra

ii) Dagsetning flugs (dagur, mánuður, ár)

iii) Staður og tími brottfarar og komu (tímar (máltími (UTC)) skulu vera fartímar)

iv) Tegund þyrlu, árgerð og afbrigði og skráning þyrlu

v) Einshreyfils- eða fjölhreyfla þyrla

vi) Fartími í flugi

vii) Uppsafnaður heildarfartími

3) Um hverja æfingalotu í flughermi eða flugleiðsöguþjálfa (FNPT):

i) Tegund og númer flugþjálfa

ii) Kennsla í flugþjálfa

iii) Dagsetning (d/m/á)

iv) Heildartími æfingalotu

v) Uppsafnaður heildartími

4) Hlutverk flugmanns:

i) Flugstjóri (þar með talinn tími í einflugi, sem flugnemi í hlutverki flugstjóra (SPIC) og sem flugstjóri undir umsjón (PICUS))

ii) Aðstoðarflugmaður

iii) Með kennara

iv) Flugkennari/flugprófdómari

v) Í athugasemdadálki verður hægt að gefa upplýsingar um sérstök hlutverk, t.d. SPIC, PICUS, blindflugstíma* o.s.frv.

* Flugmaður má aðeins skrá sem blindflugstíma þann tíma sem hann flýgur loftfarinu einungis eftir mælitækjum við raunverulegar eða eftirlíktar blindflugsaðstæður.

5) Flugskilyrði

i) Næturflug

ii) Blindflug

c) *Skráning fartíma.*

1) Fartímar sem flugstjóri.

i) Handhafi skírteinis má skrá fartíma sem flugstjóri allan þann fartíma sem hann er flugstjóri.

ii) Umsækjandi um eða handhafi flugmannsskírteinis má skrá sem fartíma flugstjóra alla einflugstíma sína og fartíma þar sem hann var flugnemi í hlutverki flugstjóra að því tilskildu að fartími hans sem flugnemi í hlutverki flugstjóra sé vottaður með undirskrift kennara.

iii) Handhafi flugkennaraáritunar má skrá sem fartíma sem flugstjóri alla þá fartíma sem hann flýgur sem kennari í þyrlu.

iv) Handhafi leyfis sem flugprófdómari má skrá sem flugstjóri alla þá fartíma sem hann situr í sæti flugmanns og er prófdómari í þyrlu.

v) Aðstoðarflugmaður, sem flýgur sem flugstjóri í umsjón flugstjórans, í [fjölstjórnar þyrlu] [ ] [má skrá allan tímann sem flugstjóri undir umsjón flugstjóra], að því tilskildu að fartíminn sem flugstjóri undir umsjón (sjá 5. tölul. c-liðar) sé vottaður með undirskrift flugstjóra.

vi) Ef handhafi skírteinis flýgur mörg flug sama dag og kemur hverju sinni til baka á sama brottfararstað og tími milli fluga er ekki yfir þrjátíu mínútur skal skrá slík flug sem eitt flug.

2) Fartímar sem aðstoðarflugmaður.

Handhafi flugmannsskírteinis sem situr í sæti flugmanns sem aðstoðarflugmaður má skrá alla fartímana sem fartíma sem aðstoðarflugmaður í [fjölstjórnar]þyrlu [ ].

3) [Hér á að vera eyða]

4) Kennslutímar.

Samanlagðir tímar skráðir af umsækjanda um skírteini eða áritun sem flugkennsla, blindflugskennsla, blindflugskennsla á jörðu o.s.frv. skal vottaður af þeim kennara sem kenndi honum og hefur viðeigandi áritanir og/eða heimildir.

5) Flugstjóri undir umsjón (PICUS).

Að því tilskildu að flugmálayfirvöld geti fallist á hvernig umsjón er háttað má aðstoðarflugmaður skrá þann tíma sem hann hefur flogið sem flugstjóri undir umsjón sem fartíma sem flugstjóri, hafi allar skyldur og störf flugstjóra í því flugi verið leyst af hendi með þeim hætti að flugstjóri hafi ekki þurft að grípa inn í af öryggisástæðum.

d) Skrá yfir fartíma lögð fram.

1) Handhafi skírteinis eða flugnemi skal án ótilhlýðilegra tafa leggja fram skrá yfir fartíma sína til athugunar þegar þess er krafist af viðurkenndum fulltrúa flugmálayfirvalda.

2) Flugnemi skal hafa flugdagbók sína með skrá yfir fartíma sína meðferðis á öllum einflugum í landflugi sem sönnun fyrir heimild kennara eins og krafist er.

[e) Skráning fartíma í fjölstjórnarþyrlu.

Flugmálayfirvöld geta samþykkt að þyrla sé fjölstjórnarþyrla ef

1) hún er fjölhreyfla þyrla og

2) hún er nægilega og varanlega útbúin fyrir fjölstjórnarstarfrækslu með minnst

(i) tvöfaldan stjórnbúnað og tvöfaldan óháðan mælitækjabúnað, einn fyrir framan hvorn flugmann; og

(ii) unnt sé að beita öllum stjórntækjum, sem nauðsynleg eru til að stjórna þyrlunni á öruggan hátt, frá báðum flugmannssætum; og

3) ætlað er að henni verði stjórnað af minnst tveimur flugmönnum, sem uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.250, og samkvæmt samþykktu verklagi flugrekandans].

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.005 Lágmarkskröfur vegna útgáfu JAR–FCL skírteinis/leyfis á grundvelli innlends skírteinis/leyfis sem gefið er út í aðildarríki JAA**

*(Sjá 3. tölul. b-liðar J AR–FCL 2.005)*
*(Sjá AMC FCL 2.005 og 2.015)*

**1. Flugmannsskírteini.**
Skipta má á flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki JAA samkvæmt innlendum reglum þess ríkis og JAR–FCL skírteini, sem er bundið skilyrðum ef við á. Til að skipta megi slíku skírteini skal handhafi:

a) standast, í hæfniprófi, kröfur í b-lið JAR–FCL 2.245 um framlengingu tegundaráritunar (og blindflugsáritunar, ef við á) í samræmi við réttindi sem skírteini hans veitir;

b) i) til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla og til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla, sýna flugmálayfirvöldum fram á á fullnægjandi hátt að hann hafi aflað sér þekkingar á því sem felst í viðeigandi köflum JAR–OPS 3 og JAR–FCL (sjá AMC FCL 2.005 og 2.015);

ii) einungis til einkaflugmannsskírteinis/þyrla, sýna flugmálayfirvöldum fram á á fullnægjandi hátt að hann hafi aflað sér þekkingar á viðeigandi köflum í JAA-reglum (Sjá AMC FCL 2.125)

c) sýna fram á kunnáttu sína í ensku í samræmi við JAR–FCL 2.200 hafi hann blindflugsréttindi;

d) uppfylla kröfur um reynslu og allar frekari kröfur sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

| Innlent skírteini | Fartímar alls | Viðbótarkröfur JAA | Nýtt JAR–FCL skírteini og skilyrði (þar sem við á) | Takmarkanir felldar niður í skírteini | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) | 5) | |
| ATPL(H) (með blindflugs-réttindum) | >1000 sem flugstjóri (PIC) á fjölstjórnarþyrlum | engar | ATPL(H) og IR | á ekki við | a) |
| ATPL(H) (án blindflugs-réttinda) | >1000 sem flugstjóri (PIC) á fjölstjórnarþyrlum | engar | ATPL(H) takmarkað við sjónflugsréttindi | á ekki við | b) |
| ATPL(H) (með blindflugs-réttindum) | >1000 á fjölstjórnarþyrlum | engar | ATPL(H) og IR, með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðarflugmann | að sýna fram á hæfni til starfa sem flugstjóri svo sem krafist er í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295, liðum 9 til 15. | c) |
| ATPL(H) (án blindflugs-réttinda) | >1000 á fjölstjórnarþyrlum | engar | ATPL(H) takmarkað við sjónflugsréttindi með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðarflugmann | að sýna fram á hæfni til starfa sem flugstjóri svo sem krafist er í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295, liðum 9 til 15. | d) |
| ATPL(H) (með blindflugs-réttindum) | >500 á fjölstjórnarþyrlum | að sýna flugmálayfirvöldum fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í [1. viðbæti við JAR–FCL 2.470] | eins og í 4. dálki, reit c | eins og í 5. dálki, reit c | e) |
| ATPL(H (án blindflugs-réttinda) | >500 á fjölstjórnarþyrlum | eins og í 3. dálki, reit e | eins og í 4. dálki, reit d | eins og í 5. dálki, reit d | f) |
| CPL/IR(H) og hefur staðist bóklegt ICAO ATPL(H) próf í aðildarríki JAA sem er útgáfuríki skírteinis[*] | >500 á fjölstjórnarþyrlum | i) að sýna flugmálayfirvöldum fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í [1. viðbæti við JAR–FCL 2.470];<br>ii) að uppfylla aðrar kröfur í a-lið JAR–FCL 2.250. | CPL/IR(H) [með viðurkenningu á JAR–FCL ATPL(H) bóklegri kunnáttu] | á ekki við | g) |
| [CPL/IR(H) | >500 á fjölstjórnarþyrlum | i) að standast próf í JAR–FCL ATPL(H) bóklegri kunnáttu í aðildarríki JAA sem er útgáfuríki skírteinis* (sjá texta undir töflu)<br>ii) að uppfylla þær kröfur sem | CPL/IR(H) með viðurkenningu á JAR–FCL ATPL(H) bóklegri kunnáttu | á ekki við | h)] |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | eftir eru í a-lið JAR–FCL 2.250. | | | |
| CPL/IR(H) | >500 sem flugstjóri (PIC) á einstjórnarþyrlum | engar | CPL/IR með tegundaráritunum takmörkuðum við einstjórnarþyrlur | að fá tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu eins og krafist er í JAR–FCL 2.240 | [i)] |
| CPL/IR(H) | <500 sem flugstjóri (PIC) á einstjórnarþyrlum | að sýna flugmálayfirvöldum fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu sem krafist er í[1. viðbæti við JAR–FCL 2.470] | eins og í 4. dálki, reit h | | [j)] |
| CPL(H) | >500 sem flugstjóri (PIC) á einstjórnarþyrlum | næturflugsréttindi, ef við á | CPL(H), með tegundaráritunum takmörkuðum við einstjórnarþyrlur | | [k)] |
| CPL(H) | <500 sem flugstjóri (PIC) á einstjórnarþyrlum | næturflugsréttindi, ef við á, að sýna flugmálayfirvöldum fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu sem krafist er í[1. viðbæti við JAR–FCL 2.470] | eins og í 4. dálki, reit j | | [l)] |
| PPL/IR(H) | [ ≥ 75] fartímar samkvæmt blindflugsreglum | næturflugsréttindi ef þau eru ekki innifalin í blindflugsárituninni | PPL/IR(H) (blindflugsréttindi takmörkuð við einkaflugmannsskírteini) | sýna flugmálayfirvöldum fram á þekkingu á afkastagetu flugvélar og gerð flugáætlana eins og krafist er í c-lið AMC FCL 2.470 | [m)] |
| PPL(H) | [ ≥ 75 fartímar í þyrlum] | [sýna notkun leiðsöguvirkja] | PPL(H) | | [n)] |

* Handhafar atvinnuflugmannsskírteina (CPL), sem þegar hafa tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu, þurfa ekki að hafa staðist próf í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL) meðan þeir halda áfram að fljúga sömu tegund þyrla, en fá ekki viðurkennda bóklega þekkingu til að öðlast JAR–FCL atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks. Þurfi þeir tegundaráritun fyrir annars konar fjölstjórnarþyrlu verða þeir að standast próf í bóklegri þekkingu til JAR–FCL atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla í því aðildarríki JAA sem gefur út skírteinið.

## 2. Kennaraáritanir

| Innlend áritun, leyfi eða réttindi | Reynsla | Viðbótarkröfur JAA | Ný JAA áritun |
|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) |
| FI(H)/IRI(H)/TRI(H), | eins og krafist er samkvæmt JAR–FCL 2 (H) til viðeigandi áritunar | að sýna fram á þekkingu í viðeigandi köflum JAR–FCL 2 (H) og JAR–OPS eins og sett er fram í AMC FCL 2.005 og 2.015 | FI(H)/IRI(H)/TRI(H)[*] |

[*Aðildarríki JAA: Kennarar sem upfylla ofangreindar reglur um nýja JAR–FCL áritun en geta ekki fengið viðeigandi JAR–FCL skírteini/áritanir vegna núverandi stöðu útgáfuríkis skírteinis þeirra geta fengið samþykki til að kenna til JAR–FCL skírteinis og/eða áritana. ]

## 3. Leyfi til kennslu í flugþjálfa (SFI).

[ Í stað leyfis til kennslu í flugþjálfa (SFI) sem gefið er út af JAA-ríki samkvæmt innlendum reglum þess ríkis getur komið JAR–FCL leyfi að því tilskildu að handhafi fullnægi kröfum um reynslu og öllum frekari kröfum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:]

| Innlent leyfi | Reynsla | Viðbótarkröfur JAA | Ný JAA leyfi |
|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) |
| SFI(H) | >1000 stundir sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu (MPH) | i) að hafa eða hafa haft atvinnuskírteini gefið út af aðildarríki JAA eða skírteini atvinnuflugmanns sem ekki er samkvæmt JAR–FCL en flugmálayfirvöld geta samþykkt;<br>ii) að hafa lokið við flughermishluta viðeigandi tegundaráritunarnámskeiðs þar með talið áhafnarsamstarf (MCC) | SFI(H) |
| SFI(H) | 3 ára reynsla sem SFI sem flugmálayfirvöld geta fallist á. | hafa lokið flughermishluta viðeigandi tegundaráritunarnámskeiðs, þar með talið áhafnarsamstarf (MCC) | SFI(H) |

Þetta leyfi gildir í þrjú ár hið lengsta.

Frekari veiting leyfis er háð því að fullnægt sé þeim kröfum sem settar eru fram í JAR–FCL 2.415.

**[4. Flugþjálfakennaraleyfi í einstjórnarþyrlum (STI)**

Í stað leyfis flugþjálfakennara í einstjórnarþyrlum (STI) sem gefið er út af JAA-ríki samkvæmt innlendum kröfum þess ríkis getur komið JAR–FCL leyfi að því tilskildu að handhafi fullnægi kröfum um reynslu og öllum frekari kröfum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

| Innlent leyfi | Reynsla | Viðbótarkröfur JAA | Ný JAA leyfi |
|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) |
| STI(H) | >500 stundir sem flugmaður á instjórnarþyrlu (SPH) | i) að hafa eða hafa haft skírteini gefið út af aðildarríki JAA eða skírteini sem ekki er samkvæmt JAR–FCL en flugmálayfirvöld geta fallist á;<br>ii) að hafa lokið hæfniprófi samkvæmt 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240 í FSTD sem hæfir þeirri kennslu sem áætlað er að stunda | STI(H) |
| STI(H) | Þriggja ára nýleg reynsla sem STI sem flugmálayfir-völd geta fallist á | hafa lokið hæfniprófi samkvæmt 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240 í FSTD sem hæfir til þeirrar kennslu sem áætlað er að stunda | STI(H) |

Þetta leyfi gildir í þrjú ár hið lengsta. Endurútgáfa leyfis er háð því að uppfylltar séu kröfur í JAR–FCL 2.360 F.]

**[1. viðbætir við JAR–FCL 2.010**
**Kröfur um tungumálakunnáttu í talstöðvasamskiptum**
*(Sjá 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.010)*
*(Sjá 1. AMC við JAR–FCL 2.010)*
*(Sjá 2. AMC við JAR–FCL 2.010)*
*(Sjá IEM FCL 2.010)*

1. Tungumálakröfur eiga bæði við um sérstök orðasambönd (phraseologies) og venjulegt mál.

2. Til að uppfylla kröfur um tungumálakunnáttu í 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.010 skal umsækjandi um skírteini eða handhafi skírteinis sýna fram á hæfni sem flugmálayfirvöld telja fullnægjandi í að:

a) hafa með góðum árangri talsamskipti í síma eða talstöð og í návígi;

b) hafa nákvæm og skýr almenn og vinnutengd samskipti;

c) nota viðeigandi skipulag um samskipti við að skiptast á skilaboðum og til að þekkja og leiðrétta misskilning ( þ.e. athuga, staðfesta og skýra upplýsingar) í almennu og vinnutengdu samhengi;

d) nota tungumál á árangursríkan hátt þegar upp koma erfiðar og óvæntar aðstæður í daglegri vinnu; og;

e) nota mállýsku eða hreim sem er skiljanlegur fyrir þá sem starfa við flug.

3. Tungumálakunnáttu skal endurmeta formlega eins oft og flugmálayfirvöld ákveða (sjá 4. og 5. lið í 2. AMC við JAR–FCL 2.010.

4. Flugmálayfirvöld ákvarða á hvern hátt mat og endurmat fer fram (sjá 2. AMC við JAR–FCL 2.010).

5. Aðila sem býður þjónustu við mat fyrir hönd flugmálayfirvalda skulu viðkomandi flugmálayfirvöld telja ásættanlegan (sjá 2. AMC við JAR–FCL 2.010).

6. Þegar framangreint mat á tungumálakunnáttu uppfyllir kröfur í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.200 má nota það til að auka talstövaréttindin í ensku í samræmi við b-lið í JAR–FCL 2.200.]

**[2. viðbætir við JAR–FCL 2.010**
**Mismunandi stig í tungumálakunnáttu**
*(Sjá 4. lið a-liðar í JAR–FCL 2.010)*
*(Sjá 1. AMC við JAR–FCL 2.010)*
*(Sjá 2. AMC við JAR–FCL 2.010)*
*(Sjá IEM FCL 2.010)*

| STIG | FRAMBURÐUR<br><br>Notar mállýsku og/eða hreim sem þeir sem starfa við flug skilja | SAMSETNING<br><br>Viðeigandi málfræðileg samsetning og mynstur setninga ákvarðast af tungumáli og á við verkefnið | ORÐAFORÐI | VALD Á TUNGUMÁLI | SKILNINGUR | SAMSKIPTI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Starfrækslu-stig (stig 4) | Framburður, áherslur, hrynjandi og tónn eru undir áhrifum móðurmáls eða mállýsku en trufla aðeins stundum auð-veldan skilning | Grundvallar - uppbygging málfræði og mynstur setninga eru hugmyndarík og yfirleitt vel stjórnað. Villur geta komið fyrir sérstaklega við óvenjulegar og óvæntar aðstæður en brengla sjaldan það sem við er átt | Orðaforði og nákvæmni er yfirleitt nægilegt til að hafa samskipti á árangursríkan hátt við venjulegar og, raunverulegar vinnuaðstæður. Getur oft með góðum árangri fundið önnur orð þegar orðaforði hrekkur ekki til, sérstaklega við óvenjulegar og óvæntar aðstæður | Hefur sveigjanleika í tungutaki með viðeigandi hraða. Fipast stundum þegar farið er frá æfðum eða ákveðnum texta yfir í óæfðar samræður, en það truflar ekki gagnleg samskipti. Getur nýtt sér hikorð eða tengingar að takmörkuðu leyti. Hikhljóð eru ekki truflandi | Skilningur er að mestu nákvæmur í almennu, raunverulegu vinnutengdu efni þegar hreimur og breytileiki er nægilega skiljanlegur fyrir alþjóða samskipti notenda. Þegar sá sem talar lendir í flóknum tungumála aðstæðum eða óvæntum atburðum getur skilningur orðið hægari eða þörf er á útskýringum | Venjulega er svarað tafarlaust og svör eru viðeigandi og veita góðar upplýsingar. Hefur frumkvæði og heldur áfram orðaskiptum jafnvel þegar aðstæður breytast óvænt. Fæst á fullnægjandi hátt við auðsýnilegan misskilning með því að athuga, staðfesta og útskýra |

*Athugasemd: Starfrækslustig 4 er lágmarkshæfnikrafa fyrir talstöðvasamskipti ]*

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.015 Lágmarkskröfur vegna fullgildingar flugmannsskírteina frá ríkjum utan JAA**

*(Sjá JAR–FCL 2.015)*

1. Lágmarkskröfur aðildarríkis JAA vegna fullgildingar flugmannsskírteinis frá ríki utan JAA eru tilgreindar hér á eftir.

**Flugmannsskírteini fyrir flutningaflug og aðra atvinnustarfsemi**

2. Flugmannsskírteini gefið út samkvæmt 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1) af ríki utan JAA má fullgilda með skilyrðum af aðildarríki JAA til að leyfa flug (annað en flugkennslu) í þyrlum skráðum í því aðildarríki JAA. Til að fullgilda slík skírteini skal handhafi:

a) standast, sem færnipróf, þær kröfur JAR–FCL 2.245 til framlengingar tegundaráritunar sem eiga við réttindi sem skírteini hans veitir;

b) sýna flugmálayfirvöldum á fullnægjandi hátt fram á þekkingu á viðeigandi köflum JAR–OPS og JAR–FCL (sjá AMC FCL 2.005 og 2.015);

c) sýna fram á kunnáttu sína í ensku í samræmi við JAR–FCL 2.200;

d) hafa gilt 1. flokks JAR–FCL heilbrigðisvottorð;

e) uppfylla allar birtar viðbótarkröfur sem aðildarríki JAA telur nauðsynlegar; og

f) uppfylla þær kröfur um reynslu sem settar eru fram í 2. dálki í eftirfarandi töflu, í tengslum við þau fullgildingarskilyrði sem tilgreind eru í 3. dálki:

[

| Skírteini | Heildarfartímar | Skilyrði fyrir fullgildingu | |
|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | |
| ATPL(H) blindflugsáritun í gildi | >1000 tímar sem flugstjóri (PIC) í fjölstjórnar-þyrlum | Flutningaflug sem flugstjóri (PIC) Í fjölstjórnar-þyrlum í sjónflugi og blindflugi | a) |
| ATPL(H), ekki blindflugsáritun | >1000 tímar sem flugstjóri (PIC) í fjölstjórnar-þyrlum | Flutningaflug sem flugstjóri (PIC) Í fjölstjórnar-þyrlum í sjónflugi | b) |
| ATPL(H) blindflugsáritun í gildi | >1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum | Flutningaflug sem flugstjóri (PIC) Í fjölstjórnar-þyrlum í sjónflugi og blindflugi | c) |
| ATPL(H), ekki blindflugsáritun | >1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum | Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður Í fjölstjórnarþyrlum í sjónflugi | d) |
| CPL(H)/IR * | >1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum | Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður Í fjölstjórnarþyrlum | e) |
| CPL(H)/IR | >1000 stundir sem flugstjóri (PIC) í flutningaflugi eftir að hafa fengið blindflugsáritun | Flutningaflug sem flugstjóri (PIC) Í einstjórnarþyrlum | f) |
| CPL(H)** | >700 tímar á þyrlum öðrum en þeim sem skráðar eru samkvæmt JAR–27/29, þar með taldir 200 tímar í því starfi sem sótt er um fullgildingu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum. | Flugstarfsemi í þyrlum önnur en flutningaflug | g) |

]

*Handhafar CPL/IR-skírteina fyrir fjölstjórnarþyrlur skulu hafa sýnt fram á þekkingu á ICAO ATPL stigi fyrir fullgildingu

**[Einkaflugmannsskírteini með blindflugsáritun**

3. Einkaflugmannsskírteini með blindflugsáritun sem gefið er út af ríki utan JAA samkvæmt ICAO Annex 1 má fullgilda að uppfylltum skilyrðum af aðildarríki JAA til að leyfa flug (annað en flugkennslu) í þyrlum skráðum í því aðildarríki JAA. Til að fullgilda slík skírteini skal handhafi:

a) ljúka, sem færniprófi, öllum hlutum tegundarfærniprófs í samræmi við 1. og 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240;

b) sýna fram á á fullnægjandi hátt að mati flugmálayfirvalda, í samræmi við J-kafla, að kunnátta sé fyrir hendi í lögum um loftferðir og flugveðurkóðum, efnisnúmer 050 10 03 01, sem og flugáætlunum og afkastagetu (IR), efnisnúmer 03 00 00 00, mannlegri getu, efnisnúmer 040 00 00 00, í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470:

c) sýna fram á kunnáttu í ensku í samræmi við JAR–FCL 2.200;

d) vera minnst handhafi gilds JAR–FCL 2. flokks heilbrigðisvottorðs með heyrnarkröfum í samræmi við b-lið JAR–FCL 3.335;

e) hafa talfjarskiptaréttindi (R/T) sem flugmálayfirvöld geta fallist á;

f) uppfylla kröfur um reynslu samkvæmt 2. dálki í eftirfarandi töflu:

| Skírteini | Heildarfartímar |
|---|---|
| 1) | 2) |
| PPL(H)/IR | > 100 fartímar í blindflugi sem flugstjóri (PIC) |

]

**[2. viðbætir við JAR–FCL 2.015**
**Umbreyting einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H)), sem gefið er út af ríki utan JAA, í JAR–FCL PPL(H)**
*(Sjá 2. tölul. c-liðar JAR–FCL 2.015)*

Lágmarkskröfur vegna breytingar á einkaflugmannsskírteini (H) sem gefið er út af ríki utan JAA í JAR–FCL(H) skírteini eru:

(a) umsækjandinn skal vera handhafi skírteinis sem gefið er úr í samræmi við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1);

(b) umsækjandinn skal hið minnsta vera handhafi JAR–FCL 2. flokks heilbrigðisvottorðs;

(c) hafa talfjarskiptaréttindi (R/T) sem flugmálayfirvöld geta fallist á;

(d) umsækjandinn skal uppfylla kröfur um flugreynslu í töflunni hér á eftir.

| Erlent skírteini | Kröfur um reynslu | Frekari JAA kröfur |
|---|---|---|
| Gilt erlent ICAO PPL(H) | ≥100 fartímar sem flugmaður í þyrlum | (a) Standast skriflegt próf í lögum um loftferðir og mannlegri getu<br>(b) Standast PPL(H) færnipróf samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.130 og 2.135 og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.135<br>(c) Uppfylla viðeigandi kröfur í F - kafla |

]

**[3. viðbætir við JAR–FCL 2.015**
**Fullgilding flugmannsskírteinis, sem gefið er út af ríki utan JAA, fyrir sérstök tímabundin verkefni**
*(Sjá JAR–FCL 2.015)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.015)*

TÍMABUNDIN FULLGILDING / HEIMILD FYRIR FLUGMENN FLUGVÉLAFRAMLEIÐENDA SEM ERU HANDHAFAR SKÍRTEINA SEM GEFIN ERU ÚT AF RÍKJUM UTAN JAA.

1. Flugmannsskírteini, sem gefið er úr samkvæmt 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1) af ríki utan JAA þ.m.t. kennaraáritun og prófdómaraheimild frá sama ríki, má fullgilda eða veita handhafa heimild á annan hátt í mest eitt ár með skilyrðum aðildarríkis JAA til að fljúga þyrlum sem eru skráðar í viðkomandi aðildarríki JAA til að sýna, reka, ferja eða prófa þyrlur. Þegar skírteini er fullgilt samkvæmt þessum viðbæti má veita handhafa skírteinisins undanþágu frá því að uppfylla kröfur um fullgildingu skírteinis sem er útgefið af ríki utan JAA í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.015, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

Til að fullgilda slíkt skírteini skal handhafi:

(a) vera handhafi viðeigandi skírteinis, heilbrigðisvottorðs, tegundaáritana og réttinda, þar með talið kennara- og prófdómaraheimilda sem gilda í útgáfuríki skírteinisins fyrir þau störf sem fyrirhuguð eru, og
(b) starfa hjá þyrluframleiðanda eða tegundaskóla (TRTO) sem þjálfar fyrir framleiðanda þyrlu.
(c) verða takmarkaður við að kenna og prófa fyrir fyrstu útgáfu tegundaráritana, eftirlit með fyrstu leiðarflugsþjálfun flugmanna hjá flugrekandanum, afhendingu þyrlu eða ferjuflug, fyrstu leiðarflugsþjálfun, sýningarflug eða reynsluflug.

2. Flugmaðurinn skal einnig alltaf þegar hann framkvæmir eða hefur umsjón með leiðarflugi uppfylla viðkomandi kröfur í JAR–OPS að ákvörðun stjórnvalda þess ríkis þar sem loftfarið er skráð.**]**

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.050**
**Viðurkenning á bóklegri þekkingu – Viðbótarkennsla og námsefni til prófs**

*[(Sjá 2. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.050)*

**[]**

**[ ]** Til að fá útgefið einkaflugmannsskírteini/þyrla PPL(H) skal handhafi skírteinis á flugvél standast bókleg próf í eftirfarandi greinum (úr námskrá í AMC-FCL 2.125 yfir bóklega þekkingu til einkaflugmannsskírteinis/þyrla):

Almenn þekking á loftförum; afkastageta og áætlanagerð; verklagsreglur í flugi og flugfræði.

**[2. viðbætir við JAR–FCL 2.050**
**Viðurkenning á bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H) – Viðbótarkennsla og námsefni til prófs**

*(Sjá 3. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.050)*

1. Umsækjandi skal hafa hlotið viðbótar bóklega kennslu á samþykktu námskeiði í samþykktum flugskóla (FTO) samkvæmt eftirfarandi fyrirsögnum úr námskrá (sjá Markmið bóklegs náms (Learning Objectives)):

| | |
|---|---|
| 021 00 00 00 | ALMENN ÞEKKING Á LOFTFÖRUM, SKROKKUR OG KERFI, RAFKERFI, HREYFLAR OG NEYÐARBÚNAÐUR |
| 021 02 00 00 | SKROKKUR |
| 021 04 00 00 | LENDINGARBÚNAÐUR, HJÓL, HJÓLBARÐAR OG BREMSUR |
| 021 05 00 00 | STÝRISBÚNAÐUR |
| 021 06 00 00 | LOFTÞRÝSTIKERFI – JAFNÞRÝSTIBÚNAÐUR OG LOFTRÆSTING |
| 021 11 00 00 | HVERFIHREYFLAR |
| 021 13 00 00 | SÚREFNISKERFI |
| 021 14 00 00 | ÞYRLA: ÝMIS KERFI |
| 021 15 00 00 | ÞYRLA: ÞYRLUKOLLUR |
| 021 16 00 00 | ÞYRLA: SKIPTING |
| 021 17 00 00 | ÞYRLA: BLÖÐ |

| | |
|---|---|
| 022 00 00 00 | ALMENN ÞEKKING Á LOFTFÖRUM – MÆLITÆKI (H) |
| 022 02 00 00 | TAKMARKANIR VEGNA MÆLDRA LOFTFRÆÐILEGRA GAGNA |
| 022 07 00 00 | ÞYRLA: SJÁLFSTÝRIBÚNAÐUR |
| 022 12 00 00 | VIÐVÖRUNARKERFI, NÁLÆGÐARSKYNJARI |
| 022 13 00 00 | SAMFELLD MÆLITÆKI – RAFEINDASKJÁR |
| 022 14 00 00 | VIÐHALD, EFTIRLIT OG UPPTÖKUKERFI |

| | |
|---|---|
| 030 00 00 00 | AFKASTAGETA OG ÁÆTLANAGERÐ |
| 031 00 00 00 | MASSI OG JAFNVÆGI – ÞYRLUR |
| 031 01 00 00 | TILGANGUR MASSA OG JAFNVÆGISÚTREIKNINGA |
| 031 02 02 00 | HLEÐSLA |

| | |
|---|---|
| 033 00 00 00 | ÁÆTLANAGERÐ |
| 033 03 00 00 | ELDSNEYTISÚTREIKNINGUR |
| 034 00 00 00 | AFKASTAGETA – ÞYRLUR |
| 034 01 00 00 | ALMENNAR KRÖFUR |
| 034 02 00 00 | AFKASTAGETA FLOKKUR 3 EINSHREYFILS ÞYRLUR |
| 034 03 00 00 | AFKASTAGETA FLOKKUR 2 |
| 034 05 00 00 | AFKASTAGETA FLOKKUR 1 – AÐEINS ÞYRLUR UNDIR cs 29 |

| | |
|---|---|
| 070 00 00 00 | VERKLAGSREGLUR Í FLUGI – ÞYRLUR |
| 071 01 00 00 | ALMENNAR KRÖFUR |
| 071 02 00 00 | SÉRSTAKAR STARFSAÐFERÐIR OG HÆTTUR (ALMENN ATRIÐI) |
| 071 03 00 00 | ÞYRLUR - VERKLAG VIÐ NEYÐARAÐSTÆÐUR |

| | |
|---|---|
| 082 00 00 00 | FLUGFRÆÐI – ÞYRLA |
| 082 01 00 00 | LOFTHREYFIFRÆÐI UNDIR HLJÓÐHRAÐA |
| 082 02 00 00 | LOFTHREYFIFRÆÐI VIÐ MIKINN HRAÐA |
| 082 03 00 00 | TEGUNDIR ÞYRLIVÆNGJA |
| 082 04 00 00 | LOFTHREYFIFRÆÐI AÐALÞYRILS |
| 082 05 00 00 | VÉLVIRKNI AÐALÞYRILS „MAIN ROTOR MECHANICS“ |
| 082 06 00 00 | STÉLÞYRILL |
| 082 07 00 00 | JAFNVÆGI, STÖÐUGLEIKI OG STJÓRNTÆKI |
| 082 08 00 00 | ÞYRLA – FLUGKRAFTAFRÆÐI |

2. Umsækjandi skal sýna fram á þekkingu sem krafa er um fyrir þau réttindi sem handhafa atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu (CPL(H) eru veitt og skal uppfylla kröfur í J-kafla í JAR–FCL 2 (þyrla).

Umsækjandi skal standast viðbótar bókleg próf í eftirfarandi efni: Almenn þekking á loftförum, afkastageta og áætlanagerð, verklagsreglur í flugi og flugfræði (þyrla) eins og lýst er hér á eftir:

a) Prófi í efninu afkastageta og flugfræði (þyrla) er lýst í b-lið JAR–FCL 2.470.

b) Próf í efninu skrokkar og kerfi, rafkerfi, hreyflar, neyðarbúnaður, mælitæki, massi og jafnvægi, áætlanagerð og verklagsreglur í flugi skal ná yfir viðbótar prófefnið sem er talið upp í námskránni hér á undan.]

**[3. viðbætir við JAR–FCL 2.050**
**Viðurkenning á bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) – Viðbótarkennsla og námsefni til prófs**

*(Sjá 4. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.050))*

1. Umsækjandi skal hafa hlotið viðbótar bóklega kennslu á samþykktu námskeiði í samþykktum flugskóla (FTO) samkvæmt eftirfarandi fyrirsögnum úr námskrá (Sjá innleiðingarverklag (JIP) varðandi nákvæma viðbótarnámskrá):

| | |
|---|---|
| 021 00 00 00 | ALMENN ÞEKKING Á LOFTFÖRUM, SKROKKUR OG KERFI, RAFKERFI, HREYFLAR OG NEYÐARBÚNAÐUR |
| 021 02 00 00 | SKROKKUR |
| 021 04 00 00 | LENDINGARBÚNAÐUR, HJÓL, HJÓLBARÐAR OG BREMSUR |
| 021 05 00 00 | STÝRISBÚNAÐUR |
| 021 06 00 00 | LOFTÞRÝSTIKERFI – JAFNÞRÝSTIBÚNAÐUR OG LOFTRÆSTING |
| 021 11 00 00 | HVERFIHREYFLAR |
| 021 13 00 00 | SÚREFNISKERFI |
| 021 14 00 00 | ÞYRLA: ÝMIS KERFI |
| 021 15 00 00 | ÞYRLA: ÞYRLUKOLLUR |
| 021 16 00 00 | ÞYRLA: SKIPTING |
| 021 17 00 00 | ÞYRLA: BLÖÐ |

| | |
|---|---|
| 022 00 00 00 | ALMENN ÞEKKING Á LOFTFÖRUM – MÆLITÆKI (H) |
| 022 02 00 00 | TAKMARKANIR VEGNA MÆLDRA LOFTFRÆÐILEGRA GAGNA |
| 022 07 00 00 | ÞYRLA: SJÁLFSTÝRIBÚNAÐUR |
| 022 12 00 00 | VIÐVÖRUNARKERFI, NÁLÆGÐARSKYNJARI |
| 022 13 00 00 | SAMFELLD MÆLITÆKI – RAFEINDASKJÁR |
| 022 14 00 00 | VIÐHALD, EFTIRLIT OG UPPTÖKUKERFI |

| | |
|---|---|
| 030 00 00 00 | AFKASTGETA OG ÁÆTLANAGERÐ |
| 031 00 00 00 | MASSI OG JAFNVÆGI – ÞYRLUR |
| 031 01 00 00 | TILGANGUR MASSA OG JAFNVÆGISÚTREIKNINGA |
| 031 04 00 00 | EINSTAKIR ÞÆTTIR Í MASSA OG JAFNVÆGISÚTREINKNINGUM ÞYRLU |

| | |
|---|---|
| 033 00 00 00 | ÁÆTLANAGERÐ |
| 033 03 00 00 | ELDSNEYTISÚTREIKNINGUR |

| | |
|---|---|
| 034 00 00 00 | AFKASTAGETA – ÞYRLUR |
| 034 01 00 00 | ALMENNAR KRÖFUR |
| 034 02 00 00 | AFKASTAGETA FLOKKUR 3 EINSHREYFILS ÞYRLUR |

| | |
|---|---|
| 034 03 00 00 | AFKASTAGETA FLOKKUR 2 |
| 034 05 00 00 | AFKASTAGETA FLOKKUR 1 – AÐEINS ÞYRLUR UNDIR cs 29 |

| | |
|---|---|
| 070 00 00 00 | VERKLAGSREGLUR Í FLUGI – ÞYRLUR |
| 071 01 00 00 | ALMENNAR KRÖFUR |
| 071 02 00 00 | SÉRSTAKAR STARFSAÐFERÐIR OG HÆTTUR (ALMENN ATRIÐI) |
| 071 03 00 00 | ÞYRLUR - VERKLAG VIÐ NEYÐARAÐSTÆÐUR |

| | |
|---|---|
| 082 00 00 00 | FLUGFRÆÐI – ÞYRLA |
| 082 01 00 00 | LOFTHREYFIFRÆÐI UNDIR HLJÓÐHRAÐA |
| 082 02 00 00 | LOFTHREYFIFRÆÐI VIÐ MIKINN HRAÐA |
| 082 03 00 00 | TEGUNDIR ÞYRLIVÆNGJA |
| 082 04 00 00 | LOFTHREYFIFRÆÐI AÐALÞYRILS „AERODYNAMICS MAIN ROTOR“ |
| 082 05 00 00 | VÉLVIRKNI AÐALÞYRILS „MAIN ROTOR MECHANICS“ |
| 082 06 00 00 | STÉLÞYRILL |
| 082 07 00 00 | JAFNVÆGI, STÖÐUGLEIKI OG STJÓRNTÆKI |
| 082 08 00 00 | ÞYRLA – FLUGKRAFTAFRÆÐI |

2. Umsækjandi skal sýna fram á þekkingu sem krafa er um fyrir þau réttindi sem handhafa atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks á þyrlu (ATPL(H) eru veitt og skal uppfylla kröfur í J-kafla í JAR–FCL 2.

Umsækjandi skal standast viðbótar bókleg próf í eftirfarandi efni: Almenn þekking á loftförum, afkastageta og áætlanagerð, verklagsreglur í flugi og flugfræði (þyrla) eins og lýst er hér á eftir:

a) Prófi í efninu afkastageta og flugfræði (þyrla) er lýst í a-lið JAR–FCL 2.470.

b) Próf í efninu skrokkar og kerfi, rafkerfi, hreyflar, neyðarbúnaður, mælitæki, massi og jafnvægi, áætlanagerð og verklagsreglur í flugi skal ná yfir viðbótar prófefnið sem er talið upp í námskránni hér á undan.]

**[ 4. viðbætir við JAR–FCL 2.050**
**Viðurkenning á bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)), blindflugsáritunar á þyrlu (IR(H)) eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla (ATPL(H)**

*(Sjá 8. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.050)*

1. Umsækjandi um blindflugsáritun á þyrlu (IR (H)) sem lokið hefur viðkomandi bóklegum prófum fyrir atvinnuflugmannsskírteini/þyrla (CPL(H)) fær það viðurkennt fyrir bókleg próf í eftirfarandi greinum:
   - Mannleg geta
   - Veðurfræði.

2. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini/þyrla (CPL(H)) sem lokið hefur viðkomandi bóklegum prófum fyrir blindflugsáritun á þyrlu (IR (H)) fær það viðurkennt fyrir bókleg próf í eftirfarandi greinum:
   - Mannleg geta
   - Veðurfræði.

3. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) eða umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) með blindflugsáritun sem lokið hefur viðkomandi bóklegum prófum fyrir atvinnuflugmannsskírteini/þyrla (CPL(H)) fær það viðurkennt fyrir bókleg próf í eftirfarandi greinum:
   - Afkastageta/þyrla
   - Flugfræði/þyrla
   - Fjarskipti í sjónflugi

4. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) ásamt blindflugsáritun sem lokið hefur viðkomandi bóklegum prófum fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) fær það viðurkennt fyrir bókleg próf í eftirfarandi greinum:
   - Almenn þekking á loftförum – skrokkar/kerfi/hreyflar
   - Almenn þekking á loftförum – mælitæki
   - Massi og jafnvægi
   - Afkastageta/þyrla
   - Mannleg geta
   - Veðurfræði
   - Almenn siglingafræði
   - Flugfræði/þyrla
   - Fjarskipti í sjónflugi.]

**1. viðbætir a við JAR–FCL 2.055**
**Flugskóli (FTO) sem veitir kennslu fyrir flugmannskírteini og áritanir**

*(Sjá JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá 2. tölul. c-liðar AMC FCL 2.261)*
*(Sjá IEM nr. 1 við JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá IEM nr. 2 við JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá IEM nr. 3 við JAR–FCL 2.055)*
***[****(Sjá IEM nr. 4 við JAR–FCL 2.055)****]***

INNGANGUR

1. Flugskóli (FTO) er stofnun sem hefur yfir að ráða starfsliði og tækjum og starfrækt er í viðeigandi umhverfi til að veita flugþjálfun og/eða kennslu í flugþjálfa og/eða bóklega kennslu á sérstökum námskeiðum.

2. Flugskóli sem bjóða vill viðurkennda þjálfun sem uppfyllir kröfur JAR–FCL skal afla samþykkis flugmálayfirvalda í aðildarríki JAA. Ekkert slíkt samþykki verður veitt af flugmálayfirvöldum aðildarríkis JAA án þess að:

a) flugmálayfirvöld geti framfylgt reglum JAR–FCL; og

b) flugskólinn fullnægi öllum kröfum JAR–FCL.

Í þessum viðbæti eru kröfur um útgáfu, framlengingu og breytingar á samþykki til handa flugskóla.

ÖFLUN SAMÞYKKIS

3. Flugskóli sem leitar eftir samþykki skal afhenda flugmálayfirvöldum þær flugrekstrarhandbækur og þjálfunarhandbækur sem krafist er í 32. og 33. lið. Flugskólinn skal taka upp verklagsreglur sem flugmálayfirvöld geta fallist á til að tryggja að farið sé að öllum viðeigandi reglum JAR–FCL. Meðal verklagsreglnanna skal vera gæðakerfi (sjá AMC FCL 2.055 og IEM FCL nr. 1 við JAR–FCL 2.055) innan flugskólans sem þegar finnur alla annmarka þannig að fyrirtækið geti gert úrbætur. Eftir að umsóknin hefur verið athuguð verður flugskólinn skoðaður til að tryggja að hann fullnægi þeim kröfum sem settar eru fram í þessum viðbæti. Sé niðurstaða skoðunarinnar fullnægjandi verður flugskólanum í fyrstu veitt samþykki til eins árs. Framlengja má samþykkið um allt að þrjú ár til viðbótar. Engum flugmálayfirvöldum er skylt að veita samþykki til handa flugskóla utan aðildarríkja JAA ef vinnuafl er ekki tiltækt eða kostnaður við að vinna umsóknina fyrir samþykki og við eftirlit er óhóflega íþyngjandi fyrir flugmálayfirvöldin.

4. Öll námskeið skulu hljóta samþykki (sjá IEM FCL 2.055).

5. Flugmálayfirvöld munu fylgjast með gæðum námskeiða og gera úrtakskönnun á þjálfunarflugi með nemendur. Við slíkar heimsóknir skal aðgangur veittur að þjálfunarskrám fyrirtækisins, leyfisbréfum, tæknidagbókum, fyrirlestrum, glósum og upplýsingafundum og öðru viðeigandi efni. Flugmálayfirvöld skulu láta flugskólanum í té afrit af skýrslum um heimsóknir til skólans.

6. Flugmálayfirvöld munu breyta, fella úr gildi tímabundið eða ógilda samþykki ef einhverjum samþykktarkröfum eða stöðlum er ekki lengur haldið á því stigi sem samþykkt var sem lágmark.

7. Óski flugskóli að gera breytingar á samþykktu námskeiði eða framkvæmd þess eða breyta flugrekstrarhandbók eða þjálfunarhandbók skal samþykki flugmálayfirvalda fengið áður en breytingarnar koma til framkvæmda. Flugskólar þurfa ekki að tilkynna flugmálayfirvöldum um smávægilegar breytingar á daglegum rekstri. Leiki vafi á hvort breyting teljist smávægileg skal bera það undir flugmálayfirvöld.

8. Flugskóla er heimilt að gera samninga um þjálfun við aðra flugskóla eða nota aðra flugvelli sem hluta af skipulagi heildarþjálfunar svo fremi það sé samþykkt af flugmálayfirvöldum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

9. a) Flugskóli skal geta sýnt flugmálayfirvöldum fram á að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi til að stunda flugþjálfun samkvæmt viðurkenndum stöðlum (sjá IEM nr. 2 við JAR–FCL 2.055).

b) Flugskóli skal útnefna einstakling sem flugmálayfirvöld geta fallist á og skal hann sýna flugmálayfirvöldum fram á að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi til að stunda flugþjálfun samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Þessi einstaklingur skal nefnast ábyrgur framkvæmdastjóri.

STJÓRN OG STARFSLIÐ

10. Með stjórnskipulaginu skal tryggt eftirlit með því að starfslið í öllum störfum hafi næga reynslu og þau starfsréttindi sem þarf til að tryggja að staðaldri háan gæðaflokk. Í flugrekstrarhandbók flugskólans skal vera lýsing á stjórnkerfinu þar sem ábyrgð hvers og eins kemur fram.

11. Flugskólinn skal sýna flugmálayfirvöldum fram á að nægilega margir hæfir starfmenn með starfsréttindi séu í starfsliðinu. Við samtvinnuð námskeið (integrated courses) skulu þrír menn úr starfsliðinu vera í fullu starfi í eftirtöldum stöðum:

Skólastjóri (HT)
Yfirflugkennari (CFI)
Yfirkennari bóklegra fræða (CGI)

Við áfanganámskeið (modular training courses), má sameina þessar stöður og skipa í þær einn eða tvo menn, í fullu starfi eða hlutastarfi, eftir umfangi þeirrar þjálfunar sem fara á fram. Að minnsta kosti einn maður í starfsliðinu skal vera í fullu starfi. [Sá sem útnefndur er skal hafa góða stjórnunarhæfileika, vera eða hafa verið handhafi atvinnuflugmannsskírteinis, sem tengist þeim námskeiðum sem hann stjórnar, með viðeigandi áritunum, og skal uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í 19. grein hér á eftir.]

12. Fjöldi kennara í hlutastarfi í hlutfalli við umfang þeirrar þjálfunar sem fara á fram skal vera sá sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

13. Hlutfall nemenda á móti flugkennurum að undanskildum skólastjóra (HT) skal að jafnaði ekki fara yfir 6:1. Fjöldi nemenda í bekk í bóklegu námi sem felur í sér mikið eftirlit eða verklegar æfingar skal yfirleitt ekki fara yfir 12.

SKÓLASTJÓRI (HT)

14. Skólastjórinn skal bera heildarábyrgð á því að tryggja fullnægjandi samþættingu flugþjálfunar, kennslu í flugþjálfa og bóklegri kennslu og á eftirliti með framförum einstakra nemenda. Skólastjórinn skal hafa víðtæka reynslu í þjálfun sem flugkennari til atvinnuflugmannsskírteinis og hafa góða stjórnunarhæfileika. Skólastjórinn skal hafa, eða hafa haft, á síðustu þremur árum áður en hann var fyrst ráðinn skólastjóri, skírteini fyrir atvinnuflug og áritun (áritanir) gefna(r) út í samræmi við 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1), sem tengjast þeim flugnámskeiðum sem hann stjórnar.

YFIRFLUGKENNARI (CFI)

15. Yfirflugkennarinn skal bera ábyrgð á eftirliti með flugkennurum og flugþjálfakennurum og á stöðlun allrar flugkennslu og kennslu í flugþjálfa. Yfirflugkennarinn skal:

a) hafa hæsta skírteini flugmanns í atvinnuflugi sem tengist þeim flugnámskeiðum sem hann stjórnar;
b) hafa þær áritanir sem verið er að kenna til á þeim flugnámskeiðum sem hann stjórnar;
c) hafa áritun sem flugkennari fyrir minnst eina af þeim tegundum þyrla sem notaðar eru á námskeiðinu, og
d) hafa lokið 1000 fartímum sem flugstjóri í þyrlum og [þar af] minnst [500] tímum við flugkennslu í þyrlum, sem tengist þeim flugnámskeiðum sem hann stjórnar, þar af mega 200 tímar vera blindflugsæfingartímar á jörðu.

KENNARAR, AÐRIR EN FLUGÞJÁLFAKENNARAR [OG FLUGÞJÁLFAKENNARAR Á EINSTJÓRNARÞYRLUR]

16. Kennarar skulu hafa:

a) skírteini flugmanns í atvinnuflugi og áritun (áritanir) sem tengjast þeim flugnámskeiðum sem þeir eru útnefndir til að stjórna;
b) áritun sem kennari, sem tengist þeim hluta námskeiðsins sem stjórnað er, t.d. áritun sem kennari til blindflugsáritunar, flugkennari, kennari til tegundaráritunar, svo sem við á, eða
c) leyfi frá flugmálayfirvöldum til að stjórna tiltekinni þjálfun hjá flugskóla (sjá JAR–FCL 2.305).

17. Hámarksflugtímar, hámarkstímar á flugvakt og lágmarkshvíldartímar milli kennsluskyldu kennara skal vera eins og flugmálayfirvöld geta fallist á.

KENNARAR SEM KENNA Í FLUGÞJÁLFA

18. Til flugþjálfunar í flugþjálfunartæki (FTD) og flugleiðsöguþjálfa I (FNPT I) skulu kennarar hafa, eða hafa haft, í þrjú ár fyrir fyrstu útnefningu, skírteini flugmanns fyrir atvinnuflug og áritun (áritanir), nema flugþjálfakennarar sem eru með leyfi skv 3. lið 1. viðbætis við JAR–FCL 2.005, sem hæfa þeim þjálfunarnámskeiðum sem þeir eru útnefndir til að stjórna og hafa reynslu af flugkennslu. Til flugþjálfunar í flughermi og/eða flugleiðsöguþjálfa II (FNPT II) skal kennari hafa áritun sem flugkennari (FI(H)), áritun sem tegundarkennari (TRI (MPH)) eða leyfi til kennslu í flugþjálfa (SFI(H)).

YFIRKENNARI Í BÓKLEGUM GREINUM (CGI)

19. Yfirkennarinn í bóklegum greinum skal bera ábyrgð á eftirliti með öllum kennurum bóklegra greina og á stöðlun allrar kennslu í bóklegum greinum. Hann á að hafa starfsreynslu í flugi og hafa tekið námskeið í kennslutækni eða hafa víðtæka fyrri reynslu af kennslu í bóklegum greinum.

KENNARAR Í BÓKLEGUM GREINUM

20. Kennarar í bóklegum greinum fyrir skírteinapróf og áritanir skulu hafa viðeigandi reynslu í flugi og skulu, fyrir útnefningu, sýna fram á hæfni sína með því að halda próffyrirlestur byggðan á efni sem þeir hafa samið í greinum sem þeir eiga að kenna.

SKRÁR

21. Flugskóli skal halda og geyma eftirtaldar skrár í minnst 5 ár og skal viðeigandi starfslið á stjórnunarsviði annast það:

a) upplýsingar um kennslu í bóklegum greinum, í flugi og í flugþjálfa sem hver nemandi fær;

b) sundurliðaðar og reglubundnar skýrslur um framfarir frá kennurum, þar með talið mat, reglubundin flugpróf og bókleg próf, og

c) persónulegar upplýsingar, t.d. síðasti gildisdagur heilbrigðisvottorða og áritana, o.s.frv.

22. Snið þjálfunarskráa nemenda skal tilgreint í þjálfunarhandbókinni.

23. Flugskólinn skal leggja fram þjálfunarskrár og skýrslur eins og flugmálayfirvöld krefjast.

ÞJÁLFUNARÁÆTLUN

24. Þjálfunaráætlun skal gerð fyrir hverja tegund námskeiðs sem halda skal. Í áætluninni skal vera sundurliðun kennslu í flugi og bóklegum greinum, annaðhvort eftir vikum eða áföngum, skrá yfir staðlaðar æfingar og námskrá. Einkum skal þjálfun í flugþjálfa og kennslu í bóklegum greinum skipt þannig í áfanga að tryggt sé að nemendur geti við flugæfingar beitt þeirri þekkingu sem aflað er á jörðu niðri. Verkefnavali skal hagað þannig að vandamál sem fjallað er um í bóklega hlutanum séu leyst strax á næstu verklegu æfingu. Flugmálayfirvöld skulu geta fallist á efni og uppröðun þjálfunaráætlunarinnar.

KENNSLU- OG PRÓFTÖKUÞYRLUR

25. Nægur floti kennsluþyrla sem hæfa námskeiðunum skal vera fyrir hendi. [Hversu tiltækir flugþjálfar eru getur haft áhrif á þennan fjölda. ]Hver þyrla skal búin tveimur aðalstýrum til notkunar fyrir kennara og nemanda. Færanleg (swing-over) stýri eru ekki leyfð. Í flotanum skulu vera, eftir því sem á við námskeiðin, þyrlur sem nota má til að sýna sjálfsnúning þyrils og þyrlur búnar til að líkja eftir blindflugsskilyrðum og tækjum fyrir blindflugskennslu og próf. Til flugþjálfunar og prófa til blindflugsáritunar (IR(H)) skal nægur fjöldi þyrla sem skráðar eru fyrir blindflug (IFR certificated) vera fyrir hendi.

26. Aðeins skal nota þyrlur sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt fyrir kennsluflug. [Ef þyrlan sem notuð er við færniprófið er af annarri tegund en flugneminn notaði við sjónflugsþjálfun skal hámarksviðurkenning takmörkuð við þá sem veitt er fyrir fugleiðsöguþjálfa I/II (/FNPT II/III) í viðeigandi þjálfunaráætlun.]

FLUGVELLIR OG LENDINGARSTAÐIR

27. Á heimaflugvelli, og varaheimaflugvelli ef einhver er, þar sem flugþjálfun fer fram skal vera að minnsta kosti eftirtalinn búnaður og aðstæður:

a) minnst ein flugbraut eða flugtakssvæði þar sem æfa má eðlilegt flugtak og lendingu kennsluþyrla með mesta flugtaks- eða lendingarmassa sem leyfður er og snertilendingu með sjálfsnúningi þyrils, eftir því sem við á,

   i) í hægum vindi (ekki yfir fjórum hnútum) og hita sem er jafn hæsta meðalhita heitasta mánaðar ársins á starfssvæðinu,

   ii) hæð yfir hindrunum í flugtaksflugslóð er minnst 50 fet,

   iii) með þeirri beitingu hreyfils og lendingarbúnaðar, (ef við á), sem framleiðandi ráðleggur, og

   iv) með lipurri skiptingu eftir flugtak í besta klifurhraða án sérstakrar færni eða tækni af hálfu flugmanns;

b) vindstefnuvísir sem er sýnilegur úr jarðhæð frá endum allra flugbrauta og flugtaks/lendingarsvæða;

c) nægileg raflýsing flugbrauta/flugtaks-/lendingarsvæða ef hann er notaður til að þjálfa næturflug; og

d) flugstjórnarþjónusta, nema þar sem er hægt, að fengnu samþykki flugmálayfirvalda, að fullnægja þörfum flugkennslunnar á öruggan hátt með öðrum samskiptaaðferðum milli loftfars og jarðar.

28 Lendingarstaðir skulu vera fyrir:

- flugþjálfun á þröngu svæði
- eftirlíktan sjálfsnúning þyrils með stöðvaðan hreyfil
- starfrækslu á hallandi yfirborði

FLUGREKSTRARHÚSNÆÐI

29. Eftirtalið húsnæði skal vera fyrir hendi:

a) Flugrekstrarherbergi með búnaði til að stjórna flugrekstri.

b) Flugáætlanaherbergi þar sem eftirtalið er fyrir hendi:

– viðeigandi gild landabréf og kort

– gildandi upplýsingar frá upplýsingaþjónustu flugmála (AIS)

– gildandi veðurupplýsingar

– samband við flugumferðarstjórn (ATC) og flugrekstrarherbergi

– kort sem sýna fastar leiðir í yfirlandsflugi

– gildandi kort sem sýna bannsvæði, hættusvæði og svæði þar sem umferð er takmörkuð

– annað efni sem tengist flugöryggi.

c) Nógu mörg og nógu stór upplýsingafundaherbergi/klefar.

d) Skrifstofur eins og þörf er á fyrir eftirlitsmenn og herbergi þar sem flugkennarar geta skrifað skýrslur um nemendur, gengið frá skrám o.s.frv.

e) Áhafnarherbergi búin húsgögnum fyrir kennara og nemendur.

AÐSTAÐA TIL KENNSLU Í BÓKLEGUM GREINUM

30. Eftirfarandi aðstaða til kennslu í bóklegum greinum skal vera fyrir hendi:

a) Fullnægjandi kennslustofur fyrir nemendahópinn.

b) Viðeigandi búnaður til sýnikennslu til stuðnings kennslu í bóklegum greinum.

c) Talstöðvabúnaður (R/T) til þjálfunar og prófunar.

d) Handbókasafn með útgefnum ritum um námsefnið.

e) Skrifstofur fyrir kennarana.

INNTÖKUSKILYRÐI

31. Til að fá inngöngu í flugskóla skal nemandi hafa viðeigandi heilbrigðisvottorð fyrir það skírteini sem um ræðir og uppfylla þau inntökuskilyrði sem flugskólinn setur og samþykkt eru af flugmálayfirvöldum.

ÞJÁLFUNARHANDBÓK OG FLUGREKSTRARHANDBÓK

32. Í þjálfunarhandbókinni skulu skráðir staðlar, markmið og lokatakmark þjálfunar í hverjum áfanga hennar sem krafist er að nemendur fari eftir. Hún skal innihalda eftirtalið:

1. hluti – Þjálfunaráætlun

2. hluti – Kynning og flugæfingar

3. hluti – Kennsla í flugþjálfa

4. hluti – Kennsla í bóklegum greinum

Sjá skýringarefni í IEM nr. 3 við JAR–FCL 2.055.

33. Í flugrekstrarhandbókinni skulu vera upplýsingar sem eiga við hvern einstakan hóp starfsliðs, t.d. flugkennara (FI), kennara sem kenna í flugþjálfa, kennara bóklegra greina, starfslið við rekstur og viðhald o.s.frv. Hún skal innihalda eftirtalið:

a) – Almenn atriði

b) – Tæknileg atriði

c) – Flugleið

d) – Þjálfun starfsliðs

Sjá skýringarefni í IEM nr. 3 við JAR–FCL 2.055.

**1. viðbætir b við JAR–FCL 2.055**
**Þjálfun sem að hluta fer fram utan aðildarríkja JAA**

*(Sjá JAR–FCL 2.030)*
*(Sjá 1. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá JAR–FCL 2.485)*
*(Sjá 1. viðbæti a við JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.30[5])*

Flugskólar sem þjálfa að hluta utan yfirráðasvæða aðildarríkja JAA mega stunda þjálfun eins og hér segir:

a) Samþykki má veita að því tilskildu að þær kröfur sem settar eru fram í þessum viðbæti séu uppfylltar. Að því tilskildu að þau flugmálayfirvöld sem veita samþykkið telji viðeigandi eftirlit mögulegt, verður þjálfun takmörkuð við allt eða hluta af samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns 1. flokks/þyrla (ATP(H)) (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.30[5]).

b) Flugkennari með aðsetur á staðnum sem ekki tengist þjálfun umsækjandans má stjórna flugleiðsöguprófinu í 2. hluta samtvinnaða námskeiðsins til atvinnuflugmanns 1. flokks/þyrla, að því tilskildu að flugkennarinn sé handhafi JAR–FCL skírteinis með réttindum flugkennara (FI), eftir því sem við á. Þegar lokið er þeirri þjálfun sem krafist er má taka færniprófið til atvinnuflugmanns/þyrla á samtvinnaða námskeiðinu til atvinnuflugmanns 1. flokks/þyrla hjá flugprófdómara/þyrla með aðsetur á staðnum, að því tilskildu að prófdómarinn hafi heimild samkvæmt I-kafla JAR–FCL 2 og sé fullkomlega óháður viðkomandi flugskóla, nema með sérstöku skriflegu samþykki flugmálayfirvalda.

c) Færnipróf til blindflugsáritunar skal, [að fengnu leyfi flugmálayfirvalda,] taka í [hverju því] aðildarríki JAA þar sem flugmálayfirvöld samþykkja þjálfunina. Flugskóli sem veitir samþykkta þjálfun til blindflugsáritunar utan aðildarríkja JAA þarf að gera ráðstafanir til að samþykkta námskeiðið feli í sér aðlögunarflug í því aðildarríki JAA þar sem flugmálayfirvöld veita samþykkið, [eða í loftrými hvaða aðildarríkis JAA sem er að fengnu leyfi þeirra flugmálayfirvalda sem veita samþykkið, ]áður en nokkur nemandi tekur færniprófið til blindflugsáritunar.

d) Kennslu í bóklegum greinum til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks má veita í flugskóla sem veitir samþykkta þjálfun utan aðildarríkja JAA. Prófum í bóklegum greinum til útgáfu skírteinis eða áritunar skal stjórnað af flugmálayfirvöldum útgáfuríkis skírteinis (sjá JAR–FCL 2.485). Fyrirkomulag prófa (sjá JAR–FCL 2.030) skal vandlega athugað með tilliti til þjálfunar þeirra utan aðildarríkja JAA.

e) Kennslu má aðeins veita undir beinni stjórn yfirflugkennara/flugvél eða tilnefnds staðgengils sem er handhafi JAR–FCL skírteinis og kennaraáritunar eins og sett er fram í 15. lið 1. viðbætis a við JAR–FCL 2.055, sem vera skal viðstaddur þegar þjálfun er veitt í ríkinu utan JAA.

**[1. viðbætir c við JAR–FCL 2.055**
**Viðbótarkröfur til þjálfunar í flugskólum sem eru með meginhluta starfsemi sinnar og skráða skrifstofu utan aðildarríkja JAA**

*(Sjá 2. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.055))*
*(Sjá 1. viðbæti a við JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.30[5])*

SAMÞYKKTARFERLI

1. Flugskólar sem eru með meginhluta starfsemi sinnar og skráða skrifstofu utan JAA-ríkja og vilja kenna til JAR–FCL skírteina og tilheyrandi áritana skulu sækja um samþykki slíkra námskeiða hjá flugmálayfirvöldum ríkis með fulla aðild að JAA. Samþykki er háð eftirtöldu:

a) Flugskólinn skal uppfylla kröfur í 1. viðbæti a við JAR–FCL 2.055 og allar viðbótarkröfur í þessum viðbæti; og

b) Flugmálayfirvöld sem sótt hefur verið um til telja mögulegt að sinna stjórnsýsluábyrgð sinni fyrir samþykktarferlið og viðunandi eftirlitsstig eins og krafist er í þeim JAA reglum sem samþykktar hafa verið. Kostnaður og samþykktarferli og eftirlit skal ekki valda óhæfilegu álagi á tilföng flugmálayfirvaldanna; og

c) Þau flugmálayfirvöld JAA-ríkis sem samþykkja geta tryggt fullnægjandi lögsögu yfir flugskólanum við samþykktarferlið og stjórnun þeirra námskeiða sem á eftir fara.

d) Flugmálayfirvöld þess ríkis utan JAA þar sem flugskólinn er með meginhluta starfsemi sinnar og skráða skrifstofu mega aðstoða flugmálayfirvöld JAA-ríkisins við samþykktarferlið og veita yfirlit um námskeið með fyrirvara um að samkomulag sé um fyrirkomulag milli JAA-ríkisins og ríkisins utan JAA.

2. Með fyrirvara um að eftirlit sé fullnægjandi verður flugskólinn samþykktur til eins árs, endurnýja má samþykkið til viðbótar til eins árs í senn.

LÖGSAGA

3. Að því er varðar samþykki flugskóla í ríkjum utan JAA skal hugtakið „fullnægjandi lögsaga“ merkja að flugmálayfirvöld ríkisins sem samþykkir geti:

a) haft upphaflegt og reglubundið eftirlit með flugskóla í ríki utan JAA til að tryggja að kröfur JAR–FCL séu uppfylltar; og

b) stjórnað flugprófum og öðrum stöðluðum prófunum eins og flugmálayfirvöldin sem samþykkja telja nauðsynlegt; og

c) sinnt stjórnsýsluábyrgð sinni við veitingu, tímabundna sviptingu og afturköllun samþykkis í samræmi við viðeigandi lagaákvæði í því aðildarríki JAA sem veitir samþykkið.

Flugmálayfirvöld sem samþykkja mega, með fyrirvara um samkomulag milli flugmálayfirvalda í JAA-ríkinu og flugmálayfirvalda í ríkinu utan JAA þar sem flugskólinn er með meginhluta starfsemi sinnar og skráða skrifstofu, mega fela flugmálayfirvöldum í ríkinu utan JAA ábyrgð á ákvæðum a-liðar 3. greinar hér á undan.

ÞJÁLFUN FLUGSKÓLA TIL SKÍRTEINA OG ÁRITANA ATVINNUFLUGMANNA

4. Að því tilskildu að kröfurnar í þessum viðbæti séu uppfylltar má veita samþykki ef flugmálayfirvöldin sem samþykkja telja nægt eftirlit í samræmi við reglur JAA mögulegt.

5. Færnipróf til blindflugsáritunar skal fara fram í JAA aðildarríki flugmálayfirvaldanna sem samþykkja. Flugskólar skulu sjá um að viðurkennt námskeið feli í sér æfingarflug til aðlögunar (acclimatisation flying) í JAA aðildarríki flugmálayfirvaldanna sem samþykkja eða öðru aðildarríki JAA að ákvörðun flugmálayfirvaldanna sem samþykkja áður en nokkur nemandi fer í færnipróf til blindflugsáritunar með prófdómara sem viðurkenndur er af flugmálayfirvöldunum sem samþykkja.

6. Flugleiðsöguáfangaprófinu í 2. áfanga samtvinnaða námskeiðsins til atvinnuflugmanns 1. flokks/þyrla (ATP(H)) má vera stjórnað af flugkennara/þyrla (FI(H)) með aðsetur á staðnum sem samþykktur er af JAA flugmálayfirvöldunum sem samþykkja og ekki tengist þjálfun umsækjandans, að því tilskildu að kennarinn sé handhafi JAR–FCL skírteinis með flugkennararéttindum/þyrla (FI(H)), eftir því sem við á. Þegar lokið er þeirri þjálfun sem krafist er má taka færniprófið til atvinnuflugmanns/þyrla (CPL(H)) á samtvinnaða atvinnuflugmannsnámskeiðinu (ATP(H)) með flugprófdómara/þyrla (FE(H)) með aðsetur á staðnum sem er útnefndur og viðurkenndur af JAA flugmálayfirvöldunum sem samþykkja, að því tilskildu að prófdómarinn sé viðurkenndur samkvæmt I - kafla JAR–FCL og fullkomlega óháður flugskólanum, nema með skriflegu samþykki frá flugmálayfirvöldunum sem samþykkja.

ÞJÁLFUN SAMÞYKKTS FLUGSKÓLA (FTO) EINUNGIS TIL EINKAFLUGMANNSSKÍRTEINIS/ÞYRLA (PPL(H)) OG VIÐEIGANDI ÁRITANA.

7. Að því tilskildu að kröfurnar í þessum viðbæti séu uppfylltar má veita samþykki til að halda námskeið til JAR–FCL einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H)) og viðeigandi áritana ef flugmálayfirvöldin sem samþykkja telja nægt eftirlit í samræmi við reglur JAA mögulegt.

8. Kennsluþyrlur, flugvellir og leiðsöguþjálfunarleiðir notaðar til þjálfunar til einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H)) skulu vera ásættanlegar fyrir flugmálayfirvöldin sem samþykkja.

9. Þegar lokið er þeirri þjálfun sem krafist er má taka PPL(H) færniprófið með flugprófdómara/þyrla (FE(H)) með aðsetur á staðnum sem viðurkenndur er af flugmálayfirvöldunum sem samþykkja, að því tilskildu að prófdómarinn hafi ekki tekið neinn þátt í flugkennslu nemans.

10. Þær þjálfunar- og starfræksluhandbækur sem krafist er í 1. viðbæti a við JAR–FCL 2.055 má, fyrir flugskóla sem aðeins veita þjálfun til einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H)) og viðeigandi áritana, sameina þannig að þær innihaldi einungis þær tilvísanir sem tengjast þjálfun til PPL(H).

BÓKLEG ÞEKKING

11. Bóklega kennslu má veita í flugskóla sem veitir samþykkta þjálfun í ríki utan JAA. Próf í bóklegri þekkingu til skírteinis eða áritunar skulu haldin af flugmálayfirvöldunum sem samþykkja (sjá JAR–FCL 2.485).**]**

**2. viðbætir við JAR–FCL 2.055**
**Tegundarskólar (TRTO) fyrir tegundaráritanir fyrir handhafa flugmannsskírteina**

*(Sjá einnig um samþykki námskeiða í c og d-lið JAR–FCL 2.261)*
*(Sjá JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá einnig c- og d-lið JAR–FCL 2.261 um samþykki námskeiða)*
*(Sjá IEM nr. 1 við JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá IEM nr. 2 við JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá IEM nr. 3 við JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá 2. tölul. c-liðar AMC FCL 2.261)*

INNGANGUR

1. Tegundarskóli er stofnun sem hefur yfir að ráða starfsliði og tækjum og er starfrækt í viðeigandi umhverfi til að veita tegundaráritunarþjálfun og/eða kennslu í áhafnarsamstarfi (MCC) og/eða kennslu í flugþjálfa og, ef við á, bóklega kennslu á sérstökum þjálfunarnámskeiðum.

2. Tegundarskóli sem bjóða vill viðurkennda þjálfun sem uppfyllir kröfur JAR–FCL skal afla samþykkis flugmálayfirvalda í aðildarríki JAA. Ekkert slíkt samþykki er veitt af flugmálayfirvöldum aðildarríkis JAA án þess að:

a) flugmálayfirvöld geti framfylgt kröfum JAR–FCL; og

b) tegundarskólinn fullnægi öllum kröfum JAR–FCL.

Í þessum viðbæti er fjallað um kröfur vegna útgáfu, framlengingar og breytingar á samþykki tegundarskóla.

ÖFLUN SAMÞYKKIS

3. Tegundarskóli sem leitar eftir samþykki skal afhenda flugmálayfirvöldum flugrekstrarhandbækur og þjálfunarhandbækur, þar með talin gæðakerfi, og lýsingar á þjálfunaráætlunum sem krafist er í 17. lið og [26. til 27.] lið. Eftir að umsóknin hefur verið athuguð verður flugskólinn skoðaður til að tryggja að hann fullnægi þeim kröfum sem settar eru fram í þessum viðbæti. Sé niðurstaða skoðunarinnar fullnægjandi verður flugskólanum í fyrstu veitt samþykki til eins árs. Framlengja má samþykkið um allt að þrjú ár til viðbótar. Engum flugmálayfirvöldum er skylt að veita samþykki til handa flugskóla utan aðildarríkja JAA ef vinnuafl er ekki tiltækt eða kostnaður við að vinna umsóknina fyrir samþykki og við eftirlit er óhóflega íþyngjandi fyrir flugmálayfirvöldin.

4. Öll námskeið skulu vera samþykkt.

5. Flugmálayfirvöld munu breyta, fella úr gildi tímabundið eða ógilda samþykki ef einhverjum samþykktarkröfum eða stöðlum er ekki lengur haldið á því stigi sem samþykkt var sem lágmark.

6. Óski tegundarskóli að gera breytingar á samþykktu námskeiði eða flugrekstrarhandbók eða þjálfunarhandbók skal samþykki flugmálayfirvalda fengið áður en breytingarnar koma til framkvæmda. Tegundarskólar þurfa ekki að tilkynna flugmálayfirvöldum um smávægilegar breytingar á daglegum rekstri. Leiki vafi á hvort breyting teljist smávægileg skal bera það undir flugmálayfirvöld.

7. Tegundarskóla er heimilt að gera samninga um þjálfun við aðra tegundarskóla eða nota aðra heimaflugvelli sem hluta af skipulagi heildarþjálfunar svo fremi það sé samþykkt af flugmálayfirvöldum.

FJÁRMAGN

8. a) Tegundarskóli TRTO skal geta sýnt flugmálayfirvöldum fram á að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi til að stunda flugþjálfun samkvæmt viðurkenndum stöðlum (sjá IEM nr. 2 við JAR–FCL 2.055).

b) Flugskóli skal útnefna einstakling sem flugmálayfirvöld geta fallist á og skal hann sýna flugmálayfirvöldum fram á að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi til að stunda flugþjálfun samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Þessi einstaklingur skal nefnast ábyrgur framkvæmdastjóri.

SKOÐUN

9. Auk fyrstu skoðunar gera flugmálayfirvöld frekari skoðanir til að ganga úr skugga um að tegundarskólinn fari að JAA-reglum og starfi samkvæmt veittu samþykki.

10. Við slíkar heimsóknir skal tegundarskólinn veita aðgang að þjálfunarskýrslum, leyfisblöðum, tæknidagbókum, fyrirlestrum, glósum og efni upplýsingafunda og öðru efni sem við á. Flugmálayfirvöld skulu láta tegundarskólanum í té afrit af skýrslum um heimsóknir til tegundarskólans.

STJÓRN OG STARFSLIÐ

11. Með stjórnskipulaginu skal tryggt eftirlit með því að starfslið í öllum störfum hafi næga reynslu og þau starfsréttindi sem þarf til að tryggja háan gæðaflokk. Í flugrekstrarhandbók tegundarskólans skal vera lýsing á stjórnkerfinu þar sem ábyrgð hvers og eins kemur fram.

12. Ráða skal skólastjóra (HT) sem flugmálayfirvöld geta fallist á. Hann skal meðal annars bera ábyrgð á og tryggja að tegundarskólinn fylgi reglum JAR–FCL. Hann ber beina ábyrgð gagnvart flugmálayfirvöldum.

13. Tegundarskólinn skal hafa yfir að ráða nægu starfsliði til að markmiðum þjálfunarinnar verði náð. Skyldur hvers kennara skulu skilgreindar og skjalfestar.

TEGUNDARKENNARI

14. Tegundarkennarar (TRI) skulu vera handhafar:

a) atvinnuflugmannsréttinda og áritunar (áritana) sem tengjast þeim flugnámskeiðum sem þeir eru ráðnir til að stjórna;

b) áritunar sem tegundarkennarar fyrir þær þyrlur sem notaðar eru á námskeiðinu/ námskeiðunum; eða

c) leyfis frá flugmálayfirvöldum til að stjórna sérhæfðri þjálfun í tegundarskóla (sjá JAR–FCL 2.30[5]).

FLUGÞJÁLFAKENNARAR (SFI) [OG FLUGÞJÁLFAKENNARAR Á EINSTJÓRNARÞYRLUR (STI)]

15. Til að starfa við flugþjálfun í flugþjálfa (FTD) skulu kennarar vera eða hafa verið, í þrjú ár fyrir fyrstu útnefningu, handhafar atvinnuflugmannsréttinda, [þetta á ekki við um flugþjálfakennara með leyfi skv. 3. lið 1. viðbætis við JAR–FCL 2005 og flugþjálfakennarar fyrir einstjórnarþyrlur sem hafa fengið leyfi samkvæmt 4. lið 1. viðbætis við JAR–FCL 2.005] og hafa reynslu af flugkennslu sem á við þau námskeið sem þeir eru ráðnir til að stjórna. Til tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlur og/eða þjálfunar í áhafnarsamstarfi (MCC) í flughermi og/eða flugþjálfa (FTD) og/eða flugleiðsöguþjálfa II (FNPT II) skal kennari hafa áritun sem tegundarkennari (TRI(MPH)) eða leyfi til kennslu í flugþjálfa (SFI).

KENNSLA Í BÓKLEGUM GREINUM

16. Kennsla í bóklegum greinum skal framkvæmd af samþykktum kennara sem er handhafi viðeigandi tegundar/flokksáritunar eða hverjum þeim kennara sem hefur viðeigandi reynslu í flugi og þekkingu á því loftfari sem um er að ræða, t.d. flugvélstjóra, flugvéltækni eða flugumsjónarmanni.

ÞJÁLFUNARSTAÐLAR

17. Tegundarskólinn skal koma á kerfi til að tryggja að starfræksla þjálfunarstöðvarinnar og þjálfunin sé skilvirk og skili árangri. Gæðakerfið skal tryggja að stefnu, þjálfun og verklagi þjálfunarstöðvarinnar sé fylgt.

SKRÁR

18. Tegundarskóli skal halda eftirtaldar skrár og geyma þær í minnst 5 ár og skal viðeigandi starfslið á stjórnunarsviði annast það:

a) mat á flugmönnum í þjálfun fyrir námskeið og meðan á námskeiði stendur;

b) lýsingu á bóklegri kennslu og þjálfun í flugi og í flugþjálfa sem hver nemandi fær; og

c) persónulegar upplýsingar (um síðasta gildisdag heilbrigðisvottorða, áritana o.s.frv.) um starfslið tegundarskólans.

19. Snið þjálfunarskráa nemenda skal tilgreint í þjálfunarhandbókinni.

20. Tegundarskólinn skal leggja fram þjálfunarskrár og skýrslur eins og flugmálayfirvöld krefjast.

ÞJÁLFUNARÁÆTLUN

21. Þjálfunaráætlun skal gerð fyrir hverja tegund námskeiðs sem halda skal. Í áætluninni skal vera sundurliðun kennslu í flugi og bóklegum greinum, annaðhvort eftir vikum eða áföngum, skrá yfir staðlaðar æfingar og námskrá. Einkum skal þjálfun í flugþjálfa og kennslu í bóklegum greinum skipt þannig í áfanga að tryggt sé að nemendur geti við flugæfingar beitt þeirri þekkingu sem aflað er á jörðu niðri. Verkefnavali skal hagað þannig að vandamál sem fjallað er um í bóklega hlutanum séu leyst strax á næstu flugæfingu.

KENNSLUÞYRLUR

22. Hver þyrla skal vera búin eins og krafist er í þeim þjálfunarforskriftum sem eiga við það samþykkta námskeið sem vélin er notuð við og skal skráð fyrir blindflug (ef við á).

AÐSTAÐA

23. Viðeigandi þjálfunaraðstaða skal vera fyrir hendi.

INNTÖKUSKILYRÐI FYRIR ÞJÁLFUN

24. Tegundarskólar skulu sjá um að nemendur uppfylli að minnsta kosti inntökuskilyrði fyrir þjálfun til tegundaráritunar eins og kveðið er á um í JAR–FCL 2.250 [eða JAR–FCL 2.255, eftir því sem við á].

ÞJÁLFUNARHANDBÓK OG FLUGREKSTRARHANDBÓK

25. Tegundarskóli skal taka saman og viðhalda þjálfunarhandbók og flugrekstrarhandbók með upplýsingum og fyrirmælum sem gera starfsliðinu kleift að gegna skyldum sínum og vera nemendum til leiðbeiningar um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra í náminu. Tegundarskóli skal veita starfsliði og, þegar við á, nemendum aðgang að þeim upplýsingar sem eru í þjálfunarhandbókinni, flugrekstrarhandbókinni og samþykktarskjölum tegundarskólans. Verklagi við breytingar á handbókum skal lýst og viðeigandi eftirlit haft með breytingum.

26. Í þjálfunarhandbók skulu skráðir staðlar, markmið og lokatakmark þjálfunar í hverjum áfanga hennar sem krafist er að nemandi fari eftir, og einnig aðgangskröfur fyrir hvert námskeið, eftir því sem við á. Hún skal innihalda eftirtalið:

1. hluti – Þjálfunaráætlun

2. hluti – Kynning og flugæfingar

3. hluti – Kennsla í flugþjálfa

4. hluti – Kennsla í bóklegum greinum

Frekari upplýsingar sjá IEM nr. 3 við JAR–FCL 2.055.

27. Í flugrekstrarhandbókinni skulu vera upplýsingar sem eiga við hvern einstakan hóp starfsliðs, t.d. tegundaráritunarkennara (TRI), flugþjálfakennara, kennara í bóklegum greinum, starfslið við rekstur og viðhald o.s.frv. Hún skal innihalda eftirtalið:

a) – Almenn atriði

b) – Tæknileg atriði

c) – Flugleið

d) – Þjálfun starfsliðs

Frekari upplýsingar sjá IEM nr. 3 við JAR–FCL 2.055.

**[3. viðbætir við JAR–FCL 2.055**
**Samþykki áfangaskiptra fjarnámskeiða í bóklegum fræðum**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.130 og 2.135)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.160 og 3. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.165)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.205)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.255)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.285)*
*(Sjá ACJ FCL 2.160 og 3. tölul. a-liðar 2.165, 2.205 og 2.285)*

FLUGSKÓLI

1. Kennslustofa skal vera fyrir hendi, annaðhvort þar sem meginstarfsemi skólans er skráð eða, að fengnu samþykki flugmálayfirvalda, í viðeigandi aðstöðu annars staðar. Í báðum tilvikum skulu bæði kennslustofa og öll tengd kennsluaðstaða uppfylla kröfur um samþykki fyrirtækis. Áður en kennsla hefst skal fengið samþykki flugmálayfirvalda til að halda áfangaskipt námskeið með fjarnámstækni.

2. Skólastjóri eða yfirkennari í bóklegum fræðum (CGI) flugskóla sem notar fjarkennslu skal uppfylla kröfur 1. viðbætis a við JAR–FCL 2.055. Allir kennarar í bóklegum fræðum skulu uppfylla kröfur JAR–FCL og hafa viðeigandi menntun og hæfi eða tengda reynslu sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

3. Flugskólar sem aðeins kenna bókleg fræði skulu uppfylla sömu kröfur um samþykki og úttektir og gerðar eru til flugskóla samkvæmt 1. viðbæti a við JAR–FCL 2.055.

4. Samþykktum flugskóla er frjálst að halda einhver eða öll þessara námskeiða annaðhvort með fullri viðveru eða með fjarkennslu. Kennsla í kennslustofu skal innifalin í öllum námsgreinum á áfangaskiptum fjarnámskeiðum. Tími sem notaður er til kennslu í kennslustofu skal ekki vera minna en 10% af heildartíma námskeiðsins.

KENNARAR

5. Allir kennarar skulu vera vel kunnugir þeim kröfum sem gerðar eru til fjarnáms, þar á meðal gæðatryggingarkerfinu. Byrjunarþjálfun skal fara fram á meginstað skráningar, öll eftirfarandi þjálfun skal vera í sama gæðaflokki og fyrir kennara með aðsetur á staðnum. Hvar sem kennarar dvelja skal gæðakerfið veita fullnægjandi möguleika til að fylgjast með frammistöðu einstaklinga og fylgja samþykktum þjálfunaráætlunum.

NÁMSKEIÐ

6. Fjarnám verður aðeins samþykkt sem hluti af námskeiði í kennslu í bóklegum fræðum fyrir eftirfarandi námskeið:

(a) áfangaskipt námskeið í kennslu í bóklegum fræðum til einkaflugmannsskírteinis (PPL(H)), atvinnuflugmannsskírteinis (CPL(H)), blindflugsáritunar (IR(H)) og atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL(H)).

(b) viðurkennd aðgangsnámskeið í bóklegum fræðum til fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölhreyfla þyrlu.**]**

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.075**
**Reglur um flugliðaskírteini**

ALMENN ATRIÐI

1. Flugmaður skal alltaf hafa meðferðis gilt skírteini með gildu heilbrigðisvottorði þegar hann neytir réttinda skírteinisins.

2. Persónuskilríki með ljósmynd skal haft meðferðis til þess að bera megi kennsl á skírteinishafa.

3. Allar athugasemdir um heilbrigði (t.d. notkun gleraugna o.s.frv.) skulu færðar inn í heilbrigðisvottorðið (sjá JAR–FCL 3, IEM FCL 3.100).

4. Í þessum kafla merkir „flugmálayfirvöld“ flugmálayfirvöld útgáfuríkis skírteinisins.

**STAÐLAÐ SNIÐ JAA SKÍRTEINIS**

Forsíða

| | |
|---|---|
| Heiti flugmálayfirvalda og merki<br>(Enska og þjóðtunga)<br><br>JOINT AVIATION AUTHORITIES<br>(Aðeins enska)<br><br>FLUGLIÐASKÍRTEINI<br>(Enska og þjóðtunga)<br><br>Gefið út í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) [og staðla JAR–FCL]<br>(Enska og þjóðtunga) | *Kröfur*<br><br>*Hver síða skal ekki vera minni en einn áttundi af A4.* |

| | | |
|---|---|---|
| I | **Útgáfuríki** | *Kröfur* |
| III | **Skírteinisnúmer** | *Skírteinisnúmer skal ávallt hefjast með landskóta SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins.* |
| IV | **Eftirnafn og fornafn handhafa** | |
| XIV | **Dagsetning** (sjá leiðbeiningar) **og Fæðingarstaður** | *Nota skal staðlað snið dagsetninga, þ.e. dagur/mánuður/ár að fullu (t.d. 21/01/1995)* |
| V | **Heimilisfang**<br>Gata, borg, svæði, póstnúmer | *Sjá JAR–FCL 2.070* |
| VI | **Ríkisfang** | |
| VII | **Undirskrift handhafa** | |
| VIII | **Útgáfuyfirvöld**<br>t.d.: Þetta CPL(H) er gefið út á grundvelli ATPL sem gefið er út af .............(ríki utan JAA)................ | |
| X | **Undirskrift útgefanda og dagsetning** | |
| XI | **Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvalda** | |

Bls. 3

| II | **Titill skírteinis, fyrsti útgáfudagur og landskóti** | *Skammstafanir sem notaðar eru skulu vera þær sömu og notaðar eru í JAR–FCL (t.d. PPL(H), ATPL(H), o.s.frv.) Nota skal staðlaða dagsetningu, þ.e. dagur/mánuður/ár að fullu (t.d. 21/01/1995).* |
|---|---|---|
| IX | **Gildistími**: Þetta skírteini skal endurútgefið eigi síðar en .................. Réttinda skírteinisins skal aðeins neyta ef handhafi hefur gilt heilbrigðisvottorð fyrir viðkomandi réttindi. Samkvæmt 1. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.015 getur handhafi skírteinisins neytt réttinda skírteinisins í loftfari sem skráð er í aðildarríki Joint Aviation Authorities. Persónuskilríki með ljósmynd skulu höfð meðferðis til þess að bera megi kennsl á skírteinishafa. | *Endurútgáfa skal fara fram eigi síðar en 5 árum eftir fyrsta útgáfudag sem sýndur er í II. lið.*<br><br>*Þetta er ekki tiltekið skjal, en utan útgáfuríkis skírteinis nægir vegabréf.* |
| XII | **Talfjarskiptaréttindi**: Handhafi þessa skírteinis hefur sýnt hæfni til að nota talfjarskiptabúnað um borð í loftfari á ensku (önnur tungumál tilgreind). | |
| XIII | **Athugasemdir**: t.d. gildir aðeins í þyrlum skráðum í útgáfuríki skírteinisins.<br><br>[Tungumálakunnátta: (tungumál) ] | *Allar viðbótarupplýsingar er varða skírteini og ICAO, EBE tilskipanir / reglugerðir og JAR–reglur krefjast skal færa inn hér.*<br><br>*[ Hér skal skrá tungumálakunnáttustig]* |

Bls. 4

*Kröfur*

| **XII**<br>**Áritanir sem þarf að framlengja** | |
|---|---|
| **Tegund/ blindflug** | **Athugasemdir / Takmarkanir** |
| | |
| | |
| | |
| **Kennarar** | |
| | |

*Þessar síður eru ætlaðar flugmálayfirvöldum til að tilgreina kröfur í tengslum við fyrstu útgáfu áritana eða endurnýjun áritana sem fallnar eru úr gildi.*

*Fyrsta útgáfa og endurnýjun áritana skal alltaf færð inn af flugmálayfirvöldum.*

*Starfrækslutakmarkanir skulu færðar inn í Athugasemdir / Takmarkanir hjá viðeigandi takmörkuðum réttindum, t.d. blindflugsfærnipróf sem tekið er með aðstoðarflugmanni, kennsluréttindi takmörkuð við eina tegund loftfars o.s.frv.*

*Læknisfræðilegar takmarkanir, skilyrði og afbrigði (t.d. gildir aðeins sem aðstoðarflugmaður) verða færð inn eins og þær eru settar fram í heilbrigðisvottorðinu (sjá IEM FCL 3.100).*

*Bls 5, 6 og 7:*

*Við hæfnipróf vegna framlengingar tegundar- og blindflugsréttinda gerir staðlaða JAA skírteinissniðið prófdómara kleift að færa inn á þessar síður hæfniprófin. Í öðrum tilvikum, að ákvörðun flugmálayfirvalda, mega aðeins þau yfirvöld færa inn færslur um framlengingu.*

*Ef hæfnipróf sem tekið er á fjölhreyfla þyrlu felur í sér blindflugshluta prófsins (IR), framlengist blindflugsáritun (IR (H)) (með takmörkunum ef einhverjar eru). Ef blindflugshluti hæfniprófs er ekki tekinn og hæfnipróf í blindflugi er tekið á aðra þyrlu felur það ekki í sér samsvarandi blindflugsréttindi. Skal þá prófdómarinn merkja með „sjónflugsréttindi“ (VFR) við framlengingu þessarar áritunar.*

*Við framlengingu á kennararaáritun má einnig sá prófdómari sem tekur þátt í framlengingarferlinu færa inn framlenginu í skírteinið, að fengnu leyfi flugmálayfirvalda. Taki prófdómari ekki þátt í framlengingarferlinu skal áritunin færð inn af flugmálayfirvöldum.*

*Áritanir sem ekki eru í gildi skal fjarlægja úr skírteininu, að fengnu leyfi flugmálayfirvalda, og eigi síðar en 5 árum eftir síðustu framlengingu.*

XII

| **Áritun** | **Prófdagur** | **Gildir til** | **Leyfisnúmer prófdómara** | **Undirskrift prófdómara** |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |

*(Á hverri síðu skulu vera 10 reitir fyrir fyrstu útgáfu og framlengingu áritana)*

Bls. 8:

| **Skammstafanir notaðar í þessu skírteini** | |
|---|---|
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |

*t.d. ATPL (*Atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks*), CPL (*Atvinnuflugmannsskírteini*), IR (*Blindflugsáritun*), R/T (*Talfjarskipti*), [ ] FI (*Flugkennari*), o.s.frv....*

## B – KAFLI - FLUGNEMI/ÞYRLA

### JAR–FCL 2.085 Kröfur

a) Flugnemi skal uppfylla kröfur í reglum sem settar eru af flugmálayfirvöldum í ríkinu þar sem hann hyggst stunda flugnám. Með því að setja slíkar reglur skulu flugmálayfirvöld tryggja að veitt réttindi verði ekki til þess að flugnemar valdi hættu fyrir flugumferð.

b) Flugnemi skal ekki fljúga einflug nema með leyfi flugkennara.

### JAR–FCL 2.090 Lágmarksaldur

Flugnemi skal hafa náð minnst 16 ára aldri fyrir fyrsta einflug.

### JAR–FCL 2.095 Heilbrigði

Flugnemi skal ekki fljúga einflug nema hann hafi gilt 1. flokks eða 2. flokks heilbrigðisvottorð.

## C - KAFLI - EINKAFLUGMANNSSKÍRTEINI/ ÞYRLA - PPL(H)

### JAR–FCL 2.100 Lágmarksaldur

Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini/þyrla skal hafa náð minnst 17 ára aldri.

### JAR–FCL 2.105 Heilbrigði

Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini/þyrla skal hafa gilt 1. flokks eða 2. flokks heilbrigðisvottorð. Til þess að neyta réttinda einkaflugmannsskírteinis/ þyrla skal hann hafa gilt 1. flokks eða 2. flokks heilbrigðisvottorð.

### JAR–FCL 2.110 Réttindi og skilyrði

a) *Réttindi.* Með fyrirvara um önnur skilyrði tilgreind í JAR–reglum eru réttindi handhafa einkaflugmannsskírteinis/þyrla að starfa, án þess að taka greiðslu fyrir, sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður þyrlu sem ekki er notuð til að afla tekna.

b) *Skilyrði*

1) Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini/ þyrla, sem fullnægt hefur skilyrðum sem tilgreind eru í JAR–FCL 2.100, 2.105, 2.120, a- og b-liðum 2.125, 2.130, 2.135 , [ ] a-lið 2.261 og [ef við á 4. lið a-liðar í 2.010 ] skal hafa uppfyllt kröfur vegna útgáfu einkaflugmannsskírteinis/þyrla ásamt að minnsta kosti tegundaráritunar fyrir þá þyrlu sem notuð er við færniprófið.

2) Ef neyta á réttinda skírteinisins að nóttu skal handhafi hafa uppfyllt kröfur í c-lið JAR–FCL 2.125.

### JAR–FCL 2.115 Hér á að vera eyða

### JAR–FCL 2.120 Reynsla og viðurkenning

Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini/þyrla skal hafa lokið minnst 45 fartímum sem flugmaður þyrla. Af þessum 45 tímum má samtals 5 tímum hafa verið lokið í flugleiðsöguþjálfa (FNPT) eða flughermi. Þegar um er að ræða handhafa flugskírteina eða jafngildra réttinda fyrir flugvélar, fis með fasta vængi og hreyfanlega þriggja ása loftstýrifleti, fisþyrlur, þyrilflugur, svifflugur eða svifflugur sem geta haldið flugi eða hafið sig á loft fyrir eigin afli er leyfilegt að viðurkenna 10% heildarfartíma sem flugstjóri í slíku loftfari allt að 6 tímum hið mesta sem fartíma til einkaflugmannsskírteinis/þyrla.

### JAR–FCL 2.125 Þjálfunarnámskeið

*(Sjá 1., 2. og 3. viðbæti við JAR–FCL 2.125) (Sjá AMC FCL 2.125)*

a) *Almenn ákvæði.* Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini/þyrla skal ljúka í samþykktum flugskóla eða skráðum flugskóla því námi sem krafist er í samræmi við námskrá, eins og kveðið er á um 1. viðbæti við JAR–FCL 2.125. Skráður flugskóli má aðeins veita þjálfun á eins hreyfils þyrlur með hámarks skráð sætarými fyrir ekki fleiri en fjóra. Í undantekningartilvikum má halda áfram að nota eins hreyfils kennsluþyrlur sem fyrir hendi eru þegar þær eru samþykktar af flugmálayfirvöldum fyrir skráða flugskóla til þjálfunar til einkaflugmannsskírteinis samkvæmt skilmálum um undanþágu. Reglur um skráningu eru í 2. og 3. viðbæti við JAR–FCL 2.125.

b) *Flugkennsla.* Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini/þyrla skal hafa lokið, í einni tegund þyrla með lofthæfiskírteini sem gefið er út eða samþykkt af aðildarríki JAA, minnst 25 tíma flugþjálfun með kennara sem innifela minnst 5 blindflugskennslutíma og minnst 10 einflugstíma undir eftirliti, þar af minnst fimm tíma í landflugi með minnst einu landflugi sem nemur 185 km (100 sjómílum) og gera þá að minnsta kosti tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

c) *Næturflugsréttindi.*

1. Ef neyta á réttinda skírteinisins að nóttu skal handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla hafa næturflugsréttindi í samræmi við 4. viðbæti við JAR–FCL 2.125.

2. Umsækjandi sem er eða hefur verið handhafi blindflugsáritunar/flugvél (IR(A)) skal ljúka, í samræmi við 4. viðbæti við JAR–FCL 2.125, æfingum 4 til 6 og ljúka minnst 5 tíma blindflugskennslu í þyrlu í æfingum 1 til 3 að ákvörðun flugkennara.

3. Skrá skal áritunina í skírteinið.

### JAR–FCL 2.130 Próf í bóklegri þekkingu

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.130 og 2.135)*

Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini/þyrla skal hafa sýnt flugmálayfirvöldum fram á að hann hafi bóklega þekkingu sem krafist er til þeirra réttinda sem veitt eru handhafa einkaflugmannsskírteinis/ þyrla. Kveðið er á um prófkröfur og verklag við bókleg próf í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.130 og 2.135 og JAR–FCL 2.261 (a).

### JAR–FCL 2.135 Færnipróf

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.130 og 2.135)*

Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini/þyrla skal hafa sýnt fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri þyrlu og beita viðeigandi verklagi og flugbrögðum sem lýst er í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.130 og 2.135 og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.135, með þeirri hæfni sem þarf til að fá réttindi sem veitt eru handhafa einkaflugmannsskírteinis/þyrla. Færniprófið skal tekið innan sex mánaða eftir að flugkennslu lýkur (JAR–FCL 2.125 (a)).

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.125**
**Námskeið til einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H)) – yfirlit**

*(Sjá JAR–FCL 2.125)*
*(Sjá AMC FCL 2.125)*

1. Markmið námskeiðs til einkaflugmannsskírteinis/þyrla er að þjálfa flugnema til að fljúga örugglega og nákvæmlega samkvæmt sjónflugsreglum.

KENNSLA Í BÓKLEGUM GREINUM

2. Í námskrá í bóklegum greinum fyrir námskeið til einkaflugmannsskírteinis/þyrla skulu vera eftirtalin atriði:

Lög og reglur um loftferðir, almenn þekking á loftförum, afkastageta og áætlanagerð, mannleg geta og takmörk hennar, flugveðurfræði, flugleiðsaga, verklagsreglur í flugi, flugfræði og fjarskipti.

Nánari sundurliðun á allri kennslu í bóklegum greinum er að finna í AMC FCL 2.125.

FLUGKENNSLA

3. Í námskrá flugkennslu til einkaflugmannsskírteinis/þyrla skulu vera eftirtalin atriði:

a) undirbúningur flugs, þar með talin ákvörðun massa og jafnvægis og skoðun og þjónusta þyrlu;

b) flugvellir og umferðahringir, varúðarreglur og ráðstafanir til að forðast árekstur;

c) stjórn þyrlu eftir kennileitum;

d) flugtök, lendingar, vok, úthorfsbeygjur og eðlileg skipti úr og í vokið;

e) neyðarráðstafanir, grundvallaratriði um sjálfsnúning þyrils, líkt eftir hreyfilbilun, komist út úr eiginsveiflu þyrlu vegna jarðsnertingar, ef það á við tegundina;

f) flogið til hliðar og afturábak, snúið á staðnum;

g) að þekkja yfirvofandi hvirfilsnúning og komast úr honum;

h) snertilendingar með sjálfsnúningi þyrils, eftirlíktar lendingar með stöðvaðan hreyfil, æfing nauðlendinga, eftirlíktar tækjabilanir og neyðarráðstafanir sem tengjast bilunum í hreyflum, stjórntækjum, rafbúnaði og vökvabúnaði;

i) krappar beygjur;

j) skiptingar milli voks og flugs, snöggar stöðvanir, flugbrögð í logni (out of wind manoeuvres), lendingar og flugtök í halla;

k) flug með takmörkuðu afli og á þröngum svæðum, þar með talið val á og flug til og frá stöðum sem ekki eru ætlaðir til flugtaks og lendingar;

l) flug eftir grunnmælitækjum eingöngu, þar á meðal lokið við 180 gráðu lárétta beygju og komist úr óvenjulegri stöðu til að líkja eftir því þegar óvart er flogið inn í ský (flugkennari/þyrla má stjórna þessari þjálfun);

m) landflug eftir kennileitum, leiðarreikningi og leiðsöguvirkjum, séu þau fyrir hendi;

n) flug til og frá flugvöllum með flugumferðarstjórn og í gegnum flugstjórnarsvið þeirra, fylgt reglum að því er varðar flugumferðaþjónustu, verklag í samskiptum og orðfæri.

KENNSLUÞYRLUR

4. Nægur floti þyrla fyrir kennslu og próf, sem hæfa námskeiðunum og eru búnar og haldið við samkvæmt viðeigandi JAR–stöðlum, skal vera fyrir hendi. Hver þyrla skal búin tveimur aðalstýrum til notkunar fyrir kennara og nemanda. Færanleg (swing-over) stýri eru ekki leyfð. Í flotanum skulu vera, eftir því sem á við námskeiðin, þyrlur sem nota má til að sýna sjálfsnúning þyrils og þyrlur búnar til að líkja eftir blindflugsskilyrðum, og búnar fyrir blindflugskennslu og próf. Til að kenna og prófa til blindflugsáritunar/þyrla þarf nægilegan fjölda af þyrlum sem hafa verið samþykktar fyrir blindflug.

Þyrlur sem notaðar eru til kennslu skulu hafa hlotið samþykki flugmálayfirvalda til þess.

FLUGVELLIR OG LENDINGARSTAÐIR

5. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til heimaflugvallar, og varaheimaflugvallar ef einhver er, þar sem flugþjálfun fer fram:

a) þar skal vera minnst ein flugbraut eða flugtakssvæði þar sem æfa má eðlilegt flugtak og lendingu kennsluþyrla með mesta leyfilegan flugtaks- eða lendingarmassa og snertilendingar með sjálfsnúningi þyrils eftir því sem við á:

i) í hægum vindi (ekki yfir fjórum hnútum) og hita sem er jafn hæsta meðalhita heitasta mánaðar ársins á flugsvæðinu,

ii) hindranabil á flugtaksflugslóð skal vera minnst 50 fet,

iii) með þeirri beitingu hreyfils og lendingarbúnaðar (ef við á) sem framleiðandi ráðleggur, og

iv) með lipurlegri yfirfærslu úr flugtaki í besta klifurhraða án sérstakrar færni eða tækni af hálfu flugmanns;

b) vindstefnuvísir sem er sýnilegur á jörðu niðri frá endum allra flugbrauta, flugtaks- og lendingasvæða;

c) Nægileg lýsing flugbrauta, flugtaks- og lendingasvæða, ef völlurinn er notaður til að æfa næturflug; og

d) aðstaða til samskipta milli loftfars og jarðar sem flugmálayfirvöld geta fallist á;

6. Lendingarstaðir skulu vera þannig:

- hæfir til flugþjálfunar með takmörkuðu afli á þröngu svæði
- unnt sé að líkja eftir sjálfsnúningi þyrils með stöðvaðan hreyfil
- og hafa einnig hallandi flöt.

Sjá nánar um einstök atriði í AMC FCL 2.125.

**2. viðbætir við JAR–FCL 2.125**
**Skráning flugskóla til kennslu til einkaflugmannsskírteinis (PPL)**

*(Sjá a-lið JAR–FCL 2.125)*

1. Eigandi eða aðili sem er ábyrgur fyrir skólanum skal sækja um samþykki skráningar til flugmálayfirvalda, í því aðildarríki JAA þar sem skólinn er, sem láta umsækjanda í té skráningareyðublað.

2. Á umsóknareyðublaði um skráningu skulu vera upplýsingar eins og sýnt er í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.125.

3. [Við móttöku útfylltrar umsóknar skrá flugmálayfirvöld í aðildarríki JAA skólann til að veita þjálfun til einkaflugmannsskírteinis. Sjá nánari kröfur í reglugerð um flugskóla.]

4. Allar breytingar á þeim upplýsingum sem færðar eru inn á eyðublaðið skal tilkynna flugmálayfirvöldum.

5. Flugskólinn verður skráður áfram þar til sá sem rekur flugskólann tilkynnir flugmálayfirvöldum að þjálfun til einkaflugmannsskírteinis verði hætt eða flugmálayfirvöld komast að raun um að kennsla fer ekki fram af öryggi og/eða samkvæmt JAR–FCL. Í báðum tilvikum verður skráning flugskólans numin úr gildi.

**3. viðbætir við JAR–FCL 2.125**
**Efni umsóknareyðublaðs til skráningar flugskóla til kennslu til einkaflugmannsskírteinis (PPL)**

*(Sjá JAR–FCL 2.125)*

| | |
|---|---|
| a | Nafn og heimilisfang þar sem skólinn er starfræktur, þ.e. klúbbur, skóli, hópur. |
| b | Nafn eiganda. |
| c | Dagsetning þegar fyrirhugað er að hefja starfsemi. |
| d | Nafn, heimilisfang og símanúmer flugkennara og réttindi þeirra. |
| e | i) Nafn og heimilisfang flugvallar þar sem þjálfunin á að fara fram, ef við á.<br>ii) Nafn þess sem rekur flugvöllinn. |
| f | Skrá yfir þyrlur sem á að nota, þar á meðal allir möguleikar til kennslu í flugþjálfa (ef við á) sem nota á í tengslum við skólann, þar sem tekið er fram:<br>Tegund þyrla, skráning, skráðir eigendur, flokkar lofthæfiskírteina. |
| g | Kennsla sem fara á fram í skólanum:<br>Kennsla [í bóklegum greinum til ]til einkaflugmannsskírteinis/þyrla [(sjá JAR–FCL 2.130)]<br>[Flugkennsla til einkaflugmannsskírteinis/þyrla með tengdri tegundaráritun fyrir einshreyfils þyrlu (sjá a-lið JAR–FCL 2.125)]<br>Þjálfun til næturflugsréttinda<br>Annað (tilgreinið) (sjá JAR–FCL [2.017]) |
| h | Skilmálar þyrlutrygginga. |
| i | Tekið fram hvort skólinn verði starfræktur að fullu eða að hluta. |
| j | Allar frekari upplýsingar sem flugmálayfirvöld kunna að krefjast. |
| k | Eftirfarandi yfirlýsing umsækjanda um að veittar upplýsingar í reitum a til j séu réttar og að kennsla verði í samræmi við JAR–FCL [2]. |
| Dagsetning: | |
| Undirskrift: | |

**4. viðbætir við JAR–FCL 2.125**
**Námskeið til næturflugsáritunar fyrir einkaflugmenn/þyrla**

*(Sjá c-lið JAR–FCL 2.125)*

1. Markmið námskeiðsins er að gera handhafa einkaflugmannsskírteinis/þyrla hæfa til að neyta réttinda skírteina sinna að nóttu.

2. Handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla sem sækir um næturflugsréttindi skal hafa lokið minnst 100 fartímum sem flugmaður í þyrlum eftir útgáfu skírteinisins, og þar af skulu vera minnst 60 tímar sem flugstjóri í þyrlum og 20 tímar í landflugi.

3. Námskeiðinu skal ljúka innan 6 mánaða.

4. Til áritunar skírteinis skal vottorð um að námskeiðinu hafi verið lokið á fullnægjandi hátt gefið út af flugkennaranum eða skólastjóra flugskólans.

BÓKLEG ÞEKKING

5. Í námskrá í bóklegri þekkingu skulu vera minnst 5 tíma kennsla þar sem farið er yfir og/eða útskýrt:
   - lágmörk sjónflugsskilyrða að nóttu
   - reglur sem varða stjórnun loftrýmis að nóttu og þau tæki sem eru fyrir hendi
   - reglur sem varða lýsingu á jörðu/flugvelli/lendingarstað/hindrunum
   - siglingarljós loftfars og reglur um hvernig forðast skuli árekstur
   - líkamsfræðileg atriði er varða nætursjón og áttun
   - hættur á að villast að nóttu
   - hættu á versnandi veðri að nóttu
   - mælakerfi/verkun og villur
   - mælaljós og neyðarlýsing í stjórnklefa
   - kortamerking til notkunar við stjórnklefalýsingu
   - hagnýtar meginreglur um leiðsögu
   - meginreglur um fjarleiðsögu
   - áætlun um og notkun öryggishæðar
   - ísingarhætta, flugbrögð til að forðast hana og komast úr henni

FLUGÞJÁLFUN

6. Æfingum 4 til 6 í námskrá til næturflugsréttinda skal ljúka í öllum tilvikum.
7. Við æfingar 1 til 3 má ljúka allt að 50% af þeirri flugþjálfun sem krafist er í flugþjálfa (STD(H)) (-í undirbúningi-). Þó verður að æfa öll atriði í hverri æfingu í þyrlu á flugi.
8. Atriðum sem merkt eru (*) skal ljúka við eftirlíkt blindflugsskilyrði og mega þau fara fram í dagsbirtu.
9. Í æfingum 1 til 3 í námskrá flugþjálfunar skal vera minnst 10 tíma kennsla.
10. Í æfingum 4 til 6 í námskrá flugþjálfunar skulu vera minnst 5 tímar, þar á meðal minnst 3ja tíma þjálfun með kennara og 5 einflugshringflug að nóttu. Í hverju hringflugi skal vera flugtak og lending.
11. Flugæfingarnar skulu innihalda:

- Æfing 1
  (endurtekin eins og þörf krefur þar til nemandinn nær öruggu hæfnisstigi)
  - rifja skal upp grunnflugbrögð þegar flogið er eingöngu eftir mælitækjum*
  - útskýra og sýna hvernig farið er úr sjónflugi í blindflug*
  - útskýra og sýna hvernig komist er úr óvenjulegri stöðu þegar eingöngu er stuðst við mælitæki*

- Æfing 2
  (endurtekin eins og þörf krefur þar til nemandinn nær öruggu hæfnisstigi)
  -útskýra og sýna notkun leiðsöguvirkja þegar flogið er eingöngu eftir mælitækjum, staðarákvörðun gerð og ferli fylgt*

  Æfing 3
  (endurtekin eins og þörf krefur þar til nemandinn nær öruggu hæfnisstigi)
  - útskýra og sýna notkun ratsjárstuðnings

  Æfing 4
  (endurtekin eins og þörf krefur þar til nemandinn nær öruggu hæfnisstigi)
  - útskýra og sýna notkun og stillingu lendingarljósa
  - útskýra og sýna vok að nóttu:

- hærra og hægara en að degi
- hvernig forðast skal ótilætlaða hreyfingu til hliðar eða aftur á bak

- útskýra og sýna verklag við flugtak að nóttu
- útskýra og sýna verklag við hringflug að nóttu
- útskýra og sýna aðflug að nóttu (með stöðugum halla) með eða án sjónaðflugstækja, að:
  - þyrluflugvöllum
  - upplýstum lendingarstöðum
- æfingarflugtök, hringflug og aðflug
- útskýra og sýna neyðarráðstafanir að nóttu, þar með talið:
  - eftirlíkt hreyfilbilun
    (sem ljúka skal með aflendurheimt í öruggri hæð)
  - eftirlíkt hreyfilbilun með aðflugi og lendingu á einum hreyfli (aðeins í fjölhreyfla þyrlu)
  - eftirlíkt ófyrirséð blindflugsskilyrði (ekki á þverlegg eða lokalegg)
  - eftirlíkt bilun í vökvakerfi (lending innifalin)
  - bilun í innri og ytri ljósum
  - aðrar bilanir og neyðarráðstafanir sem krafist er í flughandbók loftfarsins.

Æfing 5

- einflugshringflug að nóttu

Æfing 6

- útskýra og sýna verklag við landflug að nóttu
- æfa landflug að nóttu með kennara og sem flugstjóri undir umsjón (SPIC) þar til fullnægjandi hæfnisstigi er náð.

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.130 og 2.135**
**Próf í bóklegum greinum og færnipróf til einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H))**

*(Sjá JAR–FCL 2.130 og 2.135)*

PRÓF Í BÓKLEGUM GREINUM

1. [Flugmálayfirvöld ákveða framkvæmd einkaflugmannsprófs.] Þetta próf skal vera skriflegt og má taka það á einum eða fleiri dögum að ákvörðun flugmálayfirvalda og skulu í því vera níu námsgreinar eins og sýnt er hér á eftir. Prófverkefni má ná yfir nokkrar námsgreinar. Í prófinu öllu skulu vera minnst 120 spurningar. Tíminn sem ætlaður er til prófsins **[ ]** skal ekki vera lengri en hér segir:

| **Námsgrein** | **Tími (ekki lengri en)** |
|---|---|
| Lög og reglur um loftferðir og verklagsreglur um samskipti við flugumferðarstjórn | [ ] |
| Almenn þekking á loftförum | [ ] |
| Afkastageta og áætlanagerð | [ ] |
| Mannleg geta | [ ] |
| Veðurfræði | [ ] |
| Flugleiðsaga | [ ] |
| Verklagsreglur í flugi | [ ] |
| Flugfræði | [ ] |
| Fjarskipti | [ ] |
| Alls | 6 klst. 00 mín. |

[Flugmálayfirvöld ákvarða leyfilegan tíma fyrir hverja námsgrein.]

Að ákvörðun flugmálayfirvalda má próf í fjarskiptum í kennslustofu fara fram sérstaklega.

2. Flestar spurningarnar skulu vera krossaspurningar.

3. Prófið skal fara fram á tungumáli útgáfuríkis skírteinisins eða á ensku. Ríki skal upplýsa umsækjendur um það/þau tungumál sem próf þess ríkis fara fram á.

4. Umsækjandi stenst hluta prófsins fái hann minnst 75% þeirra punkta sem unnt er að fá fyrir þann hluta. Punktar eru aðeins gefnir fyrir rétt svör.

5. Með fyrirvara um önnur skilyrði í JAR–FCL 2 telst umsækjandi hafa staðist bóklegt próf til einkaflugmannsskírteinis/þyrla, PPL (H) hafi hann staðist alla hluta þess á [ ] [18] mánuðum [talið frá lokum þess mánaðar sem hann tók fyrsta prófið]. Hafi umsækjandi staðist bóklega prófið gildir það til veitingar einkaflugmannsskírteinis í 24 mánuði frá því að hann fyrst stóðst einhvern hluta prófsins.

FÆRNIPRÓF

6. Umsækjandi um færnipróf til einkaflugmannsskírteinis/þyrla skal hafa fengið kennslu á sömu tegund þyrlu og notuð er við færniprófið. Umsækjandinn má velja um að taka prófið á einshreyfils þyrlu eða, með fyrirvara um reynslukröfurnar í a-lið JAR–FCL 2.255 um 70 fartíma sem flugstjóri í þyrlum, á fjölhreyfla þyrlu. Þyrlan sem notuð er við færniprófið skal standast kröfur til kennsluþyrla (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.125).

7 Flugmálayfirvöld skulu ákveða með hvaða hætti hæfni umsækjanda til að gangast undir prófið er staðfest, svo og hvernig námsskýrsla umsækjanda er lögð fyrir prófdómara.

8. Umsækjandi skal standast 1. til og með 5. hluta færniprófsins. Falli umsækjandi í einhverju atriði í prófhluta er hann fallinn í þeim hluta. Falli hann í fleiri en einum hluta verður hann að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem aðeins fellur í einum hluta skal taka þann hluta aftur. Falli umsækjandi í einum hluta upptökuprófs, þar með talið í þeim hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, skal hann taka allt prófið aftur. Öllum hlutum færniprófsins skal lokið innan sex mánaða.

9. Eftir fall á færniprófi kann að vera þörf á frekari þjálfun. Hafi umsækjandi ekki staðist alla þætti prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar samkvæmt nánari ákvörðun flugmálayfirvalda. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

FRAMKVÆMD PRÓFS

10. Flugmálayfirvöld skulu láta prófdómara í té nægar öryggisupplýsingar til að tryggja að öryggis sé gætt við prófið.

11. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi af ástæðum sem prófdómari telur ófullnægjandi skal umsækjandinn taka allt færniprófið aftur. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem prófdómarinn telur fullnægjandi, skal við frekara flug aðeins prófa í þeim hlutum sem ekki var lokið.

12. Umsækjandi má endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Prófdómari má hvenær sem er stöðva prófið sé talið að skortur á færni umsækjanda gefi tilefni til að allt prófið sé endurtekið.

13. Þess er krafist að umsækjandi fljúgi þyrlunni í sæti þar sem hann getur gert allar aðgerðir flugstjóra og tekið prófið eins og enginn annar flugliði sé viðstaddur. Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við innlendar reglur.

14. Prófdómari skal velja svæði og flugleið og allt lágflug og vok skal fara fram á samþykktum flugvelli eða lendingarstað. Leiðinni í hluta 3 má ljúka á brottfararflugvelli eða öðrum flugvelli. Umsækjandinn skal bera ábyrgð á flugáætlun og skal tryggja að öll tæki og skjöl sem þarf til flugsins séu um borð. Lengd flugleiðsöguhluta prófsins, eins og kveðið er á um í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.135, skal vera minnst þrjú flug, hvert þeirra minnst 10 mínútur. Færniprófið má taka í 2 flugum.

15. Umsækjandi skal sýna prófdómara hvað hann hefur gátað og gert, þar á meðal auðkenni fjarskiptatækja. Gátun skal gera í samræmi við samþykktan gátlista eða handbók flugmanns fyrir þá þyrlu sem prófið er tekið á. Við fyrirflugsundirbúning fyrir prófið skal umsækjandinn ákveða stillingar á afli og hraða. Afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu skulu reiknaðar út af umsækjanda í samræmi við rekstrar- eða flughandbók þeirrar þyrlu sem notuð er.

16. Prófdómarinn skal ekki taka neinn þátt í stjórn þyrlunnar nema þegar afskipta er þörf af öryggisástæðum eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

17. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

- starfrækt þyrluna innan þeirra takmarkana sem henni eru sett;
- lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni;
- viðhaft góða dómgreind og flugmennsku;
- beitt flugþekkingu; og
- alltaf haldið góðri stjórn á þyrlunni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

18. Eftirtalin mörk eru almenn viðmiðunarmörk. Prófdómari skal taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar þyrlu sem notuð er.

| | |
|---|---|
| **Hæð** | |
| eðlilegt flug áfram | ± 150 fet |
| líkt eftir neyðartilviki | ± 200 fet |
| vokað í jarðhrifum í flugi | ± 2 fet |
| **Nefstefna / ferli haldið á leiðsögutækjum** | |
| eðlilegt flug | ± 10° |
| líkt eftir neyðartilviki | ± 15° |
| **Hraði** | |
| flugtak og aðflug | –10/+15 hnútar |
| öll önnur flugsvið | ± 15 hnútar |
| **Rek miðað við jörð** | |
| vokað í flugtaki í jarðhrifum | ± 3 fet |
| lending | ekki flogið afturábak eða til hliðar |

EFNI FÆRNIPRÓFSINS

19. Nota skal efni og hluta færniprófs, sem kveðið er á um í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.135, við færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir einshreyfils eða fjölhreyfla þyrlur. Þegar færnipróf er tekið á fjölhreyfla þyrlu skal farið eftir JAR–FCL 2.255. Flugmálayfirvöld geta ákveðið snið færniprófsins og umsóknareyðublað fyrir færniprófið (sjá IEM FCL 2.135).

**2. viðbætir við JAR–FCL 2.135**
**Efni færniprófs til útgáfu einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H))**

*(Sjá JAR–FCL 2.135)*
*(Sjá IEM FCL 2.135)*

*Athugasemd: Notkun gátlista og flugmennska, þyrla skoðuð að utan, ísingarvarnir/afísunarráðstafanir o.s.frv. eiga við í öllum hlutum prófsins.*

| | |
|---|---|
| **1. HLUTI<br>FYRIRFLUGS-/EFTIRFLUGSPRÓFANIR OG AÐGERÐIR** | |
| a | Þyrluvélfræði (t.d. tækniskráning, eldsneyti, massi og jafnvægi, afkastageta) áætlanagerð, tilkynningar til flugmanna (NOTAMS), veður |
| b | Fyrirflugsskoðun, staðsetning hluta og hlutverk þeirra |
| c | Athugun stjórnklefa,verklag við gangsetningu |
| d | Prófun fjarskipta- og leiðsögutækja, val og stilling tíðna |
| e | Verklag fyrir flugtak, verklag við talfjarskipti, samband við flugumferðarstjórn (ATC) - fyrirmælum fylgt |
| f | Þyrlunni lagt, slökkt á henni og verklag eftir flug |
| **2. HLUTI<br>FLUGBRÖGÐ Í VOKI, VANDASÖM STJÓRN OG ÞRÖNG SVÆÐI** | |
| a | Tekið á loft og snertilent |
| b | Akstur, loftakstur |
| c | Kyrrstætt vok í mótvindi/hliðarvindi |
| d | 360° snúningur til vinstri og hægri í kyrrstæðu voki (snúið á staðnum) |
| e | Vokað áfram, til hliðar og afturábak |
| f | Eftirlíkt vélarbilun í voki |
| g | Snöggar stöðvanir í mótvindi og meðvindi |
| h | Lendingar og flugtök á hallandi yfirborði og stöðum sem ekki eru til þess ætlaðir |
| i | Flugtök (með ýmsum hætti) |
| j | Flugtak í hliðarvindi og undan vindi (ef aðstæður eru fyrir hendi) |
| k | Flugtak með hámarks flugtaksmassa (raunverulegt eða eftirlíkt) |
| l | Aðflug (með ýmsum hætti) |
| m | Flugtak og lending með skertu afli |
| n | Sjálfsnúningur, (prófdómari skal velja tvö atriði af grunn-, sviðs-, lághraða- og 360°beygjum) |
| o | Lending með sjálfsnúningi |
| p | Æfð nauðlending með aflendurheimt |
| q | Aflprófanir, verklag við könnun, verklag við aðflug og brottför |

| | |
|---|---|
| **3. HLUTI**<br>**LEIÐSAGA-VERKLAG Á FLUGLEIÐ** | |
| a | Flugeiðsaga og rötun í mismunandi hæð/flughæð, kortalestur |
| b | Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu, fylgst með loftrými, stilling hæðarmælis |
| c | Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, flugþol, áætlaður komutími (ETA), staðfesting á fráviki frá flugleið og komist aftur á rétta flugleið, fylgst með mælitækjum |
| d | Athugun á veðurskilyrðum, breyting á flugleið áætluð |
| e | Notkun leiðsöguvirkja (ef þau eru fyrir hendi) |
| f | Samband við flugumferðarstjórn og farið eftir reglum o.s.frv. |
| **4. HLUTI**<br>**VERKLAG VIÐ FLUG OG FLUGBRÖGÐ** | |
| a | Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar/flughæðar og hraða |
| b | Klifur- og lækkunarbeygjur að tilgreindri nefstefnu |
| c | Láréttar beygjur með allt að 30° halla, 180° til 360° til hægri og vinstri |
| d | Láréttar beygjur 180° til hægri og vinstri þar sem einungis er stuðst við mælitæki |
| **5. HLUTI**<br>**VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARAÐSTÆÐUR (EFTIRLÍKT ÞEGAR VIÐ Á)** | |
| Aths.(1) Þegar prófið er tekið á fjölhreyfla þyrlu skal æfing með eftirlíktri hreyfilbilun sem innifelur aðflug og lendingu með einum hreyfli vera innifalin í prófinu. | |
| Aths (2) Prófdómarinn skal velja 4 af eftirfarandi atriðum: | |
| a | Hreyfilbilun, þar með talið bilun í gangráði, ísing í blöndungi/hreyfli, olíukerfi, eftir því sem við á |
| b | Bilun í eldsneytiskerfi |
| c | Bilun í rafkerfi |
| d | Bilun í vökvakerfi, þar með talið aðflug og lending með vökvakerfi óvirkt, eftir því sem við á |
| e | Bilun í aðalþyrli og/eða stélþyrilkerfi (aðeins í flughermi eða umræða) |
| f | Brunaæfingar, þar með talið reykhindrun og reykræsting, eftir því sem við á |
| g | Annað verklag við óeðlilegar aðstæður og neyðaraðstæður eins og lýst er í viðeigandi flughandbók og með tilvísun í 7. og 8. hluta 3. viðbætis við JAR–FCL 2.240, þar með talið fyrir fjölhreyfla þyrlur:<br>- Eftirlíkt hreyfilbilun við flugtak:<br>- hætt við flugtak við eða fyrir öryggismörk við flugtak (TDP) eða örugg nauðlending við eða fyrir öryggismörk eftir flugtak (DPATO)<br>- skömmu eftir TDP eða DPATO<br>- Lending með eftirlíktri hreyfilbilun:<br>- lending eða fráflug eftir hreyfilbilun fyrir öryggismörk við lendingu (LDP) eða öryggismörk fyrir lendingu (DPBL)<br>- eftir hreyfilbilun eftir LDP eða örugg nauðlending eftir DPBL] |

**D - KAFLI – ATVINNUFLUGMANNS-SKÍRTEINI/ÞYRLA – CPL(H)**

**JAR–FCL 2.140 Lágmarksaldur**

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini/þyrla skal vera minnst 18 ára að aldri.

**JAR–FCL 2.145 Heilbrigði**

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini/þyrla skal vera handhafi gilds 1. flokks heilbrigðisvottorðs. Sá sem neyta vill réttinda atvinnuflugmanns-skírteinis/þyrla skal vera handhafi gilds 1. flokks heilbrigðisvottorðs.

**JAR–FCL 2.150 Réttindi og skilyrði**

a) *Réttindi*. Með fyrirvara um önnur skilyrði tilgreind í JAR–reglum eru réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla að:

1) neyta allra réttinda handhafa einkaflugmanns-skírteinis/þyrla;

2) starfa sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á öllum þyrlum nema í flutningaflugi;

3) starfa sem flugstjóri á öllum einstjórnar-þyrlum í flutningaflugi.

4) starfa sem aðstoðarflugmaður í flutningaflugi á þyrlum sem krafist er að séu starfræktar með aðstoðarflugmanni.

b) *Skilyrði*. Umsækjandi um atvinnuflugmanns-skírteini/þyrla sem fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í JAR–FCL 2.140, 2.145 og 2.155, 2.160, 2.165, 2.170, a-lið 2.261[og ef við á 4. lið a-liðar í 2.010 ] skal að minnsta kosti standast kröfur um útgáfu atvinnuflugmanns-skírteinis/þyrla með tegundaráritun fyrir þá þyrlu sem notuð er við færniprófið og, ef blindflugsnámskeið og próf **[**sem lokið er í samræmi við E-kafla JAR–FCL 2 **]**er innifalið, með blindflugsáritun.

**JAR–FCL 2.155 Reynsla og viðurkenning**

*(Sjá 1. til [ 5. viðbæti við JAR–FCL 2.160 og 1. tölulið a-liðar 2.165)])*
*(Sjá AMC FCL 2.160 og 1. – 5. lið a-liðar [2.165)])*

*Samtvinnuð námskeið*

1) *Reynsla*. Umsækjandi um atvinnuflugmanns-skírteini/þyrla sem hefur lokið með full-nægjandi árangri samtvinnuðu flugnámskeiði skal hafa flogið minnst 135 fartíma sem flugmaður þyrla með lofthæfiskírteini gefið út eða samþykkt af aðildarríki JAA.

2) *Viðurkenning*. **[**Nánar um viðurkenningu á fartímum sem krafist er í 1. tölul. a-liðar, sjá 4. lið í 1. tölulið a-liðar í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.160 & 2.165 eða 4. lið í 2. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 & 2.165 eða 3. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 & 2.165 eða 4. tölulið a-liðar í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.160 & 2.165 ] [ ]

b) *Áfangaskipt námskeið*.

1) *Reynsla*. Umsækjandi um atvinnuflugmanns-skírteini/þyrla sem er ekki útskrifaður af samtvinnuðu flugnámskeiði skal hafa flogið minnst 185 fartíma sem flugmaður á þyrlum með lofthæfiskírteini gefið út eða samþykkt af aðildarríki JAA.

2) *Viðurkenning*. Af 185 fartímum:

**[][**i)**]** 20 tíma sem flugstjóri og handhafi einkaflugmannsskírteinis/flugvél (PPL(A)); eða

[ii**]**) 50 tíma sem flugstjóri og handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél (CPL(A)) má vera lokið í flugvélum; eða

[iii)**]** 10 tíma sem flugstjóri í ferða-vélsvifflugum eða svifflugum.

c) *Fartími*. Umsækjandinn skal hafa flogið í þyrlum að minnsta kosti [(sjá einnig 3. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.050)]:

1) 50 tíma sem flugstjóri [ ]

2) 10 landflugstíma sem flugstjóri, þar með talið landflug sem nemur minnst 185 km (100 sjómílum) og skal meðan á því stendur gera tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvöllum;

3) 10 blindflugsþjálfunartíma og af þeim skulu ekki meira en 5 tímar vera blindflugs-þjálfunartímar á jörðu niðri; og

4) 5 fartíma að nóttu eins og kveðið er á um í b-lið JAR–FCL 2.165

**JAR–FCL 2.160 Bókleg þekking**

*(Sjá 1. til 5. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.160 og 2.165)].*
*(Sjá 1. til 5. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165)*

a) *Námskeið*. Umsækjandi um atvinnuflugmanns-skírteini/þyrla skal hafa fengið kennslu í bóklegum greinum í samþykktum flugskóla (FTO)**[]**. Námskeiðið skal vera tengt flugnámskeiði eins og kveðið er á um í JAR–FCL 2.165.

b) *Próf*. Umsækjandi um atvinnuflugmanns-skírteini/þyrla skal hafa sýnt fram á þekkingu sem krafist er til þeirra réttinda sem veitt eru handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla og skal standast þær kröfur sem kveðið er á um í a-lið JAR–FCL 2.261 og í J-kafla.

c) Umsækjandi sem tekið hefur samtvinnað flugnámskeið skal sýna fram á að hann hafi að minnsta kosti þá þekkingu sem krafist er á því námskeiði eins og kveðið er á um í viðeigandi 1. til 4. tölulið a-liðar í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.160 og 2.165.

**JAR–FCL 2.165 Flugkennsla**

*(Sjá 1. til 3. tölulið a-liðar í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.160 og 2.165) og 1. til 3. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165)*

a) *Námskeið*. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini/þyrla sem hefur lokið viðurkenndu samtvinnuðu eða áfangaskiptu flugþjálfunarnámskeiði í samþykktum flugskóla, (í þyrlum sem hafa lofthæfiskírteini gefin út eða samþykkt af aðildarríki JAA). Námskeiðið skal tengjast þjálfunarnámskeiði í bóklegum greinum. Um einstök atriði viðurkenndra námskeiða sjá eftirtalið:

[1) Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmanns 1. flokks með blindflugsáritun (ATPL(H)/IR) – Sjá 1. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 og 2.165 og 1. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165;

2) samtvinnað námskeið til atvinnuflugmanns 1. flokks (ATP(H)) – Sjá 2. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 og 2.165 og 2. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165;

3) samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla með blindflugsáritun (CPL(H)/IR) – Sjá 3. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 og 2.165 og 3. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165 og

4) samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) – Sjá 4. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 og 2.165 og 4. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165; og

5) áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) – Sjá 5. tölulið a-liðar 1. viðbæti við JAR–FCL 2.160 og 2.165 og 5. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165 ].

b) *Næturþjálfun*. Umsækjandinn skal hafa lokið að minnsta kosti 5 fartímum í þyrlum að nóttu, þar af minnst 3 tímum með kennara, þar af að minnsta kosti 1 landflugstími (í leiðsögu) og 5 flugtök og 5 stöðvunarlendingar í einflugi, og skal í hverju þeirra felast einn umferðarhringur.

**JAR–FCL 2.170 Færni**

*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170) (Sjá 1. til 5. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 og 2.165))*

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini (CPL(H)) skal hafa sýnt fram á getu sína til að framkvæma sem flugstjóri þyrlu þær aðgerðir og flugbrögð sem lýst er í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170 með hæfni sem krafist er til þeirra réttinda sem veitt eru handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla. [Umsækjandi skal taka færnipróf sem krafist er í viðkomandi 1. til 5. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 & 2.165 og 1. til 5. töluliðar AMC FCL 2.160 og 2.165. ]

**1. viðbætir við 1. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.160 og 2.165**
**Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrla með blindflugsáritun (ATPL (H)/IR]**

*(Sjá JAR–FCL 2.160, 2.165 og 2.170)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.210)*
*(Sjá 1. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165)*
*[(Sjá 1. viðbæti við JAR FCL 2.470)]*

*(Sjá IEM FCL 2.170)*

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrla [með blindflugsáritun (ATPL(H)/IR) ]er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfa sem aðstoðarflugmenn á fjölhreyfla fjölstjórnarþyrlum í [flutninga]flugi og til að fá atvinnuflugmannsskírteini/þyrla með blindflugsáritun [(CPL(H)(IR) en ekki fyrir neina sérhæfingu (t.d. verkflug)].

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrla [með blindflugsáritun (ATPL(H)/IR)] skal, undir eftirliti skólastjóra [samþykkts] flugskóla (FTO), ljúka öllum áföngum námsins á einu viðurkenndu, [heildstæðu] námskeiði sem flugskólinn heldur.

3. Námskeiðið skal standa í 12 til 36 mánuði. Sérstakar ráðstafanir má gera að fengnu samþykki flugmálayfirvalda til að lengja námskeiðið umfram 36 mánuði ef flugskólinn veitir viðbótarþjálfun í flugi eða kennslu á jörðu niðri.

4. [Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi, eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1). Nýnemi skal uppfylla kröfur til flugnema í B-kafla JAR–FCL. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið í þyrlu fyrir námskeiðið sem hluta af kröfum sem gerðar eru á námskeiðinu um flugkennslu (sjá 1. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.165 og 1. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 og 2.165, 13. grein), að hámarki:

a) allt að 40 tíma, þar af mega 20 tímar vera með kennara, eða

b) allt að 50 tíma, ef næturflugsréttinda í þyrlu hefur verið aflað, þar af mega 25 tímar vera með kennara.

Að fengnu leyfi flugskólans eru þessir flugtímar viðurkenndir og færðir inn í þjálfunarskrá umsækjandans. Ef um er að ræða flugnema sem ekki er handhafi flugmannsskírteinis má flugskólinn með samþykki flugmálayfirvalda ákveða að tilteknar æfingar með kennara (sjá 1. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165, lið 2 og 3), skuli fljúga í flugvél eða ferðasvifflugu (TMG) allt að 20 tíma hámarki. ]

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla með blindflugsáritun getur sótt um til flugmálayfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til lægra skírteinis og, ef við á, til blindflugsáritunar.

6. Hver sá umsækjandi sem óskar flutnings í annan flugskóla meðan á þjálfunarnámskeiði stendur skal sækja til flugmálayfirvalda um formlegt mat á þeim viðbótartímum í þjálfun sem þörf er á við annan flugskóla.

7. Flugskólinn skal ganga úr skugga um að umsækjandinn hafi, áður en hann fær aðgang að námskeiðinu, næga kunnáttu í stærðfræði, eðlisfræði [og ensku ]til að geta nýtt sér kennslu í bóklegum greinum á námskeiðinu. [Þegar námskeiði lýkur skal] sú kunnátta sem krafist er í ensku vera] í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.200.

8. Á námskeiðinu skal fara fram:

a) kennsla í bóklegum greinum á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini I. flokks og [blindflugsáritun].

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi, og

c) þjálfun í áhafnarsamstarfi við starfrækslu fjölstjórnarþyrlu. [Sjá d-lið JAR–FCL 2.261]

9. Hafi umsækjandi staðist bóklegt próf samkvæmt [12.]lið og og færnipróf samkvæmt [14]. lið fullnægir það kröfum um bóklega þekkingu og færni til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla þar með talin tegundaráritun fyrir þá þyrlu sem notuð var við prófið og blindflugsáritun/þyrla.

BÓKLEG ÞEKKING

10. Námskrá fyrir bókleg próf fyrir CPL(H) og IR(H) er að finna í [1. viðbæti við JAR–FCL 2.470]. Kröfur til tegundaráritunar er að finna í JAR–FCL 2.240. Á viðurkenndu bóklegu námskeiði fyrir atvinnuflugmenn I. flokks/þyrla [og blindflugsáritun (ATPL (H)/IR)] skulu vera minnst 750 kennslutímar (1 tími = 60 mínútna kennsla) og getur efni þeirra verið vinna í kennslustofu, gagnvirkt myndbandsefni, sýning á glærum/segulböndum, einstaklingsverkefni, tölvustudd þjálfun og notkun annarra miðla í viðeigandi hlutföllum að fengnu leyfi flugmálayfirvalda.

Þessum 750 kennslutímum skal skipt þannig niður að lágmarksfjöldi tíma í hverri námsgrein sé:

| Námsgrein | tímar |
|---|---|
| Lög og reglur um loftferðir | 40 |
| Almenn þekking á loftförum | 80 |
| Afkastageta og áætlanagerð | 90 |
| Mannleg geta [ ] | 50 |
| Veðurfræði | 60 |
| Leiðsaga | 150 |
| Verklagsreglur í flugi | 20 |
| Flugfræði | 30 |
| Fjarskipti | 30 |

Flugmálayfirvöld og flugskóli geta gert samkomulag um aðra skiptingu á tímum.

11. Í námskeiði í áhafnarsamstarfi (MCC) skulu felast a.m.k. 25 klst. bókleg kennsla og æfingar.

BÓKLEGT PRÓF

12. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis I. flokks/þyrla [og blindflugsáritunar (ATPL(H)/IR)] í samræmi við kröfur í J-kafla JAR–FCL.

FLUGÞJÁLFUN

13. Flugþjálfunin skal taka minnst 195 tíma, þar með talin öll flugpróf[]. Á þessum 195 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

a) [140] æfingartímum með kennara, []

b) [55] [ ] tímum sem flugstjóri, [þar á meðal skal vera minnst 14 tíma einflug að degi, eins tíma einflug að nóttu og mega vera [40][] tímar sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC)]. (Fartími flugnema sem flugstjóri skal viðurkenndur sem fartími sem flugstjóri, nema flugkennari hafi þurft að hafa áhrif á eða stjórna einhverjum hluta flugsins. Eftirflugsgreining flugkennara á jörðu niðri eftir flug hefur ekki áhrif á viðurkenningu fartíma sem flugstjóri);

c) 50 landflugstímum, minnst 10 tíma landflugi sem flugnemi sem flugstjóri, þar með talið landflug samkvæmt sjónflugsreglum á námskeiðinu sem er minnst 185 km (100 sjómílur) og skulu meðan á því stendur gerðar tvær lendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli;

d) 5 fartímar[] í þyrlum skulu fara fram að nóttu til og í þeim felast 3 tímar með kennara þar af minnst 1 landflugstími í leiðsögu og [5 umferðarhringir í einflugi að nóttu. Í hverjum umferðahring skal vera flugtak og lending]; og

e) [50] blindflugs[kennslu]tímum sem í eru:

    i) [10 grunnblindflugsæfingatímar og][ ]

    ii) [40 tíma þjálfun fyrir blindflugsáritun og af þeim skulu minnst vera 10 tímar í fjölhreyfla þyrlu sem er samþykkt fyrir blindflug.] []

[f) 15 tímum í áhafnarsamstarfi]

[g) Af 140 tímum með kennara og allt að:

    i) 75 tímum í sjónflugskennslu mega vera:

        1) 30 tímar í þyrlu-flughermi (FS), stig C/D, eða

        2) 25 tímar í flugþjálfunartæki, FTD) 2, 3 eða

        2) 20 tímar í þyrlu-flugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III), eða

        3) 20 tímar í flugvél eða ferðavélsvifflugu (TMG).

    ii) 50 tíma blindflugskennsla má innihalda:

1) allt að 20 tíma í þyrluflughermi FS eða þyrluflugþjálfunartæki FTD 2,3 eða þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III) eða

2) 10 tíma í minnst þyrluflugþjálfunartæki FTD 1 - eða flugvélarflugleiðsöguþjálfa I (FNPT 1) eða í flugvél.

iii) 15 tíma í áhafnarsamstarfi, við það má nota þyrluflughermi (FS) eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 (MCC) eða þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III(MCC)).

Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri tegund en þyrluhermirinn (FS) sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarks viðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III).]

Sjá um námskrá fyrir flugkennslu í 1. tölulið a-liðar AMC-FCL 2.160 og 2.165.

FÆRNIPRÓF

14. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandi taka færnipróf á fjölhreyfla þyrlu í samræmi við 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170 [ ] og færnipróf sem veitir rétt til blindflugsáritunar á annaðhvort fjölhreyfla þyrlu eða einshreyfils þyrlu í samræmi við 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.210 og önnur próf sem krafist er í c-lið JAR–FCL 2.262.

**1. viðbætir við 2. tölulið a-liðarJAR–FCL 2.160 og 2.165**
**Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis [1. flokks/þyrla (ATPL(H), (ekki blindflugsáritun).]**

*(Sjá JAR–FCL 2.160, 2.165 og 2.170)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170)*
*(Sjá 2. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165)*
*[(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)]*
*(Sjá IEM FCL 2.170)*

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis [1. flokks/þyrla (ATPL(H)] er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til [að starfa í flutningaflugi sem aðstoðarflugmaður í fjölstjórnar-, fjölhreyfla þyrlum í sjónflugi og til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H))] en ekki til frekari sérhæfingar (t.d. verkflugs).

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis [1. flokks/ þyrla (ATPL(H))] skal, í umsjón skólastjóra viðurkennds flugskóla (FTO), ljúka öllum [stigum] námsins á einu viðurkenndu, samfelldu námskeiði sem flugskólinn heldur.

3 Námskeiðið skal standa yfir í [12][ ]til [36] [ ]mánuði. [Með samþykki flugmálayfirvalda má gera ráðstafanir til að námskeiðið standi í meir en 36 mánuði ef flugskólinn bætir við námskeiðið meiri flugþjálfun eða kennslu á jörðu.]

[4. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi, eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H)) sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1). Nýnemi skal uppfylla kröfur til flugnema í B-kafla JAR–FCL. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið í þyrlu fyrir námskeiðið sem hluta af kröfum sem gerðar eru um flugkennslu (sjá 2. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.165 og 13. grein í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.160 og FCL 2.165 (2), að hámarki:

a) allt að 40 tíma, þar af mega 20 tímar vera með kennara, eða

b) ef næturflugsréttinda á þyrlu hefur verið aflað, allt að 50 tíma, þar af mega allt að 25 tímar vera með kennara.

Að fengnu leyfi flugskólans eru þessir flugtímar viðurkenndir og færðir inn í þjálfunarskrá umsækjandans. Ef um er að ræða flugnema sem ekki er handhafi flugmannsskírteinis má flugskólinn með samþykki flugmálayfirvalda ákveða tilteknar æfingar með kennara (sjá 2. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165 2. þátt) sem skuli fljúga í flugvél eða ferðasvifflugu allt að 20 tíma hámarki.]

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis [1. flokks/þyrla (ATPL(H))] getur sótt um til flugmálayfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til lægra skírteinis.

6. Hver sá umsækjandi sem óskar flutnings í annan flugskóla meðan á þjálfunarnámskeiði stendur skal sækja til flugmálayfirvalda um formlegt mat á þeim viðbótartímum í þjálfun sem þörf er á við annan flugskóla.

7. Flugskólinn skal ganga úr skugga um að umsækjandinn hafi, áður en hann fær aðgang að námskeiðinu, næga kunnáttu í stærðfræði, eðlisfræði [og ensku] til að geta nýtt sér kennslu í bóklegum greinum á námskeiðinu.

8. Á námskeiðinu skal fara fram:

a) kennsla í bóklegum greinum á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini [1. flokks/þyrla (ATPL(H))]; og

b) þjálfun í sjónflugi og [grunn]blindflugi og

[c) þjálfun í áhafnarsamstarfi (MCC) til að starfa í fjölstjórnarþyrlum (sjá d-lið í JAR–FCL 2.261.]

9. Hafi umsækjandi uppfyllt kröfur um [bóklega] kennslu og þjálfun til tegundaráritunar og próf[ ], og bókleg próf samkvæmt [12. lið og færnipróf samkvæmt 14. lið] telst hann uppfylla kröfur um bóklega þekkingu og færni til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) með tegundaráritun fyrir þá þyrlu sem notuð er við prófin.

BÓKLEG ÞEKKING

10. Námskrá fyrir bókleg próf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis [1. flokks/þyrla ATPL(H))] er að finna í [1. viðbæti við JAR–]FCL 2.470. Kröfur til tegundaráritunar er að finna í JAR–FCL 2.240. Á viðurkenndu námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis [1. flokks/þyrla ATPL(H))] skulu vera minnst 550 kennslutímar (1 tími = 60 mínútna kennsla) [ ] og getur efni þeirra verið vinna í kennslustofu, gagnvirkt myndbandsefni, sýning á glærum/segulböndum, einstaklingsverkefni, tölvustudd þjálfun og notkun annarra miðla í viðeigandi hlutföllum, að fengnu samþykki flugmálayfirvalda.

Skipta skal 550 kennslustundunum þannig að hver námsgrein fái minnst:

| Námsgrein: | klst. |
|---|---|
| Lög og reglur um loftferðir | 30 |
| Almenn þekking á loftförum | 70 |
| Afkastageta og áætlanagerð | 65 |
| Mannleg geta | 40 |
| Veðurfræði | 40 |
| Flugleiðsaga | 120 |
| Verklagsreglur í flugi | 20 |
| Flugfræði | 30 |
| Fjarskipti | 25 |

Flugmálayfirvöld og flugskólinn geta komið sér saman um aðra skiptingu tímans.

[ ]

[11. Í námskeiði í áhafnarsamstarfi (MCC) skulu vera minnst 20 klst. í bóklegum kennsluæfingum.]

BÓKLEG PRÓF

12. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis [1. flokks (APL(H))] í samræmi við kröfur í J-kafla JAR–FCL.

FLUGKENNSLA

13. Flugkennslan skal taka minnst [ 150] [ ] klst., þar með talin öll [áfanga]flugpróf, [ ] Á þessum [150][ ]tímum skulu umsækjendur að minnsta kosti ljúka:

a) [95] [ ] æfingatímum með kennara[];

b) [55] [ ] fartímum sem flugstjóri;[þar á meðal skal vera 14 tíma einflug að degi, 1 tíma einflug að nóttu og mega vera [40] [ ] tímar sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC).

Fartími flugnema sem flugstjóri (SPIC) skal viðurkenndur sem fartími sem flugstjóri, nema flugkennari hafi þurft að hafa áhrif á eða stjórna einhverjum hluta flugsins. Eftirflugsgreining flugkennara á jörðu niðri eftir flug hefur ekki áhrif á viðurkenningu fartíma sem flugstjóri), í stað SPIC tíma getur komið einflug.]

c) 50 landflugstímum þar af minnst 10 tímar á námskeiðinu sem flugnemi í starfi flugstjóra (SPIC) í landflugi, þar á meðal landflug við sjónflugsskilyrði sem er minnst 185 km (100 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli;

d) 5 fartímum []í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími landflug í leiðsögu og 5 [umferðahringir í einflugi að nóttu. Í hverjum umferðahring skal vera flugtak og lending;]

e) 10 tímum í grunnblindflugskennslu;

f) 10 tímum [ í áhafnarsamstarfi (MCC)] [ ];

[g) Af [95] [ ]tímum með kennara:

i) Í [75] [ ] tíma sjónflugskennslu mega vera :

1) [30] [ ] tímar í þyrluflughermi (FS), stig C/D, eða

2) 25 tímar í þyrluflugþjálfunartæki 2,3, (FTD 2,3) eða

3) [20] [ ] tímar í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III), eða

4) 20 tímar í flugvél eða ferðavélsvifflugu (TMG).

ii) 10 tíma grunnblindflugskennsla, sem má innihalda 5 tíma í minnst þyrluflugþjálfunartæki 1 eða flugleiðsöguþjálfa I (FNPT 1) eða flugvéla- FNPT I eða í flugvél.

[iii) fyrir 10 tíma í áhafnarsamstarfi má nota þyrluflughermi eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 (MCC) eða þyrluflugleiðsöguþjálfa (FNPT) II/III (MCC).]

Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri gerð en þyrluflughermirinn (FS) sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarks viðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III (H)).]

Sjá um námskrá fyrir flugkennslu í 1. tölulið a-liðar AMC-FCL 2.160 og 2.165.

FÆRNIPRÓF

[14.] Þegar viðeigandi flugkennslu er lokið skal umsækjandi taka [á fjölhreyfla þyrlu] færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) í 1. [og 2. ] viðbæti við JAR–FCL 2.170 [og önnur þau próf sem krafa er um í c-lið JAR–FCL 2.262].

**[1. viðbætir við 3. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.160 og 2.165**
**Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(H)/IR)**

*(Sjá JAR–FCL 2.160, 2.165 og 2.170)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170)*
*(Sjá 3.lið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)*
*(Sjá IEM FCL 2.170)*

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H) með blindflugsáritun (IR(H)) er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að stjórna einstjórnar, fjölhreyfla þyrlu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla með blindflugsáritun (CPL(H)/IR).

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(H)/IR) skal, í umsjón skólastjóra samþykkts flugskóla (FTO), ljúka öllum stigum námsins á einu viðurkenndu, heildarnámskeiði sem flugskólinn heldur.

3 Námskeiðið skal standa yfir í 9 til 30 mánuði.

4. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi, eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H)) sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1). Nýnemi skal uppfylla kröfur til flugnema í B-kafla JAR–FCL. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið í þyrlu fyrir námskeiðið sem hluta af kröfum sem gerðar eru um flugkennslu (sjá 3. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.165 og 3. tölulið a-liðar í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.160 og FCL 2.165, 12. grein) að hámarki:

a) allt að 40 tíma, þar af mega 20 tímar vera með kennara, eða

b) ef næturflugsréttinda á þyrlu hefur verið aflað, allt að 50 tíma, þar af mega allt að 25 tímar vera með kennara.

Að fengnu leyfi flugskólans eru þessir flugtímar viðurkenndir og færðir inn í þjálfunarskrá umsækjandans. Ef um er að ræða flugnema sem ekki er handhafi flugmannsskírteinis má flugskólinn með samþykki flugmálayfirvalda ákveða að tilteknar æfingar með kennara (sjá 3. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165), eigi að fljúga í flugvél eða ferðasvélsvifflugu (TMG), allt að 20 tíma að hámarki.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla með blindflugsréttindi (CPL(H)/IR) getur sótt um til flugmálayfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til lægra skírteinis og ef við á blindflugsáritunar.

6. Hver sá umsækjandi sem óskar flutnings í annan flugskóla meðan á þjálfunarnámskeiði stendur skal sækja til flugmálayfirvalda um formlegt mat á þeim viðbótartímum í þjálfun sem þörf er á við annan flugskóla.

7. Flugskólinn skal ganga úr skugga um að umsækjandinn hafi, áður en hann fær aðgang að námskeiðinu, næga kunnáttu í stærðfræði, eðlisfræði og ensku til að geta nýtt sér kennslu í bóklegum greinum á námskeiðinu. Þegar námskeiði lýkur skulu stig í enskukunnáttu vera í samræmi við kröfur í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.200.

8. Á námskeiðinu skal fara fram:

a) kennsla í bóklegum greinum á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini og blindflugsáritun (CPL(H)/IR) og fyrir fyrstu fjölhreyfla þyrlu kennsla fyrir viðbótar bóklega þekkingu sem krafa er um í a-lið 2.255; og

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi; og

9. Hafi umsækjandi uppfyllt kröfur um kennslu og próf til tegundaráritunar (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.261 og AMC–FCL 2.261), og bókleg próf samkvæmt 11. lið og færnipróf samkvæmt 13. lið telst hann uppfylla kröfur um bóklega þekkingu og færni til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) með tegundaráritun fyrir þá þyrlu sem notuð er við prófin ásamt fjölhreyfla blindflugsáritun á þyrlu.

BÓKLEG ÞEKKING

10. Námskrá fyrir bókleg próf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla með blindflugsáritun (CPL(H/IR)) er að finna í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470. Kröfur til tegundaráritunar er að finna í JAR–FCL 2.240. Á viðurkenndu námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu með blindflugsáritun (CPL(H)/IR) skulu vera minnst 500 kennslutímar (1 tími = 60 mínútna kennsla) og getur efni þeirra verið vinna í kennslustofu, gagnvirkt myndbandsefni, sýning á glærum/segulböndum, einstaklingsverkefni, tölvustudd þjálfun og notkun annarra miðla í viðeigandi hlutföllum, að fengnu samþykki flugmálayfirvalda.

Skipta skal 500 kennslustundunum þannig að hver námsgrein fái minnst:

| Námsgrein: | klst. |
|---|---|
| Lög og reglur um loftferðir | 30 |
| Almenn þekking á loftförum | 50 |
| Afkastageta og áætlanagerð | 60 |
| Mannleg geta | 15 |
| Veðurfræði | 40 |
| Flugleiðsaga | 100 |
| Verklagsreglur í flugi | 10 |
| Flugfræði | 25 |
| Fjarskipti | 30 |

Flugmálayfirvöld og flugskólinn geta komið sér saman um aðra skiptingu tímans

BÓKLEG PRÓF

11. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis og blindflugsáritunar í samræmi við kröfur í J-kafla JAR–FCL 2.

FLUGKENNSLA

12. Flugkennslan skal taka minnst 180 klst., þar með talin öll áfangaflugpróf. Á þessum 180 tímum skulu umsækjendur að minnsta kosti ljúka:

a) 125 æfingatímum með kennara;

b) 55 fartímum sem flugstjóri; þar á meðal skal vera 14 tíma einflug að degi, 1 tíma einflug að nóttu og mega vera 40 tímar sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC).

   Fartími flugnema sem flugstjóri (SPIC) skal viðurkenndur sem fartími sem flugstjóri, nema flugkennari hafi þurft að hafa áhrif á eða stjórna einhverjum hluta flugsins. Eftirflugsgreining flugkennara á jörðu niðri eftir flug hefur ekki áhrif á viðurkenningu fartíma sem flugstjóri), í stað SPIC tíma getur komið einflug.

c) 10 tímum í landflugi með kennara:

   10 tímum í landflugi á námskeiðinu sem flugstjóri sem í felst sjónflug sem er minnst 185 km (100 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli;

d) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af vera 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími landflug í leiðsögu og 5 umferðahringir í einflugi að nóttu. Í hverjum umferðahring skal vera flugtak og lending;

e) 50 tímum í blindflugskennslu með

   (i) 10 tímum í grunnblindflugskennslu og

   (ii) 40 tímum í þjálfun fyrir blindflugsáritun sem í skulu felast 10 tímar í fjölhreyfla þyrlu sem er samþykkt til blindflugs.

f) Af 125 tímum með kennara:

   i) Í 75 tíma sjónflugskennslu mega vera allt að

      1) 30 tímar í þyrlu-flughermi (FS), stig C/D, eða

      2) 25 tímar í þyrluflugþjálfunartæki 2,3, (FTD 2,3) eða

      3) 20 tímar í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III), eða

      4) 20 tímar í flugvél eða ferðasvifflugu (TMG).

   ii) 50 tíma blindflugskennsla, sem má innihalda

      1) allt að 20 tíma í þyrluflughermi eða flugþjálfunartæki (FTD) 2,3 eða flugleiðsöguþjálfa II, III (FNPT II,III) eða

      2) 10 tíma í minnst þyrlu FTD 1 eða flugvéla- FNPT I eða í flugvél.

Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri gerð en flughermirinn (FS) sem notaður er við sjónflugs-kennsluna skal hámarks viðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir leiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III).

FÆRNIPRÓF

13. Þegar viðeigandi flugkennslu er lokið skal umsækjandi taka annaðhvort á eins- eða fjölhreyfla þyrlu færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170 og blindflugspróf á fjölhreyfla þyrlu sem samþykkt er fyrir blindflug samkvæmt 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.210.]

**[1. viðbætir við 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.160 og 2.165**
**Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis (CPL(H).**

*(Sjá JAR–FCL 2.160, 2.165 og 2.170)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170)*
*(Sjá 4. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)*
*(Sjá IEM FCL 2.170)*

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla án blindflugsáritunar en ekki til frekari sérhæfingar (t.d. verkflugs).

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis (CPL(H)) skal, undir eftirliti skólastjóra samþykkts flugskóla (FTO), ljúka öllum stigum námsins á einu viðurkenndu, heildarnámskeiði sem flugskólinn heldur.

3 Námskeiðið skal standa yfir í 9 til 24 mánuði.

4. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi, eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H)) sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1). Nýnemi skal uppfylla kröfur til flugnema í B-kafla JAR–FCL. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið í þyrlu fyrir námskeiðið sem hluta af kröfum sem gerðar eru um flugkennslu (sjá 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.165 og 4. tölulið a-liðar í viðbæti við JAR–FCL 2.160 og FCL 2.165, 12. grein), að hámarki:

a) allt að 40 tíma, þar af mega 20 tímar vera með kennara, eða

b) ef næturflugsréttinda á þyrlu hefur verið aflað, allt að 50 tíma, þar af mega allt að 25 tímar vera með kennara.

Að fengnu leyfi flugskólans eru þessir flugtímar viðurkenndir og færðir inn í þjálfunarskrá umsækjandans. Ef um er að ræða flugnema sem ekki er handhafi flugmannsskírteinis má flugskólinn með samþykki flugmálayfirvalda ákveða að tilteknar æfingar með kennara (sjá 4. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165, 2. þátt), skuli fljúga í flugvél eða ferðasvifflugu allt að 20 tíma að hámarki.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) getur sótt um til flugmálayfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi.

6. Hver sá umsækjandi sem óskar flutnings í annan flugskóla meðan á þjálfunarnámskeiði stendur skal sækja til flugmálayfirvalda um formlegt mat á þeim viðbótartímum í þjálfun sem þörf er á við annan flugskóla.

7. Flugskólinn skal ganga úr skugga um að umsækjandinn hafi, áður en hann fær aðgang að námskeiðinu, næga kunnáttu í stærðfræði og eðlisfræði til að geta nýtt sér kennslu í bóklegum greinum á námskeiðinu.

8. Á námskeiðinu skal fara fram:

a) kennsla í bóklegum greinum á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini/þyrla og

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

9. Hafi umsækjandi uppfyllt kröfur um bóklega kennslu og þjálfun til tegundaráritunar og prófanir (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.261 og AMC–FCL 2.261), og bókleg próf samkvæmt 11. lið og færnipróf samkvæmt 13. lið telst hann uppfylla kröfur um bóklega þekkingu og færni til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) með tegundaráritun fyrir þá þyrlu sem notuð er við prófin.

BÓKLEG ÞEKKING

10. Námskrá fyrir bókleg próf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H/) er að finna í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470. Kröfur til tegundaráritunar er að finna í JAR–FCL 2.240. Á viðurkenndu námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu (CPL(H)) skulu vera minnst 300 kennslutímar (1 tími = 60 mínútna kennsla), (eða 200 fyrir handhafa einkaflugmannsskírteinis) og getur efni þeirra verið vinna í kennslustofu, gagnvirkt myndbandsefni, sýning á glærum/segulböndum, einstaklingsverkefni, tölvustudd þjálfun og notkun annarra miðla, að fengnu samþykki flugmálayfirvalda.

Skipta skal 300 kennslustundunum þannig að hver námsgrein fái minnst:

| Námsgrein: | klst. |
|---|---|
| Lög og reglur um loftferðir | 25 |
| Almenn þekking á loftförum | 30 |
| Afkastageta og áætlanagerð | 25 |
| Mannleg geta | 10 |
| Veðurfræði | 30 |
| Flugleiðsaga | 55 |
| Verklagsreglur í flugi | 8 |
| Flugfræði | 20 |
| Fjarskipti | 10 |

Flugmálayfirvöld og flugskólinn geta komið sér saman um aðra skiptingu tímans.

BÓKLEG PRÓF

11. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis í samræmi við kröfur í J-kafla JAR–FCL 2.

FLUGKENNSLA

12. Flugkennslan skal taka minnst 135 klst., þar með talin öll áfangaflugpróf, og þar af mega á öllu námskeiðinu allt að 5 tímar vera blindflugsæfingartímar á jörðu niðri. Á þessum 135 tímum skulu umsækjendur að minnsta kosti ljúka:

a) 85 æfingatímum með kennara;

b) 50 fartímum sem flugstjóri; þar á meðal skal vera 14 tíma einflug að degi, 1 tíma einflug að nóttu og mega vera 35 tímar sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC).

   Fartími flugnema sem flugstjóri (SPIC) skal viðurkenndur sem fartími sem flugstjóri, nema flugkennari hafi þurft að hafa áhrif á eða stjórna einhverjum hluta flugsins. Eftirflugsgreining flugkennara á jörðu niðri eftir flug hefur ekki áhrif á viðurkenningu fartíma sem flugstjóri.

c) 10 tímum í landflugi með kennara:

d) 10 tímum á námskeiðinu í landflugi sem flugstjóri sem í felst sjónflug sem er minnst 185 km (100 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli;

e) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af vera 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími landflug í leiðsögu og 5 umferðahringir í einflugi að nóttu. Í hverjum umferðahring skal vera flugtak og lending;

f) 10 tímum í blindflugskennslu þar af minnst 5 í þyrlu;

g) Af 85 tímum með kennara:

   i) Í 75 tíma sjónflugskennslu mega vera allt að

      1) 30 tímar í þyrluflughermi (FS), stig C/D, eða

      2) 25 tímar í þyrluflugþjálfunartæki 2,3, (FTD 2,3) eða

      3) 20 tímar í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III), eða

      4) 20 tímar í flugvél eða ferðasvifflugu (TMG).

   ii) 10 tíma blindflugskennsla, sem má innihalda 5 tíma í minnst þyrlu FTD 1 eða flugvéla-FNPT I eða í flugvél.

Ef þyrlan sem notuð er við þjálfunina er annarrar tegundar en flughermirinn sem notaður er við sjónflugþjálfunina skal hámarksviðurkenning aðeins vera fyrir tíma í FNPT II/III.

Sjá 2. tölulið a-liðar í AMC-FCL 2.160 og 2.165 varðandi mámskrá fyrir flugkennslu.

FÆRNIPRÓF

13. Þegar viðeigandi flugkennslu er lokið skal umsækjandi taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) samkvæmt í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170.

**[1. viðbætir við 5. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.160 og 2.165**
**Áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H))**

*(Sjá JAR–FCL 2.160, 2.165 og 2.170)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170)*
*(Sjá 5. tölulið a-liðar í AMC FCL 2.160 og 2.165)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)*
*(Sjá IEM-FCL 2.170)*

1. Markmið áfangaskipts námskeiðs til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla er að þjálfa handhafa einkaflugmannsskírteinis á þyrlu (PPL(H)) til þeirrar hæfni sem þarf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) án blindflugsáritunar eða frekari sérhæfingar (t.d. verkflug).

2. Áður en umsækjandi hefur nám á áfangaskiptu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla skal hann

a) vera handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1),

b) hafa lokið 155 fartímum sem flugmaður í þyrlum, þar af 50 tímum sem flugstjóri og af þeim skulu 10 tímar vera í landflugi, 105 tímum, sem þyrluflugmaður ef hann er handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/flugvél (CPL(A)), 135 tímum sem þyrluflugmaður ef hann er handhafi einkaflugmannsskírteinis/flugvél (PPL(A)); og

c) hafa uppfyllt kröfur í JAR–FCL 2.225 og 2.240 ef nota skal fjölhreyfla þyrlu við færniprófið.

3. Umsækjandi sem vill taka áfanganámskeið til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla skal, undir eftirliti skólastjóra samþykkts flugskóla, ljúka öllum sviðum námsins á einu viðurkenndu heildarnámskeiði sem flugskólinn heldur. Bókleg kennsla getur farið fram hjá samþykktum flugskóla sem eingöngu kennir bóklegar greinar, en í slíku tilviki skal skólastjóri skólans hafa eftirlit með þessum hluta námskeiðsins.

4. Námskeiði í bóklegum greinum skal lokið innan 18 mánaða. Flugkennslu og færniprófi skal lokið áður en bóklegt próf fellur úr gildi, eins og kveðið er á um í JAR–FCL 2.495.

5. Flugskólinn skal ganga úr skugga um að umsækjandinn hafi, áður en hann fær aðgang að námskeiðinu, næga kunnáttu í stærðfræði og eðlisfræði til að hagnýta sér kennslu í bóklegum greinum á námskeiðinu.

6. Á námskeiðinu skal fara fram:

a) kennsla í bóklegum greinum á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini; og

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

7. Hafi umsækjandi staðist próf í bóklegum greinum samkvæmt 9. lið og færnipróf samkvæmt 12. lið fullnægir það kröfum um bóklega þekkingu og færni til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla, ásamt tegundaráritun fyrir þá þyrlu sem notuð var við prófið.

BÓKLEG ÞEKKING

8. Námskrá í bóklegum greinum til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla er í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470. Kröfur til tegundaráritunar eru í JAR–FCL 2.240. Á viðurkenndu námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla skulu vera minnst 200 kennslutímar (1 tími = 60 mínútna kennsla) og getur efni þeirra verið vinna í kennslustofu, gagnvirkt myndbandsefni, sýning á glærum/segulböndum, einstaklingsverkefni, tölvustudd þjálfun og notkun annarra miðla í viðeigandi hlutföllum, að fengnu samþykki flugmálayfirvalda. Einnig má gefa kost á viðurkenndu fjarnámi (bréfaskóla) sem hluta af náminu, að ákvörðun flugmálayfirvalda.

PRÓF Í BÓKLEGUM GREINUM

9. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla í samræmi við kröfur í J-kafla JAR–FCL.

FLUGKENNSLA

10. a) Umsækjendur sem ekki hafa blindflugsáritun skulu fá minnst 30 tíma flugkennslu með kennara, (Sjá 5. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165).

b) Umsækjendur með gilda blindflugsáritun/þyrla skulu fá fulla viðurkenningu á blindflugskennslutímum.

c) Umsækjendur með gilda blindflugsáritun/flugvél skulu ljúka minnst 5 tímum af blindflugskennslu í þyrlu.

d) Af 30 tímum með kennara og allt að:

i) 20 tíma sjónflugskennslu mega vera 5 tímar í þyrluflughermi eða flugþjálfunartæki 2,3 (FTD 2,3) eða flugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III), og

ii) 10 tíma blindflugskennslu, sem má fela í sér 5 tíma minnst í þyrluflugþjálfunartæki 1 (FTD 1) eða flugleiðsöguþjálfa I (FNPT I) eða í flugvélarflugleiðsöguþjálfa I (FNPT I) eða í flugvél.

11. Umsækjendur án næturflugsréttinda/þyrla skulu að auki fá 5 tíma næturflugsþjálfun (sjá c-lið JAR–FCL 2.125 og 4. viðbæti við JAR–FCL 2.125).

Sjá námskrá fyrir flugkennslu í 5. tölulið a-liðar AMC FCL 2.160 og 2.165.

FÆRNIPRÓF

12. Þegar flugkennslu umsækjanda er lokið og hann hefur uppfyllt kröfur um reynslu skal hann taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla í samræmi við 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170.

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.170**
**Færnipróf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H))**

*(Sjá JAR–FCL 2.170)*
*(Sjá 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170)*
*(Sjá IEM FCL 2.170)*

1. Umsækjandi um færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla skal hafa lokið á fullnægjandi hátt þeirri þjálfun sem krafist er, þar á meðal hlotið kennslu á þá tegund þyrlu sem nota skal við prófið. Umsækjandi sem útskrifast af samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla (ATP(H)) skal taka prófið á fjölhreyfla þyrlu. Umsækjandi sem útskrifast af samtvinnuðu eða áfangaskiptu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) má annaðhvort taka prófið á einshreyfils þyrlu eða, að teknu tilliti til kröfu í a-lið JAR–FCL 2.255 um 70 fartíma reynslu sem flugstjóri í þyrlum, á fjölhreyfla þyrlu. Þyrlan sem notuð er við færniprófið skal standast kröfur til kennsluþyrla, sem settar eru fram í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.055.

2. Flugmálayfirvöld skulu ákveða með hvaða hætti hæfni umsækjanda til að gangast undir prófið er staðfest, þar með hvernig þjálfunarskýrsla umsækjanda er lögð fyrir prófdómara.

3. Umsækjandi skal standast 1. til og með 5. hluta færniprófsins. Falli umsækjandi í fleiri en einum hluta verður hann að taka allt prófið aftur. Falli hann í einhverju atriði í prófhluta er hann fallinn í þeim hluta. Umsækjandi sem aðeins fellur í einum hluta skal taka þann hluta aftur. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þar með talið í þeim atriðum sem hann stóðst í fyrri tilraun, skal hann taka allt prófið aftur. Öllum hlutum færniprófsins skal lokið innan sex mánaða.

4. Eftir fall á færniprófi kann að vera þörf á frekari þjálfun. Hafi umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar samkvæmt nánari ákvörðun flugmálayfirvalda. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

FRAMKVÆMD PRÓFS

5. Flugmálayfirvöld skulu láta prófdómara í té nægar öryggisleiðbeiningar til að tryggja að öryggis sé gætt við prófið.

6. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi af ástæðum sem prófdómari telur ófullnægjandi skal umsækjandinn taka allt færniprófið aftur. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem prófdómarinn telur fullnægjandi, skal við frekara flug aðeins prófa í þeim hlutum sem ekki var lokið.

7. Umsækjandi má, að fengnu leyfi prófdómara, endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Prófdómari má hvenær sem er stöðva prófið sé talið að sú flugfærni sem umsækjandi sýnir gefi tilefni til að prófið í heild sé endurtekið.

8. Þess er krafist að umsækjandi fljúgi þyrlunni í sæti þar sem hann getur gert allar aðgerðir flugstjóra og tekið prófið eins og enginn annar flugliði sé viðstaddur. Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við innlendar reglur.

9. Prófdómari skal velja svæði og flugleið og allt lágflug og vok skal fara fram á samþykktum flugvelli eða lendingarstað. Leiðinni í hluta 3 má ljúka á brottfararflugvelli eða öðrum flugvelli og skal einn ákvörðunarstaður vera á flugvelli með flugumferðarstjórn. Umsækjandinn skal bera ábyrgð á flugáætlun og skal tryggja að öll tæki og skjöl sem þarf til flugsins séu um borð. Færniprófið má taka í tveimur flugum. [Heildarflugtíminn skal vera minnst 90 mínútur]

10. Umsækjandi skal sýna prófdómara hvað hann hefur gátað og gert, þar á meðal auðkenni leiðsögutækja. Gátun skal gerð í samræmi við viðurkenndan gátlista fyrir þá þyrlu sem prófið er tekið á. Við forflugsundirbúning fyrir prófið skal umsækjandinn ákveða stillingar á afli og hraða. Umsækjandi skal reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu í samræmi við rekstrar- eða flughandbók þeirrar þyrlu sem notuð er við prófið.

11. Prófdómarinn skal ekki taka neinn þátt í stjórn þyrlunnar nema þegar afskipta er þörf af öryggisástæðum eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

12. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

- starfrækt þyrluna innan þeirra takmarkana sem henni eru sett;
- lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni;
- viðhaft góða dómgreind og flugmennsku;
- beitt þekkingu á flugleiðsögu; og
- alltaf haldið góðri stjórn á þyrlunni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

13. Eftirtalin mörk eru almenn viðmiðunarmörk. Prófdómari skal taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar þyrlu sem notuð er.

| | |
|---|---|
| Hæð | |
| eðlilegt flug | ± 100 fet |
| líkt eftir hreyfilbilun | ± 150 fet |
| Ferli haldið með aðflugstækjum | ±10° |
| Nefstefna | |
| eðlilegt flug | ± 10° |
| líkt eftir hreyfilbilun | ± 15° |
| Hraði | |
| fjölhreyfla flugtak og aðflug | ±5/hnútar |
| öll önnur flugsvið | ± 10 hnútar |
| Rek miðað við jörð | |
| Vokað í flugtaki í jarðhrifum | ±3 fet |
| lending | ekkert flug afturábak eða til hliðar |

EFNI FÆRNIPRÓFSINS

14. Nota skal efni og hluta færniprófs sem kveðið er á um í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.170 við færniprófið. Atriði í 4. hluta má framkvæma í [þyrlu]flugleiðsöguþjálfa [ ] (FNPT [ ](H)) eða þyrluflughermi(H). Flugmálayfirvöld geta ákveðið snið færniprófsins og umsóknareyðublað fyrir færniprófið (sjá IEM FCL 2.170).

**2. viðbætir við JAR–FCL 2.170**
**Efni færniprófs til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H))**

*(Sjá JAR–FCL 2.170)*

*(Sjá IEM FCL 2.170)*

*Athugasemd: Notkun gátlista, flugmennska, stjórnun þyrlu eftir kennileitum, ísingarvarnir/afísunarráðstafanir o.s.frv. eiga við í öllum hlutum prófsins*

| | |
|---|---|
| **1. HLUTI<br>FYRIRFLUGS-/EFTIRFLUGSGÁTUN OG VERKLAG** | |
| a | Þyrlufræði (t.d. tækniskráning, eldsneyti, massi og jafnvægi, afkastageta) áætlanagerð, tilkynningar til flugmanna (NOTAMS), veður |
| b | Fyrirflugsskoðunaraðgerðir, staðsetning hluta og hlutverk þeirra |
| c | Athugun stjórnklefa,verklag við gangsetningu |
| d | Prófun fjarskipta- og leiðsögutækja, val og stilling tíðna |
| e | Verklag fyrir flugtak, verklag við talfjarskipti, samband við flugumferðarstjórn - fyrirmælum fylgt |
| f | Þyrlunni lagt, slökkt á henni og verklag eftir flug |
| **2. HLUTI<br>FLUGBRÖGÐ Í VOKI, VANDASÖM STJÓRN OG ÞRÖNG SVÆÐI** | |
| a | Flugtak og lending (tekið á loft og snertilent) |
| b | Akstur, loftakstur |
| c | Kyrrstætt vok í mótvindi/hliðarvindi |
| d | 360° snúningur til vinstri og hægri í kyrrstæðu voki (snúið á staðnum) |
| e | Vokað áfram, til hliðar og afturábak |
| f | Eftirlíkt vélarbilun í voki |
| g | Snöggar stöðvanir í mótvindi og meðvindi |
| h | Lendingar og flugtök á hallandi yfirborði og stöðum sem ekki eru til þess ætlaðir |
| i | Flugtök (með ýmsum hætti) |
| j | Flugtak í hliðarvindi og undan vindi (ef aðstæður eru fyrir hendi) |
| k | Flugtak með hámarks flugtaksmassa (raunverulegt eða eftirlíkt) |
| l | Aðflug (með ýmsum hætti) |
| m | Flugtak og lending með skertu afli |
| n | Sjálfsnúningar, (prófdómari skal velja tvö atriði af grunn-, sviðs-, lághraða- og 360°beygjum) |
| o | Lending með sjálfsnúningi |
| p | Æfð nauðlending með aflendurheimt |
| q | Aflprófanir, verklag við könnun, verklag við aðflug og brottför |

| | |
|---|---|
| **3. HLUTI**<br>**LEIÐSAGA - VERKLAG Á FLUGLEIÐ** | |
| a | Flugeiðsaga og rötun í mismunandi hæð/flughæð, kortalestur |
| b | Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu, fylgst með loftrými, stilling hæðarmælis |
| c | Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, flugþol, áætlaður komutími (ETA), staðfesting á fráviki frá flugleið og komist aftur á rétta flugleið, fylgst með mælitækjum |
| d | Athugun á veðurskilyrðum, breyting á flugleið áætluð |
| e | Ferli haldið, staðsetning (hringviti (NDB) og/eða fjölstefnuviti (VOR)), auðkenni tækja |
| f | Samband við flugumferðarstjórn og farið eftir reglum o.s.frv. |
| **4. HLUTI**<br>**VERKLAG OG FLUGBRÖGÐ ÞEGAR EINUNGIS ER FLOGIÐ EFTIR MÆLITÆKJUM** | |
| a | Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar/flughæðar og hraða |
| b | 1. stigs láréttar beygjur í tilgreinda nefstefnu, 180° til 360° til hægri og vinstri |
| c | Klifur og lækkun, þar á meðal 1. stigs beygjur í tilgreinda nefstefnu |
| d | Komist úr óvenjulegri stöðu |
| e | Beygjur með 30° halla, beygt allt að 90° til hægri og vinstri |
| **5. HLUTI**<br>**VERKLAG VIÐ ÓEÐLIEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARAÐSTÆÐUR**<br>**(EFTIRLÍKT ÞEGAR VIÐ Á)** | |
| Aths.(1) Þegar prófið er tekið á fjölhreyfla þyrlu skal æfing með eftirlíktri hreyfilbilun sem innifelur aðflug og lendingu með einum hreyfli vera innifalin í prófinu. | |
| Aths (2) Prófdómarinn skal velja 4 af eftirfarandi atriðum: | |
| a | Hreyfilbilun, þar með talið bilun í gangráði, ísing í blöndungi/hreyfli, olíukerfi, eftir því sem við á |
| b | Bilun í eldsneytiskerfi |
| c | Bilun í rafkerfi |
| d | Bilun í vökvakerfi, þar með talið aðflug og lending með vökvakerfi óvirkt, eftir því sem við á |
| e | Bilun í aðalþyrli og/eða stélþyrilkerfi (aðeins í flughermi eða umræða) |
| f | Brunaæfingar, þar með talið reykhindrun og reykræsting, eftir því sem við á |
| g | Annað verklag við óeðlilegar aðstæður og neyðaraðstæður eins og lýst er í viðeigandi flughandbók og með tilvísun í 7. og 8. hluta 3. viðbætis við JAR–FCL 2.240, þar með talið fyrir fjölhreyfla þyrlur:<br>- Eftirlíkt hreyfilbilun við flugtak:<br>- hætt við flugtak við eða fyrir TDP eða örugg nauðlending við eða fyrir DPATO<br>- skömmu eftir TDP eða DPATO<br>- Lending með eftirlíktri hreyfilbilun:<br>- lending eða fráflug eftir hreyfilbilun fyrir LDP eða DPBL<br>- eftir hreyfilbilun eftir LDP eða örugg nauðlending eftir DPBL |

**E – KAFLI – BLINDFLUGSÁRITUN/ÞYRLA – IR(H)**

**[JAR–FCL 2.174 Heilbrigði**

Umsækjandi um blindflugsáritun/þyrla (IR(H)) skal vera heilbrigður í samræmi við b-lið JAR–FCL 3.355.]

**JAR–FCL 2.175 Aðstæður þegar blindflugsáritunar/þyrla (IR(H)) er krafist**

a) Handhafi flugmannsskírteinis/þyrla skal ekki starfa með neinum hætti sem flugstjóri þyrlu eftir blindflugsreglum (IFR) nema sem flugmaður sem er í færniprófi eða þjálfun með kennara, nema hann sé með blindflugsáritun (IR) sem á við þá gerð loftfars og gefin er út í samræmi við JAR–FCL.

b) Í aðildarríkjum JAA þar sem landslög krefjast flugs samkvæmt blindflugsreglum við sérstakar aðstæður (t.d. að nóttu) má handhafi flugmannsskírteinis fljúga samkvæmt blindflugsreglum að því tilskildu að hann sé með réttindi sem eiga við aðstæður, loftrými og flugskilyrði þar sem flugið fer fram. Landsbundin réttindi sem heimila flugmanni að fljúga samkvæmt blindflugsreglum öðruvísi en við sjónflugsskilyrði (VMC) án þess að hann sé handhafi gildrar blindflugsáritunar skulu einungis gilda í loftrými útgáfuríkis skírteinis.

**JAR–FCL 2.180 Réttindi og skilyrði**

a) *Réttindi.*

[1)] Með fyrirvara um þær takmarkanir áritunar sem settar eru ef annar flugmaður starfar sem aðstoðarflugmaður (fjölstjórnartakmörkun) í færniprófinu eins og sett er fram í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.210, og annarra skilyrða sem tilgreind eru í JAR–reglum, hefur handhafi blindflugsáritunar/þyrla (IR(H)) réttindi til að stjórna þyrlum samkvæmt blindflugsreglum með lágmarks ákvörðunarhæð 200 fet (60 m), [þó ekki sem flugstjóri í fjölstjórnarþyrlu. Til þess að neyta réttinda sem flugstjóri í fjölstjórnarþyrlu verður handhafi að hafa minnst 70 blindflugstíma og af þeim mega ekki fleiri en 30 vera á jörðu. Sjá viðurkenningu á blindflugstímum í flugvél í b-lið JAR–FCL 2.280.]

[2)] Flugmálayfirvöld mega leyfa lægri ákvörðunarhæð en 200 fet (60 m) eftir frekari þjálfun og próf í samræmi við JAR–OPS, 6. tölul. AMC FCL 2.261(a), [4. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295.]

b) S*kilyrði.* Umsækjandi, sem fullnægt hefur skilyrðum JAR–FCL [2.174] til og með 2.210, skal hafa uppfyllt allar kröfur vegna útgáfu blindflugsáritunar/þyrla.

**JAR–FCL 2.185 Gildistími, framlenging og endurnýjun**

a) Blindflugsáritun/þyrla gildir í eitt ár [frá útgáfudegi eða endurnýjun eða frá þeim degi sem gilda blindflugsáritunin fellur úr gildi ef hún er framlengd samkvæmt a-lið JAR–FCL 2.246.]

b) [ ] Ef blindflugsáritunin er takmörkuð við starfrækslu fjölstjórnarþyrla skal hæfnipróf til framlengingar fara fram við starfrækslu fjölstjórnarþyrla.

[ ]

[c) [ ]. [Hafi blindflugsáritun/þyrla ekki verið framlengd eða endurnýjuð á undanfarandi 7 árum er þess krafist að handhafi endurtaki bóklegt próf til blindflugsáritunar/þyrla og færnipróf samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.210.]

**JAR–FCL 2.190 Reynsla**

Umsækjandi um blindflugsáritun/þyrla skal vera handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla með næturflugsréttindum eða handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla og skal hann hafa lokið minnst 50 landflugsfartímum sem flugstjóri í flugvélum eða þyrlum, en þar af skulu minnst 10 tímar vera í þyrlum.

**JAR–FCL 2.195 Bókleg þekking**

a) Umsækjandi um blindflugsáritun/þyrla skal hafa hlotið kennslu í bóklegum greinum í samþykktu flugnámi við samþykktan flugskóla [(FTO).] Námskeiðið skal, ef unnt er, tengjast flugnámskeiði [í JAR–FCL 2.205.]

b) Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til þeirra réttinda sem veitt eru handhafa blindflugsáritunar/þyrla og skal hann uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í J-kafla JAR–FCL.

**JAR–FCL 2.200 Notkun enskrar tungu**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.200)*

[a)] Umsækjandi um blindflugsáritun/þyrla (IR(H) [eða fullgildingu ]skal hafa sýnt fram á að hann hafi það vald á ensku sem krafist er í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.200.

[b) Handhafi IR(H) sem gefið er út í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.200 skal fá skráð í einkaflugmannsskírteini/þyrla PPL(H), atvinnuflugmannsskírteini/þyrla CPL(H) eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla ATPL(H) réttindi til talstöðvafjarskipta á ensku.]

**JAR–FCL 2.205 Flugkennsla**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.205)*

Umsækjandi um blindflugsáritun/þyrla skal hafa verið í samtvinnuðu flugnámi sem felur í sér þjálfun til blindflugsáritunar/þyrla (sjá JAR–FCL 2.165) eða hafa lokið samþykktu áfangaskiptu flugnámskeiði eins og sett er fram í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.205. Ef umsækjandi hefur blindflugsáritun/þyrla IR(H) má fækka þeim flugkennslutímum sem krafist er í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.205 niður í 10 tíma.

**JAR–FCL 2.210 Færni**

*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.210)*

*Almennt*. Umsækjandi um blindflugsáritun/þyrla skal hafa sýnt fram á getu til að nota verklag og flugbrögð sem um getur í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.210 af þeirri kunnáttu sem krafist er af handhafa blindflugsáritunar/þyrla. Umsækjandi sem samtímis óskar tegundaráritunar fyrir þyrluna sem notuð er við færniprófið skal einnig uppfylla kröfur JAR–FCL **[**2.240.**]**

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.200**
**Blindflugsáritun/þyrla – Enskukunnátta**

*(Sjá JAR–FCL 2.200)*
*(Sjá 5. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.005)*
*[(Sjá 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.010)]*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.005)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.015)*

ENSKUKUNNÁTTA

1. [Handhafi eða ] umsækjandi um blindflugsáritun/þyrla skal geta notað ensku við eftirtaldar aðstæður:

a) í flugi:

við talfjarskipti á öllum stigum flugs, þar á meðal við neyðarástand.

[Þetta atriði telst uppfyllt ef umsækjandinn hefur staðist blindflugs- (IR) eða atvinnuflugmanns 1. flokks (ATPL) færnipróf eða hæfnipróf þar sem tvíhliða talstöðvafjarskipti fara fram á ensku.]

b) á jörðu niðri:

varðandi allar upplýsingar sem tengjast framkvæmd flugs, t.d.

– geta lesið og sýnt fram á skilning á tæknihandbókum sem eru skrifaðar á ensku, t.d. flugrekstrarhandbók, flughandbók þyrlu, o.s.frv.

– við gerð flugáætlunar fyrir flug, öflun veðurfrétta, tilkynningar til flugmanna (NOTAMS), gerð flugáætlunar til flugumferðarstjórnar, o.s.frv.

– geta notað öll flugkort fyrir flugleið, brottflug og aðflug og skjöl sem tengjast þeim og eru á ensku.

[Þetta atriði telst uppfyllt ef umsækjandinn hefur útskrifast af blindflugs- (IR) eða atvinnuflugmanns 1. flokks (ATP) námskeiði sem fer fram á ensku eða ef hann hefur staðist bóklega prófið til IR eða ATPL á ensku.]

c) við fjarskipti:

Geta haft samband við aðra í áhöfn á ensku á öllum stigum flugs, þar á meðal við undirbúning flugs.

[Þetta atriði telst uppfyllt ef umsækjandi um eða handhafi IR(H) hefur útskrifast af námskeiði í áhafnarsamstarfi (MCC) sem fer fram á ensku og er handhafi vottorðs um að hafa lokið því námskeiði á fullnægjandi hátt í samræmi við 2. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.250 eða ef hann hefur staðist færnipróf/hæfnipróf sem flugmaður á fjölstjórnarflugvél í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295, þar sem tvíhliða talstöðvafjarskipti og samskipti við aðra áhafnarmeðlimi fara fram á ensku.]

2. [Einnig er hægt að sýna fram á þetta með því að] hafa staðist sérstakt próf haldið af flugmálayfirvöldum eftir að hafa verið á námskeiði sem gerir umsækjanda kleift að uppfylla allar kröfur sem taldar eru upp í a, b og c-liðum 1. tölul. hér á undan.]

[3. Þegar aðferð við próf, sem vísað er til í 1. og 2. lið hér á undan, uppfyllir kröfur um tungumálakunnáttu í 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.010 má nota prófið til að skrá í skírteini tungumálakunnáttu í samræmi við 5. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.005.]

**[1. viðbætir við JAR–FCL 2.205**
**Blindflugsáritun/þyrla (IR(H)) – Áfangaskipt flugnámskeið**

*(Sjá JAR–FCL 2.205)*

1. Markmið áfangaskipts blindflugnámskeiðs/þyrla (IR(H)) er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að fljúga þyrlu eftir blindflugsreglum (IFR) og við blindflugsskilyrði (IMC) í samræmi við ICAO PANS-OPS skjal 8168.

2. Umsækjandi um áfangaskipt blindflugnámskeið/þyrla IR(H) skal vera handhafi einkaflugmanns-skírteinis/þyrla með næturflugsáritun sem gefin er út í samræmi við 4. viðbæti við JAR–FCL 2.125, eða atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1). Umsækjandi skal áður en hann byrjar á blindflugsnámskeiði vera handhafi tegundaráritunar fyrir þá þyrlu sem notuð er við blindflugsfærniprófið (IR(H)), eða hafa lokið viðurkenndu tegundarnámskeiði fyrir þá tegund. Umsækjandi skal vera handhafi vottorðs um að hafa lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi (MCC) með fullnægjandi árangri ef taka á prófið í fjölskipaðri áhöfn.

3. Umsækjandi sem vill taka áfangaskipt blindflugnámskeið/þyrla skal ljúka, undir umsjón skólastjóra samþykkts flugskóla (FTO), öllum stigum náms á einu samfelldu samþykktu þjálfunarnámskeiði sem flugskólinn heldur. Kennsla í bóklegum greinum getur farið fram í viðurkenndum flugskóla (FTO) sem aðeins kennir bóklegar greinar og í því tilviki skal skólastjóri þess skóla hafa umsjón með þeim hluta námskeiðsins.

4. Námskeiði í bóklegum greinum skal lokið innan 18 mánaða. Flugkennslu og færniprófum skal lokið áður en bóklegu prófin sem í gildi eru falla úr gildi, eins og segir í JAR–FCL 2.495.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegum greinum til þeirrar kunnáttu sem krafist er til blindflugsréttinda;

b) blindflugskennslu.

6. Fullnægjandi árangur á bóklegum prófum í 8. lið og færniprófinu í 14. lið uppfyllir kröfur um þekkingu og færni til útgáfu blindflugsáritunar/þyrla IR(H).

BÓKLEGAR GREINAR

7. Námskrá í bóklegum greinum til blindflugsáritunar/þyrla er sett fram í [1. viðbæti við JAR–FCL 2.470.] Á samþykktu áfangaskiptu blindflugsnámskeiði skulu vera minnst 200 kennslutímar (1 tími = 60 mínútna kennsla) og getur efni þeirra verið vinna í kennslustofu, gagnvirkt myndbandsefni, sýning á glærum/segulböndum, einstaklingsverkefni, tölvustudd þjálfun og notkun annarra miðla í viðeigandi hlutföllum að fengnu samþykki flugmálayfirvalda. Einnig má gefa kost á viðurkenndu fjarnámi (bréfaskóla) sem hluta af námskeiðinu að fengnu samþykki flugmálayfirvalda.

PRÓF Í BÓKLEGUM GREINUM

8. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til blindflugsáritunar/þyrla í samræmi við verklagsreglur í J-kafla JAR–FCL.

FLUGÞJÁLFUN

9. Á blindflugsnámskeiði fyrir einshreyfils þyrlu skulu vera minnst 50 blindflugstímar með kennara og þar af:

a) mega allt að 20 tímar vera blindflugstímar á jörðu niðri í flugleiðsöguþjálfa I (FNPT I/þyrla eða FNPT I/flugvél). Í stað þessara 20 tíma í flugleiðsöguþjálfa mega koma 20 tímar með kennara til IR(H) í flugvél sem samþykkt er fyrir þetta námskeið, eða

b) allt að 35 tímar mega vera blindflugstímar á jörðu niðri í þyrlu-flugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III) eða þyrluflughermi.

Blindflugskennslan skal fela í sér minnst 10 tíma í þyrlu sem skráð er fyrir blindflug.

10. Á blindflugsnámskeiði fyrir fjölhreyfla þyrlu skulu vera minnst 55 blindflugstímar með kennara og þar af mega:

a) allt að 20 tímar vera blindflugstímar á jörðu niðri í flugleiðsöguþjálfa I (FNPT I/þyrla eða FNPT I/flugvél). Í stað þessara 20 tíma í flugleiðsöguþjálfa I mega koma 20 tímar með kennara til IR(H) í flugvél sem samþykkt er fyrir þetta námskeið, eða

b) allt að 40 tímar vera blindflugstímar á jörðu niðri í þyrlu-flugleiðsöguþjálfa II/III (FNPT II/III) eða þyrluflughermi.

Blindflugskennslan skal fela í sér minnst 10 tíma í fjölhreyfla þyrlu sem samþykkt er fyrir blindflug.

11. Handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla með næturflugsáritun sem gefin er út í samræmi við 4. viðbæti við JAR–FCL 2.125, eða atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla sem gefið er út í samræmi við ICAO getur fengið þá heildarþjálfun sem krafist er í 9. eða 10. lið stytta um 5 stundir.

12. Flugæfingar til blindflugsfærniprófs/þyrla skulu fela í sér:

a) verklag við undirbúning blindflugs, þar á meðal notkun flughandbókar og viðeigandi skjala flugumferðarþjónustu við undirbúning blindflugsáætlunar;

b) verklag og flugbrögð í blindflugi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður sem að minnsta kosti fela í sér
   - að skipta úr sjónflugi yfir í blindflug við flugtak
   - venjulegt brottflug og komu í blindflugi
   - verklag í blindflugi á flugleið
   - verklag í biðflugi
   - aðflug í blindflugi við tilgreind lágmörk
   - verklag í fráflugi
   - lendingar eftir aðflug í blindflugi, ásamt hringflugsaðflugi;

c) flugbrögð á flugi og sérstaka flugeiginleika þyrlu;

d) Ef um fjölhreyfla þyrlu er að ræða skal fljúga ofangreindar æfingar og þar á meðal að fljúga þyrlunni eingöngu eftir mælitækjum þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur og stöðva og ræsa hreyfil (síðari æfinguna skal gera í öruggri hæð, nema hún sé gerð í flughermi eða flugleiðsöguþjálfa II (FNPT II)).

FÆRNIPRÓF

13. Þegar umsækjandi hefur lokið viðeigandi flugþjálfun og fullnægt kröfum um reynslu eins og um getur í JAR–FCL 2.190 skal hann taka færnipróf í blindflugi á þá þyrlu sem notuð er við þjálfunina í samræmi við 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.210.]

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.210**
**Blindflugsáritun/þyrla – Færnipróf [ ]**

*(Sjá JAR–FCL 2.185 og 2.210)*
*(Sjá IEM FCL 2.210)*

1. Umsækjandi um færnipróf til blindflugsáritunar/þyrla skal hafa hlotið kennslu á þá tegund þyrlu sem nota skal við færniprófið. Þyrlan sem notuð er við færniprófið skal standast þær kröfur til kennsluþyrla sem settar eru fram í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.055.

2. Þau flugmálayfirvöld sem samþykktu þjálfun umsækjanda skulu ákveða með hvaða hætti hæfni umsækjanda til að gangast undir prófið er staðfest, þar með hvernig þjálfunarskýrsla umsækjanda er lögð fyrir prófdómara.

3. Umsækjandi skal standast alla hluta færniprófsins. Falli umsækjandi í fleiri en einum hluta verður hann að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur í einum hluta skal taka þann hluta aftur. Falli umsækjandi í einum hluta upptökuprófs, þar með taldir þeir hlutar sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum hlutum færniprófsins skal lokið innan 6 mánaða.

4. Eftir fall á færniprófi kann að vera þörf á frekari þjálfun. Hafi umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar samkvæmt nánari ákvörðun flugmálayfirvalda. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

FRAMKVÆMD PRÓFS

5. Prófinu er ætlað að líkja eftir raunverulegu flugi. Prófdómari skal velja þá leið sem flogin er. Mikilvægur þáttur er hæfni umsækjanda til að skipuleggja og framkvæma flugið samkvæmt venjubundnum upplýsingagögnum. Umsækjandinn skal gera flugáætlun og tryggja að öll tæki og skjöl sem þarf til flugsins séu um borð. Flugið skal vara minnst eina klukkustund.

6. Flugmálayfirvöld skulu láta prófdómara í té nægar öryggisleiðbeiningar til að tryggja að öryggis sé gætt við prófið.

7. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi af ástæðum sem prófdómari telur ófullnægjandi skal umsækjandinn taka allt færniprófið aftur. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem prófdómarinn telur fullnægjandi, skal við frekara flug aðeins prófa í þeim hlutum sem ekki var lokið.

8. Umsækjandi má, að fengnu leyfi prófdómara, endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Prófdómari má hvenær sem er stöðva prófið sé talið að skortur á flugfærni umsækjanda gefi tilefni til að prófið í heild sé endurtekið.

9. Umsækjandi skal fljúga þyrlunni í sæti þar sem hann getur sinnt öllum störfum flugstjóra og tekið prófið eins og enginn annar flugliði sé viðstaddur. Prófdómarinn skal ekki taka neinn þátt í stjórn þyrlunnar nema þegar afskipta er þörf vegna öryggis eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð. Ef prófdómari eða annar flugmaður starfar sem aðstoðarflugmaður við prófið verða blindflugsréttindin takmörkuð við flug í fjölstjórnar-starfrækslu. [Þessa takmörkun má afnema með því að umsækjandinn gangist undir blindflugsfærnipróf í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.210 í einstjórnarþyrlu og enginn annar flugmaður tekur þátt í að stjórna fluginu. Færnipróf í þessum tilgangi má fara fram í flugþjálfunartæki (FTD) II/III eða flughermi.] Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við innlendar reglur.

10. Umsækjandi tekur ákvörðun um ákvörðunarhæð/ákvörðunarflughæð, lágmarkslækkunarhæð/lágmarks-lækkunarflughæð og fráflugspunkt og skal hún samþykkt af prófdómara.

11. Umsækjandi skal sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk hann hefur innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gerð í samræmi við viðurkenndan gátlista fyrir þá þyrlu sem prófið er tekið á. Við fyrirflugsundirbúning fyrir prófið skal umsækjandi ákveða stillingar á afli og hraða. Afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu skulu reiknaðar úr af umsækjanda samkvæmt því sem upp er gefið í rekstrar- eða flughandbók þeirrar þyrlu sem notuð er. Ákvörðunarhæð/ákvörðunarflughæð, lágmarkslækkunarhæð/lágmarkslækkunarflughæð og fráflugspunktur skulu ákveðin af umsækjanda. Við hæfnipróf til framlengingar eða endurnýjunar blindflugsáritunar í samræmi við a-lið JAR–FCL 2.185 skal umsækjandi sýna þeim prófdómara sem um er að ræða það sama og talið er upp hér á undan.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

12. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

– starfrækt þyrluna innan þeirra takmarkana sem henni eru sett;
– lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni;

- sýnt góða dómgreind og flugmennsku;
- beitt flugþekkingu; og
- alltaf haldið góðri stjórn á þyrlunni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

13. Eftirtalin mörk eru almenn viðmiðunarmörk. Prófdómari skal taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar þyrlu sem notuð er.

| | | |
|---|---|---|
| Hæð | | |
| | almennt | ±100 fet |
| | fráflug hafið í ákvörðunarhæð | +50 fet/–0 fet |
| | lágmarkslækkunarhæð/<br>fráflugshæð (MAP) | +50 fet/–0 fet |
| Ferli haldið | | |
| | eftir aðflugstækjum | ±5° |
| | í nákvæmnisaðflugi | hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli |
| Nefstefna | | |
| | allir hreyflar virkir | ±5° |
| | líkt eftir hreyfilbilun | ±10° |
| Hraði | | |
| | allir hreyflar virkir | ±5 hnútar |
| | líkt eftir hreyfilbilun | +10 hnútar/–5 hnútar |

EFNI PRÓFSINS

14. Við prófið skal nota það efni og þá hluta færniprófs sem kveðið er á um í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.210. Flugmálayfirvöld geta ákveðið snið færniprófsins og umsóknareyðublað fyrir færniprófið (sjá IEM FCL 2.210). [Atriði í c-lið í 2. hluta og 6. hluti færniprófsins mega af öryggisástæðum fara fram í flugþjálfunartæki (FTD) II/III eða flughermi.]

**2. viðbætir við JAR–FCL 2.210**
**Efni færniprófs [ ] til útgáfu blindflugsáritunar/þyrla (IR(H))**

*(Sjá JAR–FCL 2.185 og 2.210)*
*(Sjá IEM FCL 2.210)*

| | |
|---|---|
| **1. HLUTI**<br>**BROTTFLUG** | |
| a | Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi þyrlu |
| b | Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu |
| c | Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn (ATC) og leiðarflugsáætlunar/bókar samkvæmt blindflugsreglum (IFR) og færslur í hana |
| d | Fyrirflugsskoðun |
| e | Veðurlágmörk |
| f | Akstur/loftakstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara |
| g | Kynning fyrir flugtak, verklag og prófanir |
| h | Skipt yfir í blindflug |
| i | Verklag við brottflug samkvæmt blindflugsreglum |
| **2. HLUTI**<br>**ALMENN STJÓRNUN** | |
| a | Stjórnun þyrlunnar eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal: |
| b | Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugum 1. stigs beygjum |
| c | Komist úr óvenjulegri stöðu, þar á meðal viðvarandi beygjum með 30° halla og bröttum lækkunarbeygjum |
| **3. HLUTI**<br>**VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ** | |
| a | Ferli fylgt og komist á feril, t.d. frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) og í svæðisleiðsögu (RNAV) |
| b | Notkun leiðsögutækja |
| c | Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða, stillig afls |
| d | Stilling hæðarmælis |
| e | Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma (ETA) |
| f | Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfa |
| g | Verklag við ísingarvörn, eftirlíkt ef þörf krefur |
| h | Samband við flugumferðarstjórn (ATC) og farið að fyrirmælum, verklag við talfjarskipti (R/T) |

| | |
|---|---|
| **4. HLUTI**<br>**NÁKVÆMNISAÐFLUG** | |
| a | Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja |
| b | Verklag við komu, prófun hæðarmælis |
| c | Aðflugs og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar |
| d* | Verklag við biðflug |
| e | Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt |
| f | Tímasetning aðflugs |
| g | Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug) |
| h* | Hætt við lendingu |
| i* | Verklag við fráflug / lendingu |
| j | Samband við flugumferðarstjórn (ATC) – farið að fyrirmælum, verklag við talfjarskipti (R/T) |
| ** skal fara fram í 4. hluta eða 5. hluta* | |
| **5. HLUTI**<br>**GRUNNAÐFLUG** | |
| a | Stilling, prófun og athugun einkenna leiðsöguvirkja |
| b | Verklag við komu, prófun hæðarmælis |
| c | Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar |
| d* | Verklag við biðflug |
| e | Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt |
| f | Tímasetning aðflugs |
| g | Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug) |
| h* | Hætt við lendingu |
| i* | Verklag við fráflug / lendingu |
| j | Samband við flugumferðarstjórn (ATC),– farið að fyrirmælum, verklag við talfjarskipti (R/T) |
| ** skal fara fram í 4. hluta eða 5. hluta* | |

| | |
|---|---|
| **6. HLUTI**<br>**ÓVENJULEGAR RÁÐSTAFANIR OG NEYÐARRÁÐSTAFANIR** | |
| *Þennan hluta má tengja 1. til og með 5. hluta. Við prófið skal lögð áhersla á stjórnun þyrlunnar, greiningu bilaðs hreyfils, fyrstu viðbrögð, (snertiæfingar), framhaldsaðgerðir og gátun og nákvæmni á flugi við eftirtaldar aðstæður:* | |
| a | Hreyfilbilun eftir flugtak og aðflug* (í öruggri hæð nema notaður sé flughermir eða flugleiðsöguþjálfi (FNPT)II[/III eða flugþálfunartæki (FTD) 2,3)]<br><br>**Aðeins í fjölhreyfla þyrlu* |
| b | Bilun í stöðugleikakerfi/vökvakerfi (ef við á) |
| c | Takmörkuð mælitæki |
| d | Sjálfsnúningur þyrils og komist aftur í fyrirfram ákveðna hæð |
| e | Nákvæmnisaðflug, handvirkt án flugbeinis*<br>Nákvæmnisaðflug, handvirkt með flugbeini*<br><br>**Aðeins skal prófa í öðru hvoru atriðinu* |

**F - KAFLI – TEGUNDARÁRITUN/ÞYRLA**

**JAR–FCL 2.215 Hér á að vera eyða**

**JAR–FCL 2.220 Tegundaráritun/þyrla**

*[ ]*

a) *Viðmið*. Við ákvörðun tegundaráritunar fyrir þyrlur skulu öll eftirfarandi atriði athuguð:

1) tegundarskírteini;

2) stjórnunareiginleikar

3) kröfur um lágmarks flugáhöfn

4) tæknistig.

b) *Aðgreining*. Tegundaráritun fyrir þyrlur skal veitt fyrir hverja einstaka tegund þyrlu

c) *[Listi]* yfir þyrlur:

[(1) Tegundaráritanir fyrir þyrlur eru gefnar út í samræmi við verklag viðkomandi flugmálayfirvalda sem JAA hefur samþykkt. Eigi að skipta yfir í annað afbrigði þyrlu innan sömu tegundaráritunar er krafist mismunar- eða kynningarþjálfunar [ ]
(2) Þyrlur sem ekki eru á lista sem er samkvæmt verklagi flugmálayfirvalda má skrá í JAR–FCL skírteini en réttindin skal takmarka við þyrlur skráðar í útgáfuríki áritunarinnar.**]**

d) Útgáfa, framlenging og endurnýjun tegundaráritunar á þyrilflugur og þyrilflugvélar er að ákvörðun flugmálayfirvalda.

**JAR–FCL 2.225 Aðstæður þegar tegundaráritunar er krafist**

Handhafi flugmannsskírteinis skal ekki með neinum hætti starfa sem flugmaður þyrlu nema sem flugmaður sem er í færniprófi eða fær kennslu hjá kennara, nema handhafinn hafi gilda og viðeigandi tegundaráritun. Þegar gefin er út tegundaráritun sem takmarkar réttindin við störf einungis sem aðstoðarflugmaður, eða við einhverjar aðrar aðstæður sem samþykktar hafa verið af JAA, skulu slíkar takmarkanir skráðar í áritunina.

**JAR–FCL 2.230 Sérstök heimild í stað tegundaráritunar**

Fyrir sérstakt flug sem ekki er tekið gjald fyrir, t.d. flugprófun loftfars, geta flugmálayfirvöld veitt skírteinishafa sérstaka skriflega heimild í stað þess að gefa út tegundaráritun í samræmi við JAR–FCL 2.225. Gildi slíkrar heimildar skal takmarkast við sérstakt verkefni.

**JAR–FCL 2.235 Tegundaráritanir – réttindi, fjöldi og afbrigði**

*[ ]*

a) *Réttindi.* Með fyrirvara um ákvæði í [a-lið JAR–FCL] 2.220 hér á undan hefur handhafi tegundaráritunar réttindi til að starfa sem flugmaður í þeirri tegund loftfars sem tilgreint er í árituninni.

b) *Leyfilegur fjöldi tegundaráritana.* Í JAR–FCL eru engin takmörk fyrir fjölda áritana sem hafa má á hendi samtímis. Í JAR–OPS getur hinsvegar sá fjöldi áritana sem hagnýta má á hverjum tíma verið takmarkaður.

c) *Afbrigði.* Hafi afbrigði ekki verið flogið á næstliðnum 2 árum eftir mismunarþjálfunina er krafist frekari mismunarþjálfunar eða hæfniprófs á afbrigðið.

1) Við mismunarþjálfun er krafist viðbótarkunnáttu og þjálfunar í viðeigandi flugþjálfunartæki eða þyrlu. Mismunarþjálfun skal færð í leiðarflugbók flugmanns, eða jafngilt skjal, og skal það undirritað af tegundarkennara/flugþjálfakennara/þyrla (TRI/SFI(H)) eða flugkennara (FI(H)) eftir því sem við á.

2) Við kynningarþjálfun er þess krafist að aflað sé aukinnar þekkingar.

Mismunarþjálfun skal skal færð í flugdagbók flugmanns, eða jafngilt skjal, og skal það undirritað af tegundarkennara/flugþjálfakennara/þyrla (TRI/SFI(H)) eða flugkennara (FI(H)) eftir því sem við á.

**JAR–FCL 2.240 Tegundaráritun – kröfur**

*(Sjá 1. til 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240)*

a) *Almenn ákvæði.*

1) Umsækjandi um tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlu skal uppfylla kröfur um tegundaráritun sem settar eru fram í JAR–FCL 2.250, 2.261 og 2.262; og

2) umsækjandi um tegundaráritun fyrir einstjórnarþyrlu skal uppfylla ákvæði í JAR–FCL 2.255, 2.261 og a-lið 2.262.

3) Námskeiði til tegundaráritunar, að meðtöldu bóklegu námskeiði, skal lokið á næstliðnum 6 mánuðum fyrir færniprófið.

4) Handhafi blindflugsáritunar fyrir einshreyfils þyrlutegund sem vill fá [í fyrsta sinn útgefna blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla þyrlutegund skal ljúka með fullnægjandi hætti námskeiði í samþykktum flugskóla eða tegundarskóla (FTO/TRTO) sem felur í sér minnst 5 stunda kennslu í blindflugi og af þeim tímum mega þrír tímar vera í flughermi eða flugþjálfunar-

tæki (FTD) 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa (FNPT)II/III ásamt fjölhreyfla færniprófi á viðkomandi tegund samkvæmt 5. hluta í 2. og 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240.]

5) Að ákvörðun flugmálayfirvalda má gefa út flokks- eða tegundaráritun til umsækjanda sem uppfyllir kröfur ríkis utan JAA til þeirrar áritunar, að því tilskildu að uppfylltar séu kröfur JAR–FCL 2.250 eða 2.255, eftir því sem við á. Slík áritun verður takmörkuð við flugvélar skráðar í ríkinu utan JAA eða reknar af flugrekanda í því ríki. Takmörkunin verður afnumin þegar handhafi hefur lokið minnst 500 fartímum sem flugmaður í viðkomandi tegund/flokki og uppfyllt framlengingarkröfur JAR–FCL 2.245.

[6) Tegundaráritun í skírteini sem gefið er út af ríki utan JAA má yfirfæra í JAR–FCL skírteini með fyrirvara um viðeigandi hæfniprófun, að því tilskildu að umsækjandi fljúgi stöðugt og

(i) hafi fyrir einshreyfils þyrlur með hverfihreyfli og einshreyfils þyrlur með bulluhreyfli með hámarks flugtaksmassa ≤ 3175 kg ekki minna en 100 tíma flugreynslu sem flugmaður í viðkomandi tegund, að því tilskyldu að uppfylltar séu kröfur í 2. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.240, 2.250 eða 2.255, eftir því sem við á,

(ii) hafi fyrir allar aðrar þyrlutegundir ekki færri en 350 tíma flugreynslu sem flugmaður á viðkomandi tegund að því tilskyldu að uppfylltar séu kröfur í JAR–FCL 2.250 eða 2.255 eftir því sem við á.

7) Gilda tegundaráritun í skírteini sem gefið er út af aðildarríki JAA má yfirfæra í JAR–FCL skírteini með fyrirvara um að hún sé í gildi sem stendur og síðasta framlenging/ endurnýjun áritunarinnar hafi verið gerð í samræmi við kröfur JAR–FCL 2.250 eða 2.255, eftir því sem við á.]

b) *Færnipróf.*

1) Efni og hlutar færniprófs til áritunar fyrir fjölhreyfla fjölstjórnarþyrlur er eins og kemur fram í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 [og 2.295]; og

2) efni og hlutar færniprófs til áritunar fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur og fyrir einshreyfils þyrlur er eins og kemur fram í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 [og 2.295 og 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240].

Hverju viðeigandi atriði viðkomandi færniprófs skal lokið á fullnægjandi hátt innan næstliðinna sex mánaða fyrir þann dag sem umsókn um áritunina er móttekin.

**JAR–FCL 2.245 Tegundaráritun – gildistími, framlenging og endurnýjun**

*(Sjá 1. til 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240)*

a) *Tegundaráritun, þyrla – Gildistími.* Tegundaráritun fyrir þyrlur gildir í eitt ár frá útgáfudegi, eða þar til áritunin fellur úr gildi ef hún er framlengd á gildistímanum.

b) *Tegundaráritun, þyrla – framlenging.* Til framlengingar á tegundaráritun/þyrla, skal umsækjandinn ljúka:

1) hæfniprófi í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 [og 2.295] á viðeigandi tegund þyrlu innan þriggja næstliðnu mánaða áður en áritunin fellur úr gildi; og

2) minnst 2 tímum sem flugmaður viðeigandi tegundar þyrlu á gildistíma áritunarinnar. [Hæfniprófið má felast í þessum 2 tímum.]

3) Á eins hreyfils þyrlur með bulluhreyfli, eins og taldar eru upp í 3. tölulið b-liðar í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.245, að minnsta kosti hæfnipróf í samræmi við 1. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.245 á einni af viðeigandi tegundum að því tilskildu að umsækjandi hafi lokið minnst 2 fartímum sem flugstjóri á hinum tegundunum á þeim gildistíma sem það hæfnipróf til endurnýjunar skal ná yfir. [Hæfniprófið skal alltaf tekið á þá tegund sem notuð var við síðasta hæfnipróf.

[4) Fyrir einshreyfils þyrlur með hverfihreyfli með hámarks flugtaksmassa ≤ 3175 kg að minnsta kosti hæfniprófi samkvæmt 1. tölulið b-liðar í JAR–FCL 2.245 á eina af þeim tegundum sem hann hefur réttindi á ef hann hefur

i) lokið 300 tímum sem flugstjóri þyrlu og

ii) lokið 15 tímum á allar tegundir sem hæfniprófið skal nægja til að framlengja gildistímann og

iii) uppfyllt minnst kröfur um tvo tíma sem flugstjóri á allar aðrar tegundir meðan þær eru í gildi og sem hæfniprófið skal nægja til að framlengja gildistímann fyrir og;

iv) hæfniprófið skal alltaf tekið á þá tegund sem notuð var í síðasta hæfniprófi nema flugmálayfirvöld hafi gefið einstaklingsbundna skriflega heimild til annars.

5) Framlenging blindflugsáritunar/þyrla (IR(H)), ef umsækjandi er handhafi hennar, skal vera tengd kröfum vegna framlengingar tegundaráritunar í tölul. 1 hér á undan, í samræmi við JAR–FCL 2.246. ]

c) Umsækjandi sem ekki stenst [ ] hæfniprófið fyrir þann dag þegar tegundaráritunin rennur út

skal ekki neyta réttinda þeirrar áritunar [eða áritana sem hæfniprófið felur í sér ] samkvæmt 3. eða 4. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.245 fyrr en nýju hæfniprófi hefur verið lokið [á sömu tegund] með fullnægjandi árangri.

d) Lenging gildistímans eða framlenging áritunar í sérstökum tilvikum:

1) Þegar réttinda tegundar- eða blindflugsáritunar/þyrla er einungis neytt í þyrlu sem skráð er í ríki utan JAA geta flugmálayfirvöld tekið ákvörðun um að lengja gildistíma áritunarinnar eða framlengja áritunina að því tilskildu að kröfur ríkisins utan JAA séu uppfylltar.

2) Þegar réttinda tegundar- eða blindflugsáritunar/þyrla er neytt í JAA-skráðri þyrlu sem rekin er af flugrekanda frá ríki utan JAA samkvæmt ákvæðum síðari hluta 83. greinar í Chicago-sáttmálanum geta flugmálayfirvöld tekið ákvörðun um að lengja gildistíma áritunarinnar eða framlengja áritunina að því tilskildu að kröfur ríkisins utan JAA séu uppfylltar.

3) Allar framlengdar áritanir eða þær sem hafa fengið lengdan gildistíma samkvæmt ákvæðum í 1. og 2. JAR tölul. hér á undan skulu framlengdar í samræmi við b-lið JAR–FCL 2.245 og ef við á, -FCL 2.185 áður en réttindanna er neytt í þyrlum sem skráðar eru og reknar af flugrekanda í aðildarríki JAA.

4) Áritun gefin út og notuð í ríki utan JAA má vera í JAR–FCL skírteini að ákvörðun flugmálayfirvalda að því tilskildu að kröfur ríkisins utan JAA séu uppfylltar og áritunin sé takmörkuð við þyrlur skráðar í eða reknar af flugrekanda í ríkinu utan JAA.

e) *Útrunnar áritanir.* Ef tegundaráritun er útrunnin skal umsækjandinn uppfylla allar kröfur um upprifjunarþjálfun sem ákveðnar eru af flugmálayfirvöldum og ljúka hæfniprófi í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 í viðeigandi tegund af þyrlu. Áritunin gildir frá þeim degi sem lokið er við að uppfylla kröfurnar til endurnýjunar.

[f) Samræmi við JAR–OPS. Kröfur varðandi framlengingu í b-lið í JAR–FCL 2.245 teljast vera uppfylltar þegar umsækjandi sem starfar samkvæmt JAR–OPS 3 uppfyllir kröfur varðandi hæfnipróf flugrekanda í JAR–OPS 3.965 ef flugrekandinn sýnir flugmálayfirvöldum fram á að skylduprófatriði í 2. eða 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240 hafi verið framkvæmd samkvæmt 2. tölulið a-liðar JAR–OPS 1.965 á 12 mánaða tímabilinu fyrir framlenginguna. Til þess að svo sé skal hæfnipróf flugrekanda fara fram á síðustu 3 mánuðum áður en áritunin fellur úr gildi.]

**[JAR–FCL 2.246 Blindflugsáritun, framlenging og endurnýjun**

a) *Framlenging.*

1) Blindflugsáritun á þyrlu (IR(H)) skal framlengja á þremur síðustu mánuðum áður en áritunin fellur úr gildi. Alltaf, ef unnt er, skal hæfnipróf vegna framlengingar blindflugsáritunar á þyrlu fara fram um leið og hæfnipróf vegna framlengingar tegundaráritunar. Umsækjandi um framlengingu blindflugsáritunar á þyrlu skal þegar hæfniprófið fer fram um leið og hæfniprófið fyrir tegundaráritun ljúka hæfniprófi samkvæmt 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295 eða 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240.

2) Umsækjandi um framlengingu blindflugsáritunar á þyrlu skal, þegar hæfniprófið fer ekki fram um leið og hæfnipróf til framlengingar á tegundaráritun, annaðhvort

i) ljúka hluta 5 og viðeigandi liðum í hluta 1 í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240 eða

ii) ljúka hluta 5 og viðeigandi liðum í hluta 1 í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295.

Nota má flugþjálfunartæki (FTD) II/III eða flughermi, en minnst annað hvert hæfnipróf til framlengingar blindflugsáritunar á þyrlu þegar þannig er háttað skal fara fram í þyrlu.

3) Þessi liður er í vinnslu

4) Umsækjandi sem ekki stenst blindflugshæfnipróf samkvæmt 1. eða 2. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.246 áður en blindflugsáritunin fellur úr gildi skal ekki neyta blindflugsréttinda í viðkomandi þyrlutegund fyrr en hæfniprófi er lokið með fullnægjandi árangri.

b) *Endurnýjun (sjá einnig c-lið JAR–FCL 2.185.*

1) Ef blindflugsáritun á þyrlu fellur úr gildi skal umsækjandi:

i) Fara í alla þá upprifjunarþjálfun og viðbótarþjálfun sem flugmálayfirvöld ákveða og

ii) ljúka hæfniprófi samkvæmt 1. eða 2. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.246.]

**JAR–FCL 2.250 Tegundaráritun, fjölstjórnarþyrlur – skilyrði**

*(Sjá JAR–FCL 2.285)*
*(Sjá JAR–FCL 2.150)*
*(Sjá d-lið AMC FCL 2.261))*
*(Sjá d-lið í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.261)]*

a) *Forsendur þjálfunar*: Umsækjandi um [námskeið fyrir] fyrstu tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlu skal:

1) hafa minnst [70] fartíma sem flugstjóri þyrla, [nema ef umsækjandi um fjölstjórnar-tegundaráritun sem útskrifast af samtvinn-uðum námskeiðum til [ atvinnuflugmanns-skírteinis 1. flokks/þyrla með blindflugs-áritun(ATPL(H)/IR), atvinnuflugmanns-skírteinis 1. flokks/þyrla (ATPL(H)), atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla með blind-flugsáritun (CPL(H)/IR) eða] atvinnu-flugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) sem hefur minna en 70 tíma sem flugstjóri í þyrlum, þá skal tegundaráritunin takmarkast við réttindi aðstoðarflugmanns. Til að fjarlægja þessa takmörkun skal umsækjandinn

i) hafa lokið 70 tímum sem flugstjóri eða flugstjóri undir umsjón (PICUS) í þyrlum; og

ii) hafa staðist fjölstjórnarfærnipróf í viðeigandi tegund þyrlu sem flugstjóri samkvæmt b-lið JAR–FCL 2.262;]

og

2) i) hafa vottorð um að hafa á fullnægjandi hátt lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi (MCC). Ef fyrirhugað er að bæta námskeiðinu í áhafnarsamstarfi við tegundar-áritunarnámskeiðið (sjá JAR–FCL 2.261 og 2.262 og d-lið AMC FCL 2.261 og [ d-lið í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.261]), á þessi krafa ekki við; og

[ii) umsækjendur sem hafa minnst 500 tíma reynslu sem flugmenn í fjölskipaðri áhöfn, sem samþykkt er af flugmálayfirvöldum í einstjórnar fjölhreyfla þyrlum, teljast uppfylla kröfur um námskeið í áhafnarsamvinnu (MCC)]; og

3) [uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.285 sem á við atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla (ATPL (H)).] [ ]

b) Sú þekking sem gert er ráð fyrir hjá handhöfum einkaflugmannsskírteinis/þyrla eða atvinnu-flugmannsskírteinis/þyrla og tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlur, sem gefin eru út samkvæmt öðrum reglum en JAR–FCL, getur ekki komið í stað þess að uppfylla kröfurnar í 3. tölul. hér á undan.

**JAR–FCL 2.255 Tegundaráritun, einstjórnarþyrla – skilyrði**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.255)*

[*Forsendur fyrir þjálfun:* Umsækjandi um fyrstu tegundaráritun fyrir fjölhreyfla þyrlu skal:

a) vera handhafi vottorðs um að hann hafi á full-nægjandi hátt lokið aðgangsnámskeiði í sam-ræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.255 sem haldið skal af samþykktum flugskóla (FTO) eða tegundarskóla (TRTO) eða hafa staðist minnst próf í bókegri þekkingu til atvinnu-flugmannsskírteinis 1. fl./þyrla (ATPL(H)) í samræmi við a-lið JAR–FCL 2.470; og

b) hafa flogið minnst 70 fartíma sem flugstjóri þyrla ef umsækjandinn hefur ekki setið og lokið samtvinnuðu flugþjálfunarnásmkeiði fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla með blindflugsáritun(ATPL(H)/IR), atvinnu-flugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) eða atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla með blindflugsáritun (CPL(H)/IR).

c) að vera handhafi vottorðs um að hafa á full-nægjandi hátt lokið forþjálfunarnámskeiði í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.255 skal ekki koma í stað þess að uppfylla b-lið JAR–FCL 2.285 til veitingar atvinnuflug-mannsskírteinis 1. flokks/þyrla (ATPL(H)).]

**JAR–FCL 2.260 Hér á að vera eyða**

**JAR–FCL 2.261 Tegundaráritun – þekking og flugkennsla**

*(Sjá 1. viðbæti við a-lið JAR–FCL 2.261 og a-lið AMC FCL 2.261))*
*(Sjá 1.og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 & 2.295 og 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240)*
*(Sjá 2. viðbæti við JAR–FCL 2.055)*
*(Sjá 2. tölulið c-liðar AMC FCL 2.261))*
*[(Sjá d-lið AMC FCL 2.261))*
*(Sjá b-lið 1. viðbætis við JAR–FCL 2.261)*
*(Sjá d-lið 1. viðbætis b við d-lið JAR–FCL 2.261)]*

a) *Kennsla í bóklegum greinum og prófkröfur.* Umsækjandi um tegundaráritun fyrir eins-hreyfils eða fjölhreyfla þyrlur skal hafa lokið því námi í bóklegum greinum sem krafist er (sjá a-lið í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.261 og a-lið í AMC FCL 2.261) og sýnt fram á að hann hafi þá þekkingu sem þarf til að starfrækja örugglega viðeigandi þyrlutegund.

[Umsækjandi sem er handhafi tegundaráritunar á þyrlu og prófið hefur verið framkvæmt annaðhvort í einstjórnar- eða í fjölstjórnar-umhverfi skal teljast uppfylla bóklegar kröfur ef hann sækir um fleiri áritanir fyrir sömu þyrlutegund ef prófið er framkvæmt í öðru starfræksluumhverfi en áður.]

b) *Flugkennsla.*

1) Umsækjandi um tegundaráritun fyrir einshreyfils og fjölhreyfla einstjórnarþyrlur skal hafa lokið flugnámskeiði sem tengist færniprófi til tegundaráritunar (sjá 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240).

2) Umsækjandi um tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlur skal hafa lokið flugnámskeiði sem tengist færniprófi til tegundaráritunar (sjá 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240).

c) *Námskeið.*

1) Námskeið í ofangreindu skyni skulu haldin af samþykktum flugskóla (FTO) eða tegundarskóla (TRTO). Námskeið má einnig halda hjá þjálfunarstöð flugrekanda, undirverktaka hans eða framleiðanda, eða, í sérstökum tilvikum, af kennara sem hefur til þess heimild sem einstaklingur.

2) Þessi námskeið skulu samþykkt af flugmálayfirvöldum (sjá AMC FCL 2.26 (C)(2)) og slíkir skólar skulu uppfylla viðeigandi kröfur í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.055 svo sem ákveðið er af flugmálayfirvöldum.

d) *Þjálfun í áhafnarsamstarfi (MCC)* (sjá einnig 2. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.250).

1) Tilgangur námskeiðsins er að veita þjálfun í áhafnarsamstarfi í tveimur tilvikum:

i) fyrir nemendur sem eru á samtvinnuðu námskeiði til 1. flokks atvinnuflugmannsskírteinis, í samræmi við markmið slíks námskeiðs (sjá 1. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 og 2.165 og [2. tölulið a-liðar 1. viðbætis við JAR–FCL 2.160 og 2.165).

ii) fyrir handhafa [einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H))] og atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla (CPL(H)) sem ekki hafa útskrifast af samtvinnuðu atvinnuflugmanns 1. flokks (ATPL) námskeiði en vilja fá fyrstu tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlu (sjá 2. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.250).

2) Á námskeiði í áhafnarsamstarfi skal vera minnst

i) fyrir námskeið í áhafnarsamstarfi [í blindflugi (MCC/IR)]: 25 tíma kennsla og æfingar í bóklegum greinum og 20 tíma þjálfun í áhafnarsamstarfi. Nemendur sem taka þátt í samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis [1. flokks með blindflugsáritun (ATPL(H)/IR)] geta fengið verklega þjálfun stytta um 5 tíma.

[ii) fyrir námskeið í áhafnarsamstarf í sjónflugi (MCC/VFR): 25 tíma kennsla og æfingar í bóklegum greinum og 15 tíma þjálfun í áhafnarsamstarfi. Nemendur sem taka þátt í samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL(H)) geta fengið verklega þjálfun stytta um 5 tíma.]

Ef mögulegt er skal tengja þjálfunina í áhafnarsamstarfi námskeiði til fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlur.

3) Þjálfun í áhafnarsamstarfi skal ljúka innan sex mánaða, annaðhvort undir eftirliti skólastjóra samþykkts flugskóla eða samþykkts tegundarskóla eða á samþykktu námskeiði sem haldið er af flugrekanda. Námskeið sem haldið er af flugrekanda skal uppfylla viðeigandi kröfur í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.055, svo sem ákveðið er af flugmálayfirvöldum. Frekari upplýsingar um þjálfun í áhafnarsamstarfi sjá [ d-lið í 1. viðbæti við JAR FCL 2.261 og d-lið AMC ] FCL 2.261. Nota skal MCC samþykkta flugleiðsöguþjálfa II, III (FNPT II, III), fluþjálfunartæki (FTD) 2,3 eða flughermi. [Ef mögulegt er skal þjálfun í áhafnarsamstarfi tengjast þjálfun til fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlu, og í því tilviki má stytta þjálfun í áhafnarsamstarfi í ekki minna en 10 tíma fyrir MCC í blindflugi og ekki minn en 7 tíma fyrir MCC í sjónflugi ef sami flughermir er notaður bæði við þjálfun í áhafnarsamstarfi og til tegundaráritunar.]

### JAR–FCL 2.262 Tegundaráritanir – færni

*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295)*
*(Sjá 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240)*

a) *Færnipróf fyrir einstjórnarþyrlu.* Umsækjandi um tegundaráritun fyrir einstjórnarþyrlu skal hafa sýnt fram á þá færni sem krafist er til að starfrækja örugglega viðeigandi tegund þyrlu eins og kveðið er á um í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og [ 2.295 og í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240].

b) *Færnipróf fyrir fjölstjórnarþyrlu.* Umsækjandi um tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlu skal hafa sýnt fram á þá færni sem krafist er til að starfrækja örugglega viðeigandi tegund þyrlu í áhafnarsamstarfi, sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður eftir því sem við á, eins og kveðið er á um í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295.

c) *Áhafnarsamstarf.* Við lok þjálfunar í áhafnarsamstarfi (MCC) skal umsækjandinn annaðhvort sýna fram á hæfni til að starfa sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum með því að standast færnipróf til tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlur eins og kveðið er á um í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 [og 2.295] eða hann skal fá vottorð um að hann hafi lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi eins og sýnt er í 1. viðbæti við AMC FCL 2.261 (d).

[ ]

**[1. viðbætir við JAR–FCL 2.240 og 2.295**
**Færnipróf og hæfnipróf til tegundaráritunar/þyrla og atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL) ásamt hæfniprófi fyrir blindflugsáritun.**

*(Sjá JAR–FCL 2.240 til 2.262 og 2.295)*
*(Sjá a-lið AMC FCL 2.261)*
*(Sjá a-lið 1. viðbætis við JAR–FCL 2.261)*

1. Umsækjandinn skal hafa lokið því námi sem krafist er í samræmi við námskrána (sjá einnig a-lið 1. viðbætis við JAR–FCL 2.261 og 2. og 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240). Stytta má námskrána og meta fyrri reynslu á svipaðar þyrlutegundir þegar sameiginleg matsnefnd JAA í flugrekstrarmálum (JOEB) mælir með því og JAA samþykkir það. Flugmálayfirvöld skulu ákveða með hvaða hætti hæfni umsækjanda til að gangast undir prófið er staðfest, þar með hvernig þjálfunarskýrsla umsækjanda er lögð fyrir prófdómara.

2. Færnipróf/hæfnipróf skulu taka til þeirra atriða sem talin eru upp í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.2.95 og 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240**.** Í samræmi við sameiginlega matsnefnd JAA í flugrekstrarmálum (JOEB) og ef flugmálayfirvöld samþykkja má meta sömu prófatriði sem flugmaður hefur tekið á aðrar tegundir eða tegundar-afbrigði ef hann hefur reynslu sem flugmaður á þær tegundir. Þetta má þó ekki í færniprófi fyrir atvinnuflugmanns-skírteini 1. flokks (ATPL). Að fengnu samþykki flugmálayfirvalda má þróa nokkrar mismunandi útgáfur færni-prófa/hæfniprófa þar sem líkt er eftir flugi á flugleiðum. Prófdómari skal velja eina af þessum útgáfum. Nota skal flugherma, séu þeir tiltækir, og annan þjálfunarbúnað eftir því sem samþykkt hefur verið. Tegundaráritunarhlutinn og blindflugshlutinn teljast tvö mismundandi próf í sjónflugi og blindflugi og fall í öðrum hlutanum í færni/hæfniprófi skal ekki hafa áhrif á gildi hins hlutans.

3. Umsækjandi um færnipróf fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokk, færni- og hæfnipróf fyrir tegundaráritun á þyrlu ásamt hæfniprófi fyrir blindflugsáritun skal uppfylla viðkomandi kröfur eins og hér segir:

a) Fyrir tegundaráritun eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokk (ATPL) á fjölstjórnarþyrlur (MPH): Umsækjand-inn skal standast hluta 1 til 4 og hluta 6 (ef við á) af hæfniprófinu í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295. Falli umsækjandi í fleiri en 5 atriðum verður hann að taka allt færni/hæfniprófið aftur. Umsækjandi sem fellur í 5 atriðum eða færri verður að taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þar með talin þau atriði sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum hlutum hæfni/færniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

b) Fyrir tegundaráritun á einstjórnarþyrlur (SPH): Umsækjandinn skal standast hluta 1 og 4 og hluta 6 (ef við á) í færniprófis/hæfniprófi í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240. Falli umsækjandi í fleiri en 5 atriðum verður hann að taka allt færni/hæfniprófið aftur. Falli umsækjandi í 5 atriðum eða færri skal hann taka þau atriði aftur. Falli umsækjandi í einhverjum atriðum upptökuprófs, þar með taldið í þeim atriðum sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum hlutum færni/hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

c) Fyrir blindflugsáritun:

i) Standast hluta 5 í hæfniprófinu annaðhvort í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295 eða 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240. Falli umsækjandi í fleiri en 3 atriðum verður hann að taka allt hæfniprófið aftur. Falli umsækjandi í 3 atriðum eða færri skal hann taka þau atriði aftur. Falli umsækjandi í einhverjum atriðum upptökuprófs, þar með taldið í þeim atriðum sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur.

ii) ef sótt er um viðbótarheimild fyrir blindflugsaðflug niður í minni ákvörðunarhæð en 60m/200 fet (CAT II/III) skal umsækjandinn standast atriðin í 4. viðbæti við JAR–FCL 2.240 á viðkomandi tegund.

4. Eftir fall á færniprófi/hæfniprófi kann að vera gerð krafa um frekari þjálfun. Hafi umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir skal krefjast frekari þjálfunar samkvæmt nánari ákvörðun prófdómara. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi/hæfniprófi.

FRAMKVÆMD PRÓFS – ALMENNT

5. Flugmálayfirvöld skulu láta prófdómara í té nægar öryggisleiðbeiningar til að tryggja að öryggis sé gætt við færni/hæfniprófið.

6. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi/hæfniprófi af ástæðum sem prófdómari telur ófullnægjandi skal litið svo á að hann hafi fallið í þeim atriðum sem hann hefur ekki reynt að taka. Ef hætt er í prófi af ástæðum sem prófdómari telur fullnægjandi, skal við frekara flug aðeins prófa í þeim atriðum sem ekki var lokið.

7. Umsækjandi má, að fengnu leyfi prófdómara, endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð færniprófs/hæfniprófs einu sinni. Prófdómari getur hvenær sem er stöðvað prófið ef hann telur að skortur á flugfærni umsækjanda gefi tilefni til að prófið í heild sé endurtekið.

8. Prófunum og verklagi skal lokið samkvæmt viðurkenndum gátlista fyrir þyrluna sem notuð er við færniprófið/hæfniprófið og, ef við á, samkvæmt reglum um áhafnarsamstarf. Gögn um afkastagetu við flugtak, aðflug og lendingu skulu reiknuð út af umsækjanda samkvæmt flugrekstrarhandbók eða flughandbók fyrir þyrluna sem notuð er. Ef blindflugshluta færni/hæfniprófs er lokið skal ákvörðunarhæð/ákvörðunarflughæð, lágmarks lækkunarhæð/lágmarkslækkunarflughæð og fráflugspunktur ákveðin af umsækjanda. Fyrir blindflugshæfnipróf skal flugið fara fram við raunveruleg eða eftirlíkt blindflugsskilyrði (IMC) og farið eftir blindflugreglum (IFR).

SÉRSTAKAR KRÖFUR VARÐANDI FÆRNIPRÓF/HÆFNIPRÓF FYRIR TEGUNDARÁRITUN Á FJÖLSTJÓRNARÞYRLU OG FÆRNIPRÓF TIL ATVINNUFLUGMANNSSKÍRTEINIS 1. FLOKKS/ÞYRLA (ATPL(H)).]

9. Færnipróf/hæfnipróf fyrir fjölstjórnarflugvél skal fara fram í fjölstjórnarumhverfi. Annar umsækjandi eða annar flugmaður má taka að sér hlutverk aðstoðarflugmanns. Ef flugvél, en ekki flugþjálfi, er notuð við prófið skal annar flugmaður vera kennari. **[ ]**

10. Umsækjandi [ ]skal starfa sem „flugmaður við stjórn“ (PF) á öllum stigum færniprófsins/hæfniprófsins [nema við eðlilegar og óeðlilegar aðstæður í atriði [3 til 3.15] [] og við óeðlegar aðstæður og neyðarástand frá atriði 4 til 4.7] [ ] sem má framkvæma sem flugmaður við stjórn (PF) eða flugmaður sem er ekki við stjórn (PNF) í áhafnarsamstarfi (samkvæmt 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295). Auk þess skal umsækjandi um fyrstu útgáfu tegundaráritunar á fjölstjórnarflugvél eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks (ATPL (H)) sýna fram á hæfni sína til að starfa sem „flugmaður sem ekki er við stjórn“ (PNF). Umsækjandinn má velja um að sitja í vinstra eða hægra sæti við prófið [ ].

11. Þegar umsækjendur gangast undir færnipróf/hæfnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks eða tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarflugvélar sem nær til starfa flugstjóra skulu þeir prófaðir sérstaklega í eftirtöldum þáttum, án tillits til þess hvort umsækjandinn gegnir hlutverki flugmanns við stjórn eða ekki við stjórn (PF eða PNF):

a) að stjórna áhafnarsamstarfi;

b) að halda almennri yfirsýn með starfrækslu flugvélarinnar með viðeigandi eftirliti; og

c) að ákveða forgangsröð og taka ákvarðanir í samræmi við öryggissjónarmið og viðeigandi reglur og reglugerðir sem eiga við aðstæður í fluginu hverju sinni, þar með talið neyðarástand.

12. Færniprófið/hæfniprófið skal fara fram samkvæmt blindflugsreglum og, eftir því sem frekast er unnt í umhverfi sem á að líkjast flutningaflugi. Mikilvægur þáttur er að geta gert flugáætlun og stjórnað fluginu eftir venjubundnu upplýsingaefni.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

13 Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

a) starfrækt flugvélina innan þeirra takmarkana sem henni eru sett;

b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni;

c) sýnt góða dómgreind og flugmennsku;

d) beitt flugkunnáttu;

e) alltaf haldið góðri stjórn á flugvélinni með þeim hætti að aldrei verði efast um að verklag eða flugbragð beri góðan árangur;

f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða, ef við á; og

g) haft skilvirk samskipti við aðra í áhöfn; ef við á.

14. Eftirtalin mörk eru almenn viðmiðunarmörk. Prófdómari skal taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar flugvélar sem notuð er.

Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum;

Hæð

| | |
|---|---|
| almennt | ±100 fet |
| fráflug hafið í ákvörðunarhæð/ákvörðunarflughæð | +50 fet/–0 fet |
| lágmarks lækkunarhæð/lækkunarflughæð | +50 fet/–0 fet |

| | |
|---|---|
| Ferli haldið (Tracking) | |
| með aðflugstækjum | ±5° |
| í nákvæmnisaðflugi | hálft frávik á skala<br>á miðlínugeisla og hallageisla |
| Nefstefna | |
| allir hreyflar virkir | ±5° |
| líkt eftir hreyfilbilun | ±10° |
| Hraði | |
| almennt | [±10] hnútar |
| líkt eftir hreyfilbilun | +10 hnútar/–5 hnútar |
| [Takmarkanir í sjónflugi | |
| Hæð | |
| almennt | ±100 fet |
| Nefstefna | |
| allir hreyflar virkir | ±5° |
| líkt eftir hreyfilbilun | ±10° |
| Hraði | |
| almennt | ±10 hnútar |
| líkt eftir hreyfilbilun | +10 hnútar/–5 hnútar |
| Rek miðað við jörð | |
| vokað í jarðhrifum í flugtaki | ±3 fet |
| lending | ±2 fet (0 fet í flugi afturábak eða til hliðar) |

EFNI FÆRNI/HÆFNIPRÓFS

15 Efni og hlutar færni/hæfniprófs fyrir fjölstjórnarþyrlur og atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks er í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295. Efni færni/hæfniprófs fyrir einstjórnarþyrlur er í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240. Þeir umsækjendur sem óska eftir því að taka blindflugsprófið (IR(H)) samtímis skulu ljúka hluta 5 í viðeigandi viðbæti. Flugmálayfirvöld ákveða hvernig umsóknareyðublað skuli nota í færniprófinu.]

**2. viðbætir við JAR–FCL 2.240 og 2.295**
**[Efni færni- og hæfniprófs fyrir tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu og skírteinis atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL) ásamt hæfniprófi fyrir blindflugsáritun]**

*(Sjá JAR–FCL 2.240 til og með 2.262 og JAR–FCL 2.295)*

1. Eftirtalin tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn (PF) og flugmaður ekki við stjórn (PNF) til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.**[]**

2. Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin ( ---> ) sýnir.

3. Eftirtaldar skammstafnir eru notaðar til að tákna þau þjálfunartæki sem notuð eru:

FS = flughermir
FTD = flugþjálfunartæki
H**[]** = þyrla**[]**

3.1 [a) Umsækjendur um færnipróf til útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlu og skírteini atvinnuflugmanns 1. flokks (ATPL) skulu taka hluta 1 til 4 og ef við á hluta 6.

b) Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu skulu taka hluta 1 til 4 og ef við á hluta 6.]

3.2 Verklag við blindflug **[**(5]. **[]** hluti) skal einungis fara fram ef umsækjandi vill endurnýja eða framlengja blindflugsáritun eða útvíkka réttindi þeirrar áritunar til annarrar [tegundar fjölstjórnarþyrlu].

3.3 Stjörnumerkt atriði (*) skulu einungis fara fram við raunveruleg eða eftirlíkt blindflugsskilyrði (IMC) ef umsækjandi vill endurnýja eða framlengja blindflugsáritun fyrir fjölstjórnarþyrlu eða útvíkka réttindi þeirrar áritunar til annarrar tegundar.

[ ]

4. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf/hæfnipróf er skyldubundin.

5. Nota skal flughermi við verklega þjálfun **[**og próf **]**ef flughermirinn er hluti af samþykktu tegundaráritunarnámskeiði. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

a) tæknilýsing flughermisins eins og kveðið er á um í JAR–STD;
b) starfsréttindi kennara [ ];
c) hversu mikla þjálfun námskeiðið veitir í flugi á flugleiðum**[]**;
d) starfsréttindi og sú reynsla sem flugmaðurinn sem er í þjálfun hefur af flugi á flugleiðum; og
e) hversu mikla reynslu flugmaðurinn fær í flugi á flugleiðum undir umsjón eftir að nýja tegundaráritunin er gefin út.

| [ | | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNIPRÓF/HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Flugbrögð/Verklag**<br>(að meðtöldu áhafnarsamstarfi (MCC) ) | | Þjálfað í | | | | Upph.stafir kennara þegar þjálf-un er lokið | Prófað í | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| | | **[ ]** | **FTD** | **FS** | **H** | | **FTD, FS, H** | |
| **1. HLUTI Undirbúningur og prófanir fyrir flug** | | | | | | | | |
| 1.1 | Þyrla skoðuð að utan; stað-setning hvers hlutar og markmið skoðunar | | | | P | | M | |
| 1.2 | Skoðun stjórnklefa | | | P | ---> | | M | |
| 1.3 | Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögu-búnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti | | P | ---> | ---> | | M | |
| 1.4 | Akstur/loftakstur samkvæmt [leiðbeiningum] flugumferðar-stjórnar eða kennara | | | P | ---> | | M | |
| 1.5 | Verklag og pófanir fyrir flugtak | | P | ---> | ---> | | M | |
| **2. HLUTI Aðgerðir og verklag í flugi** | | | | | | | | |
| 2.1 | Flugtök(með ýmsu sniði) | | | P | ---> | | [M] | |
| 2.2 | Flugtak [og lending í halla | | | P | ---> | | | |
| 2.3 | Flugtak með hámarks flugtaks-massa (raunverulegur eða eftir-líktur hámarks flugtaksmassi) | | P | ---> | ---> | | | |
| 2.4.1 | Flugtök með eftirlíktri hreyfil-bilum rétt áður en (TDP) eða öryggismörkum eftir flugtak (DPAT) er náð | | | P | ---> | | M | |
| 2.4.2 | skömmu eftir að TDP eða DPAT er náð | | | P | ---> | | M | |
| [2.5 | Beygjur í klifri og lækkun í ákveðna stefnu | | P | ---> | ---> | | | |
| 2.5.1 | Beygjur með 30° halla, 180° til 360° til vinstri og til hægri þegar einungis er stýrt eftir mælitækjum | | P | ---> | ---> | | M | |
| 2.6 | Lækkun með sjálfsnúningi þyrils | | P | ---> | ---> | | M | |
| 2.6.1 | Lækkun með sjálfsnúningi þyrils eða afl endurheimt | | | P | ---> | | M | |
| 2.7 | Lendingar (með ýmsu sniði) | | | P | ---> | | M | |
| 2.7.1 | Hætt við lendingu eða lending eftir eftirlíkta hreyfilbilun fyrir LDP eða DPBL | | | P | ---> | | M | |
| 2.7.2 | Lending eftir eftirlíkta hreyfil-bilum eftir LDP eða DPBL] | | | P | ---> | | M | |
| **[3. HLUTI Verklag við eðlilega og óeðlilega virkni eftirfarandi kerfa:** | | | | | | | | |
| 3 | Verklag við eðlilega og óeðlilega virkni eftirfarandi kerfa:] | | | | | | M | Skylt er að velja minnst 3 atriði í þessum hluta |
| 3.1 | Hreyfill | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.2 | Loftkerfi (hitun, loftræsting) | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.3 | Hraðanemakerfi (Pitot-static) | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.4 | Eldsneytiskerfi | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.5 | Rafkerfi | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.6 | Vökvakerfi | | P | ---> | ---> | | | |

| | | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNIPRÓF/HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Flugbrögð/Verklag** (að meðtöldu áhafnarsamstarfi (MCC)) | | Þjálfað í | | | | Upph.stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| | | **[]** | **FTD** | **FS** | **H** | | **FS, H** | |
| [3.7 | Stýri og stýrisstillar] | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.8 | Ísingarvarnar- og afísingarkerfi | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.9 | Sjálfstýring/Flugbeinir | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.10 | Stöðugleikabúnaður | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.11 | Veðurratsjá, radíóhæðarmælir, ratsjársvari | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.12 | Svæðisleiðsögukerfi | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.13 | Lendingarbúnaður | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.14 | [Aukaflstöð] | | P | ---> | ---> | | | |
| 3.15] | Radíó, leiðsögubúnaður, blindflugsstýrikerfi | | P | ---> | ---> | | | |
| **4. Hluti Óvenjulegar ráðstafanir og neyðarráðstafanir** | | | | | | | | |
| [4 | Óvenjulegar ráðstafanir og neyðarráðstafanir | | | | | | M | Skylt er að velja minnst þrjú atriði í þessum hluta |
| 4.1 | Brunaæfingar (þar á meðal rýming, ef við á) | | P | ---> | ---> | | | |
| 4.2 | Reykhindrun og reykræsting | | P | ---> | ---> | | | |
| 4.3 | Hreyfilbilanir, hreyfill stöðvaður og endurræstur í öruggri hæð | | P | ---> | ---> | | | |
| 4.4 | [Losun eldsneytis (eftirlíkt)] | | P | ---> | ---> | | | |
| 4.5 | Bilun í stjórnbúnaði stélþyrils (ef við á) | | P | ---> | ---> | | | |
| 4.5.1 | Stélþyrill óvirkur | | P | ---> | Ekki skal nota þyrlu við þessa æfingu | | | |
| 4.6 | Flugverji óstarfhæfur | | P | ---> | ---> | | | |
| 4.7 | Bilanar í gírkassa | | P | ---> | ---> | | | |
| 4.8] | Aðrar neyðarráðstafanir eins og lýst er í viðeigandi flughandbók | | P | ---> | ---> | | | |
| **[5. HLUTI Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða eftirlíkt blindflugsskilyrði)]** | | | | | | | | |
| 5.1 | Flugtak í blindflugi: Skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak | | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.1.1 | Eftirlíkt hreyfilbilum í brottflugi | | P* | --->* | --->* | | M* | |
| 5.2 | Fylgja brottfarar- og komuleiðum samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar | | P* | --->* | --->* | | M* | |
| 5.3 | Verklag í biðflugi | | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.4 | Blindlendingaraðflug (ILS) niður í ákvörðunarhæð CAT 1 | | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.4.1 | handvirkt, án flugbeinis | | P* | --->* | --->* | | M* (aðeins í færniprófi) | |
| 5.4.2 | handvirkt, með flugbeini | | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.4.3 | með sjálfstýringu tengda | | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.4.4 | handvirkt líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í loka- | | P* | --->* | --->* | | M* | |

| Flugbrögð/Verklag<br>(að meðtöldu áhafnarsamstarfi (MCC)) | | VERKLEG ÞJÁLFUN<br>Þjálfað í | | | | Upph.stafir kennara þegar þjálfun er lokið | FÆRNIPRÓF/HÆFNIPRÓF<br>Prófað í | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **[]** | **FTD** | **FS** | **H** | | **FS, H** | |
| | aðflugi áður en farið er yfir ytri markvita (OM) til snertipunkts eða í öllu fráfluginu | | | | | | | |
| 5.5 | Aðflug (ekki nákvæmnis) niður í lágmarkslækkunarhæð MDA/MDH | | P* | --->* | --->* | | M* | |
| 5.6 | Fráflug með alla hreyfla virka í ákvörðunarhæð (DH) eða lágmarkslækkunarhæð MDA/MDH | | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.6.1 | Annað verklag við fráflug | | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.6.2 | Hætt við lendingu á ákvörðunarhæð DA/DH eða lágmarkslækkunarhæð MDA/MDH með einn hreyfil óvirkan | | P* | | | | M* | |
| 5.7 | Sjálfsnúningur þyrils og afl endurheimt við blindflugsskilyrði | | P* | --->* | --->* | | M* | |
| 5.8 | Jafnvægi endurheimt úr óeðlilegri stöðu FTD P | | P* | --->* | --->* | | M* | |
| **6. HLUTI Notkun valfrjáls búnaðar** | | | | | | | | |
| **6** | Notkun valfrjáls búnaðar | | P | ---> | ---> | | | |

**]**

**3. viðbætir við JAR–FCL 2.240**
**Efni þjálfunar/færniprófs og hæfniprófs fyrir tegundaráritun á einshreyfils og fjölhreyfla einstjórnarþyrlur [og hæfniprófs fyrir blindflugsáritun] [ ]**

*(Sjá JAR–FCL 2.240 til og með 2.262)*
*(Sjá 3. tölulið a-liðar í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.160 og 2.165)*

1. Eftirtalin tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri til útgáfu tegundaráritunar.[]

2. Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin ( ---> ) sýnir.

Eftirtaldar skammstafanir eru notaðar til að tákna þau þjálfunartæki sem notuð eru:

| | | |
|---|---|---|
| FS | = | flughermir |
| FTD | = | flugþjálfunartæki |
| H[] | = | þyrla |

3.1 Stjörnumerkt atriði (*) skulu einungis fara fram við raunveruleg eða eftirlíkt blindflugsskilyrði (IMC) ef umsækjandi vill endurnýja eða framlengja blindflugsáritun fyrir [ ] þyrlu eða útvíkka réttindi þeirrar áritunar til annarrar tegundar.

3.2 Verklag við blindflug ([5]. hluti) skal einungis fara fram ef umsækjandi vill endurnýja eða framlengja blindflugsáritun eða útvíkka réttindi þeirrar áritunar til annarrar tegundar.

4. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf/hæfnipróf er skyldubundin.

5. Nota skal flughermi við verklega þjálfun [og próf] ef flughermirinn er hluti af samþykktu tegundar-áritunarnámskeiði. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

a) tæknilýsing flughermisins eins og kveðið er á um í JAR–STD;

b) réttindi kennara og prófdómara;

c) hversu mikla þjálfun námskeiðið býður upp á í flugi á flugleiðum;

d) réttindi og sú reynsla sem flugmaðurinn sem er í þjálfun hefur af flugi á flugleiðum; og

e) hversu mikla reynslu flugmaðurinn fær í leiðarflugi undir umsjón eftir að nýja tegundaráritunin er gefin út.

| | | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FÆRNIPRÓF/HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Flugbrögð/Verklag** | | Þjálfað í | | | Upph.stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| | | **FTD** | **FS** | **H** | | **FS, H** | |
| **1. HLUTI [Undirbúningur og prófanir fyrir flug]** | | | | | | | |
| 1.1 | Þyrla skoðuð að utan; staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar | | | P | | [M] | |
| 1.2 | Skoðun stjórnklefa | | P | ---> | | [M] | |
| 1.3 | Áður en hreyflar eru ræstir, verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti | P | ---> | ---> | | M | |
| 1.4 | Akstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara | | P | ---> | | M | |
| 1.5 | Prófanir fyrir flugtak | P | ---> | ---> | | M | |
| **2. HLUTI [Flugbrögð og verklag]** | | | | | | | |
| 2.1 | Flugtök með ýmsu sniði | | P | ---> | | M | |
| 2.2 | [Flugtök og lendingar í halla] | | P | ---> | | | |
| 2.3 | Flugtak með hámarks flugtaksmassa (raunverulegur eða eftirlíktur hámarks flugtaksmassi) | [P] | ---> | ---> | | | |
| 2.4.1 | Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilum skömmu áður en TDP eða DPATO er náð | | P | ---> | | M | |
| 2.4.2 | Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilum skömmu eftir að TDP eða DPATO er náð | | P | ---> | | M | |
| [2.5 | Klifur- og lækkunarbeygjur í tilgreinda nefstefnu | P | ---> | ---> | | M | |
| 2.5.1 | Beygjur með 30° halla, 180° til 360° til vinstri og til hægri þegar einungis er stýrt eftir mælitækjum | P | ---> | ---> | | M | |
| 2.6 | Lækkun með sjálfsnúningi þyrils | P | ---> | ---> | | M | |
| 2.6.1 | Lending með sjálfsnúningi þyrils eða afl endurheimt | | P | ---> | | M | |
| 2.7 | Lendingar með ýmsu sniði | | P | ---> | | M | |
| 2.7.1 | [Hætt við lendingu eða ] lending eftir eftirlíkta hreyfilbilum fyrir LDP eða DPBL | | P | ---> | | M | |
| 2.7.2] | Lending eftir eftirlíkta hreyfilbilum eftir LDP eða DPBL | | P | ---> | | M | |
| **[3. HLUTI Verklag við eðlilega og óeðlilega virkni eftirfarandi kerfa]** | | | | | | | |
| [3 | Verklag við eðlilega og óeðlilega virkni eftirfarandi kerfa] | | | | | M | (Skylt er að velja minnst þrjú atriði úr þessum hluta) |
| [3.1 | Hreyfill | P | ---> | ---> | | | |
| 3.2 | Loftkerfi (hitun, loftræsting) | P | ---> | ---> | | | |
| 3.3 | Hraðanemakerfi (Pitot-static) | P | ---> | ---> | | | |
| 3.4 | Eldsneytiskerfi | P | ---> | ---> | | | |
| 3.5 | Rafkerfi | P | ---> | ---> | | | |
| 3.6 | Vökvakerfi | P | ---> | ---> | | | |
| 3.7 | [Stýri og stýrisstillar] | P | ---> | ---> | | | |
| 3.8 | Ísingarvarnar- og afísingarkerfi | P | ---> | ---> | | | |
| 3.9 | Sjálfstýring/Flugbeinir | P | ---> | ---> | | | |
| 3.10 | Stöðugleikabúnaður | P | ---> | ---> | | | |
| 3.11 | Veðurratsjá, radíóhæðarmælir, ratsjársvari | P | ---> | ---> | | | |
| 3.12 | Svæðisleiðsögukerfi | P | ---> | ---> | | | |
| 3.13 | Lendingarbúnaður | P | ---> | ---> | | | |

| | | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FÆRNIPRÓF/HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Flugbrögð/Verklag** | | Þjálfað í | | | Upph.stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| | | **FTD** | **FS** | **H** | | **FS, H** | |
| 3.14 | [Aukaaflstöð] | P | ---> | ---> | | | |
| 3.15] | Radíó, leiðsögubúnaður og [ ] blindflugsstýrikerfi | P | ---> | ---> | | | |
| **[4. HLUTI Óvenjulegar ráðstafanir og neyðarráðstafanir]** | | | | | | | |
| [4 | Óvenjulegar ráðstafanir og neyðarráðstafanir | | | | | M | Skylt er að velja minnst þrjú atriði úr þessum hluta |
| 4.1 | Brunaæfingar (þar á meðal rýming, ef við á) | P | ---> | | | | |
| 4.2 | Reykhindrun og reykræsting | P | ---> | | | | |
| 4.3 | Hreyfilbilun, hreyfill stöðvaður og endurræstur í öruggri hæð | P | ---> | | | | |
| 4.4 | [Losun eldsneytis (eftirlíkt) | P | ---> | | | | |
| 4.5 | Bilun í stjórnbúnaði stélþyrils (ef við á) | P | ---> | | | | |
| 4.5.1 | Stélþyrill óvirkur (ef við á) | P | ---> | Þetta skal ekki gera í þyrlu | | | |
| 4.6 | Bilun í gírkassa | P | ---> | ---> | | | |
| 4.7] | Aðrar neyðarráðstafanir eins og lýst er í viðeigandi flughandbók] | P | ---> | ---> | | | |
| **[5. HLUTI Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða eftirlíkt blindflugsskilyrði)]** | | | | | | | |
| 5.1 | [Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak. þegar í stað eftir stöðugt klifur er hafið | P* | --->* | ---> * | | | |
| 5.1.1 | Eftirlíkt hreyfilbilum í brottflugi | P* | --->* | --->* | | M* | |
| 5.2 | Fylgja skal brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar] | P* | --->* | --->* | | M* | |
| 5.3 | Verklag í biðflugi | P* | ---> * | ---> * | | | |
| 5.4 | Blindlendingaraðflug (ILS) niður í ákvörðunarhæð CAT 1 | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.4.1 | Handvirkt, án flugbeinis | P* | --->* | ---> * | | M* Aðeins færnipróf | |
| 5.4.2 | Handvirkt, með flugbeini | P* | --->* | ---> * | | | |
| 5.4.3 | með sjálfstýringu tengda | P* | --->* | ---> * | | | |
| 5.4.4 | [Handvirkt með eftirlíkta hreyfilbilun áður en komið er að OM, þar til eftir lendingu eða að loknu fráflugi] | P* | --->* | | | M* | |
| 5.5 | Aðflug eftir hringvita (NDB) eða fjölstefnuvita/aðflugshringvita (VOR/LOC) niður í lágmarkslækkunarhæð/MDA/H | P* | --->* | ---> * | | M* | |
| 5.6 | [Fráflug með alla hreyfla virka í ákvörðunarhæð (DA/DH) eða lágmarkslækkunarhæð (MDA/MDH)] | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.6.1 | [Annað verklag við fráflug] | P* | --->* | --->* | | | |
| 5.6.2 | [Hætt við lendingu í ákvörðunarhæð (DA/DH) eða lágmarks lækkunarhæð MDA/MDH með einn hreyfil óvirkan (eftirlíkt)] | P* | --->* | ---> * | | M* | |
| 5.7 | Sjálfsnúningur þyrils og afl endurheimt við blindflugsaðstæður | P* | --->* | ---> * | | M* | |
| 5.8] | [Jafnvægi endurheimt úr óeðlilegri stöðu] | P* | --->* | --->* | | M* | |
| **6. HLUTI Notkun valfrjáls búnaðar** | | | | | | | |
| 6 | Notkun valfrjáls búnaðar | P | ---> | ---> | | | |

**[4. viðbætir við JAR–FCL 2.240**
**Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (200 ft) (Flokkur II/III)**

(Sjá AMC 2261 (a))

**A. Kennsla í bóklegum greinum (til viðbótar)**

1 Sérstakar kröfur vegna útvíkkunar tegundaráritunar til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð minni en 200 fet (60m)

2 Búnaður, verklag og takmarkanir.

**B. Flugbrögð og verklag (til viðbótar)**

| | Verkleg þjálfun | | | | | Færnipróf/hæfnipróf | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | Þjálfað í | | | | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| | | | FS | H | | FS, H | |
| Viðbótarheimild fyrir tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (200 ft) (CAT II/III)<br><br>Eftirtalin flugbrögð og verklag skal þjálfa til útvíkkunar tegundaráritunar til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð (DH) minni en 60 m (200 fet). Við eftirtalin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað þyrlu sem krafist er til útgáfu tegundarskírteinis til blindaðflugs niður í DH lægri en 60 m (200 fet) | | | | | | | |
| 1 Hætt við flugtak:<br>Við veðurlágmörk fyrir flugtak | | | P * | -----> * | | M * | |
| 2 ILS aðflug niður í viðeigandi ákvörðunarhæð (DH) þegar notað er leiðsögukerfi. Leggja skal áherslu á staðlað verklag við áhafnarsamstarf (verkaskiptingu, verklag við uppkall (calling procedure), gagnkvæmt eftirlit, upplýsingaskipti og upplýsingagjöf) | | | P * | -----> * | | M * | |
| 3 Hætt við lendingu<br>Eftir aðflug eins og lýst er í lið 2 þegar ákvörðunarhæð (DH) er náð. Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna (eftirlíkt) ónógs flugbrautarskyggnis, vindhvarfa, meira fráviks þyrlu en viðunandi er fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu eða tækjabúnaði þyrlu áður en ákvörðunarhæð er náð, og hætt við lendingu við bilun tækjabúnaðar þyrlu. Sérstak-lega skal hugað að verklagsreglum þegar hætt er við lendingu og notaðar eru fyrirfram útreiknaðar leið-beiningar varðandi flughorf þyrlunnar í fráflugi hvort sem er handvirkt eða sjálfvirkt | | | P * | ----->* | | M * | |
| 4 Lending(ar)<br>Þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð (DH) eftir blind-aðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef viðkomandi flug-leiðsögukerfi leyfir | | | P * | ----->* | | | |

]

**1. viðbætir við 3. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.245**

**Yfirfærsla viðurkenningar á hæfniprófum til framlengingar á tegundaráritunum**

*(Sjá 3. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.245 og c-lið JAR–FCL 2.245)*

Í þessum viðbæti er listi yfir eins hreyfils þyrlutegundir með bulluhreyfli og áritanir í skírteini í því skyni að framlengja tegundaráritanir í samræmi við 3. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.245.

| **Framleiðandi** | **Tegund þyrlu og áritun í skírteini** |
|---|---|
| **Agusta Bell** | |
| -Einshreyfils bulluhreyfill- | Bell47 |
| **Bell Helicopters** | |
| -Einshreyfils bulluhreyfill- | Bell47 |
| **Brantley** | |
| -Einshreyfils bulluhreyfill- | BrantleyB2 |
| **Breda Nardi** | |
| -Einshreyfils bulluhreyfill- | HU269 |
| **Enstrom** | |
| -Einshreyfils bulluhreyfill- | ENF28 |
| **Hiller** | |
| -Einshreyfils bulluhreyfill- | UH12 |
| **Hughes/Schweitzer** | |
| -Einshreyfils bulluhreyfill- | HU269 |
| **Westland** | |
| -Einshreyfils bulluhreyfill- | Bell47 |

**[1. viðbætir við JAR–FCL 2.255**
**Efni samþykkts aðgangsnámskeiðs til fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölhreyfla þyrlu**

*(Sjá a-lið JAR–FCL 2.255)*
*(Sjá 24. lið 2. viðbætis við JAR–FCL 2.055)*

1 Á viðurkennda aðgangsnámskeiðinu skulu vera eftirtaldar greinar úr bóklega námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla (ATPL(H)):

020 Almenn þekking á loftförum

- flugskrokkur/kerfi/aflgjafi
- mælitæki/rafeindakerfi

030 Afkastageta og áætlanagerð:

- massi og jafnvægi
- afkastageta

2 Við lok námskeiðsins skal umsækjandinn fá vottorð um að hann hafi lokið því á fullnægjandi hátt.]

**1. viðbætir við a-lið JAR–FCL 2.261**
**Kröfur um kennslu í bóklegum greinum til færniprófs/hæfniprófs fyrir flokks/tegundaráritun**

*(Sjá a-lið JAR–FCL 2.261)*
*(Sjá a-lið AMC FCL 2.26))*

1. Kennsla í bóklegum greinum skal framkvæmd af samþykktum kennara sem er handhafi viðeigandi tegundaráritunar eða hverjum þeim kennara sem hefur viðeigandi reynslu í flugi og þekkingu á því loftfari sem um er að ræða, t.d. flugvélstjóra, flugvéltækni eða flugumsjónarmanni.

2. Kennsla í bóklegum greinum skal fara fram samkvæmt námskrá í a-lið AMC FCL 2.261 eins og á við þá tegund þyrlu sem um er að ræða. [Eftir þeim tækjum og kerfum sem uppsett eru skal kennslan ná yfir, en ekki takmarkast við, eftirtalið efni:

a) Byggingu þyrlu, drif, þyril og búnað, eðlilega og óeðlilega verkun kerfa.

- Mál
- Hreyfil ásamt varaaflgjafa, þyrlum og drifum
- Eldsneytiskerfi
- Loftræstingu
- Ísvörn, rúðuþurrkur og regnfráhrindandi efni
- Vökvakerfi
- Lendingarbúnað
- Flugstýri, stöðugleikabúnað og sjálfstýringarkerfi
- Rafmagnsaflgjafa
- Flugmælitæki, samskipta-, ratsjár- og leiðsögukerfi
- Stjórnklefa, farþegarými og lest
- Neyðarbúnað

b) - Takmarkanir

- Almennar takmarkanir, samkvæmt flughandbók þyrlunnar
- Lista yfir lágmarkstækjabúnað

c) - Afkastagetu, flugáætlanir og eftirlit

- Afkastagetu
- Flugáætlanir

d) - Hleðslu og jafnvægi og þjónustu

- Hleðslu og jafnvægi
- Þjónustu á jörðu

e) - Neyðarráðstafanir

f) - Sérstakar kröfur til þyrla með rafeinda flugmælitækjakerfi (EFIS)

g) - Valfrjálsan búnað ]

3. Í bóklegu prófi, skriflegu eða í tölvu, til fyrstu útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlur skulu [minnst] vera 50[ ] spurninga krossapróf. Spurningarnar skulu dreifast á viðeigandi hátt á meginefni námskrárinnar. Til að standast prófið þarf 75% árangur í hverju meginefni námskrárinnar.

[ ]

4. Við hæfnipróf fyrir fjölstjórnar- og einstjórnar- fjölhreyfla þyrlur skal bókleg þekking prófuð með spurningalista með krossaspurningum eða öðrum viðeigandi aðferðum.

**[1. viðbætir við b-lið JAR–FCL 2.261**
**Flugkennsla og færnipróf**

*(Sjá JAR–FCL 2.220, sjá einnig JAR–FCL 2.262)*
*(Sjá c-lið AMC FCL 2.261)*

FLUGKENNSLA
1. Fjöldi flugkennslutíma fer eftir
a) i) hversu flókin þyrlutegundin er, gerð stjórntækja og tæknistigi;
ii) gerð þyrlu (með einum bulluhreyfli eða hverfihreyfli; fjölhreyfla þyrla með hverfihreyflum og fjölstjórnarþyrla);
iii) fyrri reynslu umsækjanda;
iv) aðgengi að flugþjálfum (FSTD).

**Flugþjálfar (FSTDs)**
Hversu mikill hluti flugþjálfunar og hvort færnipróf má fara fram í flugþjálfa ákvarðast af því í hvaða flokk tegundin raðast og hversu flókin hún er. Áður en nemandinn fer í færnipróf skal hann sýna fram á færni í prófatriðinu meðan þjálfun fer fram.

2. Fyrsta útgáfa

Viðurkennd flugþjálfun skal vera minnst (færnipróf ekki talið með):

| Þyrlutegundir | Í þyrlu | Viðurkenning á tímum ýmist í þyrlu og flugþjálfa |
|---|---|---|
| Með einum bulluhreyfli (H) | 5 klst | Í flughermi C/D: Minnst 2 klst. í þyrlu og minnst 6 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3: Minnst 4 klst. í þyrlu og minnst 6 klst. alls |
| Með einum hverfihreyfli (H) léttari en 3175 kg MTOM | 5 klst | Í flughermi C/D: Minnst 2 klst. í þyrlu og minnst 6 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3 Minnst 4 klst. í þyrlu og minnst 6 klst. alls |
| Með einum hverfihreyfli (H) 3175 kg MTOM eða þyngri | 8 klst | Í flughermi C/D: Minnst 2 klst. í þyrlu og minnst 10 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3 Minnst 4 klst. í þyrlu og minnst 10 klst. alls |
| Einstjórnar, fjölhreyfla (H) með hverfihreyflum JAR/FAR 27 & 29 | 8 klst | Í flughermi C/D: Minnst 2 klst. í þyrlu og minnst 10 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3 Minnst 4 klst. í þyrlu og minnst 10 klst. alls |
| Fjölstjórnarþyrla | 10 klst | Í flughermi C/D: Minnst 2 klst. í þyrlu og minnst 12 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3 Minnst 4 klst. í þyrlu og minnst 12 klst. alls |

Handhafar blindflugsáritunar á þyrlu sem óska eftir að fá blindflugsáritun á fleiri tegundir skulu fá tveggja tíma kennslu á tegundina og fljúga eingöngu eftir mælitækjum samkvæmt blindflugsreglum (IFR). Þetta má framkvæma í flughermi C/D eða flugþjálfunartæki 2/3. Handhafar einshreyfils blindflugsáritunar (IR(H)) sem vilja bæta við fyrstu útgáfu blindflugsáritunar á fjölhreyfla þyrlu skulu uppfylla kröfur í 4. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.240.

3. Viðbótartegundir

Viðurkennd flugþjálfun skal vera minnst (færnipróf ekki talið með):

| Þyrlutegundir | Í þyrlu | Viðurkenning á tímum ýmist í þyrlu eða flugþjálfa |
|---|---|---|
| Frá einshreyfils þyrlu með bulluhreyfli (SEP)(H)) til (SEP) (H)) í 3. tölulið b-liðar 1. viðbætis við í JAR–FCL 2.245 | 2 klst | Í flughermi C/D: Minnst 1 klst. í þyrlu og minnst 3 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3 Minnst 1 klst. í þyrlu og minnst 4 klst. alls |
| Frá einshreyfils þyrlu með bulluhreyfli (SEP(H)) til SEP(H) sem ekki er í 3. tölulið b-liðar í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.245 | 5 klst | Í flughermi C/D: Minnst 1 klst. í þyrlu og minnst 6 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3 Minnst 2 klst. í þyrlu og minnst 7 klst. alls |

| | | |
|---|---|---|
| Frá einshreyfils þyrlu með hverfihreyfli (SET)(H)) til (SET) (H)) | 2 klst | Í flughermi C/D: Minnst 1 klst. í þyrlu og minnst 3 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3 Minnst 1 klst. í þyrlu og minnst 4 klst. alls |
| Mismunaþjálfun einhreyfils þyrlur | 1 klst | N/A |
| Fjölhreyfla þyrla með hverfihreyflum (MET(H)) til MET(H) | 3 klst | Í flughermi C/D: Minnst 1 klst. í þyrlu og minnst 4 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3 Minnst 2 klst. í þyrlu og minnst 5 klst. alls |
| Mismunaþjálfun fjölhreyfla þyrlur | 1 klst | N/A |
| Frá fjölstjórnarþyrlu til fjölstjórnarþyrlu | 5 klst | Í flughermi C/D: Minnst 1 klst. í þyrlu og minnst 6 klst. alls<br>Í flugþjálfunartæki 2/3 Minnst 2 klst. í þyrlu og minnst 7 klst. alls |

Handhafar blindflugsáritunar á þyrlu sem óska eftir að fá viðbótartegundir skulu fá tveggja tíma viðbótarkennslu á tegundina og fljúga eingöngu eftir mælitækjum samkvæmt blindflugsreglum (IFR). Þetta má framkvæma í flughermi í flokki C/D eða flugþjálfunartæki flokki 2/3. Handhafar einshreyfils blindflugsáritunar (IR(H)) sem vilja bæta við fyrstu útgáfu blindflugsáritunar á fjölhreyfla þyrlu skulu uppfylla kröfur í 4. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.240.

FÆRNIPRÓF

4. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandi taka færniprófið fyrir tegundaráritun, og ef við á, blindflugshlutann samkvæmt 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 & 2.295 eða 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 & 2.295 og 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240 eftir því sem við á.]

**[1. viðbætir við d-lið JAR–FCL 2.261**
**Námskeið í áhafnarsamstarfi (flugvél)**

*(Sjá d-lið JAR–FCL 2.261)*
*(Sjá d-lið AMC FCL 2.261))*

1 Markmið námskeiðsins er að gera flugmenn hæfa í áhafnarsamstarfi (MCC) til þess að starfrækja örugglega fjölstjórnarþyrlu eftir blindflugs- og sjónflugsreglum (IFR,VFR).

a. Flugstjórinn sinni störfum sínum við stjórnun og ákvarðanatöku án tillits til þess hvort hann er flugmaður við stjórn eða flugmaður ekki við stjórn (PF eða PNF).

b. Störf flugmanns sem flýgur (PF) og flugmanns sem ekki flýgur (PNF) séu skýrt skilgreind og þeim þannig skipt að PF geti beint allri athygli sinni að því að fljúga og stjórna loftfarinu.

c. Samstarf fari fram á skipulegan hátt eins og hæfir þeim eðlilegu, óeðlilegu eða neyðaraðstæðum sem fyrir hendi eru.

d. Gagnkvæmt eftirlit, upplýsingar og stuðningur sé ávallt tryggt.

KENNARAR

2 Kennarar við þjálfun í áhafnarsamstarfi (MCC) skulu vera vel kunnugir mannlegum þáttum og áhafnarsamstarfi (MCC). Þeir ættu að vera vel heima í nýjustu þróun þjálfunar á sviði mannlegra þátta og MCC.

BÓKLEG ÞEKKING

3 Námskrá í bóklegum greinum er að finna í d-lið AMC FCL 1.261. [ ]

FLUGÞJÁLFUN

4 Námskrá um flugþjálfun er að finna í d-lið AMC FCL 2.261.

VOTTORÐ UM AÐ HAFA LOKIÐ NÁMSKEIÐI

5 Þegar námskeiðinu er lokið má gefa út vottorð til umsækjandans um að hann hafi lokið námskeiðinu á fullnægjandi hátt.

GAGNKVÆM VIÐURKENNING

6 Handhafi vottorðs um að hafa lokið þjálfun í áhafnarsamstarfi (MCC) á flugvélum eða með meira en 500 tíma reynslu sem flugmaður í fjölstjórnarflugvélum skal undanþeginn kröfunni um að ljúka námskrá í bóklegum greinum í d-lið AMC FCL 2.261.**]**

## G – KAFLI – ATVINNUFLUGMANNS-SKÍRTEINI 1. FLOKKS/ÞYRLA – ATPL(H)

### JAR–FCL 2.265 Lágmarksaldur

Umsækjandi umatvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla skal hafa náð minnst 21 árs aldri.

### JAR–FCL 2.270 Heilbrigði

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla skal vera handhafi gilds 1. flokks heilbrigðisvottorðs. Sá sem neyta vill réttinda atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla skal vera handhafi gilds 1. flokks heilbrigðisvottorðs.

### JAR–FCL 2.275 Réttindi og skilyrði

a) *Réttindi.* Með fyrirvara um önnur skilyrði tilgreind í JAR–reglum eru réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla að:

1) neyta allra réttinda handhafa einkaflugmannsskírteinis/þyrla, atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla og blindflugsáritunar/þyrla; og

2) starfa sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í þyrlum í flutningaflugi.

b) *Skilyrði.* Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla sem fullnægt hefur skilyrðum sem tilgreind eru í [4. töluliðar a-liðar JAR–FCL 2.010, í JAR–FCL 2.265, 2.270, 2.280, 2.285, 2.290] og 2.295 skal uppfylla kröfur til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla með tegundaráritun fyrir þá tegund þyrlu sem notuð er við færniprófið.

### JAR–FCL 2.280 Reynsla og viðurkenning

a) Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla skal sem flugmaður þyrlu hafa lokið minnst 1000 fartímum (sjá einnig 3. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.050) en af þeim má hann hafa lokið mest 100 tímum í **[**flugþjálfa (STD), þar af ekki meira en 25 tímum í flugleiðsöguþjálfa (FMPT)**]**, þar af minnst:

1) 350 tímum við starfrækslu fjölstjórnarþyrlu. [ ]

2) [(i)] annaðhvort 250 tímum sem flugstjóri eða minnst 100 tímum sem flugstjóri og 150 tímum sem aðstoðarflugmaður [sem framkvæmir skyldur og störf flugstjóra] undir umsjón flugstjóra, að því tilskildu að eftirlit fari fram með þeim hætti sem flugmálayfirvöld geta fallist á eða

[(ii) 250 tíma sem aðstoðarflugmaður í þyrlum, sem starfræktar eru samkvæmt 1. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.280, sem framkvæmir skyldur og störf flugstjóra undir umsjón flugstjóra, að því tilskildu að eftirlit fari fram með þeim hætti sem flugmálayfirvöld geta fallist á og réttindi skírteinis atvinnuflugmanns 1. flokks (ATPL) skulu takmörkuð við störf í fjölstjórnarumhverfi.]

3) 200 fartímum í landflugi, þar af minnst 100 tímum sem flugstjóri eða sem aðstoðarflugmaður í starfi flugstjóra undir umsjón flugstjóra að því tilskildu að eftirlit fari fram með þeim hætti sem flugmálayfirvöld geta fallist á;

4) [30] [ ]blindflugstímum, en þar af mega ekki meira en [10] [ ] tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri; og

5) 100 næturflugstímum sem flugstjóri eða sem aðstoðarflugmaður.

b) Handhafi flugmannsskírteinis eða jafngilds skírteinis fyrir aðrar gerðir loftfara fær viðurkenndan fartíma í slíkum loftförum eins og kveðið er á um í JAR–FCL 2.155 (a), nema fartíma í flugvélum sem meta má til allt að 50% af þeim fartíma sem krafist er í a-lið.

c) Þeirrar reynslu sem krafist er skal aflað áður en færniprófið, sem lýst er í JAR–FCL 2.295, er tekið.

### JAR–FCL 2.285 Bókleg þekking

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.285)*
*[(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.005)]*

a) *Námskeið.* Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla skal hafa fengið kennslu í bóklegum greinum á viðurkenndu námskeiði í samþykktum flugskóla (FTO).**[]** Umsækjandi sem ekki hefur fengið kennslu í bóklegum greinum á samtvinnuðu þjálfunarnámskeiði skal sitja námskeiðið sem lýst er í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.285. **[ ]**

b) *Próf.* Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla skal hafa sýnt fram á þekkingu sem krafist er til þeirra réttinda sem veitt eru handhafa atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla og er í samræmi við kröfur í J-kafla JAR–FCL.

### JAR–FCL 2.290 Flugkennsla

*(Sjá d-lið AMC FCL 2.261)*
*(Sjá d-lið í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.261)*

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla skal vera handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla, **[]** tegundaráritunar á fjölstjórnarþyrlu [ ] og hafa fengið kennslu í áhafnarsamstarfi [í sjónflugi] eins og krafist er í d-lið JAR–FCL 2.261**[**, d-lið í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.261 og d-lið í **]**AMC FCL 2.261.

**JAR–FCL 2.295 Færni**

a) Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla skal hafa sýnt fram á getu til að framkvæma, sem flugstjóri í [fjölstjórnarþyrlu] [ ] þær aðgerðir og flugbrögð sem lýst er í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 [og 2.295] með þeirri hæfni sem nauðsynleg er til þeirra réttinda sem veitt eru handhafa atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla.

b) Færniprófið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla getur samtímis gilt sem færnipróf til útgáfu skírteinisins og hæfnipróf til framlengingar tegundaráritunar fyrir þyrluna sem notuð er við prófið og má tengja það færniprófi til útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlu.

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.285**
**Atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla (ATPL(H)) - Áfangaskipt bóklegt námskeið**

*(Sjá JAR–FCL 2.285)*
***[****(Sjá 1. viðbæti við JAR FCL 2.470)****]***

1. Markmið þessa námskeiðs er að þjálfa flugmenn sem ekki hafa fengið kennslu í bóklegum greinum á samtvinnuðu námskeiði svo að þeir hafi þá þekkingu í bóklegum greinum sem krafist er til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla.

2. Umsækjandi, sem vill taka áfangaskipt bóklegt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla skal ljúka [450] tíma námi (1 tími = 60 mínútna kennsla) í bóklegum greinum til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, undir umsjón skólastjóra samþykkts flugskóla, á innan við 18 mánuðum. Umsækjandi skal vera handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla **[**sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1)**]**.

Handhafi [atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla CPL(H)] [ ] getur fengið tímum í bóklegum greinum fækkað um 200 tíma. **[]**

3. Flugskólinn skal ganga úr skugga um að umsækjandinn hafi næga kunnáttu í stærðfræði og eðlisfræði til að skilja efni námskeiðsins áður en hann fær aðgang að námskeiðinu.

4. Kennslan skal taka til allra atriða í viðeigandi námskrá sem sett er fram í a-lið AMC FCL 2.470. Á samþykktu námskeiði skal fara fram formleg kennsla í kennslustofu þar sem nota má gagnvirkt myndbandsefni, sýningu á glærum/segulböndum, einstaklingsverkefni nemenda, tölvustudda þjálfun og aðra miðla sem viðurkenndir eru af flugmálayfirvöldum. Einnig má gefa kost á viðurkenndu fjarnámi (bréfaskóla) sem hluta af náminu, að fengnu leyfi flugmálayfirvalda.

**H – KAFLI – KENNARAÁRITANIR/ÞYRLA**

[ ]

**[JAR–FCL 2.300] Kennaraáritanir og leyfi – markmið**

Viðurkenndir eru [fimm] mismunandi kennarar.

a) Flugkennaraáritun/þyrla (FI(H)).

b) Tegundarkennaraáritun/þyrla (TRI(H)).

c) Blindflugskennaraáritun/þyrla (IRI(H)).

d) Flugþjálfakennaraleyfi/þyrla (SFI(H)).

[e) Flugþjálfakennaraleyfi/einstjórnarþyrla (STI(H))].

[ Fleiri en ein áritun/leyfi. Kennarar geta haft fleiri en eina tegund kennaraáritunar/leyfis ef þeir uppfylla viðkomandi kröfur í þessum kafla.]

**[JAR–FCL 2.305 Kennarar – almenn ákvæði**

*[(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.30)*

a) Enginn skal veita þá flugkennslu sem krafist er til útgáfu, framlengingar eða endurnýjunar flugmannsskírteinis eða áritunar nema hann hafi:

1) flugmannsskírteini með kennaraáritun, eða

2) sérstakt leyfi veitt af aðildarríki JAA í eftirfarandi tilvikum:

i) ef nýjar þyrlur koma fram; eða

ii) ef skráðar eru gamlar þyrlur eða þyrlur af sérstakri tegund sem enginn hefur kennaraáritun fyrir; eða

iii) ef kennarar sem ekki eru handhafar JAR–FCL skírteina (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305) veita þjálfun utan aðildarríkja JAA.

b) Enginn skal kenna í flugþjálfa nema hann sé handhafi áritunar sem flugkennari (FI(H)) eða tegundarkennari (TRI(H)), hafi leyfi sem flugþjálfakennari (SFI(H)) eða flugþjálfakennari/einstjórnarþyrlu (STI(H)).]

**[JAR–FCL 2.310 Kennaraáritanir og leyfi – almenn ákvæði**

*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320 E)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)*

a) Inntökuskilyrði. Allir kennarar skulu

(1) hafa náð minnst 18 ára aldri,

(2) hafa uppfyllt kröfur um bóklegt nám fyrir atvinnuflugmannsskírteini á þyrlu (CPL(H)) í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470,

(3) hafa fengið minnst 10 klst. kennslu í blindflugi á þyrlu í samþykktum skóla (FTO) eða tegundarskóla (TRTO) og af því mega ekki vera meira en 5 klst. í flugþjálfunartæki (FSTD),

(4) hafa lokið minnst 20 klst. landflugi sem flugstjóri í þyrlu,

(5) vera minnst handhafar skírteinis, tegundar- eða blindflugsáritunar sem kennt er til. Það á ekki við um flugþjálfakennara (SFI) og flugþjálfakennara fyrir einstjórnarþyrlu (STI),

(6) hafa minnst 15 klst. reynslu sem flugmenn á þá þyrlutegund sem kennt er á og af því mega ekki vera meira en 7 klst. í flugþjálfunartæki (FSTD). Þetta á ekki við um flugþjálfakennara (SFI) og flugþjálfakennara fyrir einstjórnarþyrlu (STI),

(7) hafa réttindi flugstjóra á þyrluna meðan þjálfun fer fram. Það á ekki við um flugþjálfakennara (SFI) og flugþjálfakennara fyrir einstjórnarþyrlu (STI).

Fullægja sérstökum inntökuskilyrðum fyrir alla flokka kennara.

Kröfurnar um 15 klst. viðeigandi reynslu í 6. lið hér að framan skulu teljast uppfylltar ef færniprófi samkvæmt 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320C og 2.320E hefur verið lokið á tegundina á fullnægjandi hátt.

b) Viðurkenning til frekari áritana og til framlengingar áritana. Umsækjendur um frekari kennaraáritanir geta fengið viðurkennda þá færni til kennslu og náms sem þeir hafa þegar sýnt fram á varðandi þá kennaraáritun sem þeir hafa. Þeir tímar sem þeir hafa flogið, sem samþykktir prófdómarar í færni- og hæfniprófum, má telja með þeim tímum sem krafa er um til framlengingar kennaraáritana sem þeir hafa.

c) Reynsla. Ekki skal neyta réttinda sem kennaraáritun veitir nema kennarinn hafa á síðustu 12 mánuðum lokið 15 klst. kennslu í flugi eða flugþjálfunartæki (FSTD) fyrir tegundaráritun eða blindflugsáritun. Þeir tímar sem þeir hafa flogið í flugmannssæti, sem samþykktir prófdómarar í færni- og hæfniprófum, má telja með þeim tímum sem krafa er um fyrir kennaraáritanir sem þeir hafa.

Ef kröfurnar um nýlega reynslu eru ekki uppfylltar en kennaraáritunin er í gildi skal ljúka færniprófi samkvæmt 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320 C og 2.320 E.]

**JAR–FCL 2.315 Kennaraáritanir og [leyfi]–gildistími**

*[(Sjá 2. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.305)*

a) Allar kennaraáritanir og leyfi gilda í þrjú ár til viðbótar við það sem eftir er af útgáfumánuði. Ef gildistími er gefinn út á síðustu 12 mánuðum gildistíma síðasta kennaraprófs skal gildistíminn framlengdur frá útgáfudegi til þriggja ára frá því að síðasta kennarapróf rann út gildi. Kennari sem framlengir kennaraáritun sína um leið og prófdómaraleyfi sitt getur fengið gildistíma kennaraáritunar samræmdan gildistíma prófdómaraleyfis.

b) Gildistími sérstaks leyfis (Sjá 2. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.305 skal ekki vera lengri en 3 ár.

c) Umsækjandi sem ekki nær öllum hlutum í hæfniprófi áður en kennaraáritun fellur úr gildi skal ekki neyta réttinda þeirrar áritunar fyrr en hann hefur lokið nýju hæfniprófi á fullnægjandi hátt.]

**[JAR–FCL 2.320A Flugkennaraáritun/þyrla (FI(H)) – Inntökuskilyrði**

*(Sjá JAR–FCL 2.310)*
*(Sjá g-lið JAR–FCL 2.320 C)*
*(Sjá 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)*

Áður en umsækjandi fær aðgang að samþykktu þjálfunarnámskeiði til flugkennaraáritunar/þyrla skal hann

a) hafa lokið minnst 250 fartímum í þyrlu, þar af minnst

(1) 100 tímum sem flugstjóri ef umsækjandi er handhafi atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla eða atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla

(2) eða 200 fartímum sem flugstjóri þyrlu ef hann er handhafi einkaflugmannsskírteinis/þyrla;

b) hafa uppfyllt inntökukröfur í JAR–FCL 2.310 og

c) hafa staðist sérstakt inntökuflugpróf með flugkennara sem hefur þau réttindi sem tilgreind eru í g-lið JAR–FCL 2.320 C og eru byggð á hæfniprófi, sem kveðið er á um í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240, á næstliðnum sex mánuðum áður en námskeiðið hefst. Flugprófið skal staðfesta getu umsækjandans til að sækja námskeiðið.]

**[JAR–FCL 2.320B Flugkennaraáritun/þyrla (FI(H)) – takmörkuð réttindi**

*(Sjá d-lið JAR–FCL 2.320 C)*

a) *Takmörkunartímabil*. Þar til handhafi flugkennaraáritunar á þyrlu (FI(H)) hefur lokið minnst 100 tíma flugkennslu í þyrlu og að auki haft umsjón með minnst 25 einflugsæfingatímum flugnema eru réttindi áritunarinnar takmörkuð. Takmarkanirnar verða fjarlægðar úr árituninni þegar ofangreindar kröfur hafa verið uppfylltar, að fengnum meðmælum umsjónarflugkennara.

b) *Takmarkanir*. Réttindin eru takmörkuð við að inna af hendi undir umsjón flugkennara (FI(H)) sem samþykktur hefur verið í þessu skyni:

1) flugkennslu fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis/þyrla – eða hluta samtvinnaðs námskeiðs sem miðast við einkaflugmannsskírteini/þyrla – og tegundaráritanir fyrir einshreyfils-, einstjórnarþyrlur, að undanskildu samþykki á fyrsta einflugi að degi eða nóttu og á fyrsta einflugi með leiðsögu að degi eða nóttu; og

2) kennslu í næturflugi, að því tilskildu að hann hafi næturflugsréttindi/þyrla, hafi sýnt flugkennara (FI(H)), sem hefur leyfi til að stunda flugkennaraþjálfun samkvæmt d-lið JAR–FCL 2.330C, fram á hæfileika til að kenna næturflug og kröfur um nýlega reynslu í næturflugi í JAR–FCL 2.026 séu uppfylltar].

**[JAR–FCL 2.320C Flugkennari/þyrla (FI(H)) – réttindi og kröfur**

*(Sjá JAR–FCL 2.026)*
*(Sjá 5. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.310)*
*(Sjá JAR–FCL 2.320 B)*
*(Sjá b-lið JAR–FCL 2.330B)*
*(Sjá JAR–FCL 2.330 C)*
*(Sjá b-lið JAR–FCL 2.330E)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.320C og 2.320E)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.320E)*

Réttindi handhafa flugkennaraáritunar/þyrla (varðandi takmarkanir sjá JAR–FCL 2.320B) eru að að stunda flugkennslu til útgáfu, framlengingar og endurnýjunar: ]

a) einkaflugmannsskírteinis/þyrla;

b) atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla, að því tilskildu að flugkennari/þyrla hafi lokið minnst 500 fartímum sem flugmaður þyrla, þar af minnst 200 tíma flugkennslu og sé minnst handhafi atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla;

c) tegundaráritana fyrir eins hreyfils einstjórnarþyrlur;

d) næturflugsáritun á þyrlu, að því tilskildu að hann hafi næturflugsréttindi/þyrla og hafi sýnt flugkennara sem hefur leyfi til að kenna fyrir næturflugsáritun fram á hæfni til að kenna að nóttu og kröfur um nýlega reynslu í næturflugi í JAR–FCL 2.026 séu uppfylltar;

e) blindflugsáritun (Sjá einnig 5. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.310, að því tilskildu að flugkennarinn:

1) hafi lokið minnst 200 fartímum í blindflugi, af þeim mega allt að 50 tímar vera blindflugstímar í flughermi eða flugleiðsöguþjálfa II (FNPT II); og

2) hafi lokið, sem flugnemi, samþykktu bóklegu námskeiði og fengið minnst 5 tíma flugkennslu í þyrlu eða flugþjálfunartæki (FSTD) (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.340B og AMC FCL 2.340B) og staðist viðeigandi færnipróf eins og kveðið er á um í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.320E;

f) tegundaráritun fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur, að því tilskildu að flugkennarinn (FI(H)) uppfylli kröfur fyrir tegundakennara í b- og d-lið JAR–FCL 2.330B og b-lið JAR–FCL 2.330E;

g) flugkennaraáritun/þyrla og blindflugskennaraáritun/þyrla að því tilskildu að flugkennarinn:

1) hafi kennt minnst 500 tíma í þyrlum;

2) hafi sýnt prófdómara fyrir flugkennara/þyrla (FIE(H))fram á hæfni til að kenna flugkennara/þyrla og blindflugskennara/þyrla í færniprófi sem haldið er í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.320E; og

3) hafi fengið leyfi flugmálayfirvalda í þessu skyni.]

**[JAR–FCL 2.320D Flugkennari/þyrla (FI(H)) – námskeið**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.320D)*
*(Sjá AMC FCL 2.320D )*

a) Umsækjandi um flugkennaraáritun skal hafa lokið samþykktu námskeiði í bóklegum greinum og flugþjálfun í samþykktum flugskóla (FTO) (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.320D og AMC FCL 2.320D).

b) Markmið námskeiðsins er að þjálfa umsækjanda í að kenna á einshreyfils einstjórnarþyrlur til einkaflugmannsskírteinis/þyrla. Flugkennslan skal fela í sér minnst 30 tíma flugþjálfun og þar af skulu vera 25 fartímar með flugkennara. Þeir fimm tímar sem eftir eru mega vera sameiginlegt flug (þ.e. tveir umsækjendur fljúga saman til að æfa flugkennslu). Af 25 tímunum mega fimm tímar fara fram í flugþjálfunartæki (FSTD) sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt í þessu skyni. Færniprófið er viðbót við þjálfunartímann á námskeiðinu.]

**[JAR–FCL 2.320E Flugkennari/þyrla (FI(H)) – færnipróf**

*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E)*

Umsækjandi um flugkennaraáritun/þyrla skal sýna flugkennaraprófdómara (FIE(H)), sem tilnefndur er af flugmálayfirvöldum í þessu skyni, fram á getu sína til að veita flugnema þá kennslu sem krafist er til útgáfu einkaflugmannsskírteinis/þyrla, þar á meðal fyrir- og eftirflugsgreiningu og kennslu í bóklegum greinum í samræmi við kröfur í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E.]

**[JAR–FCL 2.320F Flugkennari/þyrla (FI(H)) – útgáfa áritunar**

*(Sjá JAR–FCL 2.310)*
*(Sjá JAR–FCL 2.320A til 2.320E)*
*(Sjá JAR–FCL 2.320G*
*(Sjá b- og d-lið JAR–FCL 2.330B)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305)*

a) Umsækjandi um flugkennaraáritun á þyrlu (FI(H))

1) sem fullnægt hefur skilyrðum sem tilgreind eru í JAR–FCL 2.310, 2.320A til 2.320E; eða

2) hefur fengið sérstakt leyfi samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305, uppfyllir kröfur í JAR–FCL 2.320G og er handhafi JAR–FCL skírteinis,

skal hafa uppfyllt kröfur vegna útgáfu flugkennaraáritunar/þyrla, með fyrirvara um þær takmarkanir sem settar eru fram í JAR–FCL 2.320B.

b) Áður en veitt eru réttindi fyrir fleiri þyrlutegundir skal handhafi:

1) Uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.310;

2) Ef viðbótartegundin er fjölhreyfla-, einstjórnarþyrla skal hann uppfylla kröfur í b- og d-lið JAR–FCL 2.330B]

**[JAR–FCL 2.320G Flugkennari/þyrla (FI(H)) – framlenging og endurnýjun**

*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320 E)*
*(Sjá 2. tölulið a-liðar AMC FCL 2.320G)*
*(Sjá IEM FCL 2.320G)*

a) Til framlengingar flugkennaraáritunar skal handhafinn uppfylla tvær af þremur eftirtöldum kröfum, hann skal:

1) kenna minnst 50 tíma í þyrlum sem flugkennari (FI(H)), tegundarkennari (TRI(H)) blindflugskennari (IRI(H)) eða hafa verið prófdómari á gildistíma áritunarinnar, þar af minnst 15 tíma á 12 næstliðnum mánuðum áður en flugkennaraáritunin fellur úr gildi;

2) sitja, á gildistíma flugkennaraáritunarinnar, upprifjunarnámskeið fyrir flugkennara (sjá 2. tölulið a-liðar AMC FCL 2.320G sem samþykkt hefur verið af flugmálayfirvöldum;

3) standast, sem hæfnipróf, færniprófið sem fjallað er um í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E á næstliðnum 12 mánuðum áður en flugkennaraáritunin fellur úr gildi.

b) Við fyrstu framlengingu og minnst aðra hverja framlengingu flugkennaraáritunarinnar skal handhafinn standast hæfnipróf sem lýst er í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E sem aðra af þeim tveimur kröfum sem á að uppfylla til að fullnægja a-lið JAR–FCL 2.320G.

c) Hafi áritunin fallið úr gildi skal umsækjandinn uppfylla þær kröfur sem kveðið er á um í 2. og 3. tölulið a-liðar hér á undan á 12 næstliðnum mánuðum fyrir endurnýjun.]

**[JAR–FCL 2.330A Tegundarkennaraáritun/ fjölstjórnarþyrla (TRI(H)) – réttindi**

*(Sjá d-lið JAR–FCL 2.261)*
*(Sjá d-lið í 1. viðbæti JAR–FCL 2.261)*
*(Sjá d-lið AMC FCL 2.261)*

Réttindi handhafa tegundarkennaraáritunar á þyrlu (TRI(H)) eru að kenna handhöfum skírteina fyrir útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana og ef við á fyrir viðbótar blindflugsréttindi (IR(H)) og sem tegundarkennari á fjölstjórnarþyrlu (TRI(MPH)) þá kennslu sem krafist er í áhafnarsamstarfi eftir því sem við á (sjá d-lið JAR–FCL 2.261, 2-lið 1. viðbætis við JAR–FCL 2.261 og d-lið AMC FCL 2.261)].

**[JAR–FCL 2.330B Tegundarkennari (TRI(H)) – inntökukröfur**

*(Sjá JAR–FCL 2.310)*

Áður en umsækjandi hefur nám á samþykktu námskeiði fyrir tegundarkennara á þyrlu (TRI(H)) skal hann:

a) Fyrir tegundarkennaraáritun/þyrla á fjölhreyfla-, einstjórnarþyrlu hafa lokið 250 fartímum sem flugmaður þyrlu;

b) fyrir tegundarkennaraáritun/þyrla fyrir fjölhreyfla-, einstjórnarþyrlur, hafa lokið minnst 500 fartímum sem flugmaður í þyrlum og þar af skulu vera 100 fartímar sem flugstjóri í fjölhreyfla-, einstjórnarþyrlum;

c) fyrir tegundarkennaraáritun/þyrla fyrir fjölstjórnarþyrlur, hafa lokið minnst 1000 fartímum sem flugmaður í þyrlum, þar af skulu minnst 350 fartímar vera sem flugmaður í fjölstjórnarþyrlum;

d) uppfylla inntökukröfur í JAR–FCL 2.310 hér að framan.]

**[JAR–FCL 2.330C Tegundarkennari/þyrla (TRI(H)) – Námskeið**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C)*

Umsækjandi um tegundarkennaraáritun á þyrlu (TRI(H)) skal hafa lokið samþykktu bóklegu námskeiði og flugþjálfun í þyrlu eða flugþjálfa í samþykktum skóla (FTO) eða tegundarskóla (TRTO), (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C). ]

**[JAR–FCL 2.330D Tegundarkennari/þyrla (TRI(H)) – Staðfesting á hæfni**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.320E)*

Umsækjandi um fyrstu tegundarkennaraáritun á þyrlu (TRI(H)) skal hafa sýnt tegundarkennara á þyrlu (TRI)(H) tilnefndum af flugmálayfirvöldum í þessu tilefni, fram á þá hæfni sem krafa er um til að kenna flugmanni til útgáfu tegundaráritunar ásamt fyrirflugs- og eftirflugsgreiningu og kennslu í bóklegri þekkingu samkvæmt kröfum í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E (viðeigandi hluta).]

**[JAR–FCL 2.330E Tegundarkennari/þyrla (TRI(H)) – Útgáfu áritunar**

*(Sjá JAR–FCL 2.250)*
*(Sjá JAR–FCL 2.305)*
*(Sjá JAR–FCL 2.310)*
*(Sjá JAR–FCL 2.330A til 2.330D)*
*(Sjá JAR–FCL 2.330F))*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E)*

a) Umsækjandi um fyrstu tegundarkennaraáritun á þyrlu (TRI(H))

1) sem uppfyllir kröfur í JAR–FCL 2.305, 2.310 og 2.330A til 2.330D; eða

2) sem hefur fengið sérstakt leyfi samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305, uppfyllir kröfur í JAR–FCL 2.330F og er handhafi JAR–FCL skírteinis,

skal hafa uppfyllt kröfur til útgáfu tegundarkennaraáritunar á þyrlu (TRI(H)). Handhafar flugkennaraáritunar á þyrlu (FI(H)), sem er í gildi, hafa uppfyllt kröfur fyrir viðkomandi tegundarkennaraáritun á einstjórnarþyrlur.

b) Áður en réttindi á fleiri þyrlutegundir eru veitt skal handhafi hafa stjórnað nægilegri flugþjálfun tegundarkennara (TRI) í viðkomandi þyrlutegund eða í flugþjálfunartæki (FSTD) til að

sýna tegundarkennara á þyrlu (TRI(H)) tilnefndum af flugmálayfirvöldum í þessu tilefni, fram á þá hæfni sem krafa er um til að kenna flugmanni til útgáfu tegundaráritunar ásamt fyrirflugs- og eftirflugsgreiningu og kennslu í bóklegri þekkingu samkvæmt kröfum í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E (viðeigandi hluta).

c) Áður en réttindi á einstjórnarþyrlur eru aukin í réttindi á fjölstjórnarþyrlur sömu tegundar skal handhafi uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.250 og hafa minnst 100 fartíma í fjölstjórnarþyrlum sömu tegundar. Umsækjandi um fyrstu tegundarkennaraáritun á fjölstjórnar fjölhreyfla þyrlur skal uppfylla reynslukröfur í c-lið JAR–FCL 2.330B, nema kröfur um 350 fartíma í fjölstjórnarþyrlum sem teljast uppfylltar ef hann hefur 100 tíma í fjölstjórnarþyrlum sömu tegundar.]

**[JAR–FCL 2.330F Tegundarkennari/þyrla (TRI(H)) – framlenging og endurnýjun**

*(Sjá 2. tölulið a-liðar í AMC FCL 2.320G)*
*(Sjá JAR–FCL 2.320)*

a) Til framlengingar áritunar tegundarkennara/þyrla TRI(H) skal umsækjandinn vera handhafi flugkennaáritunar á þyrlu FI(H) sem er í gildi á þá tegund sem krafist er eða uppfylla tvær af eftirfarandi þremur kröfum:

1) hafa kennt, meðan áritunin er í gildi, minnst 50 tíma í þyrlum eða flugþjálfunartæki (FSTD) sem flugkennari (FI), tegundarkennari (TRI), flugþjálfakennari (SFI), flugþjálfakennari á einstjórnarþyrlur (STI) eða blindflugskennari (IRI) eða verið prófdómari. Af þessum tímum skulu minnst 15 kennslutímar vera á síðustu 12 mánuðum áður en áritunin fellur úr gildi.

2) sitja, meðan áritunin er í gildi, upprifjunarnámskeið fyrir kennara (sjá 2. tölulið a-liðar AMC FCL 2.320) sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt;

3) standast sem hæfnipróf viðeigandi hluta í prófi í JAR–FCL 2.330D hjá tegundarkennara á þyrlu (TRI(H)) tilnefndum af flugmálayfirvöldum af þessu tilefni.

b) Við fyrstu framlengingu og minnst aðra hverja endurnýjun tegundarkennaraáritunarinnar skal handhafinn standast hæfnimat sem lýst er í JAR–FCl 2.330D.

c) Hæfnimat á tegund samkvæmt JAR–FCL 2.330D framlengir tegundarkennaraáritun á aðrar tegundir sem tegundarkennari hefur. Ef tegundarkennaraáritun er framlengd á grundvelli flugkennaraáritunar (FI(H)) sem er í gildi gildir tegundarkennaraáritunin (TRI(H)) til dagsetningarinnar þegar flugkennararáritunin (FI(H)) fellur úr gildi.

d) Ef áritunin er fallin úr gildi skal umsækjandi uppfylla kröfur í 2. og 3. tölulið a-liðar hér að framan eða vera handhafi flugkennaraáritunar (FI(H)) á tegundina sem hefur verið í gildi síðustu 12 mánuði fyrir endurnýjun. Ef tegundarkennaraáritun er endurnýjuð á grundvelli flugkennaraáritunar (FI(H)) í gildi þá gildir tegundarkennaraáritunin (TRI(H)) til dagsetningarinnar þegar flugkennararáritunin fellur úr gildi.]

**[JAR–FCL 2.340A] Blindflugskennari/þyrla (IRI(H)) – réttindi**

Réttindi handhafa áritunar blindflugskennara/ þyrla eru takmörkuð við að kenna[handhöfum skírteina] til útgáfu, [framlengingar og endurnýjunar] blindflugsáritunar/þyrla.

**[JAR–FCL 2.340B Blindflugskennari/þyrla (IRI(H)) – inntökukröfur og kröfur**

*(Sjá JAR–FCL 2.310)*
Áður en leyfilegt er að setjast á samþykkt námskeið fyrir blindflugskennara á þyrlu (IRI(H)) skal umsækjandi;

a) vera handhafi blindflugsáritunar á þyrlu (IR(H)) á viðkomandi tegund sem er í gildi;

b) vera handhafi tegundarkennaraáritunar á þyrlu (TRI (H)) á viðkomandi tegund sem er í gildi;

c) hafa lokið minnst 500 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu minnst 250 blindflugstímar vera í þyrlum;

d) uppfylla inntökukröfur í JAR–FCL 2.310 hér að framan.]

**[JAR–FCL 2.340C Blindflugskennari/þyrla (IRI(H)) – Námskeið**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.340C)*
*(Sjá AMC FCL 2.340C)*

Umsækjandi um útgáfu fyrstu blindflugsáritunar á þyrlu (IRI(H)) skal hafa lokið á fullnægjandi hátt samþykktu blindflugsnámskeiði í samþykktum flugskóla (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.340C og AMC FCL 2.340C). Í námskeiðinu skal felast kennsla í bóklegri þekkingu og minnst 10 flugkennslutímar í þyrlu eða flugþjálfunartæki (FSTD).]

**[JAR–FCL 2.340D Blindflugskennari/þyrla (IRI(H)) – Færnipróf**

*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.330E)*

Umsækjandinn skal standast hæfnipróf í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E (viðeigandi hluta) hjá

flugkennaraprófdómara á þyrlu (FIE(H)) sem hefur fengið leyfi flugmálayfirvalda í þessu skyni.]

**[JAR–FCL 2.340E Blindflugskennari/þyrla (IRI(H)) – Útgáfa áritunar**

*(Sjá JAR–FCL 2.340A til 2.340D)*
*(Sjá JAR–FCL 2.340F)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305)*

Umsækjandi um blindflugskennaraáritun á þyrlu IRI(H):

a) sem fullnægir skilyrðum í JAR–FCL 2.340A til 2.340D; eða

b) sem hefur fengið útgefið sérstakt leyfi samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305, sem uppfyllir kröfur í JAR–FCL 2.340F og er handhafi JAR–FCL skírteinis telst uppfylla kröfur fyrir útgáfu blindflugskennaraáritunar á þyrlu (IRI(H)).]

**[JAR–FCL 2.340F Blindflugskennari/þyrla (IRI(H)) – framlenging og endurnýjun**

*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E)*
*(Sjá 2. tölulið a-liðar AMC FCL 2.320)*

a) Til framlengingar á áritun blindflugskennara/ þyrla skal handhafi uppfylla tvær af eftirfarandi 3 kröfum:

1) hafa kennt blindflug meðan áritunin er í gildi minnst 50 tíma í þyrlum eða flugþjálfunartæki (FSTD) sem flugkennari (FI), tegundarkennari (TRI), flugþjálfakennari (SFI), flugþjálfakennari á einstjórnarþyrlur (STI) eða blindflugskennari (IRI) eða verið prófdómari. Af þessum tímum skulu vera minnst 15 tíma blindflugskennsla á síðustu 12 mánuðum áður en áritunin fellur úr gildi.

2) sitja, meðan blindflugskennaraáritunin er í gildi, upprifjunarnámskeið fyrir kennara (sjá 2. tölulið a-liðar AMC FCL 2.320G) sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt;

3) standast sem hæfnipróf, á síðustu 12 mánuðum áður en blindflugsáritunin fellur úr gildi, færniprófið í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E.

b) Við fyrstu framlengingu og minnst aðra hverja framlengingu blindflugskennaraáritunarinnar skal handhafinn standast hæfnipróf sem lýst er í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E til að uppfylla aðra af þeim tveimur kröfum sem gerðar eru til að standast skilyrði í a-lið JAR–FCL 2.340F.

c) Ef áritunin er útrunnin skal umsækjandi uppfylla kröfur í 2. og 3. tölulið a-liðar hér að framan á innan við 12 mánuðum fyrir endurnýjun.

d) Blindflugskennarahæfnipróf á einhverja tegund samkvæmt 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E framlengir blindflugskennaraáritun á aðrar tegundir sem blindflugskennaraáritunin gildir fyrir. ]

**[JAR–FCL 2.350A Flugþjálfakennari/þyrla (SFI(H)) – réttindi**

*(Sjá d-lið JAR–FCL 2.261)*

Handhafi leyfis flugþjálfakennara (SFI(H)) hefur réttindi til að veita kennslu í flugþjálfa til tegundaráritunar og kennslu sem krafist er fyrir áhafnarsamstarf (sjá d-lið JAR–FCL 2.261).]

**[JAR–FCL 2.350B Flugþjálfakennari/þyrla (SFI(H)) – inntökuskilyrði og kröfur**

*(Sjá JAR–FCL 2.310)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295)*

Umsækjandi um leyfi til kennslu í flugþjálfa (SFI(H)) skal:

a) vera eða hafa verið handhafi skírteinis atvinnuflugmanns sem gefið er út af aðildarríki JAA eða skírteinis sem ekki er JAR–FCL skírteini atvinnuflugmanns en flugmálayfirvöld telja ásættanlegt;

b) hafa minnst 1000 tíma flugreynslu sem flugmaður á þyrlum þar af minnst 350 tíma sem flugmaður fjölstjórnarþyrlu;

c) hafa lokið samþykktu námskeiði fyrir tegundarkennara/þyrla (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C);

d) hafa lokið, á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, hæfniprófi eins og kveðið er á um í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295 í flughermi af viðeigandi tegund;

e) hafa lokið á innan við 12 mánuðum, fyrir umsókn, minnst einum tíma sem áhorfandi (observer) í stjórnklefa í viðeigandi tegund eða sambærilegri tegund sem flugmálayfirvöld samþykkja; og

f) Uppfylla inntökuskilyrði [a-liðar í JAR–FCL 2.350F]

**[JAR–FCL 2.350C Flugþjálfakennari/þyrla (SFI(H)) – námskeið**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C)*

a) Hafa lokið flughermishluta viðeigandi námskeiðs til tegundaráritunar í samþykktum

flugskóla eða tegundarskóla samkvæmt JAR–FCL 2.330C; og

b) hafa stjórnað á heildstæðu tegundarnámskeiði í minnst eitt skipti þjálfun í flughermi viðeigandi þyrlutegundar sem stendur í minnst 3 tíma og tengist störfum flugþjálfakennara, undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati tegundarkennara (TRI(H)) sem tilnefndur er af flugmálayfirvöldum í þessu skyni.]

**[JAR–FCL 2.350D Flugþjálfakennari/þyrla (SFI(H)) – staðfesting á hæfni**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.320E)*

Umsækjandi um fyrstu útgáfu flugþjálfakennaraleyfis skal sýna tegundarkennara, sem tilnefndur er af flugmálayfirvöldum í þessu tilefni, fram á þá hæfni sem krafa er um til að fá að kenna flugmanni til útgáfu tegundaráritunar ásamt fyrirflugs- og eftirflugsgreiningu og til að kenna bóklegt samkvæmt kröfum í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320C og 2.320E (þá hluta sem eiga við).]

**[JAR–FCL 2.350E Flugþjálfakennari/þyrla (SFI(H)) – útgáfa leyfis**

*(Sjá JAR–FCL 2.340F)*
*(Sjá JAR–FCL 2.350B til 2.350E)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C)*

a) Umsækjandi um fyrsta flugþjálfakennaraleyfi á þyrlu (SFI(H)

1) sem uppfyllir kröfur í JAR–FCL 2.350B til 2.350E; eða

2) sem hefur fengið sérstakt leyfi samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305 og uppfyllir kröfur í JAR–FCL 2.340F og er handhafi JAR–FCL skírteinis,

skal hafa uppfyllt kröfur til útgáfu flugþjálfakennaraleyfis á þyrlu (SFI(H)).

b) Áður en réttindi fyrir fleiri þyrlutegundir eru veitt skal handhafi

1) hafa lokið samþykktu tegundarkennaranámskeiði á þyrlu ( sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C);

2) hafa lokið, á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, minnst 1 klst. sem áhorfandi í stjórnklefa viðkomandi tegundar eða í svipaðri tegund sem flugmálayfirvöld samþykkja.

3) hafa lokið á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn hæfniprófi í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295 í flughermi viðkomandi tegundar.

4) hafa stjórnað á heildstæðu tegundarnámskeiði í minnst eitt skipti þjálfun í flughermi sem stendur í minnst 3 tíma og tengist störfum flugþjálfakennara á viðeigandi tegund þyrlu undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati tegundarkennara sem tilnefndur er af flugmálayfirvöldum í þessu skyni.]

**[JAR–FCL 2.350F Flugþjálfakennari/þyrla (SFI(H)) – framlenging og endurnýjun**

*(Sjá JAR–FCL 2.350D)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E)*
*(Sjá 2. tölulið a-liðar í AMC JAR–FCL 2.320)*

a) Til að fá framlengingu á leyfi til kennslu í flugþjálfa (SFI(H)) skal umsækjandinn uppfylla tvær af þremur eftirfarandi kröfum:

1) hafa meðan áritunin er í gildi kennt minnst 50 tíma í flugþjálfunartæki (FSTD) sem flugþjálfakennari (SFI), flugþjálfakennari á einstjórnarþyrlur (STI) eða verið fluþjálfaprófdómari (SFE(H)), þar af minnst 15 tíma á síðustu 12 mánuðum áður en flugþjálfakennaraleyfið rennur úr gildi;

2) hafa, meðan SFI áritunin er í gildi, setið samþykkt upprifjunarnámskeið fyrir kennara (sjá 2. tölulið a-liðar í AMC FCL 2.320G;

3) hafa lokið sem hæfniprófi færniprófinu sem kveðið er á um í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E (viðeigandi hlutum) á síðustu 12 mánuðum áður en SFI áritunin rennur úr gildi.

b) Fyrir fyrstu framlengingu, og þar eftir fyrir aðra hverja framlengingu, skal flugþjálfakennarinn (SFI(H)) standast próf samkvæmt JAR–FCL 2.350D sem eitt af þeim tveimur skilyrðum sem þarf að fullnægja til að uppfylla kröfur í a-lið í JAR–FCL 2.350F;

c) ef leyfið er útrunnið skal handhafi uppfylla kröfur í 2. og 3. tölulið a-liðar hér að framan á síðustu 12 mánuðum fyrir endurnýjun.]

**[JAR–FCL 2.360A Flugþjálfakennari á einstjórnarþyrlu (STI(H)) – réttindi**

*(Sjá 3. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.350)*

Handhafi leyfis flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlur (STI(H)) hefur heimild til að veita kennslu í flugþjálfa á einstjórnarþyrlur fyrir

a) fyrstu útgáfu skírteinis og næturflugsáritun ef hann er eða hefur verið handhafi flugkennaraáritunar á þyrlu (FI(H));

b) fyrstu útgáfu, framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar ef hann er eða hefur verið handhafi blindflugsáritunar á þyrlu (IR(H));

c) fyrstu útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritunar ef hann er eða hefur verið handhafi tegundarkennaraáritunar á þyrlu (TRI(H)) eða uppfyllir kröfur í 3. tölulið a-liðar JAR–FCL 2.350F.]

**[JAR–FCL 2.360B Flugþjálfakennari á einstjórnarþyrlu (STI(H)) – kröfur**

*(Sjá JAR–FCL 2.310)*
*(Sjá 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240)*

Umsækjandi um leyfi flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlur (STI(H)) skal:

a) vera eða hafa verið á síðustu þremur árum handhafi atvinnuflugmannsskírteinis með kennsluréttindum eða sérstöku leyfi varðandi það námskeið sem áætlað er að halda eða skírteini sem ekki er gefið út af aðildarríki JAA en flugmálayfirvöld telja ásættanlegt;

b) hafa fengið minnst þriggja tíma kennslu í flugþjálfunartæki (FSTD) sem tengist réttindum STI(H);

c) hafa lokið, á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, hæfniprófi eins og kveðið er á um í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240 í flugþjálfunartæki (FSTD) af þeirri þyrlutegund sem hentar viðkomandi kennslu;

d) hafa lokið, á innan við 12 mánuðum fyrir umsókn, minnst einum tíma sem áhorfandi (observer) í stjórnklefa í viðeigandi tegund eða sambærilegri tegund sem flugmálayfirvöld samþykkja; og

e) uppfylla inntökuskilyrði í JAR–FCL 2.310.]

**[JAR–FCL 2.360C Flugþjálfakennari á einstjórnarþyrlu (STI(H)) – námskeið**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C)*

a) Hafa lokið flughermishluta viðeigandi námskeiðs í samþykktum flugskóla (FTO) eða tegundarskóla (TRTO) samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C; og

b) hafa stjórnað á heildstæðu tegundarnámskeiði í minnst eitt skipti þjálfun í flughermi sem stendur í minnst 3 tíma og tengist störfum flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlur (STI(H)) á viðeigandi þyrlutegund. ]

**[JAR–FCL 2.360D Flugþjálfakennari á einstjórnarþyrlur (STI(H)) – staðfesting á hæfni**

*(Sjá JAR–FCL 2.360A)*

Umsækjandi um fyrstu útgáfu flugþjálfakennaraleyfis á einstjórnarþyrlur (STI(H)) skal sýna flugkennaraprófdómara (FIE(H)) fram á hæfni til að kenna í samræmi við réttindin í JAR–FCL 2.360A.]

**[JAR–FCL 2.360E Flugþjálfakennari á einstjórnarþyrlu (STI(H)) – útgáfa leyfis**

*(Sjá JAR–FCL 2.360F)*
*(Sjá JAR–FCL 2.360A til 2.360D)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C)*

a) Umsækjandi um fyrsta flugþjálfakennaraleyfi á einstjórnarþyrlu (STI(H)

1) sem uppfyllir kröfur í JAR–FCL 2.360A til 2.360D; eða

2) sem hefur fengið sérstakt leyfi samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.305 og uppfyllir kröfur í JAR–FCL 2.360F og er handhafi JAR–FCL skírteinis,

skal hafa uppfyllt kröfur til útgáfu flugþjálfakennaraleyfis á einstjórnarþyrlu (STI(H)).

b) Ef veita á réttindi á fleiri tegundir þyrluflugþjálfunartækja skal handhafi

1) hafa lokið samþykktu kennaranámskeiði á einstjórnarþyrlu á viðkomandi tegund (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.330C);

2) hafa lokið, á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn, hæfniprófi í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295 í flughermi viðkomandi tegundar.

3) hafa stjórnað á heildstæðu tegundarnámskeiði í minnst eitt skipti þjálfun í flugþjálfunartæki á viðkomandi tegund sem stendur minnst 3 tíma og tengist störfum flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlu undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati flugkennaraprófdómara (FIE(H)).]

**[JAR–FCL 2.360F Flugþjálfakennari á einstjórnarþyrlu (STI(H)) – framlenging og endurnýjun**

*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240)*

Til að framlengja flugþjálfakennaraáritun á einstjórnarþyrlur (STI(H)) á síðustu 12 mánuðum gildistímans skal umsækjandi hafa:

a) kennt í minnst þrjá tíma í flugþjálfunartæki (FSTD) sem hluta af heildstæðu námskeiði fyrir atvinnuflugmannsskírteini, blindflugsáritun eða tegundaráritun og

b) lokið viðkomandi hlutum hæfniprófs í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240 fyrir viðeigandi þyrlutegund í flugþjálfunartæki (FSTD) sem venjulega er notað við kennslu.

Ef leyfið er útrunnið skal umsækjandi hafa:

c) lokið minnst þriggja tíma upprifjunarþjálfun í flugþjálfunartæki (FSTD);

d) hafa kennt á heildstæðu námskeiði fyrir atvinnuflugmannsskírteini, blindflugsáritun eða tegundaráritun í minnst 3 tíma undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati prófdómara sem tilnefndur er í þessu skyni af flugmálayfirvöldum.

e) lokið viðkomandi hlutum hæfniprófs í 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240 fyrir viðeigandi þyrlutegund í flugþjálfunartæki (FSTD) sem venjulega er notað við kennslu.]

[ ] [ ]

JAR–FCL 2.375 Hér á að vera eyða

JAR–FCL 2.380 Hér á að vera eyða

JAR–FCL 2.385 Hér á að vera eyða

[ ]

**1. viðbætir við [JAR–FCL 2.305]**
**Kröfur um sérstakt leyfi fyrir kennara, sem ekki eru handhafar JAR–FCL skírteinis, til að kenna í flugskóla eða tegundaráritunarskóla utan aðildarríkja JAA**

*(Sjá iii lið 2. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.30**[**5**]** **[ ]**)*

1. a) Kennarar sem ætla að kenna til JAR–FCL skírteinis með blindflugsáritun skulu:

i) vera að minnsta kosti handhafar atvinnuflugmannsskírteinis og áritana sem gefin eru út samkvæmt 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1) eins og krafist er af viðkomandi ríki utan JAA til kennslu á loftfar sem skráð er í því ríki;

ii) hafa lokið minnst 500 fartímum sem flugmaður í þyrlu og þar af skulu minnst 200 tímar vera sem flugkennari sem tengist þeirri þjálfun sem veita skal og uppfylla kröfur um reynslu í a-, b-, c-, d-, og/eða e-liðum JAR–FCL 2.3[ ] [20C];

iii) hafa lokið í samræmi við JAR–FCL viðeigandi samþykktu námi í bóklegri kennslu og flugþjálfun. Náminu má breyta, að fengnu samþykki flugmálayfirvalda, þannig að tekið sé tillit til fyrri þjálfunar og reynslu umsækjanda, en það skal fela í sér minnst 30 tíma bóklega kennslu og 15 tíma flugþjálfun með kennara sem er handhafi JAR–FCL skírteinis og áritunar í samræmi við [ ] JAR–FCL 2.3[ ][20C];

iv) hafa staðist færnipróf eins og lýst er í JAR–FCL 2.345;

v) gildistími leyfis er að ákvörðun flugmálayfirvalda en skal ekki vera lengri en 3 ár;

vi) framlenging eða endurnýjun allra leyfa sem gefin eru út samkvæmt liðum i) til iv) hér á undan skal vera í samræmi við JAR–FCL 2.355.

b) Leyfi verða takmörkuð eins og hér segir:

i) engin kennsla til útgáfu kennaraáritana;

ii) engin kennsla innan aðildarríkis JAA;

iii) aðeins verður kennt þeim nemum sem hafa nægilega kunnáttu í því máli sem kennt er á;

iv) við þá hluta samtvinnaðs námskeiðs til atvinnuflugmanns 1. flokks (ATP) þar sem kennarinn getur sýnt fram á reynslu sem tengist þeirri þjálfun sem veita skal samkvæmt ii lið a-liðar 1. tölul.

v) engin kennsla í áhafnarsamstarfi **[**eins og skilgreint er í 1. viðbæti við d-lið JAR–FCL 2.261 og d-lið AMC FCL 2.261**]**.

2. a) Kennarar sem ætla að kenna til JAR–FCL tegundaráritunar skulu:

i) vera að minnsta kosti handhafar atvinnuflugmannsskírteinis og áritana sem gefin eru út samkvæmt 1. viðauka við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 1) eins og krafist er af viðkomandi ríki utan JAA til kennslu á loftfar sem skráð er í því ríki;

ii) fullnægja kröfum um reynslu í a- og d-liðum JAR–FCL 2.365 til þess að starfa sem tegundarkennari/þyrla (TRI(H)) eða í 3. og 7. tölul. a-liðar JAR–FCL 2.410 til þess að starfa sem flugþjálfakennari/þyrla (SFI(H));

iii) hafa lokið sem tegundarkennari (TRI(H) eða jafngilt) minnst 100 fartímum eða kennslutímum í flughermi;

iv) gildistími leyfis er ákveðinn af flugmálayfirvöldum en skal ekki vera lengri en 3 ár;

v) hafa fullnægt framlengingarkröfum JAR–FCL 2.370 sem tegundaráritunarkennari (TRI(H)) eða JAR–FCL 2.145 sem flugþjálfakennari (SFI(H)).

b) Leyfi verða takmörkuð eins og hér segir:

i) engin kennsla til útgáfu kennaraáritana;

ii) engin kennsla innan aðildarríkis JAA;

iii) aðeins þeim nemum verður kennt sem hafa nægilega kunnáttu í því tungumáli sem kennt er á;

iv) engin kennsla í áhafnarsamstarfi **[**eins og skilgreint er í 1. viðbæti við d-lið JAR–FCL 2.261 og d-lið AMC FCL 2.261**]**.

**[1. viðbætir við JAR–FCL 2.320D**
Flugkennaraáritun (þyrla) (FI(H)) námskeið
*(Sjá JAR–FCL 2.320D)*
*(Sjá AMC FCL 2.320D)*

MARKMIÐ NÁMSKEIÐS

1. Markmið námskeiðs flugkennara/þyrla (FI(H)) er að þjálfa handhafa flugmannsskírteinis/þyrla til þeirrar hæfni sem nauðsynleg er til útgáfu FI(H) áritunar og, í því skyni, að

a. rifja upp og uppfæra tæknikunnáttu kennaranemans;

b. þjálfa kennaranemann til að kenna bóklegt efni og flugæfingar;

c. tryggja að flugfærni kennaranemans sé á nægilega háu stigi; og

d. kenna kennaranemanum meginreglur um grunnkennslu og að beita þeim við kennslu til einkaflugmannsskírteinis (PPL).

2. Að undanskildum kaflanum um KENNSLU OG NÁM eru öll efnisatriði í námskrá um bóklegt nám og flugþjálfun viðbót við námskrá fyrir námskeið til einkaflugmannsskírteinis/þyrla (PPL(H)) og umsækjandinn ætti þegar að þekkja þau.

3. Á námskeiðinu fyrir flugkennara/þyrla (FI(H)) ætti að leggja sérstaka áherslu á hlutverk einstaklingsins í tengslum við mikilvægi mannlegra þátta í gagnvirku umhverfi manns, vélar og bóklegrar þekkingar. Sérstakri athygli ætti að beina að þroska einstaklingsins og dómgreind að meðtöldum skilningi á fullorðnum, hegðunarmynstri þeirra og mismunandi menntunarstigi.

4. Á námskeiðinu skal láta umsækjendurna gera sér grein fyrir eigin afstöðu gagnvart mikilvægi flugöryggis. Það skal vera meginmarkmið á öllu námskeiðinu að bæta meðvitund um öryggi. Það er mjög mikilvægt fyrir framgang þjálfunarinnar að stefna að því að veita umsækjendum þá þekkingu, færni og afstöðu sem tengist starfi flugkennara.

5. Þegar námskeiði og lokaprófi er lokið með góðum árangri má veita umsækjandanum áritun flugkennara/þyrla (FI(H))

KENNSLA OG NÁM

6. Námskráin er í 1. hluta AMC FCL 2.320D. Samþykkt bóklegt námskeið til flugkennara/þyrla (FI(H)) skal fela í sér ekki minna en 125 tíma að meðtöldum áfangaprófum. Flugmenn sem eru eða hafa verið handhafar áritunar flugkennara/flugvél (FI(A)) fá viðurkennda 75 tíma sem hluta af 125 tímum á 1. hluta KENNSLU OG NÁMS á FI(H) námskeiðinu.

FLUGÞJÁLFUN

7. Námskrá í flugþjálfun er í 2. hluta AMC FCL 2.320D. Samþykkt FI(H) námskeið skal fela í sér ekki minna en 30 tíma flugkennslu.

FÆRNIPRÓF

8. Þegar námskeiðinu er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf í samræmi við 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL [2.320E][ ] og 2.345.**]**

**1. viðbætir við JAR–FCL [2.320E og 2.345]**
**Skipulag færniprófs, hæfniprófs og munnlegs prófs í bóklegum greinum til flugkennaraáritunar (FI(H))**

*(Sjá JAR–FCL 2.3[ ] [20E, 2.345, 2.355 og 2.395])*

1. Færnipróf til flugkennaraáritunar er eins og lýst er í 2. viðbæti við JAR–FCL 2.330[E]. Prófið felur í sér munnleg próf á jörðu niðri í bóklegum greinum, fyrirflugskynningu og eftirflugsgreiningu og sýnikennslu flugkennara (in-flight demonstrations) við færnipróf í þyrlu.

2. Umsækjandi um færnipróf skal hafa fengið kennslu í þyrlu af sömu tegund og notuð er við prófið. Þyrlan sem notuð er við prófið skal uppfylla kröfur í 25. lið 1. viðbætis [a] við JAR–FCL 2.055.

3. Áður en umsækjandi tekur færniprófið skal hann hafa lokið þeirri þjálfun sem krafist er. Flugskólinn (FTO) skal leggja fram þjálfunarskrár umsækjandans þegar prófdómari óskar.

4. 1. hluti færniprófsins, sem er munnlegt próf í bóklegum greinum, skiptist í tvo hluta:

a) Umsækjandinn skal halda fyrirlestur við prófaðstæður fyrir aðra „nemendur“, en einn þeirra er prófdómarinn. Efni fyrirlestrarins skal valið úr liðum a - h í 1. hluta. Tími til undirbúnings próffyrirlestrarins skal ákveðinn fyrirfram í samráði við prófdómara. Umsækjandinn má nota viðeigandi bækur og skjöl. Próffyrirlesturinn skal ekki vera lengri en 45 mínútur.

b) Umsækjandinn er prófaður munnlega af prófdómara í liðum a - i í 1. hluta og efninu „kennsla og nám“ á námskeiðum til flugkennara/þyrla.

5. 2., 3. og 7. hluti eru til flugkennaraáritunar fyrir einshreyfils (SE) einstjórnarþyrlur **[**(SPH)**]**. Þessir hlutar fela í sér æfingar til að sýna fram á getu sem flugkennari (þ.e. kennsluæfingar) sem valdar eru af prófdómara úr námskrá fyrir flugnámskeið til flugkennara/þyrla (sjá AMC FCL 2.320[E] ). Þess er krafist að umsækjandinn sýni getu sína sem flugkennari, þar með talið að halda fyrirflugskynningu, kenna flug og gera eftirflugsgreiningu.

6. 4. hluti er af ásettu ráði hafður auður og má nota hann til að bæta inn öðrum sýnikennsluæfingum, sem prófdómari ákveður og umsækjandi samþykkir áður en færniprófið fer fram.

7. Í 5. hluta eru frekari sýnikennsluæfingar til flugkennaraáritunar fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur. Við þennan hluta skal, ef þörf krefur, nota fjölhreyfla einstjórnarþyrlu, flughermi eða flugleiðsöguþjálfa II (FNPT II) Ef flughermir eða flugleiðsöguþjálfi er notaður skal líkt eftir fjölhreyfla þyrlu. Þessum hluta skal lokið til viðbótar við 2., 3. og 4. hluta (ef við á) svo og 7. hluta.

8. 6. hluti er af ásettu ráði hafður auður. Í þessum hluta verða frekari sýnikennsluæfingar til flugkennara-áritunar svo sem prófdómari ákveður og umsækjandi samþykkir áður en færnipróf til flugkennaraáritunar til að kenna fyrir blindflugsáritun fer fram. Þessar æfingar tengjast þjálfunarkröfum vegna fyrstu útgáfu blindflugs-áritunar.

9. Við færniprófið skal umsækjandinn sitja í því sæti sem flugkennari/þyrla situr venjulega í. Prófdómarinn eða annar flugkennari skal vera í hlutverki „flugnema“. Umsækjandinn á að útskýra viðeigandi æfingar og sýna „flugnemanum“ hvernig þær eru gerðar, þar sem við á. Síðan skal „flugneminn“ gera sama flugbragð með dæmigerðum mistökum óreyndra flugnema. Þess er vænst að umsækjandinn leiðrétti mistökin munnlega og/eða grípi inn í ef þörf krefur.

10. 1. og 2. til og með 7. hluta (eftir því sem við á) skal lokið á sex mánuðum, en öllum hlutum skal lokið á sama degi ef mögulegt er. Falli umsækjandi á einhverri æfingu í 2., 3. og 4. hluta og (ef við á) í 5./6.hluta verður hann að taka endurtekningarpróf sem tekur til allra æfinga. Falli umsækjandi í 1. hluta má hann taka hann aftur sérstaklega.

11. Prófdómarinn má stöðva prófið hvenær sem er telji hann að skortur á færni sem umsækjandinn sýnir við flug eða kennslu krefjist endurtekningarprófs.

12. Prófdómarinn skal yfirleitt vera flugstjórinn nema í tilvikum þegar prófdómari samþykkir að annar flugkennari sé útnefndur sem flugstjóri í fluginu. Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við innlendar reglugerðir.

13. Á færniprófi skal nota efni og hluta færniprófs, sem kveðið er á um í 2. viðbæti við JAR–FCL [2.320E] [ ]. Flugmálayfirvöld geta ákveðið snið færniprófsins og umsóknareyðublað fyrir færniprófið (sjá IEM FCL [2.320E] [ ]).

**2. viðbætir við JAR–FCL [2.320E][ ] og 2.345**
**Efni færniprófs, munnlegs prófs í bóklegum greinum og hæfniprófs til flugkennaraáritunar (FI(H))**

*(Sjá JAR–FCL 2.[320E] [ ] og 2.345)*
*(Sjá IEM FCL 2.[320E] [ ])*

| **1. HLUTI**<br>**MUNNLEGT PRÓF Í BÓKLEGUM GREINUM** | |
|---|---|
| A | Lög og reglur um loftferðir |
| B | Almenn þekking á loftförum |
| C | Afkastageta og áætlanagerð |
| D | Mannleg geta og takmörk |
| E | Veðurfræði |
| F | Flugleiðsaga |
| G | Verklagsreglur í flugi |
| H | Flugfræði |
| I | Stjórnun þjálfunar |

VALIN AÐALÆFING Í 2. OG 3. HLUTA:

| **2. HLUTI**<br>**FYRIRFLUGSKYNNING** | |
|---|---|
| A | Notkun myndefnis |
| B | Tæknileg nákvæmni |
| C | Skýrar útskýringar |
| D | Skýrt tal |
| E | Kennslutækni |
| F | Notkun líkana og hjálpartækja |
| G | Þátttaka nemenda |

| | |
|---|---|
| **3. HLUTI**<br>**FLUG** | |
| A | Skipulag sýnikennslu |
| B | Samhæfing útskýringa og sýnikennslu |
| C | Leiðrétting mistaka |
| D | Stjórn þyrlu |
| E | Kennslutækni |
| F | Almenn flugmennska / öryggi |
| G | Staðsetning til notkunar loftrýmis |
| **4. HLUTI**<br>**AÐRAR ÆFINGAR** | |
| A | |
| B | |
| C | |
| D | |
| E | |
| F | |
| G | |
| **5. HLUTI**<br>**FJÖLHREYFLAÆFINGAR** | |
| A | [1]Aðgerðir vegna hreyfilbilunar skömmu eftir flugtak |
| B | [1]Aðflug og fráflug á öðrum hreyfli |
| C | [1]Aðflug og lending á öðrum hreyfli |
| D | |
| E | |
| F | |
| G | |

[1] Þessar æfingar skulu sýndar á færniprófi til flugkennaraáritunar fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur.

| | |
|---|---|
| **6. HLUTI**<br>**BLINDFLUGSÆFINGAR** | |
| A | |
| B | |
| C | |
| D | |
| E | |
| F | |
| G | |
| **7. HLUTI**<br>**EFTIRFLUGSGREINING** | |
| A | Notkun myndefnis |
| B | Tæknileg nákvæmni |
| C | Skýrar útskýringar |
| D | Skýrt tal |
| E | Kennslutækni |
| F | Notkun líkana og hjálpartækja |
| G | Þátttaka nemanda |

**1. viðbætir við JAR–FCL [2.330C]**
**Námskeið fyrir tegundarkennaraáritun/þyrla fyrir, eftir því sem við á, einstjórnar- eða fjölstjórnarþyrlur útbúnar bæði fyrir sjónflug og blindflug (TRI(H))**
**[***(Sjá JAR–FCL 2.330A)*
*(Sjá JAR–FCL 2.330C)*
*(Sjá JAR–FCL 2.330F)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295)*
*(Sjá 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240)*
*(Sjá a-lið 1. viðbætis við JAR–FCL 2.261)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E)*

ALMENN MARKMIÐ NÁMSKEIÐS

1. Markmið tegundarkennaranámskeiðsins (TRI(H)) er að þjálfa handhafa flugmannsskírteinis/þyrla til þeirrar hæfni sem nauðsynleg er til útgáfu TRI(H) áritunar. Námskeiðið skal þannig hannað að það veiti umsækjanda nægilega tæknikunnáttu og bóklega þekkingu til að kenna á allar einstjórnar- og fjölstjórnarþyrlutegundir sem umsækjandi hefur réttindi á (sjá JAR–FCL 2.330A).

2. Á tegundarkennaranámskeiðinu ætti að leggja sérstaka áherslu á hlutverk einstaklingsins í tengslum við mikilvægi mannlegra þátta í gagnvirku umhverfi manns og vélar og hlutverki CRM. Sérstaka athygli ætti að beina að þroska einstaklingsins og dómgreind að meðtöldum skilningi á fullorðnum, hegðunarmynstri þeirra og mismunandi menntunarstigi.

3. Á námskeiðinu skal vekja athygli umsækjanda á mikilvægi viðhorfs þeirra til flugöryggis. Það er áríðandi að stefna að því á meðan á námskeiði stendur að veita umsækjanda þá þekkingu, færni og viðhorf sem er nauðsynlegt fyrir tegundarkennara.

SAMSETNING NÁMSKEIÐS

4. Tegundarkennaranámskeiðið er í 3 hlutum.

a) HLUTI 1, áfanginn KENNSLA OG NÁM. Nákvæm námskrá er í AMC FCL 2.320D og skal námið taka minnst 25 klst. Flugmenn sem eru eða hafa verið handhafar einnar af eftirtöldum áritunum fá viðurkenndan, áfangann KENNSLA OG NÁM í hluta 1 á TRI(H) námskeiðinu:

FI(H), IRI(H), SFI(H), STI(H)
FI(A), CRI(A), TRI(A), SFI(A), STI(A)

b) HLUTI 2 - TÆKNILEG ÞJÁLFUN. Bókleg kennsla í tæknikunnáttu skal vera í minnst 10 klst. og í henni skal felast athugun á tækniþekkingu, undirbúningur kennsluáætlunar og þróun kennlutækni í kennslustofu til að gera tegundarkennarann færan um að kenna bóklegu námskrána í tækniþekkingu eins og hún er í 1. viðbæti við JAR–FCL 2.261(a). Ef sótt er um tegundarkennaraáritun á fjölstjórnarþyrlu skal leggja sérstaka áherslu áhafnar-samvinnu.

c) HLUTI 3 - FLUGÞJÁLFUN. Umfang flugþjálfunar verður breytilegt eftir því af hve flókinni tegund þyrlan er. Minnst 5 tíma flugþjálfun fyrir einstjórnarþyrlu og minnst 10 tíma fyrir fjölhreyfla fjölstjórnarþyrlu. Álíka margir tímar skulu fara í að kenna og framkvæma fyrirflugskynningu og eftirflugsgreiningu við sérhverja æfingu. Flugkennslan skal hafa það markmið að tryggja að umsækjandinn sé fær um að kenna flugæfingar af öryggi og með góðum árangri og skal tengjast þeirri þyrlutegund sem unsækjandinn óskar að kenna á. Efni þjálfunaráætlunarinnar skal aðeins fela í sér flugæfingar sem eiga við þyrlutegundina eins og kemur fram í 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.240 og 2.295 eða 3. viðbæti við JAR–FCL 2.240.

d) Ef sótt er um tegundarkennaraáritun til að framlengja blindflugsáritun skal umsækjandi vera handhafi gildrar blindflugsáritunar.

FÆRNIPRÓF TEGUNDARKENNARANS

5. Færnipróf fyrir tegundarkennaraáritun byggist á viðkomandi hlutum af flugkennarafærniprófi (sjá 1. og 2. viðbæti við FCL 2.320E) þ.e. fyrirflugskynningu, aðalflugæfingum (með viðbótaræfingum) eftirflugsgreiningu og spurningum um kerfi loftfarsins. Þetta lokapróf skal framkvæmt af tegundarkennara á þyrlu sem tilnefndur er af flugmálayfirvöldum í þessu skyni.

FRAMLENGING OG ENDURNÝJUN

6. Til að framlengja eða endurnýja tegundarkennaraáritun þyrlu skal umsækjandi uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.330F. Próf fyrir tegundarkennara á einshreyfilsþyrlur framlengir tegundarkennaraáritun á aðrar einshreyfils-tegundir sem felast í tegundarkennaraárituninni. Tegundarkennaraáritun á fjölhreyfla þyrlur framlengir tegundar-kennaráritun á aðrar fjölhreyflategundir sem felast í tegundarkennaraárituninni.

VIÐBÓTARTEGUNDARNÁMSKEIÐ

7. Tegundarkennari sem sækir um að kenna á fleiri tegundir þarf að kenna tækni viðkomandi tegundar og framkvæma minnst tveggja tíma flugþjálfun og standast sem hæfnipróf viðkomandi hluta prófsins í JAR–FCL 2.330D hjá tegundarkennara á þyrlu (TRI(H)).**]**

**[1. viðbætir við JAR FCL 2.340C**
**Námskeið fyrir blindflugskennaraáritun/þyrla (IRI(H))**

*(Sjá JAR–FCL 2.340F)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.205)*
*(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR–FCL 2.320E)*
*(Sjá AMC-FCL 2.340C)*
*(Sjá AMC FCL 2.340D)*

ALMENN MARKMIÐ NÁMSKEIÐSINS**]**

1. Markmið þessa námskeiðs til blindflugskennaraáritunar/þyrla (IRI(H)) er að þjálfa handhafa flugmannsskírteinis/þyrla til þeirrar hæfni sem nauðsynleg er til útgáfu blindflugskennaraáritunar/þyrla (IRI(H));

2. Námskeiðið skal hannað til að

a) veita umsækjandanum nægilega þjálfun í bóklegri kennslu, flugkennslu og kennslu í flugþjálfa til að kenna til blindflugsáritunar/þyrla (IR(H)), í samræmi við 1. viðbæti við JAR–FCL 2.205;

b) rifja upp bóklega þekkingu kennarans og kenna nýjungar.

c) tryggja að blindflug kennaranemandans nái nægilegum gæðastaðli.

3. Á blindflugskennaranámskeiðinu skal leggja sérstaka áherslu á hlutverk einstaklingsins í tengslum við mikilvægi mannlegra þátta í gagnvirku umhverfi manns og vélar. Sérstakri athygli skal beina að þroska einstaklingsins og dómgreind að meðtöldum skilningi á fullorðnum, hegðunarmynstri þeirra og mismunandi menntunarstigi.

4. Á námskeiðinu skal vekja athygli umsækjanda á mikilvægi viðhorfs þeirra til flugöryggis. Það er áríðandi að stefna að því á meðan á námskeiði stendur að veita umsækjanda þá þekkingu, færni og viðhorf sem er nauðsynlegt fyrir blindflugskennara.

SAMSETNING BLINDFLUGSKENNARNÁMSKEIÐS

5. Blindflugskennaranámskeiðið er í 3 hlutum.

a) HLUTI 1, áfanginn KENNSLA OG NÁM. Nákvæm námskrá er í hluta 1 í AMC FCL 2.320D og skal námið taka minnst 25 klst. Flugmenn sem eru eða hafa verið handhafar einhverra eftirtalinna réttinda fá viðurkenndan áfangann KENNSLA OG NÁM í hluta 1 á tegundarkennaranámskeiðinu:

FI(H), TRI(H), SFI(H), STI(H)

FI(A), CRI(A), TRI(A), SFI(A), IRI(A), STI(A)

b) HLUTI 2 - ÞJÁLFUN FYRIR BÓKLEGA BLINDFLUGSKENNSLU. Þjálfun til að kenna bóklegt fyrir í blindflug skal vera í minnst 10 klst. og í henni skal felast athugun á bóklegri blindflugsþekkingu, undirbúningur kennsluáætlunar og þróun kennlutækni í kennslustofu til að gera blindflugskennarann færan um að kenna eftir bóklegu blindflugsnámskránni eins og hún er 1. viðbæti við JAR–FCL 2.340C.

c) HLUTI 3 - FLUGÞJÁLFUN. Í samþykktu blindflugskennaranámskeiði skal felast 10 tíma flugskennsla í þyrlu, flughermi, flugþjálfunartæki 2/3 (FTD 2/3) eða flugaðferðarþjálfa II (FNPT II). Álíka margir tímar skulu fara í að kenna og framkvæma fyrirflugskynningu og eftirflugssgreiningu við sérhverja æfingu. Flugkennslan skal hafa það markmið að tryggja að umsækjandinn sé fær um að kenna flugæfingar af öryggi og með góðum árangri. Efni þjálfunaráætlunarinnar kemur fram í AMC FCL 2.340C.

FÆRNIPRÓF FYRIR BLINDFLUGSKENNARA

6. Færnipróf fyrir blindflugskennara/þyrla byggist á viðkomandi hluta af flugkennarafærniprófi (sjá 1. og 2. viðbæti af FCL 2.320E) þ.e. fyrirflugskynningu, aðalflugæfingum (með viðbótaræfingum) eftirflugsgreiningu og spurningum um blindflugsreglur. Flugkennaraprófdómari (FIE(H)) skal framkvæma færniprófið.

FRAMLENGING OG ENDURNÝJUN

7. Til að framlengja eða endurnýja blindflugskennaraáritun skal umsækjandi uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.340F. Hæfnipróf sem blindflugskennari tekur á eina tegund þyrlu framlengir blindflugskennaraáritun (IRI(H)) á aðrar tegundir sem blindflugskennaraáritunin felur í sér. **]**

## I - KAFLI – PRÓFDÓMARAR/ÞYRLA

### JAR–FCL 2.420 Prófdómarar – starfsvið

[ ] a) Viðurkenndir eru fimm mismunandi prófdómarar:

1) Flugprófdómari (FE(H)).

2) Tegundarprófdómari (TRE(H))

3) Blindflugsprófdómari (IRE(H)).

4) Flugkennaraprófdómari (FIE(H)).

5) Flugþjálfaprófdómari (SFE(H)).

[b) *Mörg starfsvið.* Að því tilskildu að prófdómarar uppfylli þær kröfur um réttindi og reynslu sem fjallað er um í þessum kafla fyrir hvert starfsvið sem gegnt er, geta þeir gegnt meira en einu starfsviði og starfað sem FE(H), TRE(H), IRE(H) og FIE(H).]

### JAR–FCL 2.425 Prófdómarar – almenn ákvæði

*[ (Sjá a-lið JAR–FCL 2.030)*
*(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.425)*
*(Sjá AMC FCL 2.425)*
*(Sjá IEM FCL 2.425)*

a) *Forsendur.* Prófdómari skal ekki framkvæma þau færni- eða hæfnipróf sem krafa er um fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun flugmannsskírteina eða áritana nema hann sé

1) handhafi skírteinis og áritunar, sem er minnst jafngilt því skírteini eða áritun sem hann hefur leyfi til að prófa fyrir í færniprófum eða hæfniprófum og, ef annað er ekki tilgreint, réttinda til að kenna til þess skírteinis eða áritunar.

2) handhafi réttinda til að vera flugstjóri loftfarsins við færnipróf eða hæfnipróf, nema annað sé tekið fram, og skal uppfylla viðeigandi reynslukröfur í JAR–FCL 2.435 til og með 2.460.

b) Ef enginn prófdómari með starfsréttindi er tiltækur má veita prófdómara/eftirlitsmanni prófdómaraleyfi án þess að hann uppfylli þær kröfur sem getið er um hér að framan til kennara/tegundaráritunar ef flugmálayfirvöld ákvarða svo.

c) *Færsla í skírteini.* Þegar prófdómari má færa framlengingu inn í skírteini mun hann:

1) skrá eftirtalin atriði: áritanir, dagsetningu prófs, gildistíma, leyfisnúmer sitt og undirskrift;

2) koma frumriti hæfniprófsins til þeirra flugmálayfirvalda sem gáfu út skírteinið og halda eftir einu afriti hæfniprófsins fyrir skjalasafn sitt.

3) Þegar framlenging þyrlutegundar fer fram samkvæmt 2., 3. og 4. tölulið b-liðar JAR–FCL 2.245 skal færa dagsetningu framlengingar fyrir allar tegundir sem prófið nær yfir.

d) *Gildistími.* Prófdómaraleyfi gildir ekki lengur en í þrjú ár til viðbótar þeim tíma sem eftir er af útgáfumánuði. Flugmálayfirvöld geta endurútgefið prófdómaraleyfi samkvæmt 1. viðbæti við JAR–FCL 2.425.

e) *Skírteinareglugerð* (*JAR–FCL).* Útgáfa prófdómaraleyfa skal vera í samræmi við a-lið JAR–FCL 2.030. Prófdómari skal fylgja viðeigandi reglum um staðla sem settar eru eða samþykktar af flugmálayfirvöldum (sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.425, AMC FCL 2.425 og IEM FCL 2.425).

f) *Próf fyrir útgáfu prófdómaraleyfis.* Eftir að fylgt hefur verið reglum um staðla í e-lið JAR–FCL 2.425 skulu umsækjendur um öll prófdómaraleyfi hafa stjórnað minnst einu færni- eða hæfniprófi í því prófdómarahlutverki sem sótt er um leyfi fyrir. Í prófinu skal felast fyrirflugskynning, framkvæmd færni- eða hæfniprófs, mat á umsækjanda sem tekur færni- eða hæfnipróf, eftirflugsgreining og skráning/skjalfesting. Þetta próf fyrir útgáfu prófdómaraleyfis skal fara fram undir umsjón eftirlitsmanns flugmálayfirvalda eða yfirprófdómara sem er sérstaklega tilnefndur af flugmálayfirvöldum í þessu skyni.

g) *Endurútgáfa leyfis.*

1) Öll prófdómaraleyfi gilda ekki lengur en í þrjú ár til viðbótar því sem eftir er af útgáfumánuði. Ef leyfið er gefið út á síðustu 12 mánuðum gildistíma síðasta hæfniprófs prófdómarans skal leyfið gilda frá útgáfudegi þar til þrjú ár eru liðin frá frá því að síðasta hæfnipróf rann úr gildi. Prófdómari sem fær leyfið endurútgefið um leið og kennaraáritunin er framlengd getur fengið gildistíma kennaraáritunarinnar samræmdan gildistíma prófdómaraleyfisins.

Á síðustu 12 mánuðum gildistímans skal prófdómarinn framkvæma eitt færni- eða hæfnipróf sem í felst fyrirflugskynning, framkvæmd færni- eða hæfniprófsins, mat á umsækjanda, eftirflugsgreining og skráning/skjalfesting sem eftirlitsmaður flugmálayfirvalda eða yfirprófdómari sem er sérstaklega tilnefndur af flugmálayfirvöldum í þessu skyni fylgist með.

2) Ef prófdómaraleyfið er útrunnið skal prófdómarinn fara í þjálfun að ákvörðun flugmálayfirvalda áður en hann framkvæmir

próf undir umsjón til endurnýjunar prófdómaraleyfis.]

**JAR–FCL 2.430 Prófdómarar – gildistími**

[ ] [Hér á að vera eyða]

**JAR–FCL 2.435 Flugprófdómari/þyrla (FE(H)) – réttindi [ ]**

Flugprófdómari/þyrla hefur réttindi til að prófa

a) í færniprófi til útgáfu einkaflugmannsskírteinis/þyrla og færniprófi og hæfniprófi til einstjórnartegundaráritunar á einshreyfilsþyrlu [ ] að því tilskildu að prófdómarinn hafi flogið ekki færri en 1000 fartíma sem flugmaður á þyrlu og þar af ekki færri en 250 tíma sem flugkennari [og til tegundaráritunar á einstjórnar-, fjölhreyfla þyrlur ef hann uppfyllir kröfur í JAR–FCL 2.439(b);]

b) í færniprófi til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla og færniprófi og hæfniprófi til einstjórnartegundaráritunar á [einshreyfils] þyrlu [ ] að því tilskildu að prófdómarinn hafi flogið ekki færri en 2000 fartíma sem flugmaður á þyrlu og þar af ekki færri en 250 tíma sem flugkennari [og til tegundaráritunar á einstjórnar-, fjölhreyfla þyrlur ef hann uppfyllir kröfur í b-lið í JAR–FCL 2.439.]

**[JAR–FCL 2.439 Tegundarprófdómari/þyrla (TRE(H)) – forsendur**

Áður en umsækjandi fær tegundarprófdómaraleyfi (TRE(H)) þarf hann að uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) *Fjölstjórnarþyrlur:*

1) Hafa minnst 1500 fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlur, þar af minnst 500 tíma í starfi flugstjóra; og

2) vera handhafi tegundarkennaraáritunar á þyrlu (TRI (H)) á viðkomandi tegund; og

3) áður en réttindi eru aukin frá einstjórnar-, fjölhreyfla þyrlu til fjölstjórnar-, fjölhreyfla þyrlu sömu tegundar skal handhafi uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.250 og hafa minnst 100 fartíma í fjölstjórnarþyrlu sömu tegundar. Umsækjandi um fyrsta tegundarprófdómaraleyfi (TRE) á fjölstjórnar-, fjölhreyfla þyrlu skal uppfylla reynslukröfur í 1. tölulið a-liðar í JAR–FCL 2.439 nema að telja má að kröfurnar um 1500 tíma á fjölstjórnarþyrlur séu uppfylltar ef hann hefur 500 tíma í starfi flugstjóra á fjölstjónarþyrlu sömu tegundar.

b) *Einstjórnar-, fjölhreyfla þyrlur:*

1) Hafa lokið minnst 1000 fartímum sem flugmaður í fjölstjórnarþyrlum, þar af skulu minnst 500 tímar vera í starfi flugstjóra; og

2) vera handhafi atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu og hafa, ef það á við, blindflugsáritun (IR(H)) í gildi; og

3) vera handhafi tegundarkennaraáritunar (TRI(H)) í gildi, á viðkomandi þyrlu.

c) *Einstjórnar-, einshreyfilsþyrlur:*

1) Hafa lokið minnst 750 fartímum sem flugmaður í þyrlum, þar af skulu minnst 500 tímar vera í starfi flugstjóra; og

2) vera handhafi atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu; og

3) vera annaðhvort handhafi flugkennaraáritunar á þyrlu (FI(H)) í gildi eða tegundarkennaraáritunar (TRI(H)) á viðkomandi þyrlu.]

**JAR–FCL 2.440 Tegundarprófdómari/þyrla (TRE(H)) – réttindi[ ]**

Tegundarprófdómari/þyrla hefur réttindi til að prófa:

a) fyrir fjölstjórnarþyrlur í

1) færniprófum til útgáfu tegundaráritunar,

2) hæfniprófum til framlengingar eða endurnýjunar fjölstjórnar- tegundaráritana,

3) hæfniprófum til framlengingar eða endurnýjunar blindflugsáritana á [þyrlu] að því tilskildu að prófdómarinn sé handhafi gildrar blindflugsáritunar/þyrla [og uppfylli kröfur í e-lið JAR–FCL 2.425;]

4) færniprófum til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla;

[ ]

b) fyrir einstjórnarþyrlur í

1) færniprófum til útgáfu tegundaráritana

2) hæfniprófum til framlengingar eða endurnýjunar [ ] tegundaráritana fyrir einstjórnarþyrlur; og

[3) hæfniprófum til framlengingar og endurnýjunar blindflugsáritunar á þyrlu (IR(H)) að því tilskyldu að tegundarprófdómarinn sé handhafi blindflugsáritunar á þyrlu í gildi og uppfylli kröfur í e-lið JAR–FCL 2.425.]

[ ]

**[JAR–FCL 2.442 Tegundarprófdómari/ þyrla (TRE(H)) – Útgáfa leyfis**

Allir umsækjendur um fyrstu útgáfu eða endurútgáfu tegundarprófdómaraleyfis á þyrlu (TRE(H))skulu uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.425.]

**[JAR–FCL 2.445 Blindflugsprófdómari/ þyrla (IRE(H)) – forsendur**

Áður en umsækjanda er veitt blindflugsprófdómaraleyfi á þyrlu (IRE(H)) skal hann vera handhafi blindflugsáritunar á þyrlu og hafa fylgt reglum um staðla í e-lið JAR–FCL 2.425 og einnig eftirfarandi:

a) Hafa minnst 2000 fartíma sem flugmaður í þyrlum; og

b) ekki minna en 300 blindflugstíma í þyrlum, þar af 200 sem kennari.]

**JAR–FCL 2.450 Blindflugsprófdómari/þyrla (IRE(H)) – réttindi [ ]**

Blindflugsprófdómari/þyrla hefur réttindi til að prófa í færniprófum til fyrstu útgáfu og hæfniprófum til framlengingar eða endurnýjunar blindflugsáritunar á þyrlu. [ ]

**[JAR–FCL 2.452 Blindflugsprófdómari/ þyrla (IRE(H)) – Útgáfa leyfis**

Allir umsækjendur um fyrstu útgáfu eða endurútgáfu blindflugsprófdómaraleyfis á þyrlu (TRE(H))skulu uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.425.]

**[JAR–FCL 2.454 Flugþjálfaprófdómari/ þyrla (SFE(H)) – forsendur**

Áður en umsækjanda er veitt flugþjálfaprófdómaraleyfi á þyrlu (SFE(H)) þarf hann að hafa lokið námskeiði í stöðluðum reglum í e-lið í JAR–FCL 2.425 og

a) vera handhafi atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks á þyrlu (ATPL(H)) með blindflugsáritun á viðkomandi tegund;

b) hafa minnst 1000 fartíma sem flugmaður í fjölstjórnarþyrlum; og

c) hafa heimild til að neyta réttinda flugþjálfakennara á þyrlu (SFI(H)) (sjá JAR–FCL 2.350A.)]

**[JAR–FCL 2.455 Flugþjálfaprófdómari/ þyrla (SFE (H)) – réttindi[ ]**

Flugþjálfaprófdómari/þyrla hefur réttindi til að prófa eftirfarandi í flughermi:

a) Færnipróf til útgáfu tegundaráritana ef hann er handhafi tegundaráritunar, sem er í gildi, á viðkomandi þyrlutegund; og

b) hæfnipróf til framlengingar og endurnýjunar blindflugsáritana.]

**[JAR–FCL 2.457 Flugþjálfaprófdómari/ þyrla (SFE(H)) – Útgáfa leyfis**

Allir umsækjendur um fyrstu útgáfu eða endurútgáfu flugþjálfaprófdómaraleyfis á þyrlu (SFE(H))skulu uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.425.]

**[JAR–FCL 2.459 Flugkennarprófdómari/ þyrla (FIE(H)) – forsendur**

Áður en umsækjanda er veitt flugkennaraprófdómaraleyfi á þyrlu (FIE(H)) þarf hann að

a) vera handhafi flugkennaraáritunar á þyrlu (FI(H)), tegundarkennaraáritunar á þyrlu (TRI(H)) eða blindflugskennaraáritunar á þyrlu (IRI(H)) (eftir því sem við á), og

b) vera handhafi flugprófdómaraleyfis á þyrlu (FE(H)), tegundarprófdómaraleyfis á þyrlu (TRE(H)) eða blindflugsprófdómaraleyfis á þyrlu (IRE(H)) (eftir því sem við á), og

c) hafa lokið minnst 2000 fartímum sem flugmaður í þyrlum; og

d) hafa minnst 100 fartíma við kennslu umsækjenda til flugkennaraáritunar á þyrlu (FI(H)), tegundarkennaraáritunar á þyrlu (TRI(H)) eða blindflugskennaraáritunar á þyrlu (IRI(H)); og

e) hafa lokið námskeiði í reglum um staðla samkvæmt e-lið í JAR–FCL 2.425]

**JAR–FCL 2.460 Flugkennaraprófdómari/ þyrla (FIE(H)) – réttindi [ ]**

Flugkennaraprófdómari/þyrla hefur réttindi til að prófa í færniprófum og hæfniprófum til útgáfu, framlengingar og endurnýjunar flugkennaraáritunar á þyrlu [(FI(H)), tegundarkennaraáritunar (TRI(H)) eða blindflugskennaraáritunar (IRI(H)) á einstjórnarþyrlur.] [ ]

**[JAR–FCL 2.461 Flugkennaraprófdómari/ þyrla (FIE(H)) – Útgáfa leyfis**

Allir umsækjendur um fyrstu- eða endurútgáfu flugkennaraprófdómaraleyfis á þyrlu (FIE(H))skulu uppfylla kröfur í JAR–FCL 2.425.]

**[1. viðbætir við JAR–FCL 2.425**
**Staðlað fyrirkomulag fyrir prófdómara**

*Sjá JAR–FCL 2.425 og 2.430*
*Sjá AMC FCL 2.425*

ALMENN ATRIÐI

1. Hvert aðildarríki JAA skal gefa út og leggja fyrir JAA lista yfir prófdómara þar sem tilgreint er hlutverk þeirra og öll viðbótaratriði þau sem þeir hafa fengið leyfi fyrir.

2. Prófdómarar skulu á samræmdan hátt beita JAR–FCL stöðlum við færnipróf/hæfnipróf. Þeir skulu með samkvæmni beita JAR–FCL stöðlum við færnipróf/hæfnipróf. Þar sem aðstæður við hvert færnipróf/hæfnipróf sem prófdómari stjórnar geta verið mismunandi er einnig mikilvægt að við mat prófdómara á færniprófi/hæfniprófi sé tekið tillit til allra óhagstæðra aðstæðna sem fyrir koma í prófinu.

ÚTNEFNING OG LEYFISVEITING PRÓFDÓMARA

3. Prófdómari skal útnefndur og veitt leyfi í samræmi við JAR–FCL og skal vera:

(a) flugeftirlitsmaður frá flugmálayfirvöldum; eða

(b) kennari frá skráðum flugskóla, samþykktum flugskóla (FTO), tegundarskóla (TRTO); skóla framleiðanda eða samningsbundnum skóla; eða

(c) flugmaður með sérstakt leyfi frá aðildarríki JAA.

4. Allir prófdómarar verða að hafa viðeigandi þjálfun, hæfni og reynslu til hlutverks þeirra í viðeigandi tegund þyrlu. Ekki er hægt að setja sérstakar reglur um hæfni, þar sem aðstæður eru breytilegar frá einni stofnun til annarrar. Þó er mikilvægt að vegna ferils síns og reynslu njóti prófdómarinn í öllum atriðum faglegrar virðingar innan flugsamfélagsins.

ENDURÚTGÁFA PRÓFDÓMARALEYFIS

Endurútgefa má prófdómaraleyfi í samræmi við JAR–FCL 2.425. Til að fá leyfi endurútgefið skal prófdómarinn hafa stjórnað minnst tveimur færniprófum eða hæfniprófum á hverju eins árs tímabili á þriggja ára gildistíma leyfis. Eitt af færniprófunum eða hæfniprófunum sem prófdómari stjórnar á síðustu 12 mánuðum á leyfistímabilinu skal hafa verið framkvæmt að viðstöddum eftirlitsmanni frá flugmálayfirvöldum eða yfirprófdómara með sérstakt leyfi í þessu skyni.**]**

## J - KAFLI – KRÖFUR UM BÓKLEGA ÞEKKINGU OG REGLUR UM FRAMKVÆMD PRÓFA Í BÓKLEGUM GREINUM TIL SKÍRTEINA ATVINNU-FLUGMANNA OG BLINDFLUGSÁRITANA

### JAR–FCL 2.465 Kröfur

Umsækjandi um skírteini atvinnuflugmanns eða blindflugsáritun skal sýna fram á þekkingu sem krafist er til réttinda skírteinis eða áritunar sem sótt er um með því að standast próf í bóklegum greinum í samræmi við þær reglur sem settar eru í JAR–FCL 2.470 til og með 2.495.

### JAR–FCL 2.470 Efni prófs í bóklegum greinum

*[][(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)]*

a) Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla skal sýna fram á þekkingu sem krafist er til veittra réttinda, í eftirtöldum [13] greinum: Lög og reglur um loftferðir, almenn þekking á loftförum, skrokkur/kerfi/hreyfill, almenn þekking á mælitækjum, massi og jafnvægi, afkastageta, áætlanagerð, mannleg geta [ ], veðurfræði, [almenn] flugleiðsaga, flugleiðsögutækni, verklagsreglur í flugi, flugfræði, fjarskipti í [sjónflugi]. Samkomulag skal gert milli aðildarríkja JAA um flokkun efnis í prófverkefni og leyfðan próftíma [sem fram kemur í viðkomandi prófreglum][].

b) Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini/ þyrla skal sýna fram á þekkingu sem krafist er til veittra réttinda, í eftirtöldum [9] greinum: Lög og reglur um loftferðir, almenn þekking á loftförum, afkastageta og áætlanagerð, mannleg geta [ ], veðurfræði, flugleiðsaga, verklagsreglur er varða flug, flugfræði, fjarskipti [í sjónflugi]. Samkomulag verður gert milli aðildarríkja JAA um flokkun efnis í prófverkefni og leyfðan próftíma [sem fram kemur í viðkomandi prófreglum] [].

c) Umsækjandi um blindflugsáritun/þyrla skal sýna fram á þekkingu sem krafist er til veittra réttinda, í eftirtöldum [7] greinum: Lög og reglur um loftferðir, [ ] almenn þekking á loftförum, afkastageta og flugáætlanir, mannleg geta, veðurfræði, flugleiðsaga, fjarskipti [í blindflugi]. Samkomulag verður gert milli aðildarríkja JAA um flokkun efnis í prófverkefni og leyfðan próftíma [sem fram kemur í viðkomandi prófreglum [].

[d) Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks/þyrla með blindflugsáritun skal sýna fram á þekkingu sem krafist er til veittra réttinda, í eftirtöldum 14 greinum: Lög og reglur um loftferðir, almenn þekking á loftförum, skrokkur/kerfi/hreyfill, almenn þekking á mælitækjum, massi og jafnvægi, afkastageta, áætlanagerð, mannleg geta, veðurfræði, almenn flugleiðsaga, flugleiðsögutækni, verklagsreglur í flugi, flugfræði, fjarskipti í sjónflugi, fjarskipti í blindflugi. Samkomulag skal gert milli aðildarríkja JAA um flokkun efnis í prófverkefni og leyfðan próftíma sem fram kemur í viðkomandi prófreglum].

### JAR–FCL 2.475 Spurningar

*(Sjá a- og b-lið IEM FCL 2.475)*
*[(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)]*

a) *Miðlægur spurningabanki.* Spurningar sem hæfa námskránum [(sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)] skulu geymdar í miðlægum spurningabanka JAA *(The Central Question Bank)*. Spurningar sem færðar eru inn í spurningabankann (CQB) verða á ensku samkvæmt aðferð sem lýst er í a-lið IEM FCL 2.475, í þeim verða notaðar skammstafanir (sjá b-lið IEM FCL 2.475), þeim verður safnað og þær vistaðar í tölvutæku formi. Spurningarnar verða krossaspurningar. Flugmálayfirvöld hafa ákvörðunarrétt um framsetningu spurninga á prófi samkvæmt JAR–FCL 2.480.

b) *Útgáfa.* JAA gefur öðru hvoru út sýnishorn af spurningum og svörum sem velja má um.

### JAR–FCL 2.480 Prófreglur

*[(Sjá 1. viðbæti við JAR–FCL 2.470)]*

a) *Tíðni.* Aðildarríki JAA veita umsækjanda tækifæri til að ljúka þeim prófum sem krafist er í samræmi við þær reglur sem fjallað er um í þessum kafla. Heildarpróf til skírteinis eða blindflugsáritunar felur í sér próf í öllum þeim námsgreinum sem taldar eru upp í [1. viðbæti við a-, b- og c-lið JAR–FCL 2.470].

b) *Tungumál.* Prófin verða haldin á þeim tungumálum sem flugmálayfirvöld telja viðeigandi. Flugmálayfirvöld upplýsa umsækjendur um þau tungumál sem þau munu nota við próf.

c) *Efni.* Flugmálayfirvöld velja spurningar úr spurningabankanum samkvæmt sameiginlegri aðferð þannig að spurningar dreifist á alla námskrá hverrar námsgreinar. Efni spurninganna skal ekki breytt að öðru leyti en því sem nauðsyn krefur til að auðvelda þýðingu á viðkomandi þjóðtungu. Uppsetningu svara við spurningum sem krefjast tölulegra útreikninga eða myndrænnar túlkunar má breyta í annað form sem flugmálayfirvöld telja viðeigandi. Prófi í fjarskiptum má halda aðskildu frá prófum í öðrum námsgreinum að ákvörðun flugmálayfirvalda. Umsækjandi sem áður hefur staðist annaðhvort eða bæði prófin í fjarskiptum eftir sjónflugsreglum (VFR) eða blindflugsreglum (IFR) þarf ekki að endurtaka viðeigandi prófhluta.

d) *Munnleg próf.* Munnleg próf verða ekki haldin í stað skriflegra eða tölvuvæddra prófa.

e) *Aðstaða.* Flugmálayfirvöld [ákveða hvernig skuli ]láta í té viðeigandi töflur, kort[,] tæknilýsingar [og tæki ]sem nota þarf til að svara spurningunum. []

f) *Öryggi.* Sanna þarf hver umsækjandi er áður en próf er tekið.

g) *Leynd.* Efni prófverkefna er trúnaðarmál[].

**JAR–FCL 2.485 Ábyrgð umsækjanda**

a) Umsækjandi skal taka öll prófin í einu og sama aðildarríki JAA.

b) [Samþykktur flugskóli, sem ber ábyrgð á þjálfun umsækjanda, skal mæla með umsækjanda til prófs þegar umsækjandi hefur lokið viðkomandi hlutum námskeiðs í bóklegri kennslu með fullnægjandi árangri. Umsækjandi sem ekki hefur lokið prófnu innan þeirra marka sem sett eru í JAR–FCL 1.490 skal einnig afhenda sönnunargögn um frekari þjálfum frá viðurkenndum flugskóla].

c) Telji flugmálayfirvöld að umsækjandinn fari ekki að prófreglum meðan á prófi stendur, skal það misferli skoðað með tilliti til þess hvort eigi að fella umsækjandann, annaðhvort á prófi í einstakri námsgrein eða á prófinu í heild.

**JAR–FCL 2.490 Prófkröfur**

a) Umsækjandi telst hafa staðist próf ef hann nær minnst 75% af þeim einingum sem gefnar eru fyrir verkefnið. Engar refsieiningar eru gefnar.

[b)] Með fyrirvara um önnur skilyrði í JAR–reglum telst umsækjandi hafa lokið með fullnægjandi árangri þeim prófum sem krafist er []á 18 mánaða tímabili, miðað skal við lok þess almanaksmánaðar þegar umsækjandinn fyrst gerði tilraun til að taka prófið.

[c) Umsækjandi skal taka allt prófið aftur eins og um fyrstu tilraun væri að ræða hafi honum mistekist að standast próf í einu verkefni í fjórum tilraunum, eða hafi mistekist að standast próf í öllum verkefnum í annaðhvort sex tilraunum eða innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í b-lið hér á undan. Áður en farið er aftur í próf skal umsækjandi fá frekari þjálfun eftir því sem flugmálayfirvöld ákveða.]

**JAR–FCL 2.495 Gildistími**

a) Próf sem lokið er í bóklegum greinum og haldið er í samræmi við JAR–FCL 2.490 er viðurkennt til atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla eða blindflugsáritunar innan 36 mánuaða frá þeim degi þegar umsækjandi stóðst próf [í öllum verkefnum] sem krafist er.

[b) Próf sem lokið er í bóklegum greinum fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks (ATPL(H)) og haldið er í samræmi við JAR–FCL 2.490 er viðurkennt til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis/þyrla í 36 mánuði frá þeim degi þegar umsækjandi stóðst próf í öllum verkefnum sem krafist er og er í gildi til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL(H)) meðan umsækjandi hefur tegundaráritun í gildi í atvinnuflugmannsskírteini sínu (CPL(H)).]

c) Að því tilskildu að blindflugsáritun/þyrla sé fengin í samræmi við a-lið hér á undan, gildir próf í bóklegum greinum til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla [með blindflugsáritun (ATPL(H)/IR)] í 7 ár frá síðasta gildisdegi blindflugsáritunar sem færð er inn í atvinnuflugmannsskírteini/þyrla til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks/þyrla.

[ ]

**1. viðbætir við JAR–FCL 2.470**
**Efni við próf í bóklegum greinum – Atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks með blindflugsáritun, (ATPL/IR), atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks (ATPL), atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun (CPL/IR)**

[ ] [ ]

1. Umsækjandi skal hafa stundað bóklegt nám á samþykktu námskeiði í samþykktum flugskóla (FTO) samkvæmt eftirfarandi námskrá (sjá markmið bóklegs náms (Learning Objectives)).

[Aths.: Nánari sundurliðun á námskránni er birt í heild sinni á heimasíðu Flugmálstjórnar Íslands ásamt tilheyrandi námsmarkmiðum (Learning Objectives). Skylt er að haga kennslu í samræmi við þessa námskrá.]

[ ] [ ]

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **010 00 00 00** | **LÖG OG REGLUR UM LOFTFERÐIR OG FLUGSTJÓRNARAÐFERÐIR** | x | x | x | x | x | x |
| 010 01 00 00 | ALÞJÓÐLEG LÖG: SÁTTMÁLAR, SAMNINGAR OG STOFNANIR | | | | | | |
| 010 02 00 00 | LOFTHÆFI LOFTFARS | | | | | | |
| 010 03 00 00 | ÞJÓÐERNI LOFTFARS OG SKRÁNINGARMERKI | | | | | | |
| 010 04 00 00 | SKÍRTEINI FLUGLIÐA | | | | | | |
| 010 05 00 00 | FLUGREGLUR | | | | | | |
| 010 06 00 00 | VERKLAG VIÐ FLUGLEIÐSÖGUÞJÓNUSTU – STARFRÆKSLA LOFTFARS | | | | | | |
| 010 07 00 00 | FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTA OG REKSTRARSTJÓRN FLUG-UMFERÐAR | | | | | | |
| 010 08 00 00 | UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA FLUGMÁLA | | | | | | |
| 010 09 00 00 | FLUGVELLIR/ÞYRLUVELLR | | | | | | |
| 010 10 00 00 | FLUGVALLARVIRKT | | | | | | |
| 010 11 00 00 | LEIT OG BJÖRGUN | | | | | | |
| 010 12 00 00 | FLUGVERND | | | | | | |
| 010 13 00 00 | RANNSÓKN FLUGSLYSA OG FLUGATVIKA | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **02100 00 00** | **ALMENN ÞEKKING Á LOFTFÖRUM – SKROKKAR OG KERFI, RAFKERFI, HREYFLAR, NEYÐAR-BÚNAÐUR** | x | x | x | x | x | x |
| 021 01 00 00 | HÖNNUN KERFA, ÁLAG, SPENNA OG VIÐHALD | | | | | | |
| 02102 00 00 | SKROKKUR | | | | | | |
| 021 03 00 00 | VÖKVAKERFI | | | | | | |
| 021 04 00 00 | LENDINGARBÚNAÐUR, HJÓL, HJÓLBARÐAR OG BREMSUR | | | | | | |
| 021 05 00 00 | STÝRI | | | | | | |
| 021 06 00 00 | LOFTÞRÝSTIKERFI – JAFNÞRÝSTIBÚNAÐUR OG LOFTRÆST-ING | | | | | | |
| 021 07 00 00 | ÍSVARNAR- OG AFÍSINGARKERFI | | | | | | |
| 021 08 00 00 | ELDSNEYTISKERFI | | | | | | |
| 021 09 00 00 | RAFKERFI | | | | | | |
| 021 10 00 00 | BULLUHREYFLAR | | | | | | |
| 021 11 00 00 | HVERFIHREYFLAR | | | | | | |
| 021 12 00 00 | VARNAR- OG SKYNJUNARKERFI | | | | | | |
| 021 13 00 00 | SÚREFNISKERFI | | | | | | |
| 021 14 00 00 | ÞYRLA: ÝMIS KERFI | | | | | | |
| 021 15 00 00 | ÞYRLUKOLLUR | | | | | | |
| 021 16 00 00 | ÞYRLA: SKIPTING (TRANSMISSION) | | | | | | |
| 021 17 00 00 | ÞYRLA: ÞYRLUBLÖÐ | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **022 00 00 00** | **ALMENN ÞEKKING Á LOFTFÖRUM – MÆLITÆKI** | x | x | x | x | x | x |
| 022 01 00 00 | SKYNJARAR OG MÆLITÆKI | | | | | | |
| 022 02 00 00 | MÆLDAR TAKMARKANIR FLUGGAGNA (MEASUREMENT OF AIRDATA PARAMETERS) | | | | | | |
| 022 03 00 00 | SEGULMAGNSÁTTAVITI OG SEGULSVIÐSNEMI (FLUX VALVE) | | | | | | |
| 022 04 00 00 | SNÚÐUMÆLITÆKI | | | | | | |
| 022 05 00 00 | TREGÐULEIÐSAGA OG VIÐMIÐUNARKERFI | | | | | | |
| 022 06 00 00 | FLUGVÉL: SJÁLFSTÝRIKERFI | | | | | | |
| 022 07 00 00 | ÞYRLA: SJÁLFSTÝRIKERFI | | | | | | |
| 022 08 00 00 | STÝRISTILLAR-GEIGUNARDEYFIR – FLUGRAMMAVERND | | | | | | |
| 022 09 00 00 | SJÁLFVIRK KNÝSTILLIKERFI – SJÁLFVIRK ELDSNEYTISGJÖF | | | | | | |
| 022 10 00 00 | FJARSKIPTAKERFI | | | | | | |
| 022 11 00 00 | FLUGSTÝRIKERFI, F.M.S. | | | | | | |
| 022 12 00 00 | VIÐVÖRUNARKERFI, NÁLÆGÐARSKYNJARI | | | | | | |
| 022 13 00 00 | SAMFELLD MÆLITÆKI – RAFEINDASKJÁR | | | | | | |
| 022 14 00 00 | VIÐHALD, EFTIRLIT OG UPPTÖKUKERFI | | | | | | |
| 022 15 00 00 | STAFRÆNAR RÁSIR OG TÖLVUR | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **030 00 00 00** | **AFKASTGETA OG ÁÆTLANAGERÐ** | x | x | x | x | x | |
| **031 00 00 00** | **MASSI OG JAFNVÆGI – FLUGVÉLAR/ÞYRLUR** | x | x | x | x | x | |
| 031 01 00 00 | TILGANGUR MASSA- OG JAFNVÆGISÚTREIKNINGA | | | | | | |
| 031 02 00 00 | HLEÐSLA | | | | | | |
| 031 03 00 00 | GRUNDVÖLLUR ÚTREIKNINGA VÆGIMIÐJU (CG) | | | | | | |
| 031 04 00 00 | EINSTAKIR ÞÆTTIR MASSA- OG JAFNVÆGISATRIÐA FLUGVÉLA | | | | | | |
| 031 05 00 00 | ÁKVÖRÐUN VÆGIMIÐJU | | | | | | |
| 031 06 00 00 | MEÐFERÐ FARMS | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **033 00 00 00** | **ÁÆTLANAGERÐ** | x | x | x | x | x | x |
| 033 01 00 00 | ÁÆTLANAGERÐ Í SJÓNFLUGI | | | | | | |
| 033 02 00 00 | ÁÆTLANAGERÐ Í BLINDFLUGI | | | | | | |
| 033 03 00 00 | ELDSNEYTISÚTREIKNINGUR | | | | | | |
| 033 04 00 00 | FYRIRFLUGSUNDIRBÚNINGUR | | | | | | |
| 033 05 00 00 | ATS FLUGÁÆTLUN | | | | | | |
| 033 06 00 00 | FLUGÁÆTLANAGERÐ OG ENDURGERÐ MEÐAN Á FLUGI STENDUR | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **034 00 00 00** | **AFKASTAGETA – ÞYRLUR** | | | x | x | x | |
| 034 01 00 00 | ALMENNT | | | | | | |
| 034 02 00 00 | AFKASTAGETA FLOKKUR 3 – EINSHREYFILSÞYRLUR | | | | | | |
| 034 03 00 00 | AFKASTAGETA FLOKKUR 2 | | | | | | |
| 034 04 00 00 | AFKASTAGETA FLOKKUR 1 - AÐEINS ÞYRLUR UNDIR CS 29 | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **040 00 00 00** | **MANNLEG GETA** | x | x | x | x | x | x |
| 040 01 00 00 | MANNLEGIR ÞÆTTIR – GRUNNHUGTÖK | | | | | | |
| 040 02 00 00 | GRUNNÞÆTTIR FLUGLÍFEÐLISFRÆÐI OG HEILSUVERNDAR | | | | | | |
| 040 03 00 00 | GRUNNÞÆTTIR FLUGSÁLARFRÆÐI | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **050 00 00 00** | **VEÐURFRÆÐI** | x | x | x | x | x | x |
| 050 01 00 00 | LOFTHJÚPURINN | | | | | | |
| 050 02 00 00 | VINDUR | | | | | | |
| 050 03 00 00 | VARMAFRÆÐI | | | | | | |
| 050 04 00 00 | SKÝ OG ÞOKA | | | | | | |
| 050 05 00 00 | ÚRKOMA | | | | | | |
| 050 06 00 00 | LOFTMASSI OG SKIL | | | | | | |
| 050 07 00 00 | LOFTÞRÝSTINGSKERFI | | | | | | |
| 050 08 00 00 | VEÐURFARSFRÆÐI | | | | | | |
| 050 09 00 00 | HÆTTUR Í FLUGI | | | | | | |
| 050 10 00 00 | VEÐURUPPLÝSINGAR | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **060 00 00 00** | **LEIÐSAGA** | x | x | x | x | x | x |
| 061 00 00 00 | ALMENN SIGLINGAFRÆÐI | x | x | x | x | x | x |
| 061 01 00 00 | GRUNNATRIÐI LEIÐSÖGU | | | | | | |
| 061 02 00 00 | SEGULMAGN OG ÁTTAVITAR | | | | | | |
| 061 03 00 00 | KORT | | | | | | |
| 061 04 00 00 | LEIÐAREIKNINGUR (DR) | | | | | | |
| 061 05 00 00 | LEIÐSAGA Í FLUGI | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **062 00 00 00** | **FLUGLEIÐSÖGUTÆKNI** | x | x | x | x | x | x |
| 062 01 00 00 | GRUNNFRÆÐI ÚTBREIÐSLU ÚTVARPSBYLGNA | | | | | | |
| 062 02 00 00 | LEIÐSÖGUVIRKI | | | | | | |
| 062 03 00 00 | RATSJÁ | | | | | | |
| 062 04 00 00 | Hér á að vera eyða | | | | | | |
| 062 05 00 00 | SVÆÐISLEIÐSÖGUKERFI RNAV/FMS | | | | | | |
| 062 06 00 00 | GERVIHNATTA LEIÐSÖGUKERFI | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **070 00 00 00** | **VERKLAGSREGLUR Í FLUGI** | x | x | x | x | x | |
| 071 01 00 00 | ALMENNAR KRÖFUR | | | | | | |
| 071 02 00 00 | SÉRSTAKAR STARFSAÐFERÐIR OG HÆTTUR (ALMENN ATRIÐI) | | | | | | |
| 071 03 00 00 | NEYÐARREGLUR/ÞYRLUR | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| **082 00 00 00** | **FLUGFRÆÐI – ÞYRLUR** | | | x | x | x | |
| 082 01 00 00 | LOFTHREYFIFRÆÐI UNDIR HLJÓÐHRAÐA | | | | | | |
| 082 02 00 00 | LOFTHREYFIFRÆÐI VIÐ MIKINN HRAÐA OG ÁHRIF ÞJÖPPUNAR | | | | | | |
| 082 03 00 00 | TEGUNDIR ÞYRILVÆNGJA | | | | | | |
| 082 04 00 00 | LOFTHREYFIFRÆÐI AÐALÞYRILS | | | | | | |
| 082 05 00 00 | FLUGKRAFTAFRÆÐI AÐALÞYRILS | | | | | | |
| 082 06 00 00 | STÉLÞYRILL | | | | | | |
| 082 07 00 00 | JAFNVÆGI, STÖÐUGLEIKI OG STJÓRN | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL/ IR | ATPL | CPL | |
| 082 08 00 00 | FLUGKRAFTAFRÆÐI ÞYRLU | | | | | | |

| | | *Flugvél* | | *Þyrla* | | | *IR* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | ATPL | CPL | ATPL / IR | ATPL | CPL | |
| **090 00 00 00** | **FJARSKIPTI** | x | x | x | x | x | x |
| **091 00 00 00** | **FJARSKIPTI SJÓNFLUG** | | | | | | |
| 091 01 00 00 | SKILGREININGAR | | | | | | |
| 091 02 00 00 | ALMENNAR VERKLAGSREGLUR | | | | | | |
| 091 03 00 00 | ÍÐORÐ TENGD VEÐURUPPLÝSINGUM (VFR) | | | | | | |
| 091 04 00 00 | AÐGERÐIR SEM ÞARF AÐ FRAMKVÆMA EF FJARSKIPTI BREGÐAST | | | | | | |
| 091 05 00 00 | NEYÐARRÁÐSTAFANIR OG BRÝNAR RÁÐSTAFANIR | | | | | | |
| 091 06 00 00 | ALMENN LÖGMÁL UM VHF ÚTBREIÐSLU OG ÚTHLUTUN TÍÐNA | | | | | | |
| **092 00 00 00** | **FJARSKIPTI Í BLINDFLUGI** | | | | | | |
| 092 01 00 00 | SKILGREININGAR | | | | | | |
| 092 02 00 00 | ALMENNAR STARFSAÐFERÐIR | | | | | | |
| 092 03 00 00 | AÐGERÐIR SEM ÞARF AÐ FRAMKVÆMA EF FJARSKIPTI BREGÐAST | | | | | | |
| 092 04 00 00 | NEYÐARRÁÐSTAFANIR OG BRÝNAR RÁÐSTAFANIR | | | | | | |
| 092 05 00 00 | ÍÐORÐ TENGD VEÐURUPPLÝSINGUM (IFR) | | | | | | |
| 092 06 00 00 | ALMENN LÖGMÁL UM VHF ÚTBREIÐSLU OG ÚTHLUTUN TÍÐNA | | | | | | |
| 092 07 00 00 | MORS STAFRÓFIÐ | | | | | | |